



Greinargerð fagsviða og B-hluta fyrirtækja

með fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2023

Samþykkt í borgarstjórn 06. desember 2022

EFNISYFIRLIT

A-hluti

FJÁRMÁLA- OG ÁHÆTTUSTÝRINGARSVIÐ - FAS.....	7
ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDASVIÐ - ÍTR	15
MANNAUÐS- OG STARFSUMHVERFISSVIÐ - MOS	29
MENNINGAR- OG FERÐAMÁLASVIÐ - MOF	35
SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ - SFS.....	49
UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ - USK	57
VELFERÐARSVIÐ - VEL	70
ÞJÓNUSTU- OG NÝSKÖPUNARSVIÐ - ÞON	80
SKRIFSTOFUR MIÐLÆGRAR STJÓRNSÝSLU	95
EIGNASJÓÐUR.....	107
SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR	113
FRAMLÖG TIL B-HLUTA FYRIRTÆKJA	114

B-hluti

FAXAFLÓAHAFNIR.....	118
FÉLAGSBÚSTAÐIR	123
MALBIKUNARSTÖÐIN HÖFÐI HF.....	132
ORKUVEITA REYKJAVÍKUR	138
SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS BS.	151
STRÆTÓ BS.....	158
SORPA BS.	167
JAFNLAUNASTOFA SF.	176


A-HLUTI



FJÁRMÁLA- OG ÁHÆTTUSTÝRINGARSVIÐ - FAS

LEIÐARLIJÓS

Fagmennska, áreiðanleiki, gagnsæi, hagkvæmni, samvinna, stuðningur.



FJÁRHAGSÁÆTLUN 2023*

	Raun 2021	Útkomuspá/ Áætlun 2022	Áætlun 2023
Rekstrartekjur	59.080	46.826	55.020
Tekjur samtals	59.080	46.826	55.020
Laun og launatengd gjöld	1.187.158	1.229.462	1.270.631
Annar kostnaður	210.649	252.946	254.329
Rekstrargjöld samtals	1.397.807	1.482.408	1.524.960
Rekstrarniðurstaða	1.338.727	1.435.582	1.469.940

*Rekstur Eignaskrifstofu færast í Eignasjóði og er undanskilinn í þeim tölum sem hér birtast.

HLUTVERK

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur yfirumsjón með fjármálastjórn Reykjavíkurborgar og veitir kjörnum fulltrúum og stjórnendum upplýsingar, stuðning og aðhald á sviði fjármála og rekstrar. Sviðið ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlana og er ráðgefandi við stefnumörkun um fjárhagsleg viðfangsefni. Sviðið ber ábyrgð á bókhaldi og uppgjörum, launavinnslu, fjárstýringu og innheimtu. Sviðið fer með ráðgjöf á sviði innkaupa og ber ábyrgð á að farið sé að innkaupareglum og lögum um opinber innkaup. Sviðið ber ábyrgð á mörkun og innleiðingu áhættustefnu Reykjavíkurborgar og leiðir áhættustýringu borgarinnar. Þá fer sviðið með eigandafyrirvar Reykjavíkurborgar og gegnir samhæfingar- og eftirlitshlutverki um upplýsingagjöf á sviði rekstrar og fjárfestinga.

Fjármála- og áhættustýringarsvið skiptist í: áætlana- og uppgjörsskrifstofu, innkaupaskrifstofu, launaskrifstofu, bókhaldsskrifstofu, skrifstofu áhættustýringar, eignaskrifstofu og fjárstýringar- og innheimtuskrifstofu auk skrifstofu sviðsstjóra.


STARFSFÓLK

	Raun 2021	Útkomuspá/ Áætlun 2022	Áætlun 2023
Fjöldi starfsmanna	112	113	110
Fjöldi stöðugilda	106	108	109
Eftir skrifstofum/ þjónustubáttum:			
Áætlana- og uppgjörsskrifstofa	10	9	9
Skrifstofa áhættustýringar	5	5	5
Bókhaldsskrifstofa	25	25	25
Launaskrifstofa	26	29	28
Innkaupaskrifstofa	8	9	9
Fjárstýringar- og innheimtuskrifstofa	9	8	8,5
Eignaskrifstofa*	5	6	7
Skrifstofa sviðsstjóra	7	7	6,5
Upplýsinga- og gagnadeild (með tímab.verke.)	12	10	11


*Rekstur Eignaskrifstofu í Eignasjóði.

SKIPTING REKSTRAR 2023

Sundurliðun á skrifstofur



Skipting útgjalda



MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Markmið fjármála- og áhættustýringarsviðs er að tryggja faglega og áreiðanlega fjármálastjórn, stuðla að upplýstri ákvarðanatöku, hagkvæmni og ráðdeild í rekstri og veita kjörnum fulltrúum og stjórnendum borgarinnar þjónustu og aðhald með skilvirkum stjórnækjum og gagnsærri miðlun upplýsinga um fjármál og rekstur.

Framtíðarsýn fjármála- og áhættustýringarsviðs er:

„Öflugt svið sem stýrir fjármálum Reykjavíkurborgar af stefnufestu og áreiðanleika“

Í því felst:

- Faglegur og áreiðanlegur stuðningur við yfirstjórn vegna fjármálastjórnunar.
- Virk áhættustýring í daglegu starfi og stefnumörkun borgarstjórnar til framtíðar.
- Þjónusta við fagsvið og kjarnasvið sé fagleg, aðgengileg og góð. Góður stuðningur á sviði fjármála- og áhættustýringar. Öflug þekkingarmiðlun.
- Upplýsingakerfi og hugbúnaður til skráningar, greiningar á rekstri, skila og framsetningar á gögnum vegna m.a. fjárhagsáætlunar, launavinnslu og stjórnsýslu séu samhæfð, aðgengileg og notendavæn.
- Öflug miðlun upplýsinga til yfirstjórnar, fagraða og stjórnenda með áherslu á að styðja við og bæta ákvarðanatöku.
- Gagnsæ og aðgengileg miðlun upplýsinga til íbúa.
- Stjórnsýsla sviðsins sé fagleg og straumlínulöguð.
- Sviðið verði eftirsóknarverður vinnustaður fyrir öflugt og vel menntað fólk.

Megináherslur sviðsins árið 2023 verða á eftirfarandi sviðum:

- Eftirfylgni með markmiðum fjármálastefnu og aðgerðaráætlun í fjármálum vegna fimm ára áætlunar.
- Móta heildarstefnu fyrir sviðið og samþætta við undirliggjandi stefnur borgarinnar.
- Efla áhættustýringu sem grundvöll ákvarðanatöku, kortlagning meginferla og áhættumat þeirra.
- Endurbætur á upplýsingakerfum og líkönum vegna vinnslu fjárhagsáætlunar.
- Rafvæðing ferla með áherslu á launaferla.
- Fræðsla, upplýsingagjöf og bætt vinnuumhverfi vegna innkaupa.
- Skerpa á hlutverki sviðsins vegna eigendafyrirsvars, samskiptum og þjónustu við fagsvið.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Áætlana- og uppgjörsskrifstofa

Meginhlutverk áætlana- og uppgjörsskrifstofu er vinnsla uppgjöra og gerð fjárhagsáætlunar fyrir A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar með samræmingu fjárhagslegra upplýsinga og skýrslugerðar til stjórnenda og ráða að leiðarljósi. Í því skyni hefur skrifstofan sett sér þau markmið að endurbæta grunnupplýsingakerfi borgarinnar vegna vinnslu fjárhagsáætlunar og samantektar á skýrslum og

reglubundnum uppgjörum og bæta með þeim hætti aðgengi að upplýsingum, auka gagnsæi og rekjanleika.

Unit4 Business Books upplýsingakerfið er notað til að útfæra fjárhagsáætlun starfsstaða og þjónustubátta. Á næsta ári mun þróun kerfisins halda áfram og vonir standa til að kerfið muni einnig verða notað við rammaúthlutun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2024. Tekið hefur verið í notkun úthlutunarlíkan fyrir rekstur grunnskóla í samstarfi við skóla- og frístundasvið og er í gangi vinna við að útfæra sambærilegt líkan fyrir rekstur leikskóla. Væntingar eru um að á komandi mánuðum muni fleiri úthlutunarlíkön verða endurskoðuð í samstarfi við svið borgarinnar. Áhersla verður lögð á að öll áætlunar- og úthlutunarlíkön fari inn öflug upplýsingakerfi í nánustu framtíð, enda um að ræða þýðingarmikil stjórnæki fyrir FAS og viðeigandi fagsvið. Ný áætlunarkerfi munu til framtíðar hafa umtalsverð áhrif á allt verklag við vinnslu fjárhagsáætlunar, bæta stýringu fjárheimilda og greiningar, auka gagnsæi og aðgengi að gögnum.

Samstæðuuppgjör- og áætlunarkerfið Unit4 FPM (Financial Performance Management) hefur það verið nýtt við uppgjör og gerð áætlana um nokkurt skeið. Áfram verður unnið við að þróa og bæta verkferla þannig að uppgjörskerfið nýtist sem best. Markmiðið er að tryggja skilvirkt flæði á milli bókhalds, uppgjör- og áætlunar auk skilvirks flæðis gagna milli borgarinnar og B-hluta fyrirtækja. Þróun áætlunar- og uppgjörkerfa er hluti af heildstæðri endurskipulagningu á fjárhagsupplýsingakerfum Reykjavíkurborgar með hliðsjón af breyttum þörfum, nýjum áherslum og auknum kröfum á sviði upplýsingamiðlunar og meðhöndlun gagna.

Skrifstofa áhættustýringar

Markmið skrifstofu áhættustýringar er styðja við meginmarkmið borgarinnar og sviða hennar, að styrkja grundvöll ákvarðanatöku innan borgarinnar og tryggja að settum lögum og reglum sé fylgt í starfsemi. Markmið og hlutverk skrifstofunnar er jafnframt að vakta fjárhagslegar áhættur, upplýsa og vara við óhagstæðri þróun á sviði efnahagsmála og áhrifa á rekstur borgarinnar.

Áhættustefna Reykjavíkurborgar var samþykkt í borgarstjórn 15. júní 2021. Skrifstofa áhættustýringar hefur verið falið að innleiða stefnuna og fylgja henni eftir ásamt aðgerðaráætlun til ársins 2023.

Áhersla er lögð á að halda áfram innleiðingu áhættustjórnunar og kortleggja og greina meginverkefni borgarinnar út frá áhættum og flöskuhálsum. Tilgangur greiningarinnar er m.a. að varpa ljósi á þær innri og ytri áhættur sem geta komið í veg fyrir að mikilvæg markmið borgarinnar og sviða hennar náist, og greina hvar sóun er að finna í núverandi verklagi. Í kjölfarið verður innra eftirlit með áhættum borgarinnar mótað í takt við mikilvægi þeirra og tillögur lagðar fram að úrbótum og tækifærum sem eyða út áhættum og flöskuhálsum í meginverkefnum.

Einnig verður lögð áhersla á að byggja upp innviði skrifstofunnar – koma á fót gagnagrunni, áhættumælaborði, bæta við áhættulíkönunum, og innleiða skýrslugerðartól og áhættustjórnunarkerfi.

Ennfremur verður lögð áhersla á að koma á fót miðlægu atvikaskráningarkerfi fyrir borgina, en atvik eru rekstraráhættur borgarinnar sem hafa raungerst. Með því að orsakagreina atvik verður í mörgum tilfellum hægt að koma í veg fyrir að samskonar atvik eigi sér stað ítrekað, og draga þannig úr fjárhagslegum kostnaði og orðsporstjóni borgarinnar.

Bókhaldsskrifstofa

Markmið bókhaldsskrifstofu er að tryggja faglega, örugga, skjóta, áreiðanlega og vandvirka bókun reikninga í fjárhagsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar og tryggja skilvirkt flæði á milli bókhalds, uppgjör- og áætlunar. Áhersla er á rafræna ferla og sem besta nýtingu upplýsingatækni.

Áfram verður unnið að umbótum í verkferlum sem taka mið af farsælli innleiðingu rafrænna reikninga hjá Reykjavíkurborg. Í dag eru ríflega 80% reikninga rafrænir. Stefnt er að því að allir birgjar sem borgin er í reglubundnum viðskiptum við sendi einungis rafrænna reikninga og að því að innan 1-2 ára verði

magn rafrænna reikninga orðið 90%. Þá verður unnið að því að leita leiða til að minnka notkun á innkaupakorti með breyttum áherslum í innkaupum.

Nýr samevrópskur staðall: EN 16931 um rafræn viðskiptaskeyti rafrænna reikninga var tekinn upp í ársbyrjun 2021. Undirbúningur þess var í samstarfi við valin sveitarfélög og opinber fyrirtæki, með styrk frá Evrópusambandinu. Með nýtingu staðalsins er unnt að ná fram enn meiri sjálfvirkni í bókun reikninga.

Áfram verður unnið að einföldun og hagræðingu í verkferlum og innlestri gagna í fjárhagskerfi borgarinnar frá öðrum kerfum.

Launaskrifstofa

Markmið launaskrifstofu er að veita stjórnendum og starfsmönnum borgarinnar skilvirka og áreiðanlega þjónustu vegna afgreiðslu launa og greiða rétt laun á réttum tíma.

Lögð verður áhersla á að styrkja launaskrifstofu í hlutverki sínu. Það verður gert með því að styrkja umgjörðina í kringum SAP launakerfi borgarinnar og að rafvæða ferla launaskrifstofu. Markvisst verður unnið í því að lágmarka áhættur í launaferli borgarinnar. Lögð verður áhersla á að auka veg rafrænna undirskrifa sem eru nú á byrjunarstigi. Með aukinni rafvæðingu verður horft sérstaklega til skila á ráðningasamningum og fylgigögnum við launasetningu. Til að halda betur utan um þá þjónustu og auka skilvirkni hennar verður skoðað að innleiða þjónustubeiðnakerfi fyrir launaskrifstofu. Lagt verður mat á hvort tengja eigi þjónustubeiðnakerfið við gátt fyrir innri og ytri aðila til að kalla eftir gögnum. Með því væri hægt að auka aðgengi að upplýsingum og netöryggi gagna.

Áhersla verður lögð á styrkingu launaskrifstofu til að hún geti sinnt hlutverki sínu í flóknu umhverfi betri vinnutíma í kjölfar styttingar vinnuvikunnar og fjölgunar starfsstaða og þar með borgarstarfsmanna. Jafnframt verður unnið að hönnun á kvörðum sem skýra álag á störf launaráðgjafa. Unnið verður að uppfærslu gæðahandbókar launaskrifstofu. Með því verður verklag og vinnuferli launavinnslu skilvirkara og samræmt. Launaskrifstofa leggur áherslu á að allir starfsmenn borgarinnar geti treyst á sambærilega vinnslu sinna mála og að jafnræði verði tryggt eftir þeim ramma sem kjarasamningar setja. Einnig verður lögð áhersla á að fjölga þeim mælikvörðum sem launaskrifstofa notar til að fylgja eftir innri gæðaúttektum. Þannig er hægt að bæta ferla og auka samhæfingu.

Innkaupaskrifstofa

Markmið innkaupaskrifstofu er að veita stjórnendum og starfsfólki faglega ráðgjöf og aðhald á sviði innkaupa og hafa eftirlit með að farið sé að lögum, reglum og stefnumótun Reykjavíkurborgar á sviði innkaupa.

Áfram verður lögð áhersla á nýtingu upplýsingatækni sem á að stuðla að aukinni skilvirkni vegna innkaupa- og útboðsmála ásamt bættri þjónustu við starfsfólk og birgja Reykjavíkurborgar.

Bakgrunnur stjórnenda og starfsmanna sem fara með innkaup fyrir hönd borgarinnar er mismunandi en allir þurfa að vinna innan ramma laga og reglna sem opinberum innkaupum eru sett. Stefnt er að aukinni fræðslu fyrir mismunandi hópa þar sem ákveðnir þættir eru teknir til umfjöllunar og úrlausnar. Innkaupaskrifstofu tókst að aðlaga sig að breyttu landslagi tengt samkomutakmörkunum og nýtti sér upplýsingatækni meðal annars við fræðslu og önnur störf.

Innkaupaskrifstofa mun áfram vinna að því að uppfæra stöðluð sniðmát útboðsgagna en einnig er verið að vinna að gerð staðlaðra umhverfiskrafna sem kaupendur geta kynnt sér og sett inn eftir þörfum í samræmi við verkefni hverju sinni. Í kjölfarið verður bætt við þessa flóru þar sem fleiri kröfur svo sem vegna eigna- og afnotaréttar. Allt ofangreint hjálpar kaupendum að framfylgja stefnumótun Reykjavíkurborgar við innkaup og auðveldar innkaupaskrifstofu að veita sérhæfðari ráðgjöf á þessu sviði.

Verið er að leggja lokahönd á notendavæna framsetningu á leiðbeiningum til kaupanda á innri vef borgarinnar varðandi meginferli innkaupa, frá því að ákvörðun er tekin um að fara í tiltekin innkaup og

Þar til samningur er kominn á. Innkaupaskrifstofa hefur uppfært meginferil innkaupa og undirferil innkaupa, sem gefur betri birtingarmynd frá þörf á vöru eða þjónustu þangað til samningstíma er lokið og verk fullunnið eða vara afhent. Þetta hefur nýst á fleiri sviðum en með þessum feril var hægt að bæta feril varðandi græn fjármál.

Innkaupaskrifstofa mun áfram stuðla að aukinni notkun upplýsingatækni sem tengjast útboðs- og innkaupaferlum og nú stendur meðal annars yfir innleiðing á rafrænum undirritunum á útboðsvef Reykjavíkurborgar sem gefur þjóðendum kost á að undirrita tilboð sín með rafrænum hætti. Að lokinni þeirri innleiðingu mun það gera Reykjavíkurborg kleift að framkvæma alla útboðsferla Reykjavíkurborgar með 100% rafrænum hætti.

Fjárstýringar- og innheimtuskrifstofa

Markmið skrifstofunnar er að samræma og bæta þjónustu við innri og ytri viðskiptavinum skrifstofunnar með því að samræma verkferla og auka öryggi í vinnslu upplýsinga. Þannig verður betur hægt að veita örugga, tímanlega og skilvirka þjónustu auk þess sem aðgengi að upplýsingum verður tryggara.

Áhersla verður á skilvirka lána- og lausafjárstýringu sem miðar að því að Reykjavíkurborg hafi gott aðgengi að nægu lausu fé til að standa við skuldbindingar borgarsjóðs auk þess að lágmarka lántökukostnað og hámarka ávöxtun á laust fé. Áhersla verður á að setja skýra mælikvarða um árangur og fylgja þeim eftir með skýrslugjöf í samræmi við fjárstýringarstefnu Reykjavíkurborgar og fjárstýringarreglur.

Á undanförunum árum hefur skrifstofa fjárstýringar- og innheimtu farið í útboð á þjónustuþáttum sem tengjast innheimtu borgarinnar, s.s. fruminnheimtu, milli- og löginheimtu og unnið er að því að fara í útboð á færsluhirðingu og boðgreiðsluþjónustu. Meginmarkmiðið með því að fara í útboð á fjármálaþjónustu er að tryggja örugga, tímanlega og skilvirka þjónustu, lágmarka kostnað borgarbúa og borgarsjóðs vegna fjármálaþjónustu og bæta upplýsingagjöf.

Stefnt er að því að sameina alla innheimtu borgarinnar með það að markmiði að einfalda ferla, auka skilvirkni, hagkvæmni og fagmennsku og ná enn frekari árangri í því á árinu 2023.

Eignaskrifstofa

Eignaskrifstofa fer með eigendafyrirsvar fyrir hönd Eignasjóðs Reykjavíkurborgar sem er einn stærsti fasteignasjóður landsins með yfir 400 fasteignir. Sjóðurinn fer með rekstur, viðhald, kaup og sölu eigna borgarinnar. Einnig fer skrifstofan með lönd, lóðir, samgöngumannvirki og aðrar fasteignir.

Markmið skrifstofunnar er vönduð eignaumsýsla í nánú samstarfi við stofnanir og aðra sem málið varðar, með hag borgarbúa að leiðarljósi.

Áhersla verður lögð á að þróa utanumhald, framsetningu og skýrslugjöf vegna fjárfestinga og fjárfestingaráætlunar í samvinnu við önnur svið Reykjavíkurborgar. Auk þess verður haldið áfram að yfirfara verklag og ferla vegna eftirlits með fjárfestingaverkefnum, þróa mælikvarða vegna rekstrar og framsetningu þeirra.

Þá er mikilvægt að þróa og rafvæða utanumhald um tilkynningar, meðhöndlun og afgreiðslu tjónamála.

Á árinu 2023 verður unnið að því að skerpa á hlutverki eignaskrifstofu vegna eigendafyrirsvars og samskiptum og þjónustu við fagssvið. Unnið verði að nýjum þjónustusamningi við umhverfis- og skipulagssvið vegna viðhalds og framkvæmda.

Skrifstofa sviðsstjóra

Markmið skrifstofunnar er að stuðla að faglegri og áreiðanlegri stjórnarsýslu við afgreiðslu erinda, styðja við og fylgja eftir stefnumörkun sviðsins og hafa eftirlit með rekstri þess og þjónustu við stofnanir borgarinnar. Hlutverk skrifstofunnar er að jafnframt að styðja við stjórnendur og starfsemi sviðsins, með áherslu á mannauð og fræðslu.

Stuðningur við yfirstjórn á sviði fjármála og eftirfylgni með fjármálastefnu og fjárhagsáætlun er megin verkefni sviðsins. Stefna Reykjavíkurborgar er að vaxa með Græna planinu sem er stefnumörkun í þremur víddum sjálfbærni; efnahags-, umhverfis- og samfélagslega; og sóknaráætlun til ársins 2030. Eftirfylgni með aðgerðaráætlun borgarinnar vegna fimm ára áætlunar verður eitt meginverkefni FAS.

Á árinu verði unnið að því að móta og hefja innleiðingu á heildarstefnu fyrir sviðið. Hugmyndin er að samþætta og í sumum tilfellum endurskoða undirliggjandi stefnur í eina heildarstefnu til að auðvelda umbótastarf og samræma viðmið, um framkvæmd tiltekinna verkefna til lengri tíma. Á grunni framtíðarsýnar verða sett fram 5-6 meginmarkmið sem styðji við árlegt ferli við mótun áherslna og verði hvati að umbótavinnu og stafrænni umbreytingu innan sviðsins.

Upplýsinga- og gagnadeild (UGD) þjónustar skrifstofur sviðsins og notendur fjárhags- og mannauðskerfa ásamt því að stuðla að framþróun á sviði fjármálatækni. Áhersla er lögð á að byggja upp og þjónusta fjármála- og mannauðsupplýsingakerfi borgarinnar með hliðsjón af þörfum stjórnenda, starfsmanna og sérfræðinga. Unnið verði að því að skýra og skerpa framtíðarsýn borgarinnar varðandi kerfislegt utanumhald og notkun hugbúnaðar. Þá hefur UGD yfirsýn og veitir stuðning við upplýsingatækniverkefni sviðsins. Áfram verður unnið með fjölmörg þróunarverkefni sem snúa að innleiðingu nýrra upplýsingakerfa og/eða þróunar á núverandi hugbúnaði.

Áhersla er á þróun mælikvarða og miðlun stefnu og árangurs í umhverfis-, samfélags- og efnahagsmálum. Reykjavíkurborg hefur hlotið vottun vegna innleiðingar á ISO 37120 staðlafjölskyldunni um sjálfbærni borga samvinnu við WCCD (World Council of City Data), þ.e. ISO 37120 staðalinn um sjálfbærni borga, ISO 37122 snjallborgarstaðalinn og ISO 37123 um þanþol eða seiglu borga (e. resilience). Á árinu 2023 verður unnið að áframhaldandi uppfærslum á stöðlunum, miðlun niðurstaðna þeirra og hagnýtingu. Þá verður unnið að auknu aðgengi starfsstöðva að losunarbókhaldi og þróun á heildstæðum ársreikningi Reykjavíkurborgar. Breytingar hafa orðið á framsetningu græns bókhalds, sem er núna hluti af greinargerð með ársreikningi borgarinnar og áfram verður unnið að auknu aðgengi starfsstaða að sundurliðun á upplýsingum úr losunarbókhaldi.

Unnið er að því að rafvæða styrkjaferla borgarinnar og er markmiðið að því verkefni verði lokið um mitt næsta ár. Sem fyrr verður lögð áhersla á að samræma og tryggja aðgengilega framsetningu á fjárhagslegum upplýsingum, kennitölum og lykiltalnahgreiningum.

KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN (KFS)

Vegna ólíkrar stöðu borgarbúa, eftir kyni og öðrum breytum, hefur tekjuöflun og ráðstöfun á fjármunum borgarinnar mismunandi áhrif á tækifæri þeirra til lífs og leiks, vinnu og menntunar. Kynjuð fjárhagsáætlun tekur mið af mismunandi stöðu fólks og leitast eftir því að þjónusta og gæði mæti mismunandi þörfum sem best. Markmiðið er að samþætta mannréttindastefnu borgarinnar við alla fjárhags- og starfsáætlunargerð og stuðla þannig að auknu jafnrétti. Kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun hjá Reykjavíkurborg er stýrt í samvinnu milli fjármála- og áhættustýringasviðs og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Helstu verkfæri í framkvæmd kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborg eru annars vegar greining þjónustubátta og hins vegar jafnréttisskimun og jafnréttismat á breytingartillögum á samþykktri fjárhagsáætlun og vegna nýrra verkefna í áætlun komandi árs. Í upphafi árs 2021 var skipaður starfshópur sem hafði það hlutverk að endurskoða framkvæmd og skipulag jafnréttisskimunar og jafnréttismats. Fulltrúi frá fjármála- og áhættustýringasviði tók þátt í vinnunni ásamt því að verkefnisstjóri KFS, sem nú er staðsett á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, stýrði starfi hópsins. Starfshópurinn skilaði af sér tillögum að framtíðarskipulagi um mitt ár 2021 sem unnið er að því að innleiða.

Pólítískur stýrihópur hefur það meginverkefni að skilgreina hvert Reykjavíkurborg stefnir í innleiðingu kynjaðra fjármála og skilgreina framtíðarsýn, áherslur og meginmarkmið. Á fag- og kjarnasviðum borgarinnar eru starfræktir starfshópar sem hafa það hlutverk að fylgja eftir greiningu þjónustubátta og vinnslu jafnréttisskimana og – mata á sínu sviði.

Á fjármála- og áhættustýringarsviði er starfræktur starfshópur sem hefur það hlutverk að vinna að kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun á sviðinu.

Reykjavíkurborg hefur átt í góðu samstarfi við innlenda sem og erlenda aðila varðandi vinnu við kynjaða fjárhagsáætlun. Sem dæmi má nefna samstarf við Háskóla Íslands varðandi greiningar á verkefnum sem tengjast innleiðingu borgarinnar á KFS. Undirritaður hefur verið samningur um áframhaldandi samstarf á þessu sviði.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2019	Raun 2020	Raun 2021	Útksp. 2022	Áætlun 2023
Reikningar frá birgjum alls	260.780	251.988	255.742	257.000	260.000
Rafrænir birgjareikningar (SPAN og UBL)	163.775	175.801	191.076	195.000	200.000
Hlutfall rafrænna birgjareikninga	63%	70%	75%	80%	85%
Hlutfall rafrænna reikninga með innreikn.	65%	72%	77%	83%	88%
Fjöldi uppgjara (A, A+B, AS, ES, Aflvaki, Þjórleikvangur)	42	42	42	42	42




ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDASVIÐ - ÍTR

LEIÐARLJÓS

Borgarbúum sé sköpuð jákvæð umgjörð til ípróttá- og tómstundaiðkunar þar sem fjölbreytileiki, fagmennska og virðing ríkir

SKIPURIT



HLUTVERK

- Rekstur sundlauga, ípróttamannvirkja, Ylstrandar, Sigluness, skíðasvæða, Hins hússins og Fjölskyldugarðsins.
- Stuðla að virkri þátttöku borgarbúa í starfsemi þar sem í fyrirrúmi er vellíðan, heilbrigði, upplifun og þroskandi viðfangsefni.
- Eiga gott samstarf við ÍBR, ípróttá- og æskulýðsfélög, önnur svið borgarinnar og aðra aðila sem koma að þjónustu við íbúa borgarinnar á sviði ípróttá- og tómstundamála.
- Veita þjónustu sem er aðgengileg og einkennist af fordómaleysi og umhyggju.
- Tryggja að öryggi í starfsemi ÍTR sé í fyrirrúmi.
- Efla og þróa fagumhverfi í þjónustu ÍTR.
- Búa starfsfólki gott umhverfi til að þróast í starfi.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2023

	Raun 2021	Útksp. 2022	Áætlun 2023
Rekstrartekjur	1.756.741	1.997.378	2.005.020
Tekjur samtals	1.756.741	1.997.378	2.005.020
Laun og launatengd gjöld	3.032.741	3.540.687	3.478.488
Innri leiga	3.295.870	3.493.734	4.016.710
Annar kostnaður	4.869.924	5.143.734	5.736.107
Rekstrargjöld samtals	11.198.535	12.178.155	13.231.304
Rekstrarniðurstaða	9.441.794	10.180.777	11.226.285

STARFSFÓLK

	Áætlun 2023
Vinnuframlag	393
Stöðugildi	336
Yfirvinna	108.168
Vaktir	159.926


MEGINÁHERSLUR 2023 – BREYTINGAR FRÁ FYRRA ÁRI

Veigamesta breytingin frá fyrra ári er sameining sviðsins við Menningar- og ferðamálasvið borgarinnar. Sameinað svið mun því sinna flestu því sem snýr að almennri afþreyingu borgarbúa og þeirra sem til borgarinnar koma, hvort sem það snýr að listum eða íþróttum. Stefnt er að því að breytingin taki gildi 1. janúar 2023. Hlutverk íþróttá- og tómstundasviðs (ÍTR) hefur að stærstum hluta snúist að almennri þjónustu við borgarbúa í íþróttá- og tómstundamálum og stuðningi við félög og samtök sem standa fyrir slíkri starfsemi. Á vegum ÍTR er meðal annars rekstur sundlauga, Hins Hússins, Sigluness, Ylstrandar, Fjölskyldu- og húsdýragarðsins, íþróttamannvirkja, íþróttavalla og skíðasvæða. ÍTR hefur umsjón með styrkveitingum til íþróttá- og æskulýðsfélaga, frístundakortinu og annast samskipti fyrir hönd borgaryfirvalda við íþróttá- og æskulýðsfélög og samtök þeirra. Unnið er eftir nýrri Íþróttastefnu sem var samþykkt í borgarstjórn árið 2020 og gildir til 2030.




REKSTUR 2023

Skipting rekstrarramma:



Skipting rekstrarkostnaðar:



MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Fjármál

Fjárhagsáætlun ÍTR tekur mið af forsendum fjárhagsáætlunar 2023. Gjaldskrár ÍTR hækka í samræmi við forsendur Reykjavíkurborgar samkvæmt áætlaðri þróun verðlags árið 2023 um 4,9%.

Gert er ráð fyrir að verðbætur komi á annan rekstrarkostnað þegar um er að ræða skuldbindingar í samningum gagnvart þriðja aðila, í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar um 4,9% hækkun á vísitölu neysluverðs. Launahækkningar eru bættar í samræmi við kjarasamninga.

Gert er ráð fyrir hagræðingu á sviðinu sem nemur 1% af launakostnaði. Hagræðing er reiknuð á fjárheimildir sem fyrir eru í ramma sviðsins og er hún 35 m.kr. hjá ÍTR. Auk þess er annar

rekstrarkostnaður ekki verðbættur og þar með talið heitt vatn og rafmagn, sem er um 3% af útgjöldum sviðsins. Jafngildir það viðbótar hagræðingu upp á 35 m.kr.

Helstu breytingar í fjárhagsáætlun árið 2023 er hækkun á frístundakorti úr 50.000 kr. á barn upp í 75.000 kr. Kostnaður vegna þess er 366 mkr fyrir árið 2023 miðað við að nýtingin á kortinu sé um 70%. Tekið var í notkun íþróttahús í Úlfarsárdal og verður það komið í fullan rekstur árið 2023. Einnig hefur verið tekið í notkun nýtt íþróttahús í suður Mjódd í Breiðholti sem mun verða í fullum rekstri árið 2023. Tveir nýir gervigrasvellir í Laugardal verða komnir í notkun allt árið 2023.


Á Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins er samkomulagi sveitarfélaganna frá 2018 um uppbyggingu í Bláfjöllum og Skálafelli. Árið 2023 er gert ráð fyrir að teknar verði í notkun 2 nýjar skíðalyftur í Bláfjöllum og að framkvæmdir vegna snjóframleiðslu verði hafnar á árinu.


Þá verður gjaldskrá Fjölskyldugarðsins breytt þar sem hætt verður að selja skemmtimiða. Aðgangur í Fjölskyldugarðinn mun þá einnig veita aðgang í öll tækin í garðinum. Árin 2021 og 2022 var gert ráð fyrir tekjulækkun hjá sviðinu vegna Covid-19, en í fjárhagsáætlun 2023 er aftur gert ráð fyrir tekjum til samræmis við venjulegt árferði.

ÍTR ber leigukostnað vegna mannvirkja í eigu annarra sem notuð eru fyrir íþrótt- og tómsundastarf, svo sem af Egilshöll, Íþrótt- og sýningarhöllinni og íþróttahúsi í Norðlingaholti. Kostnaður vegna þessara mannvirkja er um 9,4% af útgjöldum íþrótt- og tómsundasviðs. Kostnaður vegna innri leigu er 32,1% af heildarútgjöldum, greiðslur styrkja til íþróttafélaga og annarra eru um 16% af útgjöldum og launakostnaður sviðsins er um 25,9%. Annar rekstrarkostnaður er 5,6% af útgjöldum og orkukostnaður er um 3% af útgjöldum. Kostnaður sviðsins vegna leigu á húsnæði er því alls 41,5% eða 5.660 m.kr. og þar af er innri leiga 4.381 m.kr. og húsaleiga af þriðja aðila 1.282 m.kr.

Sundlaugar

Í íþróttastefnu Reykjavíkur til 2030 hafa markmið verið sett fyrir stefnuáherslur sem varða hreyfingu, þátttöku og árangur. Íþróttir, líkamsrækt og hreyfing fyrir öll á öllum æviskeiðum er eitt af markmiðunum. Að stuðla að heilbrigðu lífverni og vellíðan frá vöggum til grafar er eitt af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem Íþróttastefna Reykjavíkur leggur áherslu á. Í stefnunni er einnig fjallað um að efla þátttöku almennings í íþróttum með bættri útivistar- og almenningsaðstöðu. Þá er sundlaugarmenning Íslendinga einstök og skipa sundlaugar stóran sess í lífi margra sem félagsleg, líkamleg og andleg heilsulind. Auk almennings sækja nemendur allra skólastiga þar kennslu og iðkendur íþróttafélaga æfa þar og keppa. Þá hafa þær einnig fjölbættu hlutverki að gegna til heilsuræktar, slökunar og leikja en auk sundkennslu og æfinga er boðið uppá sundleikfimi og samflot sem er vel sótt af almenningsi. Fjárhagsáætlun sundlauganna er 2.630 m.kr. fyrir árið 2023. Hér fyrir neðan má sjá hvernig aðsókn í laugarnar skiptist á milli þeirra.





Dalslaug í Úlfarsárdal var opnuð almenningi í lok árs 2021 en var áður eingöngu notuð fyrir skólasund. Dalslaug er góð viðbót við sundlaugar Reykjavíkurborgar og vinsæl meðal íbúa í hverfinu. Á næsta ári verður aðstaða þar bætt enn frekar með nýrri rennibraut.

Stærstu framkvæmdir næsta árs verða við endurnýjun innilaugar í Sundhöll en það mannvirki er nú að verða 85 ára gamalt og þarfnast mikillar endurnýjunar. Þá verður farið í samkeppni um breytingar á útisvæði Laugardalslaugar og tengdum mannvirkjum og vonast til að framkvæmdir geti hafist árið 2023. Til stendur að endurnýja laugarker og potta á útisvæði ásamt því að bæta aðstöðu til afþreyingar fyrir börn á öllum aldri.

Áfram er unnið að endurnýjun tækja og tæknibúnaðar í kjöllurum sundlauga samkvæmt úttekt. Innleiðing klórgerðar heldur áfram en sú vinna er mikilvægur þáttur í rekstri þegar horft er til umhverfissjónarmiða og lækkunar á rekstrarkostnaði og fellur vel undir græn verkefni.

Öryggismál skipa stóran sess í daglegu starfi sundlauganna. Með tilkomu öryggis- og gæðastjóra ÍTR hefur markvisst verið unnið að því að yfirfara verkferla, áhættumat og fleira sem snýr að öryggi gesta og starfsmanna. Auk lögbundinnar þjálfunar starfsmanna í formi námskeiða hefur verið lögð aukin áhersla á verklegar æfingar sem styrkja starfsmenn enn frekar í að bregðast við slysum og óvæntum atburðum.

Vinna varðandi rafrænar lausnir á sölu korta og miða í sundlaugar er í gangi. Þjónustu og nýsköpunarsvið borgarinnar hefur leitt það verkefni en ekki er ljóst hvenær sú lausn muni líta dagsins ljós.

Sundhöllin

Sundhöllin nýtur áfram mikilla vinsælda bæði meðal borgarbúa og erlendra ferðamanna og greinilegt að gestir kunna vel að meta þær breytingar sem gerðar voru á mannvirkinu árið 2017. Gamli hluti laugarinnar sem verður 85 ára á næsta ári býr yfir miklum sjarma og er vinsæll tókustaður fyrir auglýsingar og kvikmyndir. Lokið var við endurbætur á gamla kvennaklefanum sem nú er nýttur hluta úr degi fyrir m.a. skólasundsnema. Til stendur að hefja á árinu endurbætur á gamla sundlaugarmannvirkinu sem tekið var í notkun árið 1937. Gert er ráð fyrir að þær framkvæmdir taki eitt til tvö ár.

Laugardalslaug

Laugardalslaug er sú laug sem hefur í gegnum árin tekið á móti flestum gestum. Undirbúningur er hafin á viðamiklum framkvæmdum við Laugardalslaug og munu þær framkvæmdir standa yfir í nokkur ár. Hugmyndasöfnun fór fram í byrjun árs 2021 sem skilaði rúmlega 1200 hugmyndum frá ýmsum hagsmunaaðilum. Framundan er hugmyndasamkeppni þar sem arkitektar munu vinna tillögur um

framtíðarskipulag laugarinnar, sigurtillaga mun vonandi verða kynnt um mitt árið 2023. Verkefnið er umfangsmikið og snýr að öllu á útisvæði, stúku og tengdum mannvirkjum. Þá verður einnig ráðist í viðamiklar framkvæmdir á stjórnbúnaði í kjallara laugarinnar sem er kominn mjög til ára sinna og nauðsynlegt að endurnýja til að viðhalda gæðum og öryggi vatns.

Vesturbæjarlaug

Vesturbæjarlaug var tekin í notkun árið 1961 og hefur ávallt notið vinsælda og ekki síst meðal ferðamanna undanfarin ár. Laugin fær mikla og góða umfjöllun í erlendum tímaritum. Á síðasta ári var lyfta sett á bakka sem nýtist meðal annars þeim sem eru hreyfihamlaðir og vilja nýta aðallaug eða barnalaug. Þar að auki var innanhúslyfta endurnýjuð. Þessar breytingar ásamt sérklefa sem opnaður var á síðasta ári hafa stórbætt aðgengi fatlaðra að lauginni. Viðgerðir á gólfi í útklefa kláruðust í sumar sem og viðgerðir á potti 3 og potti 4. Þá er fyrirhugað að fara í allsherjar yfirhalningu á sjópotti.

Klébergslaug

Klébergslaug á Kjalanesi er opin almenningi allt árið um kring. Rekstur laugarinnar er hins vegar í höndum Klébergsskóla sem segja má að sé stærsti viðskiptavinur laugarinnar vegna skólasunds.

Grafarvogslaug

Í sumar voru flísar á gangvegi innilaugar endurnýjaðar. Aðgerðin tók mun lengri tíma en áætlað var vegna tafa á aðföngum og annarra þátta. Tveimur gufuböðum var bætt við á útisvæði laugar, annað þeirra er steina gufubað og hin er infrarauð gufa. Viðskiptavinir eru ánægðir með gufuböðin, en þó sérstaklega það infrarauða. Malbika á hluta af bílastæðum í ár, en restin verður kláruð samhliða lokun laugarinnar næsta vor. Einnig er vinna við viðgerðir á undirstöðum breiðu rennibrautarinnar hafin, en hún var farin að síga. Undirbúningsvinna fyrir nuddfoss, sem var valinn var til framkvæmda í hverfakosningu, er einnig hafin.

Árbæjarlaug

Aðsókn í Árbæjarlaug hefur verið nokkuð stöðug á milli ára. Á lóð laugarinnar er strandblakvöllur og hefur aðgengi að honum verið bætt til muna. Breytingar hafa verið gerðar á sérklefa, hann færður og aðstaða lagfærð. Aðgengi fyrir hreyfihamlaða er gott í lauginni, lyfta góð og hægt að synda á milli inni- og útilaugar. Lagfæringar á stjórnkerfi laugarinnar ásamt klórkerfi er í fullum gangi og í framhaldinu verður hafist handa við undirbúning á klórframleiðslukerfi.

Breiðholtslaug

Miklar framkvæmdir hafa farið fram við Breiðholtslaug síðustu árin og aðsókn aukist í takt við það. Aðstaðan sem nú er til staðar rímar vel við heilsueflandi samfélag sem unnið er að í hverfinu. Allir ættu því að finna afþreyingu við hæfi hvort sem hugmyndin er að lyfta lóðum, synda, slaka á eða skemmta sér í vatnsleiktækjum. Laugarker innilaugar sem tekið var í notkun árið 1981 hefur fengið andlitslyftingu og verið klætt að innan en frekari lagfæringar bíða. Úttekt hefur farið fram á búnaði í kjallara laugarinnar en kominn er tími á endurnýjun á hreinsitækjum. Á útisvæði laugarinnar er gert ráð fyrir útklefa og áhaldageymslu ásamt verönd og skýli yfir pall við anddyri og gert ráð fyrir að það séu næstu framkvæmdir sem ráðist verður í við laugina.

Dalslaug

Sundlaugin var að fullu tekin í notkun þann 11. desember 2021, áður hafði verið opnað fyrir skólasund í innilauginni. Ýmsir byrjunarörðugleikar hafa verið eins og við mátti búast, en unnið er að viðgerðum og þeirri vinnu lýkur vonandi sem fyrst. Þá er unnið að stækkun kjallara og undirstöðum fyrir rennibraut sem verður við norðurhlið bókasafnsins. Samhliða því er áætlað að reisa nýjan vaktturn á suð-vesturhluta útisvæðis til þess að hafa betri yfirsýn yfir nýju rennibrautina og allt útisvæðið í heild.

Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn (FHG)

Í FHG eru haldin íslensk húsdýr, dýr sem lifa villt í íslenskri náttúru auk framandi dýra eins og skrið-, frosk- og skordýr. Dýraþjónusta Reykjavíkur tók til starfa í garðinum á árinu 2021 en þá fluttust verkefni tengd gæludýrum yfir frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur til Fjölskyldu- og húsdýragarðs. Einnig er rekin skemmtigarður með opnum svæðum ásamt skemmti- og leiktækjum.

Auk almennrar starfsemi við dýrahald og skemmtigarð, skipa margskonar viðburðir og fræðslustarf veglegan sess. Árið 2021 heimsóttu um 6.300 leik- og grunnskólanemar skipulögð fræðslunámskeið í garðinum. Samningur er við skóla- og frístundasvið um samstarf vegna grunn- og leikskólanema á sviði náttúrufræðikennslu og frístundastarfs. Þá eru haldin sérstök sumarnámskeið fyrir 10–12 ára. Í garðinum er fjöldi tækja sem mörg hver eru gagnvirk og valin með öll aldurstig í huga. Átak var gert í endurnýjun og nýjungum í tækjum á árunum 2018 og 2019 og fleiri bættust við sumarið 2020 en þá var m.a. endurnýjuð hringekja og nýtt rugguskip sett upp. Búið er að panta nýja lest sem bætist við starfsemina sumarið 2023. Unnið verður áfram að undirbúningi uppbyggingu fræðslu- og starfsmannahúss í garðinum. Hönnun er á lokastigi og stefnt á að bjóða verkið út í október 2022. Einnig hófust framkvæmdir við nýja selalaug sumarið 2022. Garðurinn er opinn alla daga ársins en aðsókn árið 2021 var um 189 þúsund gestir. Fjárhagsáætlun Fjölskyldugarðsins er 428,9 m.kr. fyrir árið 2023.

Dýraþjónusta Reykjavíkur (DÝR)

Dýraþjónusta Reykjavíkur (DÝR) tók formlega til starfa vorið 2021. Hlutverk hennar er að framfylgja eftirliti með samþykktum borgarinnar er varða dýr sem og að sinna skyldum borgarinnar í samræmi við lög um dýravelferð. Dýraþjónustunni er ætlað að sinna samskiptum við stofnanir, félagasamtök og aðra sem að málefnum dýra koma sem og sinna fræðslu um dýr og dýrahald. Yfirfærsla verkefna frá öðrum aðilum innan borgarinnar t.d. Umhverfis- og skipulagssviði og Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur er hægt og bítandi að ganga eftir. Í upphafi var áherslan lögð á yfirfærslu og skráningarmál hunda og var rafræn skráning komin í gagnið í maí 2021. Dýraþjónustan er rekin samhliða Húsdýragarðinum og nýtir starfskrafta dýrahirða og annarra sem þar vinna eftir sérstöku skipulagi. Segja má að tveir til þrjú starfsmenn séu að jafnaði bundnir yfir starfsemi DÝR.

Hitt Húsið

Hlutverk Hins Hússins, miðstöðvar ungs fólks, er að veita ungu fólki á aldrinum 16-25 ára aðstöðu og aðstoð við að koma hugmyndum sínum í framkvæmd. Starfsemi Hins Hússins fer fram á Rafstöðvarvegi 7-9. Í Hinu Húsinu fer fram fjölbreytt dagskrá allt árið. Viðfangsefni felast meðal annars í upplýsinga- og ráðgjafarþjónustu, frístundastarfi fatlaðra ungmenna, vinnu að atvinnumálum ungs fólks, menningarstarfi ungmenna, umsjón með viðburðum og erlendu samstarfi. Frjáls félagasamtök og ýmsir hópar ungs fólks hafa aðstöðu í húsinu til lengri eða skemmri tíma. Fjárhagsáætlun Hins Hússins er 579 m.kr. Þar af er frístund fatlaðra 318 m.kr.

Ungmenni og óformlegir hópar ungmenna nýta sér aðstöðu Hins Hússins til lengri eða skemmri tíma, m.a. fyrir hljóðupptökur, fundi, námskeið, æfingar, ráðstefnur o.fl. Starfsstaðir Reykjavíkurborgar geta nýtt sér aðstöðu Hins Hússins fyrir fundarhöld, starfsdaga og ráðstefnur.

Hitt Húsið sem er eina ungmennahúsið í Reykjavík, starfar með breiðum hópi ungs fólks og er aðsókn í starfið oft meiri en framboð. Til að mynda eru nú starfandi tveir vinfús hópar en ekki einn líkt og áður. Vinfús er verkefni sem er sérstaklega sniðið að félagslega einangruðu ungu fólki sem sækir í verkefnið til að auka félagsfærni sína. Nýlegar rannsóknir sýna fram á að vanlíðan og félagsleg einangrun ungs fólks er að aukast sem undirstrikar mikilvægi þess að halda úti öflugri þjónustu fyrir þennan aldursból.

Í Hinu Húsinu eru stúdíó aðstaða fyrir hljóðupptökur og hljóðvinnslu, æfingarrými fyrir hljómsveitir, fundarherbergi, fönðurherbergi, námsaðstaða ásamt fjölda öllum af rýmum sem ungt fólk getur nýtt fyrir verkefni sín eða bara til að koma og hanga, spila borðspil eða tölvuleiki, borðtennis eða körfubolta.

Mörg verkefna Hins Hússins fara fram annars staðar en í Elliðaárdalnum, t.d. fara Jafningjafræðarar í framhaldsskólana og í Vinnuskólann til að fræða ungmenni, Músíktílaunir eru haldnar í Hörpu, Unglistin fer meðal annars fram í Borgarleikhúsinu, Götuleikhúsið og Lifthóparnir sýna listir sínar fyrir almenning á götum úti. Áttavittinn er vefsvæði sem er haldið úti af Upplýsingamiðstöð Hins Hússins. Heimasíðan hefur það meginhlutverk að vera upplýsingaveita um mikilvæg málefni er snúa að lífi, heilsu og vellíðan ungs fólks. Mánaðarlegar heimsóknir eru um 19.000. Í gegnum ráðgjöf Áttavittans, þar sem ungt fólk getur spurt spurninga nafnlaust, berast á bilinu tvö til þrjú hundruð spurningar á ári.

Fritímastarf fatlaðra þjónustar um 45 ungmenni eftir hádegi yfir veturinn og allan daginn þá virku daga sem skólarnir eru lokaðir. Starfsemi er síðan alla virka daga á sumrin. Opið hús er fyrir fötluð ungmenni á aldrinum 16-30 ára á fimmtudögum milli 17:00-21:00. Þangað sækja að meðaltali 50 manns opið félagstarf yfir veturinn. Það er í mörgum tilfellum eina opna félagsstarfið sem þessum ungmennum stendur til boða og er mikilvægur liður í félagslífi þeirra sem þangað sækja.

Nauthólsvík og Ylströndin

Nauthólsvík hefur verið einn helsti sjóbaðsstaður Reykvíkinga frá árinu 1949. Sérstaða Ylstrandarinnar er mikil. Samspil sjávar, strandar, heita vatnsins og náttúrunnar er magnað og mikil reynsla að upplifa. Nauthólsvík er vinsælt svæði til útivistar enda veðursæld og náttúrefegurð mikil.

Ylströndin er með heitum pottum, manngerðu sjávarlóni og þjónustubyggingu sem opnaði sumarið 2000 og var einungis opin á sumrin fyrstu árin. Ylströndin nýtur sífellt meiri vinsælda, jafnt sumar sem vetur, bæði hjá börnum og fullorðnum. Haustið 2006 hófust vetrarsjóböð á Ylströndinni og hafa þau notið mikilla vinsælda meðal sjóbaðsunnenda sem leggja leið sína í Nauthólsvík. Sjósundsiðkendur á Ylströndinni eru margir og fer fjölgandi allt árið um kring. Mikil aukning hefur verið í „upplifunarheimsóknum“ á ströndina, enda mikil upplifun að synda í köldum sjónum og fara svo í heitan pott og eimbað. Opið hefur verið alla daga vikunnar yfir sumarmánuðina en aukið var við vetrarþjónustutímamann haustið 2021 og er nú eitthvað opið á Ylströndinni alla daga nema sunnudaga. Breytingin sem sett var inn haustið 2021 er opnun á föstudögum sem annars voru lokunardagar og var hún gerð í tilraunarskyni til áramóta 2021/2022. Á fyrstu 6 vikum haustsins 2021 reyndist föstudagsopnunin ekki síður vinsæl en aðrir dagar vikunnar. Gjaldtaka er einungis yfir vetrartímamann en til stendur að bæta við gjaldtöku yfir sumartímamann. Það krefst þess að fundin sé leið til að stýra gestafjölda í gegnum húsið án þess að þurfa að setja upp hlið. Til stendur að bæta við heitum potti og bæta við útskýlum sem sjósundsgarpar geta nýtt sér óháð afgreiðslutíma Ylstrandar. Fjárhagsáætlun Ylstrandarinnar árið 2023 er 99,9 m.kr.

Upplýsinga- og kynningarmál

Í upphafi árs 2021 var ráðstöfun Frístundakorts færð alfarið í nýtt kerfi eins og fram kom í greinargerð síðasta árs. Stærstur hluti félaga fann ekkert fyrir breytingunni þar sem þau voru þegar með kerfi sem talaði við kerfi Reykjavíkurborgar í gegnum rafrænar gáttir. Lítil félög þurftu hins vegar að færa sig úr kerfi Greiðslumiðlunar yfir í kerfi Sportabler og greiða eitt lágt upphafsgjald fyrir tengingar. Þetta var gert til þess að jafna stöðu félaga að geta verið þátttakendur í Frístundakortinu. Sýn forráðamanna á úthlutun barna var þróuð áfram og færð inn á mínar síður Reykjavíkurborgar til þess að auka aðgengi forráðamanna að því að nálgast allar upplýsingar á einum stað.

Tölfræðiapp fyrir frístundakort var þróað í PowerBI í samvinnu við gagnateymi Reykjavíkurborgar sem gerir tölfræðigreiningu auðveldari en áður var.

Klárað var að innleiða birgðakerfi á alla starfsstaði, innleiðingin var að fyrirmynd birgðakerfis Fjölskyldu- og húsdýragarðsins og sáu starfsmenn þaðan um framkvæmdina í samvinnu við skrifstofu Íþróttta og tómstundasviðs. Innleiðing gekk vel, mun betri yfirsýn er nú yfir vörur og verðskrá. Áfram er unnið að þróun kerfisins, uppfærsla í vefútgáfu er áætluð í október 2022. Greiningavinna er jafnframt hafin í samvinnu við þjónustu- og nýsköpunarsvið um að færa sundkortin yfir í síma og sjálfsafgreiðslu vef.

Mannvirkjakerfi Íþróttabandalags Reykjavíkur var uppfært á árinu 2021. Þrátt fyrir uppfærslu er ljóst að kerfið er svífaseint og uppfyllir ekki allar þær kröfur sem gerðar eru í dag um úthlutanir tíma í Íþróttahúsum. Skoða þarf vandlega möguleika um að skipta kerfinu út á næstu misserum.

Ákall er um einföldun og betra flæði milli kerfa á Skíðasvæðum. Búið er að setja þetta verkefni í forgang hjá sviðinu og beðið er eftir að verkefnið komist að hjá Þjónustu- og nýsköpunarsviði.

Styrkur fékkst frá Rannís til þess að hanna fræðsluapp fyrir kennslu í Fjölskyldu- og húsdýragarði með möguleikum á leikjum til þess að bæta notendaupplifun. Vinna við það er hafin en ekki er gert ráð fyrir að verkefnið klárast fyrr en vorið 2023.

Hópur er að störfum til þess einfalda og samræma skráningaferli, skjölun og eftirlit fyrir Dýraþjónustu. Tafir hafa orðið í verkefnastýringu hjá Þjónustu- og nýsköpunarsviði og hefur verkefnið verið samþykkt en er á bið.


Á árinu 2021 var verkefnið um upplýsingaskjái klárað fyrir gesti. Skjái eru virkir í öllum laugum en bæta þarf við skjáum á nokkrum stöðum. Skoðað verður hvort hægt sé að láta gera standa með innbyggðum skjáum. Vinna er hafin við greiningu fyrir hugbúnað fyrir skjái í starfsmannaaðstöðu og hvernig það myndi nýtast. Farið var í sérstakt átak í upplýsinga og kynningarmálum Íþróttá- og tómsundasviðs sumarið 2022. Samfélagsmiðlastefna ÍTR var kláruð og stöðluð svör gerð. Búið var til efni fyrir samfélagsmiðla, tilkynningar samræmdar, úttekt gerð á upplifun á aðkomu, kannanir sendar til að kanna viðhorf til skyldunámskeiða og margt fleira.

Ritnefnd ÍTR var stofnuð til þess að reyna að koma ábendingum um nauðsynlegar breytingar á vef til þess að hægt sé að koma á framfæri þeirri þjónustu sem veitt er af sviðinu. Í samvinnu við miðlæga skrifstofu þjónustuhönnunar var viðhorf og upplifun gesta til gjaldtöku á Ylströnd könnuð og ljóst er að gjaldtaka þar er flókin og engin ein rétt lausn í sjónmáli.

Tvö myndbönd voru gerð árið 2022. Eitt sem fjallaði um Íþróttastefnu vegna innleiðingu Torgsins, nýju stafrænu fræðslukerfi fyrir vinnustaðinn og annað fyrir sundlaugagesti til að koma skilaboðum á framfæri á léttan máta. Á árinu 2022 hófst vinna við að færa handbækur ITR á Upplýsingabrunn Workplace þannig að þær verði öllum starfsmönnum aðgengilegar.


Frístundakortið og frístundavefurinn

Með tilkomu frístundakortsins árið 2006 var markmið þess að hvetja börn til þess að vera virkir iðkendur í skipulögðu íþróttá- og tómsundastarfi. Með virkum iðkendum er átt við að börn þurfi að mæta á ákveðinn stað og taka þátt í skipulögðu starfi með jafnöldrum sínum yfir ákveðið tímabil og skuldbinda sig þannig starfinu og hópnum. Þátttaka barna í skipulögðu starfi var á þessum tíma um 50% en hefur vaxið jafnt og þétt með tilkomu frístundakortsins. Rof á þjónustu vegna Covid á árunum 2020 og 2021 varð til þess að nýting frístundakortsins dalaði á þessum árum en vonir standa til að það jafni sig þegar fram líða stundir.



Nýting frístundakorts fór upp á við árið 2021 en ekki eins mikið og vonast var til. Ekki mátti greina aukið brottfall barna, en þátttaka yngri barna (1. og 2. bekk) var minni en síðustu ár. Tíðar lokanir voru hjá

félögum á árinu 2020 og 2021 og virðast forráðamenn hafa dregið að láta börn sína byrja að iðka nýjar greinar vegna þessarar óvissu.



Frístundakortið er öflugt jöfnunartæki sem Reykjavíkurborg stendur fyrir og ekki síður gott forvarnartæki. Búið er að samþykkja hækkun frístundakorts í 75.000 kr. árið 2023 og eru vonir bundnar til þess að með þeirri aðgerð verði nýting kortsins enn betri en áður.

Í samstarfi við frjáls félög og nágrannasveitafélög, hefur ÍTR upplýsingar um íþrótt- og tómstundastarf á höfuðborgarsvæðinu aðgengilegar á einum stað, í gegnum frístundavefinn. Vefurinn er eingöngu upplýsingavefur en allar skráningar fara fram hjá viðkomandi félagi. Á þessum vef er með einföldum hætti hægt að leita að afþreyingu í þínu hverfi eftir aldri, tímabilum og áhugasviði. Félög geta auglýst starfsemi sína með því að setja inn helstu upplýsingar um sitt félag og námskeið sem eru í boði. Þau félög sem ekki treysta sér til að setja inn upplýsingarnar sjálf geta fengið aðstoð við að setja inn efni.

Rafræn Reykjavík er ekki lengur notuð til að ráðstafa nýtingu á frístundakortinu og var sá hluti rafrænnar Reykjavíkur lagður niður þann 1. janúar 2021. Tekið var upp nýtt kerfi sem heitir Hvati. Stuttu seinna var Nora kerfið lagt niður og Sportabler skráningarkerfið tók við og þar með ekki lengur hægt að ráðstafa frístundakortinu í gegnum fristund.is líkt og áður var mögulegt. Ráðstöfun frístundastyrks fer því aðeins fram í gegnum skráningarsíður félaganna. Settar hafa verið inn krækjur við hvert og eitt félag á listanum yfir öll aðildarfélög Frístundakortsins til að auðvelda skráningu.

Skíðasvæði

Í upphafi vetrar 2021-2022 var töluvert mikið af snjó í Bláfjöllum. Skíðasvæðin opna yfirleitt í desember og í fyrsta sinn í nokkurn tíma var opið í Bláfjöllum milli jóla og nýárs. Þegar nýja árið gekk í garð hélt áfram að snjóa og var orðið ansi snjóþungt, það gerði það að verkum að hver dagur í opnun varð óvenju dýr vegna aukningar á notkun vinnuvéla og mannskapar sem þurfti til að sinna svæðinu. Það varð lítil samfella í opnunardögum þar sem veður var óstöðugt. Reglulega stóðu vonir til að hægt væri að opna og mikil undirbúningsvinna fór af stað. Hins vegar fór það þannig að opnun varði í 1-2 daga áður en það þurfti að loka aftur vegna veðurs. Til að mynda náðist aðeins að hafa opið á Skíðasvæðunum í einn dag yfir Páskana.

Aðstæður og aðsókn:

Skíðabrekkurnar í Bláfjöllum voru opnar 55 daga veturinn 2021-2022 og var heildarfjöldi gesta um 69.000. Skálafell sem opið er frá 1. febrúar og aðeins um helgar var opið í 12 daga og var gestafjöldi um 5.900. Þá var Hjólagarðurinn í Skálafelli opinn í 11 daga og sóttu 684 gestir hann. Skíðagönguspor í Bláfjöllum var lagt í 70 daga og gestir sem fóru í gegnum aðgangshlið voru um 4.000 af þeim 69.000 sem fóru í Bláfjöll. Aðgönguhliðin fóru ekki almennilega í gagnið fyrr en í byrjun febrúar en þrátt fyrir að þau væru komin voru margir sem renndu sér framhjá þeim. Næsta vetur verður búið að bæta við stöðugildi fyrir göngusvæði sem hefur það að markmiði að auka þjónustustig við gönguskiðafólk og bæta öryggismál.

Aðsókn á Skíðsvæðunum	Bláfjöll		Skálafell		Samtals	
	Fjöldi gesta	Opnunar dagar	Fjöldi gesta	Opnunar dagar	Fjöldi gesta	Opnunar dagar
Veturinn 2015-2016	83.090	88	12.947	12	96.037	100
Veturinn 2016-2017	61.678	62	3.656	8	65.334	70
Veturinn 2017-2018	68.515	73	8.959	16	77.474	89
Veturinn 2018-2019	61.297	40	4.935	9	66.232	49
Veturinn 2019-2020	70.882	51	8.594	10	79.476	61
Veturinn 2020-2021	29.613	44	0	0	29.613	44
Veturinn 2021-2022	69.000	55	5.897	12	74.897	67

Uppbyggingarmál:

Ný stólalyfta er í smíðum og er langt komin en hún verður að öllum líkindum tilbúin í byrjun árs 2023. Í nóvember á þessu ári verður komið upp salernisaðstöðu við gönguskiðasvæðið. Á gönguskiðasvæði er verið að vinna í að leggja lagnir um Leirusvæðið sem hafa þann tilgang að hjálpa til við að ræsa fram vatni í leysingum en leysingar eru það ástand sem dregur úr nýtingu gönguskiðasvæðisins hvað lengst á hverjum vetri. Verið er að fjárfesta í nýjum troðara fyrir göngusvæðið sem hefur marga kosti umfram það tæki sem er til staðar í dag s.s. fleiri sporar á millu og tækið sjálft er léttara. Á göngusvæði hafa verið reistir lýsingarstaurar og allt að 800 metrum af snjógirðingum verður bætt við þær girðingar sem nú eru. Þetta er gert með það að markmiði að auka stærð grunnbrautar í skíðagöngu. Þá fer sporinn sem hefur verið aftan á troðara í Bláfjöllum undanfarin ár í Skálafell og bætir þá um leið sporlagningu þar frá því sem verið hefur. Til að bæta þjónustu og öryggi gesta á skíðasvæðum verður starfsmaður á göngusvæði í allan vetur og einnig stendur til að bæta merkingar á gönguskiðasvæði. Snjóframleiðsla í Bláfjöllum er í útboðsferli og verið er að vinna í innviðagreiningu í Skálafelli en á næsta ári er gert ráð fyrir veglegri uppbyggingu á innviðum þar.

Íþróttafélögin og ÍBR – styrkir

Gerður var nýr þjónustusamningur milli Reykjavíkurborgar og ÍBR í mars 2020 sem gildir til ársloka 2022 en hann hefur verið framlengdur um eitt ár eða til loka árs 2023. Styrkir og kostnaður vegna afnota íþróttafélaga af mannvirkjum í eigu Reykjavíkurborgar og mannvirkjum sem borgin leigir til afnota fyrir félögin nema um 2.940 m.kr. Markmið samningsins er að efla tengsl aðila til að íþróttastarf í Reykjavík verði áfram kraftmikið, borgarbúum til heilla. Í því felst að skapa sem bestar aðstæður til að reka starfsemi sem tryggir borgarbúum öflugt íþróttastarf, einkum í barna- og unglíngastarfi en einnig í afreksíþróttastarfi og almenningsíþróttum. Menningar, íþrótt- og tólmstundaráð og stjórn ÍBR annast framgang samningsins. Sviðstjóri ÍTR, framkvæmdastjóri ÍBR og skrifstofur þeirra annast dagleg samskipti aðila. Aðalstjórnir íþróttafélaganna fara með réttindi og skyldur viðkomandi félags í samningnum fyrir

hönd félaganna. Aðalstjórn hvers félags ábyrgist þá þjónustu sem samningurinn mælir fyrir um og gerir jafnframt grein fyrir fjármálum félagsins í samræmi við ákvæði samningsins. ÍBR og íþróttafélögin skulu sjá til þess að öll njóti jafna tækifæra til að stunda og starfa við íþróttir. Þau skulu hafa virka jafnréttisstefnu og siðareglur og fylgja mannréttinda- og forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar. ÍBR og félögin skulu kynna sér stefnumótun Reykjavíkurborgar í mannréttinda- og forvarnarmálum. ÍBR hefur unnið gögn fyrir íþróttafélögin í Reykjavík varðandi forvarnir, vinnubrögð og verkferla um kynferðislegt ofbeldi og kynferðislega áreitni í íþróttum. Íþróttafélögin skulu leggja fram áætlun fyrir 1. október, fyrir ÍTR og ÍBR um íþróttastarf og áherslur næstkomandi árs. Í áætluninni skulu koma fram markmið um starfsemina ásamt leiðum að þeim og helstu áherslur á samningstímabilinu. Einnig skal gerð grein fyrir hvernig árangur verði metinn. Samvinna skal vera á milli íþróttafélags, ÍBR og ÍTR um gerð slíkra áætlana. ÍTR og ÍBR taka síðan afstöðu til markmiða, mælikvarða og forgangsröðunar verkefna sem koma fram í tillögum félaganna.

Styrkir vegna KFUM og KFUK og Skátasambands Reykjavíkur nema alls um 63 m.kr.

Græna planið

Græna planið er heildarstefna Reykjavíkurborgar sem dregur upp framtíðarsýn borgarinnar til ársins 2030 og tengir lykilstefnur og áætlanir borgarinnar við þá sýn. Áherslur ÍTR í samantekt Græna Plansins snúa að stefnu íþróttamála Reykjavíkur til 2030. Framtíðarsýnin fyrir árið 2030 er að sem flestir Reykvíkingar stundi reglulega íþróttir, líkamsrækt eða aðra hreyfingu.

Til að skýra betur innihald framtíðarsýnar og til að ná henni hafa fimm stefnuáherslur verið skilgreindar:

1. Íþróttir, líkamsrækt og hreyfing fyrir öll á öllum æviskeiðum.
2. Öll börn og unglingar hafa tækifæri til að þroskast og eflast í fjölbreyttu og aðgengilegu íþróttastarfi.
3. Framúrskarandi keppnis- og afreksfólk, sem veitir framtíðarkynslóðum hvatningu til íþróttaiðkunar.
4. Uppbygging og rekstur hagkvæmrar aðstöðu til íþróttaiðkunar og hreyfingar, sem hentar vel þörfum hverju sinni.
5. Skipulögð umgjörð, gott samstarf og stuðningur við öflugt og faglegt starf íþróttafélaga.

Ákveðið var að gera eina skýrslu fyrir fyrstu 6 mánuði 2022 í stað þess að gera skýrslu fyrir hvern ársfjórðung eins og áður var gert. Þar er meðal annars fjallað um uppbyggingu íþróttamannvirkja, íþróttahús, skíðasvæðin og sundlaugar.

KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN (KFS)

ÍTR leggur áherslu á að sú þjónusta sem sviðið veitir íbúum Reykjavíkur og nágrennis nýtist öllum hópum, tekið sé tillits til mismunandi þarfa og sé ávallt í samræmi mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Verkefni sem hafa verið unnin á sviðinu eru helst greining þjónustupátta með aðferðafræði KFS. Þegar er búið að greina aðsókn í sundlaugar, þátttöku barna í skipulögðu starfi, fjárfestingu vegna íþróttamannvirkja, aðsókn í Fjölskyldu- og húsdýragarð, þátttöku í Músíktílaunum og ráðningar í sumarstörf. Þegar farið er í ný verkefni á sviði upplýsingatækni er þess gætt að ávallt sé hægt að nálgast gögn á kyngreinanlegan hátt. Með því er hægt að skoða kynjuð tölfræðigögn og sjá hvort bregðast þurfi við halla. Tækifærin framundan liggja í útbreiðslu aðferðafræðinnar á sviðinu. Allir stjórnendur á sviðinu hafa fengið kynningu á helstu þáttum KFS og verður haldið áfram á þeirri vegferð á árinu 2023. Á sviðinu hefur verið gert jafnréttismat og jafnréttisskimun fyrir öll ný verkefni í fjárfestingaráætlun og í rekstri.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2018	Raun 2019	Raun 2020	Raun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023
Starfsmannamál *						
Fjöldi starfsmanna	1023	980	1075	1075	1061	1100
Meðalfjöldi stm. á mánuði	507	501	518	520	535	590
Fjöldi stöðugilda ÍTR	257	255	278	294	318	336
Fjöldi ársverka, karlar / konur	120/136	118/137	129/149	135/159	147/171	157/179
Fjöldi ársverka á skíðasvæðum	20	22	24	21	22	22
Vinnuframlag	316	327	339	340	364	393
Fjöldi yfirvinnustunda	122.067	149.448	126.322	96.208	96.208	108.168
Fjöldi vinnustunda með vaktálagi	122.796	120.264	136.908	129.588	142.650	159.926
Aðsóknartölur						
Aðsókn að sundstöðum ÍTR í þús.	2.276	2251	1762	2.047	2.200	2.250
Aðsókn að Fjölskyldu- og húsdýragarð. í þús.	161	199	133	193	197	200
Börn á sumarnámskeiðum í Húsdýragarði	118	133	140	145	140	140
Kennsla í Húsdýragarði. Fjöldi nemenda	6434	5994	6511	7.050	7500	7500
Frístundakortið - ráðstöfun						
6 - 18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	83%	83%	83%	75%	75%	75%
Stelpur / Strákar	83%/82%	83%/83%	83%/83%	72%/78%	73%/ 76%	74%/ 75%
6-9 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	96%	96%	95%	84%	84%	83%
10-12 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	90%	90%	93%	86%	85%	84%
13-15 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	80%	80%	78%	74%	74%	75%
16-18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	83%	83%	83%	75%	59%	52%
Frístundakortið - skráning í starfsemi						
6 - 18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	84%	84%	83%	Ekki mælt	83%	77%
Stelpur / Strákar	84%/83%	83%/83%	83%/83%	Ekki mælt	83%/83%	77% / 78%
6-9 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	96%	96%	95%	Ekki mælt	95%	86%
10-12 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	89%	90%	94%	Ekki mælt	94%	87%
13-15 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	81%	81%	79%	Ekki mælt	79%	78%
16-18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	60%	60%	59%	Ekki mælt	59%	54%
Fjöldi félaga með aðild að Frístundakortinu	187	180	193	176	199	217
Frístundakorti ráðstafað til íþróttafélaga	62%	62%	58%	65%	65%	69%
Frístundakorti ráðstafað til lista- og menningarstarfsemi	21%	21%	19%	19%	19%	18%
Frístundakorti ráðstafað til annars félagsstarfs*	17%	17%	22%	15%	15%	3%
Frístundakorti ráðstafað á frístundaheimili*						2%
Frístundakorti ráðstafað í líkamsrækt*						8%


LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI FRH.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI FRH.						
	Raun 2018	Raun 2019	Raun 2020	Raun 2021	Útksp. 2022	Áætlun 2023
Styrkir til félaga (í þús.kr.)						
Rekstrarstyrkir	336.853	345.592	360.319	368.404	380.325	
Húsaleigustyrkir	671.981	702.254	726.756	710.732	739.022	
Greiðsla vegna mannvirkja	1.052.119	1.068.630	1.230.713	1.184.764	1.184.764	
Styrkjagreiðslur til ÍBR	901.397	992.090	973.877	1.002.023	1.023.117	1.028.347
Skólasalir	62.264	57.462	59.301	60.131	62.574	65.640
Leiga á íþróttamannvirkjum Egilshöll ÍSH og fimleikahús seltj.	887.026	986.375	1.024.589	1.049.179	1.074.359	1.173.364
Rekstrarsamningar um íþróttamannvirki						557.177
Aðrir styrkir	120.714	169.133	186.153	197.177	194.011	204.909
Byggingastyrkir	124.594	57.748	127.700	48.493	30.000	30.000
Styrkir ráðsins	18.620	25.638	16.750	137.000	10.000	8.000
Hitt Húsið						
Gestir Hins Hússins	34.963	26.410	10.136	Ekki mælt	20.000	20.000
Netheimsóknir Hins hússins	329.280	556.924	580.212	Ekki mælt	400.000	400.000
Húsnæði og vellir						
Fermetrar í leigu hjá öðrum	38.814	38.814	38.814	38.814	38.814	38.814
Fjöldi fermetra á grasvöllum	263.800	263.800	263.800	238.000	238.000	258.000
Fjöldi fermetra á gervigrasvöllum	89.757	89.757	89.757	97.200	97.200	121.500
Rekstrartölur						
Heitt vatn í þús. rúmmetra alls ÍTR	1.880	1.920	1.920	1.970	1.970	2.220
Kalt vatn í þús. rúmmetra alls ÍTR	830	850	850	860	860	890
Raforkunotkun í þús. kílóvattstunda alls ÍTR	6.230	6.280	6.280	6.330	6.330	6.480
Innri leiga	2.564.867	2.878.256	3.116.703	3.243.485	3.414.903	4.380.705



MANNAUÐS- OG STARFSUMHVERFISSVIÐ - MOS

SKIPURIT



HLUTVERK

Mannauðs og starfsumhverfissvið fer með forystuhlutverk og hefur yfirumsjón með mannauðsmálum Reykjavíkurborgar og styður í því starfi við stefnu og megináherslur borgaryfirvalda. Hlutverk sviðsins er að fylgja eftir stefnumörkun í mannauðsmálum með upplýsingamiðlun og stoðþjónustu við fag- og kjarnasvið borgarinnar, auk þess að halda uppi virku eftirliti með því að framkvæmd mannauðsmála sé í samræmi við markaða stefnu. Starfsfólk sviðsins hefur umsjón og eftirlit með framkvæmd mannauðsstefnu og annarra stefna í mannauðsmálum, tryggir samræmi í framkvæmd og veitir stjórnendum ráðgjöf á sviði mannauðsmála og vinnuréttar. Sviðið annast kjarasamningsgerð fyrir Reykjavíkurborg og fer með fyrirvar gagnvart viðsemjendum og aðilum vinnumarkaðarins. Auk þess annast sviðið mannauðsþjónustu fyrir fjármála- og áhættustýringarsvið og miðlæga stjórnarsýslu í Ráðhúsi. Sviðið leggur ríka áherslu á stöðugt og gott samstarf við stjórnendur og mannauðsþjónustur sviða með það að markmiði að auka skilvirkni og gæði þjónustunnar og leggja grunn að því að starfsfólk upplifi Reykjavíkurborg sem einn vinnustað í öllum sínum fjölbreytileika. Sýn sviðsins er að vera með öflugra mannauðsþjónustu í því skyni að laða að, styðja við og þróa starfsfólk og stjórnendur þannig að það geti þjónað borgarbúum á þann hátt sem ávinnur sér virðingu og traust samfélagsins. Jafnframt að starfsfólk borgarinnar hafi þá hæfni og færni sem þarf til mæta ábyrgð í starfi og veita það þjónustustig sem sett hefur verið.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2023

	Raun 2021	Útkomuspá/Áætlun 2022	Áætlun 2023
Rekstrartekjur	39.423	16.000	6.000
Tekjur samtals	39.423	16.000	6.000
Laun og launatengd gjöld	310.643	287.798	292.493
Annar kostnaður	69.886	103.084	90.597
Rekstrargjöld samtals	380.529	390.882	383.090
Rekstrarniðurstaða	341.106	374.882	377.090


STARFSFÓLK

	Raun 2021	Útkomuspá/Áætlun 2022	Áætlun 2023
Fjöldi starfsmanna	23	18	19
Fjöldi stöðugilda	23	17	18
Eftir skrifstofum/ þjónustubáttum:			
Skrifstofa starfspróunar og starfsumhverfis	3	4	6
Skrifstofa ráðninga og mönnunar	6	3	3
Verkefnastofa starfsmats	4	1	1
Skrifstofa kjaramála	4	4	4
Skrifstofa sviðsstjóra	6	5	5

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Rekstur mannauðs og starfsumhverfissviðs er áætlaður 374 m.kr. árið 2023. Endurskoðuð áætlun 2022 gerir ráð fyrir að útgjöld nemi 375 m.kr. þannig að fjárheimildir hækka um 1 m.kr.

Rekstrarútgjöld skiptast með eftirfarandi hætti:



Stærsti hluti rekstrarútgjalda á mannauðs- og starfsumhverfissviði, fyrir utan laun, eru forystunám fyrir stjórnendur borgarinnar, stjórnendadagur borgarinnar, íslenskukennsla, margþætt fræðsla fyrir allt starfsfólk borgarinnar og rekstur jafnlaunakerfis. Helstu breytingar frá fyrra ári fyrir utan þekktar kjarasamningsbundnar launahækkningar eru að sviðið fær fjármagn fyrir 1 stöðugildi öryggisstjóra til að móta samræmt verklag á sviði öryggismála og fylgja eftir að áhættumat starfa sé framkvæmt og öryggis- og heilbrigðisáætlanir til staðar í samræmi við vinnuverndarlög.

MEGINÁHERSLUR OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Mannauðs- og starfsumhverfissvið er kjarnasvið sem hefur það hlutverk að móta stefnur og verklag á sviði mannauðsmála og halda utan um verkefni sem ganga þvert á borgarkerfið. Þannig á sviðið að stuðla að því að samhæfa og samræma vinnubrögð á sviði mannauðsmála. Áherslur í mannauðsmálum á árinu 2023 taka mið af leiðarljósum og áherslum mannauðsstefnu borgarinnar og styðja við framtíðarsýn Reykjavíkurborgar um að borgin verði vinnustaður með aðráttarafl fyrir hæfileikaríkt og metnaðarfullt fólk sem vinnur í þágu borgarbúa. Reykjavíkurborg leggur áherslu á jákvætt og öruggt starfsumhverfi þar sem gagnkvæm virðing ríkir í öllum samskiptum. Borgin vill einnig stuðla að trausti og jafnræði í samskiptum milli starfsfólks og leggur áherslu á stuttar boðleiðir og virkt upplýsingastreymi. Áherslur þessar birtast í hinum ýmsu verkefnum á sviði mannauðsmála. Á árinu 2023 verður fræðsluferfi og nýtt umsóknakerfi innleitt ásamt nýju verklagi í kjölfar innleiðingar. Unnið verður markvisst að sköpun aukinnar öryggismenningar með markvissri innleiðingu á nýrri öryggisstefnu. Nýtt þróunarverkefni um sveigjanleg starfslok vegna aldurs fer í gang á árinu 2023. Unnið verður að auknum stuðningi við stjórnendur borgarinnar og hafin verður undirbúningur að stjórnendastefnu borgarinnar. Áfram verður unnið að innleiðingu jafnlaunakerfis, mannauðsstefnu, jafnlaunastefnu og stefnu borgarinnar gegn einelti, áreitni og ofbeldi. Einnig verður unnið áfram að umbótum á sviði vinnuverndar og öryggismála og auknum stuðningi við starfsfólk af erlendum uppruna og stjórnendur þeirra. Þá verður áfram lögð mikil áhersla á endurskoðun og innleiðingu samræmdra verkferla á sviði mannauðsmála og markvissa vinnu við að bæta leiðbeiningar og verklag. Á árinu 2023 verða kjaraviðræður einnig fyrirferðarmikið verkefni þar sem allir kjarasamningar Reykjavíkurborgar losna á árinu 2023. Áhersla verður lögð á að vinna öll verkefni í virku og góðu samstarf við fag- og kjarnasvið og miðlæga stjórnsýslu.

Skrifstofa sviðsstjóra

Lögð er áhersla á áframhaldandi markvissa uppbyggingu mannauðsmála með það að markmiði að starfsemi Reykjavíkurborgar einkennist af fagmennsku, framsækni og snöggviðbragði þegar aðstæður kalla á. Á sama tíma verður unnið að því að undirbúa starfsumhverfi borgarinnar fyrir þá öru tækniþróun sem hafin er og þá stafrænu vegferð sem borgin er á og skoða þær breytingar sem tæknin er að hafa á störf og starfsumhverfi. Horfa þarf til framtíðar og tryggja að starfsfólk borgarinnar búi yfir þeirri færni og þekkingu sem þarf til að veita faglega og góða þjónustu og sé tilbúið í að takast á við fjölbreyttar áskoranir. Skrifstofan mun halda utan um og leiða þróunarverkefni sem snýr að sveigjanlegum starfslokum vegna aldurs. Til að fá fram enn markvissari upplýsingar um viðhorf og líðan starfsfólks og stjórnenda verður unnið að þróun viðhorfskannana meðal starfsfólks og nýtt stjórnendamát innleitt. Rík áhersla verður áfram á samstarf við stjórnendur og mannauðsþjónustur fag- og kjarnasviða með það að markmiði að stuðla að fagmennsku, skilvirkni og samræmingu mannauðsþjónustu hjá Reykjavíkurborg. Lögð verður áframhaldandi áhersla á gerð samræmdra verkferla og leiðbeininga í mannauðsmálum fyrir borgina í heild sinni, m.a. hvað varðar úrlausn mála um réttindi og skyldur starfsfólks og markvisst unnið áfram að gerð gæðahandbókar sem ætlað er að geyma það efni. Öll eyðublöð verða uppfærð og innleidd rafræn undirritun. Áfram verður unnið gegn launamun starfsfólks hjá borginni á árinu 2023 og unnið að enn frekari framkvæmd jafnlaunakerfis, launagreiningum og umbótum í samræmi við jafnlaunastaðal. Auk þess verður unnið sérstaklega með leiðir til að útrýma launamun á grundvelli ríkisfangs, innleiðingu nýrrar aðgerðaráætlunar á grundvelli jafnlaunastefnu og innleiðingu á aðgerðum er varða sveigjanleg starfslok vegna aldurs hjá Reykjavíkurborg. Starfsfólk Reykjavíkurborgar gegnir lykilhlutverki í þjónustu við borgarbúa og þurfa stjórnendur þurfa að búa yfir hæfni og þekkingu til að geta tekist á við síbreytilegt starfsumhverfi. Á árinu 2023 verður hafinn undirbúningur við gerð stjórnendastefnu Reykjavíkurborgar og þannig lögð áhersla á að stjórnendum sé búið eftirsóknarvert starfsumhverfi þar sem tækifæri gefast til að eflast og þróast í starfi og gerð grein fyrir hvernig Reykjavíkurborg ætlar að styðja við það.

Skrifstofa starfsþróunar og starfsumhverfis

Á sviði starfsþróunar verður stærsta verkefni ársins 2023 að festa í sessi nýtt verklag í fræðslumálum í kjölfar innleiðingar á Torginu - nýju stafrænu fræðslukerfi fyrir vinnustaðinn. Unnið verður að því að fá fræðslustefnu samþykkt og fjármagnaða, þróa fræðslufni á rafrænu formi og bæta aðgengi alls starfsfólks að fræðslu. Unnin hafa verið drög að heilsustefnu fyrir vinnustaðinn Reykjavíkurborg sem vonast er til að verði samþykkt á árinu, en hluti af stefnunni er að uppfæra heilsutengd hlunnindi sem vonast er til að muni auðvelda ráðningar og stuðla að vellíðan og minni fjarvistum starfsfólks. Á sviði starfsumhverfis verður lögð áhersla á að fylgja eftir öryggisstefnu sem samþykkt var í apríl 2022, en í því felst m.a. að breyta stjórnskipulagi öryggis- og vinnuverndarstarfs, styðja við starfsstaði að framkvæma áhættumat, styðja við sviðin í gerð samræmdra öryggis- og heilbrigðisáætlana og vinna að innleiðingu atvikaskráningarkerfis. Áfram verður unnið að innleiðingu stefnu Reykjavíkurborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi og að eflingu jákvæðra samskipta og gagnkvæmrar virðingar. Unnið verður að frekari þróun á forystunámi fyrir stjórnendur og sérfræðinga sem starfa í stjórnsýslu. Stefnt er að því að fá samþykkt stefnu í innri miðlun, þ.e. varðandi innri vef og Workplace, og að hefja áttak í auknu aðgengi starfsfólks að þeim kerfum, auk þess að endurbæta innri vef og þróa þar nýja virkni gegnum “Mínar síður” fyrir starfsfólk. Í málefnum starfsfólks af erlendum uppruna verður lögð áhersla á fræðslu til að vinna gegn launamun eftir ríkisfangi, bæta enn frekar aðgengi starfsfólks að íslenskunámi á starfsstað á vinnutíma, þýðingar á mikilvægum upplýsingum fyrir starfsfólk og að klára innleiðingu tungumálavíðmiða í ráðningum. Unnið er að mótun og innleiðingu samræmdra verkferla á öllum starfsþáttum sem falla undir starfsumhverfi og starfsþróun.

Skrifstofa kjaramála

Á skrifstofu kjaramála stendur yfir umfangsmikill undirbúningur fyrir komandi kjaraviðræður en kjarasamningar Reykjavíkurborgar losna allir á árinu 2023, mikill meirihluti frá 1. apríl 2023 en stjórnendasamningar í leik- og grunnskólum frá 1. október 2023. Unnið er að gerð viðræðuáætlana og má gera ráð fyrir að viðræður hefjist af fullum þunga á haustmánuðum ársins 2022. Mat á árangri og áhrifum af vinnutímabreytingum síðustu kjarasamninga er liður í yfirstandandi undirbúningi þó innleiðing á betri vinnutíma kennara og stjórnenda í grunnskólum standi reyndar enn yfir. Samhliða breytingum á vinnutíma í síðustu kjarasamningum urðu jafnframt breytingar á fyrirkomulagi svokallaðra fastlaunasamninga hjá Reykjavíkurborg og er áfram unnið að eftirfylgni þeirra breytinga í samvinnu við sviðin, launaskrifstofu og nefnd um jafnlaunakerfi Reykjavíkurborgar. Á árinu 2023 má gera ráð fyrir því að kjaraviðræður verði fyrirferðamesta verkefni skrifstofunnar og samhliða verður áfram unnið ötullega að öðrum verkefnum skrifstofunnar, þ.m.t. fyrirsvari gagnvart aðilum vinnumarkaðarins, ráðgjöf og fræðslu á sviði vinnuréttar og kjaramála, túlkun kjarasamninga og launaeftirlit. Áfram verður lögð áhersla á aukna upplýsingagjöf og fræðslu um efni kjarasamninga og ráðgjafar á sviði vinnuréttar sem og markvissar launagreiningar.

Skrifstofa ráðningar og mönnunar

Undanfarin ár hefur verið unnið að umbótum á ráðningarferlum og á árinu 2023 verður áhersla skrifstofunnar á uppfærða gæðahandbók ráðninga sem er mikilvægt tæki til að tryggja fagmennsku og jafnræði í ráðningum. Einnig er skrifstofan í virku samtali, ráðgjöf og aðstoð við fag- og kjarnasvið varðandi ráðningarmál og veitir stjórnendum í miðlægri stjórnsýslu ráðgjöf og stuðning í ráðningar- og launasetningarmálum. Stórt verkefni á skrifstofunni er innleiðing á nýju umsóknarkerfi sem mun breyta umhverfi stjórnenda varðandi auglýsingu starfa, úrvinnslu umsókna og gerð ráðningasamninga. Til að vera undirbúin fyrir breytingar og tækniframfarir verður unnið að gerð færnispá/mannaafspár til næstu fimm ára og samhliða hafin vinna við kortlagningu á breytingum og þróun starfa í ljósi fjórðu iðnbyltingarinnar. Þá mun skrifstofan líka vinna með ímynd Reykjavíkurborgar sem eftirsóknarverðs vinnustaðar og hefur yfirsýn og gegnir samræmingarhlutverki vegna sumarstarfa borgarinnar. Áhersla verður lögð á að fjölga og þróa frekar tækifæri fyrir fólk með skerta starfsgetu til þess að geta boðið fleiri

störf sem henti þeim hóp. Afleysingarstofa hefur það hlutverk að mæta þörf starfsstaða fyrir skammtíma afleysingar og vinnur að verkefnum með skóla- og frístundasviði vegna mannekluvanda. Unnið verður enn frekar að því að tengja starfsnám við Háskóla Íslands við störf á Afleysingastofu. Þá er skrifstofan með áherslu á starfslokaferla og er verið að klára leiðbeiningar vegna starfslokaferla sem unnar eru í samvinnu við launaskrifstofu. Að lokum kemur skrifstofan að stofnun nýrra starfa og vinnur náið með Verkefnastofu starfsmats að verkefnum tengdum starfsmatskerfi Reykjavíkurborgar.

Verkefnastofa starfsmats og jafnlaunastofu

Borgarráð og stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykktu á síðasta ári að Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga settu á fót Jafnlaunastofu sem ætlað er að veita sveitarfélögum stuðning við að uppfylla ákvæði jafnréttislaga um jöfn laun fyrir jafn verðmæt störf. Reykjavíkurborg hefur lagt áherslu á virðismat starfa út frá starfsmatskerfi sem nær utan um kvennastörf til jafns við karlastörf. Unnið hefur verið að því verkefni í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga í gegnum Verkefnastofu starfsmats og var sú starfseining staðsett á mannauðs- og starfsumhverfissviði en flutti í upphafi árs 2022 undir Jafnlaunastofu sf. sem er sjálfstæð starfseining í eigu Reykjavíkurborgar og sambandsins. Jafnlaunastofu er ætlað að vinna að launajafnréttismálum í stærra samhengi en áður út frá jafnvirðisnálgun laganna. Á árinu 2023 mun Verkefnastofa vinna að þróun stjórnendamatskerfis fyrir Reykjavíkurborg.

KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN (KFS)

Mannauðs- og starfsumhverfissvið leggur áherslu á að þjónusta sviðsins sé í samræmi við jafnlaunastefnu og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Eitt helsta tæki í innleiðingu KFS hjá Reykjavíkurborg er jafnréttisskimun og jafnréttismat á breytingartillögum við samþykta fjárhagsáætlun og vegna nýrra verkefna á áætlun komandi árs. Jafnréttisskimuninni var beitt á allar tillögur sem lagðar voru fram frá mannauðs- og starfsumhverfissviði á árinu 2022. Með því að koma jafnréttisskimun inn í verkferli í áætlunarvinnu er stefnt að því að tryggja á sem bestan hátt að skoðun hafi farið fram á hvort og hvaða áhrif er að finna bæði gagnvart kynjasamsetningu og jaðarsettum hópum. Greining þjónustupátta er forsenda þess að hægt sé að taka upplýstari ákvarðanir varðandi dreifingu fjármuna á sviði mannauðsmála með hagsmuni alls starfsfólks að leiðarljósi. Með því að afla upplýsinga um framangreint er grunnurinn lagður að réttlátri dreifingu fjármuna og gæða með tilliti til þarfa starfsfólks. Þau verkefni sem hafa verið unnin á sviðinu eru markvissar launagreiningar, jafnlaunavottun og sérstaklega hafa verið greindar leiðir til að útrýma launamun á grundvelli ríkisfangs. Framundan er frekari greining á ákveðnum þjónustupáttum sviðsins með aðferðafræði KFS og á árinu 2023 verður unnið að greina framboð og þátttöku í fræðslu samhliða innleiðingu á fræðslukerfi.




MENNINGAR- OG FERÐAMÁLASVIÐ - MOF

LEIÐARLJÓS

Reykjavík gegnir menningarlegu forystuhlutverki. Menningarlífið í borginni er aðgengilegt öllum og einkennist af fjölbreytni, víðsýni, samkennd og virðingu. Ferðamannaborgin Reykjavík er virt sem áhugaverð menningarborg í nábýli við einstæða náttúru.

SKIPURIT




FJÁRHAGSÁÆTLUN 2023

	Raun 2021	Útkomuspá/ Áætlun 2022	Áætlun 2023
Rekstrartekjur	302.700	357.607	490.126
Tekjur samtals	302.700	357.607	490.126
Laun og launatengd gjöld	1.744.765	1.871.506	1.895.208
Annar kostnaður	4.479.571	4.322.697	4.599.164
Rekstrargjöld samtals	6.224.336	6.194.203	6.494.372
Rekstrarniðurstaða	5.921.636	5.836.596	6.004.246

STARFSFÓLK

	Raun 2021	Útsp. 2022	Áætlun 2023
Fjöldi starfsmanna			
Fjöldi stöðugilda	165,21	171,7	170,7
Eftir skrifstofum/ þjónustubáttum:			
Borgarbókasafn	80,45	84,7	83,5
Borgarsögusafn	40,59	41,8	43,8
Listasafn Reykjavíkur	24,43	26,9	24,1
Höfuðborgarstofa	5,47	5,5	5,5
Miðlæg skrifstofa sviðs	7,6	6,5	7,5
Önnur menningarstarfsemi	6,67	6,3	6,3

SKIPTING REKSTRAR 2023



HLUTVERK

Hlutverk sviðsins er að fylgja eftir stefnu Reykjavíkurborgar í menningar- og ferðamálum. Sviðið hefur yfirumsjón með starfsemi Borgarbókasafns Reykjavíkur, Borgarsögusafns Reykjavíkur, Listasafns Reykjavíkur og Höfuðborgarstofu. Þá eru einnig sérverkefni Reykjavík bókmenntaborg UNESCO, Tónlistarborgin Reykjavík og viðburðirnir Vetrarhátíð, Barnamenningarhátíð, 17. júní, Menningarnótt, Tendrun friðarsúlu og Aðventuhátíð á ábyrgð sviðsins. Stofnanirnar starfa samkvæmt samþykktum Reykjavíkurborgar og lögum og reglum. Sviðið hefur jafnframt, fyrir hönd Reykjavíkurborgar, umsjón með málefnum Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi, Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss, Listahátíðar í Reykjavík og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Menningar- og ferðamálasvið sér auk þess um samstarfssamninga, styrki og samskipti við lista- og menningarlífið og er borgaryfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem undir sviðið heyrir.

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Nú þegar heimsfaraldur Covid-19 er að líða undir lok og lífið hefur nokkurn veginn komist í samt horf ríkir áfram töluverð óvissa á menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkur. Fyrir liggur að sameina menningar-, íþrótt- og tómstundamál í eitt svið og er sú vinna þegar hafin. Óhætt er að segja að sameiningin muni setja mark sitt á menningarstarfsemi Reykjavíkurborgar en starfsfólk sviðsins fer inn í sameiningu með opnum huga, staðráðið í að nýta tækifærin sem í henni felast til að efla starfsemina og gera enn betur. Einnig eru ferðamálin mörkuð óvissu þar sem ríkið og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa um nokkurt skeið unnið að undirbúningi áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins. Samkvæmt nýjum meirihlutasáttmála er gert ráð fyrir að ferðamálin færist undir forsætisnefnd. Þrátt fyrir að stórar og miklar breytingar liggi fyrir hafa menningarstofnanir borgarinnar og hin ýmsu sérverkefni þó haldið sínu striki varðandi skipulag starfsemi og verkefna fyrir árið 2023.

Borgarbókasafnið fagnar 100 ára afmæli þann 19. apríl 2023 og litast dagskrá safnsins árið 2023 af því. Sviðið, líkt önnur svið borgarinnar, stendur frammi fyrir áframhaldandi 1% hagræðingarkröfu en það mun að öllum líkindum hafa einhverja skerðingu á þjónustu í för með sér. Til að mynda mun bókabílnum Höfðingja verða lagt og þjónustu hans við íbúa hætt ásamt því að skera niður í viðburðahaldi og sérverkefnum. Grófarhús er komið á hönnunarstig eftir úrslit í samkeppni um umbreytt samfélags- og menningarhús í miðborginni. Á árinu verða notendarannsóknir unnar með vinningsteyminu og jafnframt verður húsnæðisþörf fyrir safnið greind.

Borgarsögusafn Reykjavíkur mun vinna áfram með nýja stefnumótun safnsins og mótuð verður aðgerðaáætlun næstu 5 ára. Þá verður sérstök stefnumótun unnin fyrir Viðey, með víðtæku samráði við ýmsa hagaðila. Nýtt afgreiðslukerfi verður innleitt á safninu og unnið verður að nýrri heimasíðu í samstarfi við þjónustu og nýsköpunarsvið. Á sviði skráningarmála verður Borgarsögusafn í fararbroddi íslenskra safna við gerð á endurnýjuðum skráningargrunni, sem er sarpur.is, en safnið hlaut til þess Öndvegisstyrk Safnasjóðs til þriggja ára. Þá verður fræðslustarf safnsins, viðburðahald og sýningastarf safnsins öflugt að vanda.

Á árinu 2023 verða 50 ár liðin frá því að Listasafn Reykjavíkur opnaði fyrstu sýningarsali sína á Kjarvalsstöðum. Af því tilefni verður saga safnsins skoðuð og hvernig hún endurspeglar þróun íslenskrar myndlistar og áhrif safnsins á skapandi líf í borginni. Um leið fögnum við 40 ára starfsemi í Ásmundarsafni, en það var formlega opnað árið 1983. Í gegnum stafræna miðla verður almenningur hvattur til að velja verk úr safneigninni til sýningar í söllum safnsins. „Val fólksins“ verður eitt umfangsmesta verkefni ársins, unnið í víðtæku samstarfi við mannréttindaskrifstofu og fjölmiðla, einkum RÚV, en einnig fjölbreytta samfélagshópa. Auk viðamikilla sýninga úr safneign verða settar upp sýningar þar sem sjónum er sérstaklega beint að list kvenna. Þá verða alþjóðlegar sýningar á dagskrá og einnig verður opnuð í ARoS safninu í Árósum sýningin Erró: Sprengikraftur mynda sem unnin er af Listasafni Reykjavíkur og byggist á safneigninni. Nýtt afgreiðslukerfi verður innleitt á árinu.

Taki Áfangastaðastofa til starfa á nýju ári mun starfsemi Höfuðborgarstofu að einhverju leyti færast yfir til hennar. En hvort sem ný stofa tekur til starfa á árinu eða ekki hafa menningar og ferðamál verið aðskilin. Það eru því miklar breytingar framundan hvað ferðamálin varðar. Starfshópur um ferðamál mun vinna tillögur að nýju fyrirkomulagi en líkur eru á að áfram verði unnið að markaðssetningu áfangastaðarins Reykjavík gagnvart erlendum gestum. Höfuðborgarstofa leggur jafnframt áherslu á mikilvægi upplýsingagjafar og almannatengsla, endurskipulagningu á viðskiptalíkani Reykjavík City Card, að samstarf við hagaðila verði eflt, áfram verði unnið með Íslandsstofu, Meet in Reykjavík og á vettvangi Inspired by Iceland, þróunarstarf með áherslu á sérstöðu áfangastaðarins verði aukið til muna og að horft verði til ferðamála við innleiðingu sjálfbærnimarkmiða hjá borginni.

Á árinu 2023 leggur Bókmenntaborgin áherslu á gerð og miðlun efnis um íslenskar samtíma bókmenntir. Unnið verður með fjölbreyttar leiðir svo sem hlaðvarps- og myndbandagerð og verður efnið birt á nýjum

vef Bókmenntaborgarinnar og á samfélagsmiðlum. Hefðbundin og árleg verkefni Bókmenntaborgarinnar verða á dagskrá og þá verður eitt lykilverkefna Bókmenntaborgarinnar, stuðningur og samstarf við grasrót í bókmenntalífi borgarinnar, eft á árinu. Ný Sleipnisbók verður kynnt í ársbyrjun og er hún ætluð miðstigi til efstastigs grunnskóla, höfundar hennar er Kristín Ragna Gunnarsdóttir og samhliða bókinni koma kennsluleiðbeiningar sem skólasöfn geta nýtt í sínu starfi. Í alþjóðlegu starfi Bókmenntaborga UNESCO sem Bókmenntaborgin tekur þátt í, verður sérstök áhersla lögð á samstarf á sviði gestadvalar og tækifæra fyrir rithöfunda þvert á borgir í netinu svo og á miðlun bókmennta milli borga.

Á dagskrá Tónlistaborgarinnar eru margvísleg verkefni sem hafa fest sig í sessi á undanförunum árum. Af nýlegri verkefnum má nefna að samhljómsveitin Korda Samfónía heldur áfram göngu sinni. Verkefnið hefur vakið mikla athygli en þar er tónlist nýtt til að valdefla fólk sem er að vinna sig út úr áföllum í lífinu. Firestarter verkefnið sem hófst árið 2019 og var upphaflega viðskiptahraðall fyrir tónlistartengdar hugmyndir lá í dvala yfir Covid en fer nú aftur af stað með breyttum áherslum. Haldinn verður nýsköpunardagur með áherslu á áskoranir sem blasa við íslenskum og alþjóðlegum tónlistariðnaði en einnig verður fyrirtækjum sem starfa í umgjörð íslensks tónlistarlífs boðið að fá stuðning til lengri tíma við að móta, þróa og efla sín viðskiptalíkön. Tónlistaborgin mun halda áfram þátttöku í Tengslaneti tónlistarborga (e. Music Cities Network) sem felur í sér margvísleg tækifæri fyrir Reykjavíkurborg, tónlistarfólk og fagfólk í tónlist og einnig er gert ráð fyrir að bjóða í annað sinn upp á skiptivinnudvöl fyrir tónlistarfólk í Reykjavík og Nantes í Frakklandi.

Viðburðadeildin sinnir sem fyrr sex skilgreindum hátíðum á árinu; Vetrarhátíð, Barnamenningarhátíð, 17. júní, Menningarnótt, tendrun Friðarsúlu Yoko Ono og Aðventugleði í miðborginni.

Menningar- og ferðamálasvið leggur að venju ríka áherslu á hagkvæmni í rekstri, en um leið er leitast við að uppfylla margvísleg metnaðarfull markmið sviðsins. Kostnaðareftirlit er virkt á öllum starfseiningum og leitað er fjölbreyttra leiða til að afla aukinna sérteknna og auka aðsókn borgandi gesta. Nokkurrar bjartsýni ríkir um aukna aðsókn á næsta ári, enda hefur aðsókn erlendra gesta tekið vel við sér á árinu og tekur áætlun mið af því. Sala á aðgangseyri og væntingar um tekjur af safnbúðum og salaleigu taka mið af þessu. Í forsendum fjárhagsáætlunar er gerð krafa um að gjaldskrártekjur aukist almennt um 4,9% og er byggt ofan á hækkan frá 1. september síðastliðnum og hækka helstu gjaldskrárliðir í samræmi við það. Ekki er um neinar verðbætur að ræða á annan kostnað, nema á verðtryggða samninga til þriðja aðila. Annar rekstrarkostnaður hefur víða hækkað verulega í takt við vaxandi verðbólgu. Gert er ráð fyrir 1% hagræðingu sem er reiknuð á launakostnað eins og undanfarin ár.

Stöðugildum á sviðinu í heild fækkar um 3,2. Aukning er um eitt stöðugildi á skrifstofu en þar er verið að endurheimta stöðugildi frá þjónustu- og nýsköpunarsviði sem var fært yfir til þeirra á árinu 2019. Fækkun er um 1,2 stöðugildi á Borgarbókasafni vegna breytinga á fyrirkomulagi ræstinga. Sama á við um Listasafn Reykjavíkur sem fækkar starfsfólki um 2,8 stöðugildi vegna ræstinga. Aðkeypt vinna ræstingabjónustu kemur á móti en í heild er um sparnað að ræða. Stöðugildi á Borgarsögusafni minnkar um 0,3.

Á árinu 2023 verður um 48% af fjárhagsramma sviðsins varið til að styrkja fjölbreytta menningarstarfsemi í Reykjavík með beinum styrkjum til einstaklinga og hópa, samstarfssamningum og styrkjum í formi innri leigu af húsnæði, en um 44% fjárhagsrammans er varið til rekstrar stofnana sviðsins. Önnur menningarstarfsemi, svo sem viðburðir, Tónlistaborg, Bókmenntaborg, Menningarkortsverkefni og ýmis minni miðlæg verkefni fylla um 4% af rekstri sviðsins, ferða- og markaðsmál um 2% og stjórnun sviðs og kostnaður ráðs eru um 2%.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Menningar- og ferðamálasvið hefur menningarstefnu og ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar að leiðarljósi í öllum sínum verkefnum. Stefnurnar eru langtímaáætlanir og segja til um forgangsröðun verkefna og þróun sviðsins.

Styrkveitingar og framlag til menningarlífsins

Hæstu framlög til menningarlífsins í borginni, fyrir utan rekstur menningarstofnananna; Listasafns Reykjavíkur, Borgarsögusafns og Borgarbókasafns, fara sem fyrr til Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi, Sinfóníuhljómsveitar Íslands skv. lögum og Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss vegna endurgreiðslu stofnkostnaðar á móti ríkinu og viðbótarrekstrarframlags. Jafnframt njóta fjölmargir sjálfstæðir aðilar húsnæðis- og/eða rekstrarstyrkja, t.a.m. Listahátíð í Reykjavík, Sviðlistamiðstöð í Tjarnarbíói, Sjónlistamiðstöð á Korpúlfsstöðum, Myndhöggvarafélag Reykjavíkur, Bíó Paradís, Dansverkstæðið og Nýlistasafnið og Kling & Bang í Marshallhúsi, svo þeir helstu séu nefndir.

Almennar styrkveitingar á sviði menningar og lista eru veittar árlega úr svokölluðum styrkþappi fyrir afmörkuð verkefni en einnig eru veittir styrkir í formi samstarfssamninga til tveggja eða þriggja ára. Styrkþappurinn, sem er auglýstur árlega, er að hluta bundinn vegna þeirra samstarfssamninga sem í gildi eru. Árið 2023 eru 12 samstarfssamningar í gildi, þar af 6 borgarhátíðarsamningar, samanlagt kr. 65,5 milljónir, en að þeirri upphæð meðtalinni eru 125,9 milljónir í pottinum. 15,8 milljónir eru lausar fyrir nýja samstarfssamninga á komandi ári. Við úthlutun árlegra styrkja er höfð til hliðsjónar menningarstefna Reykjavíkur og styrkjareglur borgarinnar. Að auki eru sérstakir árlegir styrkir veittir til myndrýkrar miðlunar tengdri sögu og menningu í Reykjavík.

Bókmenntaborgin hefur umsjón með Bókmenntaverðlaunum Tómasar Guðmundssonar, Barnabókaverðlaunum Reykjavíkurborgar og Barnabókaverðlaunum Guðrúnar Helgadóttur, sem eru veitt fyrir handrit. Tónlistarborgin hefur umsjón með Úrbótasjóði tónleikastaða sem var framlengdur um ár og verður 8 milljónir líkt og áður. Borgarlistamaður Reykjavíkur er jafnframt útnefndur árlega.

Stofnanir sviðsins

Borgarbókasafnið: Ný sýn á aldargömlum grunni

Borgarbókasafnið fagnar 100 ára afmæli þann 19. apríl 2023 og litast dagskrá safnsins mjög af þeirri staðreynd. Afmælinu verður fagnað með fjölbreyttum hætti þar sem ætlunin er að rýna í söguna og miðla eftirminnilegum atvikum og minningum starfsfólks og notenda á lifandi hátt á miðlum safnsins. Dagskráin verður full af góðum konfektmolum og ný verkefni líta dagsins ljós. Eitt þeirra er Minningabankinn þar sem notendur fá tækifæri til að leggja minningar sínar inn í bankann, miðla sinni eigin persónulegu sögu með frásagnartækni myndasögunnar undir handleiðslu Lóu Hlínar Hjálmtýsdóttur teignara. Með kveikjum frá listafólki og rithöfundum, þróa og skapa þátttakendur áður ósagðar ævisögur. Félagasamtökum sem vinna með einstaklingum sem upplifað hafa félagslega einangrun og jaðarsetningu er sérstaklega boðið að tengja sínar sögur verkefningu.

Grófarhús er komið á hönnunarstig eftir úrslit í samkeppni um umbreytt samfélags- og menningarhús í miðborginni. Unnar verða notendaránnsóknir með vinningsteyminu vegna hönnunar á rýmum fyrir ytri og innri þjónustu safnsins. Húsnæðisþörf fyrir safnið verður greind á árinu. Skoða þarf hvernig þjónusta og starfsemi í miðbænum verður háttáð á meðan breytingar á Grófarhúsi standa yfir. Áhersla verður á hugarfar grósku í vinnu með starfsfólki og endurmenntun tekur mið af því hvernig starfsfólk og Borgarbókasafnið sem starfsstaður fer sem best í gegnum ferlið.

Farið verður í markvissa kynningu á aðstöðu safnsins í samtali við nærumhverfi hvers safns og verður þar tekið mið af markhópagreiningu sem unnin var árið 2022. Markmiðið er að auka samstarf við önnur svið borgarinnar um notkun á rýmum safnana, t.d. fyrir jaðarhópa og félagasamtök í hverfunum og gera

söfnin aðgengilegri og sjálfbærari í notkun fyrir íbúa Reykjavíkur. Hafinn verður undirbúningur að samsköpunarvettvangi og prófunum á slíku rými, en það er vettvangur þar sem mögulegt er að þróa lausnir og útfæra verkefni í samræmi við þarfir borgara og í samvinnu við þá.

Komið verður til móts við óskir notenda og settir upp skilakassar við þau söfn þar sem hægt er að koma því við. Einnig er stefnt að því að ljúka við þarfagreiningu fyrir Sólheima og skoða frekari framtíðarmöguleika í hverfinu í tengslum við endurbætur á Laugardalslaug og við stúkumannvirkið þar sem það er að fara í samkeppni. Þá þarf að byrja undirbúningsvinnu og gera þarfagreiningu fyrir Borgarbókasafnið í Árbæ og sviðsmyndagreiningu vegna mögulegrar tilfærslu safnsins í Kringlunni.

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Á árinu 2022 náðist nokkuð jafnvægi á rekstur Borgarsögusafns Reykjavíkur eftir afar mögur ár í kjölfar Covid-19. Útlit er fyrir að tekjur safnsins verði umfram áætlun ársins, ekki síst vegna aukins gestafjölda á sýningarstaði þess. Stærsta verkefni Borgarsögusafns á árinu 2022 var opnun nýrrar sýningar í Aðalstræti 10, í tengslum við Landnámssýninguna og lofar rekstur hennar góðu. Því er ástæða til vissrar bjartsýni fyrir árið 2023 og væntingar standa til þess að safnið nái metnaðarfullum tekjumarkmiðum ársins 2023.

Á árinu verður áfram unnið með nýja stefnumótun Borgarsögusafns Reykjavíkur og aðgerðaáætlun næstu 5 ára mótuð. Jafnframt verður unnin sérstök stefnumótun fyrir Viðey, með víðtæku samráði við ýmsa hagaðila. Mikil vinna mun svo fara fram á safninu í tengslum við nýjar heimasíður Borgarsögusafns og Listasafns Reykjavíkur í samstarfi við Þjónustu- og nýsköpunarsvið, sem ráðgert er að taka í gagnið árið 2024. Innleiðing á nýju afgreiðsluferfi fyrir safnið mun eiga sér stað á árinu og verður það mikil breyting til hins betra í rekstri.

Á sviði minjavörslu og rannsókna verður unnið við gerð húsakannana og fornleifaskráningar í tengslum við vinnu á sviði skipulagsmála, sér í lagi fyrir nýtt aðalskipulag borgarinnar. Þá verður unnið með ýmsar menningarminjar í borgarlandinu, viðhald, umsagnir, úttektir, miðlun og menningarmerkingar. Áhersla verður lögð á að treysta viðhald og viðgerð safnhúsa Árbæjarsafns, en átak var gert í því árið 2022, bæði þeirra sem eru í innri leigu og eins þeirra sem safnið sér um viðhald á. Keppikeflið er að sinna viðhaldi jafnt og þétt til að forðast skemmdir og koma í veg fyrir kostnaðarsamar viðgerðir síðar meir. Á sviði skráningarmála mun Borgarsögusafn vera í fararbroddi íslenskra safna við gerð á endurnýjuðum skráningargrunni, sem er sarpur.is.

Fræðslustarf Borgarsögusafns verður öflugt að vanda, á öllum stöðum safnsins. Sérstök áhersla verður lögð á verkefni sem hafa samfélagslega tengingu og inngildingu fyrir ólíka hópa samfélagsins. Viðburðahald mun að sama skapi taka mið af nýrri menningarstefnu Reykjavíkurborgar, m.a. með öflugum starfi á öllum stöðum Borgarsögusafns og þjóna þannig nærsamfélaginu. Sýningastarf Ljósmyndasafns Reykjavíkur verður í föstum skorðum, en þrjár sýningar verða á vegum safnsins á árinu auk samstarfssýninga með Blaðaljósmyndarafélagi Íslands og Ljósmyndaskólanum, en góð reynsla er af því samstarfi sl. 3 ár. Í janúar verður opnuð sýning breska ljósmyndarans Christopher Taylor, er nefnist Nálægð, sumarsýning safnsins verður á litmyndum úr safnkosti og haustsýning ársins er á verkum Grétu Guðjónsdóttur. Á Sjóminjasafninu er ráðgerð margmiðlunarsýning Heimis Hlökkverssonar í Vélasal safnsins, sem fjallar um umhverfismál. Á Árbæjarsafni verða eldri sýningar uppfærðar, s.s. hin geysivinsæla sýning Komdu að leika og í tengslum við Húsvendrarstofu sett upp sýning um liti eldri húsa og málun, er nefnist Litaspjald sögunnar. Þá hefst rannsóknarvinna og undirbúningur á sýningu skólaminja sem eru í fórum Borgarsögusafns, en ráðgert er að sú sýning verði sett upp á Árbæjarsafni árið 2024.

Listasafn Reykjavíkur

Listasafn Reykjavíkur stendur fyrir fjölbreyttu sýningahaldi og varðveitir umfangsmikla listaverkæign Reykjavíkurborgar. Starfsemin er einkum sýnileg á þremur stöðum í borginni; á Kjarvalsstöðum, í Ásmundarsafni og Hafnarhúsi. Meginmarkmið ársins verður að kynna þann ríkulega menningararf sem

varðveittur er í Listasafni Reykjavíkur og með beinum og óbeinum hætti auka almennt „eignarhald“ á menningu. Auk viðamikilla sýninga úr safneign verða settar upp sýningar þar sem sjónum er sérstaklega beint að list kvenna. Þar ber helst að nefna sýningu á Kjarvalsstöðum sem er afrakstur sérstakrar rannsóknarstöðu um konur í íslenskri listasögu, en verkefnið er unnið í samstarfi við Háskóla Íslands og hefur hlotið öndvegisstyrk Safnaráðs til þriggja ára. Alþjóðlegar sýningar verða á dagskrá; sýning á verkum sænska myndhöggvarans Carl Milles í Ásmundarsafni, pólsk samtímalist í Hafnarhúsi og verk umdeildrar listakonu, Dorothy Lannone sem hefur ríkar tengingar við Reykjavík.

Í öllu miðlunar- og markaðsstarfi er inngilding höfð að leiðarljósi, bæði almennt og í verkefnum sem lúta að því að sérhópar sem síður hafa sótt safnið heim njóti aðgengis í gegnum miðlunarverkefni á borð við Listin talar tungum, Tökum höndum saman og Abrakadabra. Áfram verður boðið upp á fjölbreytta safnkennslu og viðburðadagskrá. Aukin áhersla verður á að nýta samfélagsmiðla til kynningar og markaðsstarfs, gagnvart innlendum sem erlendum gestum, sem fer fjölgandi eftir að heimsfaraldri lauk. Unnið er að gerð nýrrar vefsíðu fyrir safnið.

Þar sem safneignin verður í forgrunni sýninga á árinu verður áhersla lögð á að afla styrkja til forvörslu en leggja þarf meiri áherslu á forvörslu og almennt viðhald safnkosts á komandi árum. Unnið verður að viðhaldi útilistaverka samkvæmt fyrirbyggjandi forgangsröðun en jafnframt lögð áhersla á að stuðla að uppsetningu nýrra verka og því að staðið verði með markvissari hætti að uppsetningu listaverka í borgarlandinu.

Sjálfafla fé sem hlutfall af rekstrarfé safnsins eykst nú aftur eftir heimsfaraldurinn. Þó má búast við að reglulegur niðurskurður framlaga sem boðaður hefur verið hafi einhver áhrif á þjónustu. Hagræðing ársins mun einkum birtast í fækkun leiðsagna fyrir almenning og móttöku skólahópa en vonir standa til að tekjur af aðgangseyri og styrkjum muni aukast. Rekstur safnsins er borinn uppi af hæfu og áhugasömu starfsfólki sem af metnaði stendur að baki því menningarstarfi sem safnið stendur fyrir.

Stefna Listasafns Reykjavíkur var samþykkt 2017 og gildir út árið 2022. Markmiðum sem þar voru sett fram hefur að miklu leyti verið náð. Endurskoðuð markmið verða kynnt á árinu 2023.

Höfuðborgarstofa

Höfuðborgarstofa byggir starfsemi sína á ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar. Leiðarljós í starfsemi stofunnar er að Reykjavík verði þekkt sem sjálfstæður áfangastaður og mikilvægur þáttur í ákvörðun gesta um að sækja landið heim. Markmið hennar er að borgin sé eftirsótt allt árið um kring, af erlendum sem innlendum ferðamönnum, og að íbúar hennar njóti alls þess sem borgin hefur upp á að bjóða.

Þær markvissu aðgerðir sem gripið var til strax við upphaf heimsfaraldurs til að styðja við ferðþjónustu í borginni hafa skilað tilætluðum árangri samkvæmt helstu mælikvörðum og hefur erlendum gestum fjölgað hratt eftir því sem liðið hefur á árið. Þrátt fyrir það eru blikur á lofti enda hafa fyrirtæki tekið á sig þungt högg á s.l. árum og mikil óvissa er framundan, meðal annars vegna stríðsátaka í Evrópu og hækkandi verðlags.

Stofnun Áfangastaðastofu fyrir höfuðborgarsvæðið hefur verið í undirbúningi á vettvangi SSH undanfarin misseri. Taki slík stofa til starfa á nýju ári mun starfsemi Höfuðborgarstofu að einhverju leyti færast yfir til hennar. Jafnframt verða menningar og ferðamál aðskilin, en menningar íþróttar og tómstundarmál sameinuð undir nýju sviði hjá Reykjavíkurborg

Önnur menningarstarfsemi

Reykjavík bókmenntaborg UNESCO

Miðlun orðlistar hefur alltaf skipað stóran sess í starfsemi Bókmenntaborgarinnar og verður svo áfram árið 2023. Nýr vefur Bókmenntaborgar var settur í loftið árið 2022 og verður vefurinn eflur enn frekar á árinu með efni um samtímabókmenntir og íslenska höfunda. Þá verður samstarfi Bókmenntaborgarinnar og umhverfis- og skipulagsviðs um orðlist í borgarlandinu haldið áfram í tengslum við endurnýjun á borgargólfi í miðborginni og víðar. Einnig vinnur Bókmenntaborgin með listamönnum, stofnunum og félagasamtökum að því að koma orð- og ritlist á framfæri í borginni með margvíslegum hætti. Meðal annarra verkefna eru árleg Bókamessa í Bókmenntaborg í nóvember í samstarfi við bókaútgefendur, lestrarhvatning Sleipnis í samstarfi við Borgarbókasafn og skólasöfn í grunnskólum, utanumhald um barnamenningarverkefnið SÖGUR í samstarfi við aðra aðstandendur þess, utanumhald um öll bókmenntaverðlaun Reykjavíkurborgar og rekstur Gröndalshúss, þ.e. viðburðarýmis, gestaþúðar fyrir erlenda listamenn og vinnustofu fyrir innlenda rithöfunda og listamenn. Ný Sleipnisbók verður kynnt í ársbyrjun en með Sleipnisverkefninu stuðlar Bókmenntaborgin meðal annars að nýrækt í barnabókmennum. Auk þess vinnur Bókmenntaborgin með Borgarbókasafni að nýrækt með samkeppni um jólasögu ár hvert. Stuðningur og samstarf við grasrót í bókmenntalífi borgarinnar er eitt lykilverkefna Bókmenntaborgarinnar og þetta mikilvæga verkefni verður eft á árinu. Bókmenntaborgin tekur áfram virkan þátt í alþjóðlegu starfi Bókmenntaborga UNESCO innan Nets skapandi borga UNESCO (e. UNESCO Creative Cities Network) og verður sérstök áhersla lögð á samstarf á sviði gestadvalar og tækifæra fyrir rithöfunda þvert á borgir í netinu svo og á miðlun bókmennta milli borga. Í því samstarfi býður Bókmenntaborgin árlega höfundi annarrar bókmenntaborgar til dvalar í Reykjavík. Yfir 50 rithöfundar frá öðrum bókmenntaborgum sækja um að dvelja mánaðar langt í Reykjavík til að sinna ritstörfum. Áframhaldandi samstarf verður við Goethe stofnun í Kaupmannahöfn sem býður þýskum rithöfundi til Reykjavíkur. Eins vinnur Bókmenntaborgin áfram með Iceland Writers Retreat og Iceland Readers Retreat að kynningu á íslenskum rithöfundum og bókmenntum í alþjóðlegu samhengi.

Tónlistarborgin

Á dagskrá Tónlistarborgarinnar árið 2023 eru margvísleg verkefni sem hafa fest sig í sessi á undanförunum árum eins og Hitakassinn - námskeið um tónlistariðnaðinn fyrir hljómsveitirnar sem komast í úrslit Músíktílauna, Elskum plötubúðir, samstarfsverkefnið Record in Iceland sem vekur athygli á endurgreiðslumöguleikum vegna hljóðritunar á tónlist hér landi og Tónatal, fræðsluverkefni tónlistarsamfélagsins á Íslandi. Þá verður framhald á samfélagslega verkefninu Korda Samfónía sem vakið hefur mikla athygli. Um er að ræða hljómsveit sem samanstendur af skjólstæðingum starfsendurhæfingarstöðva, nemendum úr Listaháskóla Íslands og meðlimum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hljómsveitin hélt tónleika í Hörpu vorið 2021 og í Fíladelfíukirkjunni síðast liðið vor við gríðargóðar undirtektir og nú verður verkefnið endurtekið í þriðja sinn með nýjum þátttakendum.

Breyting verður gerð á Firestarter verkefninu sem upphaflega var viðskiptahraðall fyrir tónlistartengdar hugmyndir þegar það fór af stað árið 2019. Í stað viðskiptahraðals verður annars vegar haldinn nýsköpunardagur með áherslu á áskoranir sem blasa við íslenskum og alþjóðlegum tónlistariðnaði og hins vegar verður fyrirtækjum sem starfa í umgjörð íslensks tónlistarlífs boðið að fá stuðning til lengri tíma við að móta, þróa og efla sín viðskiptalíkön. Í nýrri útfærslu verður Firestarter samstarfsverkefni Tónlistarborgarinnar, Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar og Nýsköpunarvikkunnar.

Tónlistarborgin, ásamt hópi tónleikastaða í borginni, hlaut í upphafi ársins 2021, Evrópustyrk fyrir verkefnið Lífvænlegir tónleikastaðir: Að tryggja sjálfbæra framtíð lítilla tónleikastaða í Reykjavík og mun ásamt samstarfsaðilum sinna því verkefni fyrstu mánuði ársins 2023 en þá lýkur verkefninu. Að auki hefur Tónlistarborgin umsjón með Úrbótasjóði tónleikastaða. Þá mun Tónlistarborgin halda áfram að styðja við tónlistarhátíðir, t.a.m. með fræðslu- og tengslamyndunarviðburðum og ýmis konar samstarfi. BIG

BANG tónlistarhátíðin fyrir unga áhorfendur fer fram í Hörpu í apríl 2023 í samstarfi við Barnamenningarhátíð og List fyrir alla og Tónlistarborgin er einnig samstarfsaðili að Upptaktinum, tónsköpunarverðlaunum barna. Árið 2022 var búin til ný tónlistarganga um tónskáldið Jón Leifs í samstarfi við Tónverkamiðstöð en á næsta ári er stefnt að því að koma upp menningarmerkingu um tónskáldið sem helst þá í hendur við gönguna. Tónlistarborgin mun halda áfram að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi í gegnum Tengslanet tónlistarboga (e. Music Cities Network). Á þeim vettvangi gefst íslensku tónlistarfólki og fagfólki í tónlist tækifæri að taka þátt í ýmsum alþjóðlegum verkefnum. Árið 2022 kom Tónlistarborgin, ásamt samstarfsaðilum, á skiptivinnudvöl fyrir tónlistarfólk í Reykjavík og Nantes í Frakklandi. Verkefnið gekk vonum framar og er markmiðið að endurtaka verkefnið árið 2023.

Viðburðir

Viðburðateymi menningar- og ferðamálasviðs skipuleggur og framkvæmir sex árlegar hátíðir og viðburði sem Reykjavíkurborg stendur fyrir og fjármagnar. Tilgangur hátíðanna er að gæða borgina lífi, gestum hátíðanna að kostnaðarlausu. Þá er viðburðateymið í ráðgefandi samstarfi við viðburðahaldara í borginni sem og aðrar stofnanir og svið innan Reykjavíkurborgar sem koma að viðburðum í borgarlandinu á einn eða annan hátt.

Vetrarhátíð samanstendur af ljóslistaverkum í borginni, Safnanótt og Sundlauganótt. Haldið verður áfram að þróa ljósahluta hátíðarinnar með ýmsum samstarfsaðilum. Sem fyrr verður samstarf um listrænt innihald og val á ljósalistamönnum við seyðfirsku hátíðina List í ljósi. Barnamenningarhátíð leggur áherslu á öll listform og víðtæka þátttöku reykvískra barna. Enginn einn viðburður í borginni nær að virkja jafn breiðan hóp barna í fjölbreyttum menningarupplifunum á sama hátt og Barnamenningarhátíð auk þess sem áhersla er lögð er að bjóða uppá viðburði í flestum hverfum og verður lögð áhersla á Grafarvoginn árið 2023. Sífellt er verið að leita leiða til að auka aðkomu listafólks að hátíðinni og fjölga innlendum og alþjóðlegum samstarfsverkefnum eins og BIG BANG hátíðinni.

17. júní dagskráin er að vanda tvískipt. Fyrri hlutinn er morgunathöfnin á Austurvelli sem er skipulögð í samvinnu við Alþingi og forsætisráðuneytið. Seinni hlutinn er hátíðarhöldin eftir hádegi þar sem áherslan er á líflega fölskyldustemningu í miðborginni og verður haldið áfram að þróa þá leið. Menningarnótt snýst öðru fremur um að skapa vettvang og tækifæri til sköpunar fyrir listafólk og aðra með góðar hugmyndir. Miðborg Reykjavíkur verður þannig leikvöllur listafólks í einn dag og vettvangur fyrir fjölbreytta flóru viðburða.

Tendrun Friðarsúlunnar fer fram árlega við lágstemmda athöfn í Viðey á afmælisdegi John Lennon þann 9. október og kveikt er á súlunni á hverju kvöldi til 8. desember sem er dánardagur Lennon. Tendrun jólaljósanna á Óslóartrénu markar upphaf adventunnar í borginni og býður fólk velmið á Austurvöll með hátíðlegum söng og skemmtilegum uppákomum. Af öðrum adventuviðburðum má nefna jólavættirnar sem sjást víðs vegar um borgina og eiga þátt í því að skapa skemmtilega stemningu í miðborginni í aðdraganda jólna.

KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN (KFS)


Vinna við innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS) hófst árið 2012 á menningar- og ferðamálasviði og hefur sviðið farið í margar greiningar á þjónustubáttum sviðsins. Á sviðinu er starfræktur starfshópur um verkefnið og er hann leiddur af verkefnastjóra á miðlægri skrifstofu. Starfshópurinn sér um að greina þjónustubætti sviðsins í samvinnu við verkefnastjóra KFS á mannréttindaskrifstofu borgarinnar.

Nú liggur fyrir að greiningar sviðsins þurfa að taka til fleiri kynja en karla og kvenna og munu allar greiningar taka mið af því, en laga þarf gagnasöfnun til að bæta þar úr. Eins þarf að endurskoða gagnasöfnunina þar sem vilji til að skoða fleiri bætti mannréttindastefnunnar, s.s. uppruna, tungumál,

fötun og fleira en gagnasöfnunin á þeim þjónustubáttum sem hafa verið greindir til þessa nær ekki utan um þessa þætti.

Á árinu 2023 liggur fyrir að greina Keychange verkefni Tónlistarborgarinnar í Reykjavík. Keychange skuldbindingin (e. pledge) er alþjóðlegt verkefni þar sem tónlistarfyrirtæki og -verkefni skuldbinda sig til kynjajafnréttis og stefna að því að hlutur kvenna og annarra kyngerva verði jafn á við hlut karla í þeirra starfsemi. Tónlistarborgin skrifaði undir skuldbindinguna árið 2020.

Þá liggur einnig fyrir árið 2023 að greina þátttöku og ánægju barna og ungmenna eftir kynjum í skipulögðum viðburðum menningarstofnana og bera saman við gögn frá árunum 2014 og 2017. Árið 2014 kom í ljós að strákar voru ekki eins ánægðir með heimsóknir eins og stelpur og var farið í ýmsar aðgerðir til að leiðrétta þennan halla. Niðurstöðurnar árið 2017 voru nokkuð jafnar milli kynja og er von sviðsins að það hafi haldist.




LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

Lykiltölur og helstu magntölur í rekstri	Raun 2019	Raun 2020	Rauntölur 2021	Spá 2022	Markmið 2023
Borgarbókasafn Reykjavíkur					
Gestafjöldi - heildartala	581.252	386.085	442.136	494.000	554.500
- Aðalsafn	157.933	102.834	114.887	139.000	157.000
- Kringlusafn	108.153	71.341	82.691	90.000	102.000
- Sólheimasafn	56.859	35.297	40.555	41.000	51.000
- Gerðubergssafn	125.365	88.879	102.114	121.500	136.000
- Foldasafn	81.535	53.867	59.647	60.000	70.000
- Ársafn	42.263	28.817	34.139	31.500	37.000
-Menningarhús Úlfarsárdal		0	0		
- Bókabíll	7.631	3.940	7.112	9.500	0
- Æringi	1.513	1.110	991	1.500	1.500
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	12.492	4.267	0	12.000	13.000
Fjöldi viðburða fyrir börn og fjölskyldur	161	106	151	155	102
Fjöldi heimsókna á vefi BBS	127.968	194.967	207.363	220.000	220.000
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	5	1	1	0	0
Samstarfsaðilar	51	60	60	80	80
Safnkostur	395.719	391.473	395.895	400.000	400.000
Safnkostur á íbúa	3,03	2,94	2,93	2,951	2,98
Velta safnkosts-útlán á eintak	1,79	1,37	1,61	1,6	1,84
Útlán	707.833	535.862	635.781	638.000	736.000
- Aðalsafn	156.660	136.017	160.158	156.000	176.000
- Kringlusafn	150.537	114.376	140.483	136.000	154.000
- Sólheimasafn	86.104	56.116	71.015	65.000	83.000
- Gerðubergssafn	101.096	75.583	79.063	78.000	96.000
- Foldasafn	131.221	94.785	112.905	106.000	124.000
- Ársafn	72.767	52.609	59.384	56.000	68.000
-Menningarhús Úlfarsárdal			1.501	30.000	35.000
- Bókabíll	9.448	6.376	11.272	11.000	0
Bókin heim (fjöldi notenda)	39	37	35	33	35
Útlán á íbúa	5,41	4,02	4,7	4,65	5,3
Borgarsögusafn Reykjavíkur					
Gestafjöldi - heildartala	200.068	60.180	86.747	179.000	207.000
- Árbæjarsafn	48.716	23.807	28.810	44.000	50.000
- Landnámssýning og Aðalstræti 10 *	72.639	11.850	21.080	57.000	65.000
- Ljósmyndasafn	14.349	6.145	9.332	14.000	20.000
- Viðey	21.005	7.529	9.933	20.000	22.000
- Sjóminjasafn	43.359	10.849	17.592	44.000	50.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	19.479	10.357	7.743	9.700	13.570
Fjöldi viðburða	81	75	94	83	90
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	8	5	4	3	3
Fjöldi innlita á heimasíðu	143.263	104.785	139.697	200.000	215.000
Fjöldi bygginga í umsjón/rekstri safnsins	54	54	54	54	54
Fjöldi útgáfuverka	7	5	10	11	8
Fjöldi afgreiddra mynda	2.108	1.881	2.269	1.900	2.000
Fjöldi skráðra fornleifa í Reykjavík	3.642	3.668	3.844	3.980	4.130
Fjöldi skráðra safngripa í Sarp	30.961	32.293	33.500	33.900	34.000
Fjöldi skráðra ljósmynda	1.800.000	1.960.000	2.072.000	2.170.000	2.270.000
Fjöldi skráðra húsa í húsakrá	7.619	7.640	7.659	7.700	7.730
* Aðalstræti 10 - opnunartími eingöngu sumar 2018					

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI FRH.

Lykiltölur og helstu magntölur í rekstri	Raun 2019	Raun 2020	Rauntölur 2021	Spá 2022	Markmið 2023
Listasafn Reykjavíkur					
Gesta fjöldi	227.119	138.815	153.945	210.000	210.000
- Hafnarhús	100.597	58.501	60.949	95.000	100.000
- Kjarvalsstaðir	101.982	70.284	79.159	100.000	90.000
- Ásmundarsafn	24.540	10.030	13.837	15.000	20.000
Fjöldi seldra árskorta (endurnýjun)	364	395	365	571	600
Skólanemar í skipulögðum heimsóknnum	8.670	8.590	9.760	10.000	9.000
Fjöldi viðburða	221	118	202	190	180
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	4	2	1	3	5
Fjöldi heimsókna á vefsvæði	158.019	135.880	211.466	500.000	500.000
Útlán listaverka	460	484	494	490	495
Fjöldi útgáfuverka	17	16	16	17	17
Fjöldi skráðra listaverka í eigu safnsins	17.193	17.237	17.267	17.411	17.430
Fjöldi útilistaverka í umsjón safnsins	184	184	186	188	190
Bókmenntaborg UNESCO					
Alþjóðleg samstarfsverkefni	7	9	9	3	2
Samstarf með orðlista fólki (nýtt fyrir árið 2019)	116	100	100	80	90
Höfuðborgarstofa					
Sala á gestakorti (fjöldi korta)	13.876	1.168	5.053	5.000	5.000
Fjöldi heimsókna á vefsvæði www.visitreykjavik.is	813.537	361.773	579.438	687.416	400.000
Tíðni birtinga á samfélagsmiðlum			37.100.000	20.000.000	15.000.000



SKORKORT 2023

Vidd / velgengnisþáttur	Mælikvarði	Rauntölur 2021	Áætlun 2022	Markmið 2023
Þjónusta				
Menningaruppeldi	Fjöldi viðburða sérstaklega skipulagðir fyrir börn og fjölskyldur	256	240	196
	Fjöldi barna og unglunga í skipulögðum heimsóknum	31.779	42.560	42.600
Menningarlegt forystuhlutverk	Fjöldi fjölmennigartengdra verkefna og viðburða	94	71	71
	Fjöldi nýrra sýninga á menningarstofnunum	61	45	56
	Hlutfall gesta sem eru ánægðir með viðmót starfsmanna	*ekki mælt 2021	92%	92%
	Fjöldi verkefna og viðburða sem efla inngildingu í menningu og listum	*ekki mælt 2021	*ekki mælt 2022	115
	Menningarviðburðir	*ekki mælt 2021	*ekki mælt 2022	1.065
Eftirsóknarverður áfangastaður	Aðsókn að stofnunum sviðsins	682.828	959.000	971.500
	Ánægja með þjónustu/starfsemi stofnana sviðsins	*ekki mælt 2021	91%	91%
	Fjöldi nemenda og annarra í skipulögðu náms- eða félagsstarfi	2.999	3.340	4.520
Nýsköpun	Nýmæli í starfsemi	15	8	10
Fjármál				
Hagkvæm nýting og stýring fjármuna	Fjárhagsáætlun v/raun	-0,3%	+/- 1%	+/- 1%
Sterk kostnaðarvitund	Kostnaður við rekstur stofnana sviðsins pr. gest	3.668	2.520	2.780
Verðmætasköpun	Fjöldi verkefna þar sem samstarfsaðilar fjármagna a.m.k. 15% af kostnaði	28	34	30
	Sértekjur stofnana sviðsins sem hlutfall af ramma	-11,0%	-12%	-16%
Verklag				
Samstarf og samráð	Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	12	23	24
	Fjöldi samráðsfunda og aðgerða sem hvetja til þátttöku almennings í þróun, stefnumótun og ákvarðanatöku	50	31	34
Öflug miðlun	Fjöldi heimsókna á vefsvæði stofnana sviðsins	1.431.072	1.006.000	1.910.000
	Hver er útbreiðsla (reach) efnis á samfélagsmiðlum	27.617.271	11.587.855	20.422.000
	Viðbragð við færslum á samfélagsmiðlum (engagement) Facebook og Instagram	1.652.507	372.757	375.050
Hlúð að sögu og menningarminjum	Fjöldi rannsóknarverkefna	14	22	18
	Fjöldi menningarmerkinga í borgarlandinu	4	1	3
Mannauður				
Hæfir og áhugasamir starfsmenn	Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir í starfi þegar á heildina er litið	94%	95%	95%
	Hlutfall starfsmanna sem hlakka til að mæta í vinnuna	*ekki mælt 2021	*ekki mælt 2022	
	Hlutfall starfsmanna sem telur hæfni sína vel nýtt í starfi	81%	85%	85%
	Hlutfall starfsmanna sem telur samvinnu góða á sínum vinnustað	90%	95%	95%
Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi	Hlutfall starfsmanna sem sem telur sig fá nauðsynlegar upplýsingar sem snerta starf sitt og/eða vinnustað	79%	85%	85%
	Hlutfall starfsmanna sem hefur verið hrósað fyrir vel unnin störf á síðustu mánuðum	79%	90%	90%
	Hlutfall starfsmanna sem ekki hafa orðið fyrir einelti frá samstarfsfólki á síðustu 12 mánuðum	100%	100%	100%
Árangursríkir stjórnunarþættir	Hlutfall starfsmanna sem bera traust til yfirmanns síns	86%	90%	90%
	Hlutfall starfsmanna sem finnst vinnstað sínum vel stjórnað	79%	90%	90%
	Hlutfall starfsmanna sem hafa farið í árlegt starfsbrúnarsamtal á síðustu 12-15 mán.	69%	100%	100%
	Á sl. 12 mánuðum hef ég haft tækifæri til þess að sækja námskeið eða fræðslu	83%	95%	95%




SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ - SFS

LEIÐARLJÓS

Barnið sem virkur þátttakandi - Fagmennska og samstarf í öndvegi

SKIPURIT



HLUTVERK

Skóla- og frístundasvið hefur það hlutverk að veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið. Einnig hefur sviðið það hlutverk að vera framsækið forystuafli í skóla- og frístundastarfi.


FJÁRHAGSÁÆTLUN 2023

	Raun 2021	Áætlun 2022 endursk.	Áætlun 2023
Rekstrartekjur	4.789.035	4.411.445	4.788.001
Tekjur samtals	4.789.035	4.411.445	4.788.001
Laun og launatengd gjöld	44.093.325	46.269.139	45.434.026
Annar kostnaður	24.396.922	25.524.864	25.723.994
Rekstrargjöld samtals	68.490.247	71.794.003	71.158.020
Rekstrarniðurstaða	63.701.212	67.382.558	66.370.019

STARFSFÓLK

	Raun 2021	Útkomuspá/ Áætlun 2022	Áætlun 2023
Fjöldi starfsmanna	5.924	6.115	5.978
Fjöldi stöðugilda	4.629	4.734	4.628
Eftir skrifstofum/ þjónustubáttum:			
Leikskólar	1.682	1.775	1.700
Grunnskólar	2.327	2.295	2.254
Frístundamiðstöðvar	477	475	481
Námsflokkar Reykjavíkur	3	4	4
Skólahljómsveitir	35	33	34
Miðja máls og læsis	13	15	13
Betri borg fyrir börn	24	66	69
Yfirstjórn SFS og miðlæg þjónusta	67	73	73

SKIPTING REKSTRAR 2023



GJALDSKRÁR – VERÐLAGSBREYTINGAR

Gert er ráð fyrir:

- Að gjaldskrár hækki um 4,9% þann 1. janúar 2023
- Hækkun innri leigu húsnæðis og búnaðar samtals um 579 m.kr.
- Að hagræðing verði innan SFS sem nemur 1% af launakostnaði samtals 232,1 m.kr. nema hjá almennum grunnskólum innan grunnskólalíkans.
- Að sérstakar hagræðingar að fjárhæð 487,4 m.kr. sem samþykktar voru á borgarstjórnarfundi þann 6. desember við síðari umræðu um fjárhagsáætlun borgarinnar komi til framkvæmda á árinu 2023.
- Að tölvuþjónusta (gjaldskrá UTR) hækki í samræmi við áætlaðan útgjaldaramma deildarinnar.
- Að ekki séu reiknaðar verðbætur á almennan rekstrarkostnað en vegna bundinna samninga koma verðbætur sem eru að fjárhæð 76,6 m.kr.
- Að viðbætur vegna kjarasamningsbreytinga sem eru 1.793 m.kr. og viðbætur vegna endurmats starfa að fjárhæð 95,3 m.kr. koma inn í hækkun fjárhagsramma 2023. Breytingar á

kjarasamningum sem voru gerðar í september 2022 hjá stjórnendum í grunnskólum og leikskólum eru ekki komnar inn í fjárhagsramma. Á árinu 2023 kemur til endurnýjunar á næst öllum kjarasamningum væntanlegar kjarabætingar sem ekki eru komnar inn í fjárhagsramma.

Frístundastarf

Frístundamiðstöðvar eru fjórar eftir sameiningu Ársels og Gufunesbæjar undir nafninu Brúin, og stýra þær starfsemi 39 frístundaheimila, 21 félagsmiðstöðva og þriggja sértækra félagsmiðstöðva. Helstu breytingar í fjárhagsáætlun á milli ára eru eftirfarandi.

Gert er ráð fyrir:

- Að gjaldskrár hækki um 4,9% þann 1. janúar 2023.
- Að hópkenntla verði í hljóðfæraleik árið 2023, sem hækkar fjárheimildir um 12,6 m.kr.
- Að hinsegin félagsmiðstöð færast frá Mannréttindaskrifstofu yfir til SFS, með fjárheildum að fjárhæð 9,2 m.kr.

Leikskólar og dagforeldrar

Borgarreknir leikskólar eru 67 þar af þrjú sameinaðir leikskólar, grunnskólar og frístundaheimili. Sjálfstætt starfandi leikskólar í borginni eru um 20 og þar af tveir sem aðeins eru með 5 ára deildir. Helstu breytingar á fjárhagsáætlun á milli ára eru eftirfarandi.

Gert er ráð fyrir:

- Að gjaldskrár hækki um 4,9% þann 1. janúar 2023.
- Að hækking á húsnæðis- og rekstrarframlagi til sjálfstætt starfandi leikskóla verði til samræmis við hækkingu til borgarrekinna leikskóla
- Að fækkun verði á börnum í sjálfstætt starfandi leikskólum vegna minni aðsóknar, lækkingu fjárheimilda 258 m.kr.
- Að það verði um 480 börn að meðaltali hjá dagforeldrum á árinu 2023
- Að fjölgun barna í leikskólum sem hafa verið starfandi á árinu 2022 verði um 252 börn, hækkingu fjárheimilda vegna fjölgunar barna er 357,7 m.kr.

Grunnskólar

Borgarreknir grunnskólar eru 38, þar af eru 2 sérskólar og 5 grunnskólar sem eru sameinaðir leikskólum/frístundaheimilum/tónlistarskóla. Sjálfstætt starfandi grunnskólar eru 6 auk eins sjálfstætt starfandi sérskóla sem borgin er með samning við.

Gert er ráð fyrir:

- Að gjaldskrár hækki um 4,9% þann 1. janúar 2023.
- Að fjárheimildir grunnskóla taki mið af Eddu úthlutunarlíkani sem samþykkt var í borgarráði 30. september 2021.
- Að sjálfstætt starfandi grunnskólar fái greitt samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands.
- Að hækking verði hjá sjálfstætt starfandi grunnskólum vegna breytinga á viðmiðunargjaldskrá, og breytingu á fjölda nemenda 82,9 m.kr.
- Að fjölgun verði um eitt barn í Arnarskóla sem er sjálfstætt starfandi sérskóli, og verða 12 reykvísk börn í skólanum. Hækkingu fjárheimilda verður 18,1 m.kr.

- Að íslenskuver í tveimur borgarhlutum sem hófu starfsemi haustið 2022 fái fjárheimildir á ársgrundvelli fyrir árið 2023 og hækka fjárheimildir um 31,2 m.kr.
- Að sett verði á stofn einhverfudeild í Réttarholtsskóla, fjárheimildir eru auknar um 18,3 m.kr.
- Að innri leiga tölvubúnaðar til grunnskólanema, Gróskuverkefni, verði hækkuð um 226 m.kr.

Grunnskólalíkaníð Edda

Undirbúningur að útfærslu á nýju úthlutunarlíkani á fjárheimildum hófst snemma á árinu 2019 með það að markmiði að rýna eldra verklag og útfæra tillögu að meðhöndlun og stýringu fjárheimilda fyrir grunnskóla. Einnig að útfæra og taka í notkun nýtt reiknilíkan sem tæki mið af menntastefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030, þar sem áherslan er „að tryggja jöfn tækifæri og aðgang barna að fjölbreyttu námi og starfi sem er í samræmi við áhuga þeirra og hæfileika“ auk þess að tryggja jafnræði á milli skóla og hverfa, þar sem tekið væri tillit til mismunandi lýðfræðilegra þarfa og/eða mismunandi aðstæðna. Reiknilíkaníð tæki mið af lögum um grunnskóla og aðalnámskrá, þ.m.t. viðmiðunarstundaskrá. Þá hefur markmiðið verið að útfæra reiknilíkan með vel skilgreindum og skýrum forsendum sem eru rekjanlegar og gagnsæjar og ná fram líkani sem auðvelt væri að nýta til stýringar á fjármagni í gegnum fjárhagsáætlunar- og uppgjörsferli. Við útfærslu yrði lögð áhersla á árangursstjórnun og skipulegar mælingar. Rekstraráætlun grunnskóla fyrir árið 2023 er uppfærð samkvæmt forsendum líkans og tekur þeim breytingum á fjárheimildum í samræmi við niðurstöður líkans. Rekstur grunnskóla verður ekki fyrir áhrifum hagræðingarkröfu.

HAGRÆÐING 2023

Fjárheimildir skóla- og frístundasviðs eru lækkaðar um 232,1 m.kr. á árinu 2023 vegna hagræðingar sem sviðinu er ætlað að ná og nemur 1% af launakostnaði nema hjá almennum borgarreknum grunnskólum. Að auki voru samþykktar í seinni umræðum viðbótarhagræðingartillögur að fjárhæð 487 m.kr.



MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Skóla- og frístundasvið veitir börnum og fjölskyldum í borginni heildstæða skóla- og frístundaþjónustu í leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum, félagsmiðstöðvum, skólahljómsveitum og fleiri stofnunum í öllum hverfum borgarinnar. Unnið er skv. þeim lögum og reglugerðum sem málaflokkinn varðar. Allt faglegt starf í uppeldi og menntun barna og ungmenna byggir á Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030; Látum draumana rætast. Menntastefnan og aðrar stefnur sem sviðið vinnur eftir koma saman í Græna planinu, heildarstefnu Reykjavíkurborgar sem dregur upp framtíðarsýn borgarinnar til ársins 2030.

Samhliða samþykkt Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 var mótuð áætlun um almennar aðgerðir á árunum 2019-2021 þar sem Reykjavíkurborg myndi veita nauðsynlegan stuðning til starfsstöðva til að fylgja menntastefnunni eftir og ná markmiðum hennar. Í lok þess tímabils starfaði framtíðarhópur um gerð aðgerðaráætlunar Menntastefnu Reykjavíkur til næstu þriggja ára, 2022-2024 sem tók til umfjöllunar helstu sóknarfæri, álitamál og umbótaverkefni í skóla- og frístundastarfi borgarinnar til náinnar framtíðar.

Valdar voru tíu almennar aðgerðir:

- Loftlagsmál og umhverfi
- Markviss menntun fyrir öll börn
- Menningarlegur margbreytileiki
- Læsi í víðu samhengi
- Heilbrigði og vellíðan
- Nýsköpun og framsækni í námi og leik
- Valdefling og lýðræði
- Faglegt samstarf og starfsþróun
- Hagnýting stafrænnar tækni
- Húsnæði og búnaður.

Aðgerðirnar tíu eru tengdar við áherslur menntastefnunnar og eru liður í þeirri vegferð sem innleiðing stefnunnar felur í sér til ársins 2030. Gerð hefur verið aðgerðaráætlun með skilgreindum verkþáttum sem er kjarninn í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs 2022-2024.

Eftirfarandi eru verkefni sem falla undir ofangreinda liði og sviðið vill vekja sérstaka athygli á:

- Markviss menntun fyrir öll börn: Áskoranir eru tengdar því að veita börnum með íslensku sem annað mál og flóttabörnum þjónustu við hæfi.
- Heilbrigði og vellíðan: Áskoranir tengdar líðan barna og unglinga, hatursorðsumræðu og fleiri þátta. Einnig áskoranir sem tengjast álagi á starfsfólk og fjarvistir vegna veikinda.
- Faglegt samstarf og þróun: Áskoranir tengdar mönnun í starfsemi sviðsins og innleiðingu nýrra laga um samþættingu þjónustu í þágu barna.
- Húsnæði og búnaður: Áskoranir tengdar viðhaldi eldra húsnæðis og uppbyggingu nýrra úrræða.

KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN (KFS)

Vegna allra nýrra liða þar sem sóst hefur verið eftir nýjum fjárheimildum hefur verið gerð skimun samkvæmt gátlista um jafnréttisskimun. Vinnsla KFS í tengslum við fjárhagsáætlun var unnin í samræmi við verklagsreglur og leiðavísi um jafnréttismat. Með því að koma KFS skimun inn í verkferli í áætlun er stefnt að því að tryggja á sem bestan hátt að skoðun hafi farið fram á hvort og hvaða áhrif er að finna bæði gagnvart kynjasamsetningu og jaðarsettum hópum. Áfram verður unnið að innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS) með það að markmiði að bæta þjónustuna og dreifa fjármagni og gæðum á réttlátan hátt með tilliti til þarfa barna og unglinga. Með það að leiðarljósi er nú unnið markvisst að greiningu á þjónustubáttum sviðsins.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

Lykiltölur	Raun 2019	Raun 2020	Raun 2021	Útksp. 2022	2023
Starfsstaðir					
Fjöldi leikskóla (og leikskóla sem sameinaðir eru grunn- og grunnskóla)	81	83	83	89	90
Leikskólar Reykjavíkur (þar af 3 sameinaðir leik- og grunnskólar)	62	63	63	68	69
Sjálfstætt starfandi leikskólar (þar af 2 fimm ára deildir)	19	20	20	21	21
Fjöldi grunnskóla í Reykjavík	43	42	44	44	44
Grunnskólar Reykjavíkur / sérskólar (þar af 2 sérskólar og 5 sameinaðir leikskólar, grunnskólar og frístundaheimili frá 2012)	36	36	38	38	38
Sjálfstætt starfandi grunnskólar	7	6	6	6	6
Fjöldi skólahljómsveita	4	4	4	4	4
Tónlistarskólar	19	18	18	17	17
Tónlistarskólar á vegum Reykjavíkurborgar	1	1	1	1	1
Tónlistaskólar með þjónustusamning við Reykjavík v. grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik og grunnnáms í söng	18	17	17	17	17
Tónlistaskólar sem fá gr. frá Jöfnunarsjóði í gegnum Reykjavíkurb. vegna framhaldsn. í hljóðfæraleik og mið-/framhaldsnáms í söng	13	15	15	13	13
Frístundamiðstöðvar	5	5	5	5	4
Frístundaheimili	34	34	34	37	37
Frístundaheimili sameinuð grunnskólum**	5	5	5	5	5
Sértækar félagsmiðstöðvar (áður frístundaklúbbar)	3	3	3	3	3
Félagsmiðstöðvar	20	20	21	23	24
Barnið, nemandinn, unglingurinn					
Fjöldi barna / rýma í leikskólum í Reykjavík	6.426	6.400	6.407	6.608	6.717
Leikskólar Reykjavíkur	5.081	5.017	4.947	5.059	5.175
Sjálfstætt starfandi leikskólar	1.159	1.170	1.240	1.290	1.293
Sameinaðir leik- og grunnskólar	186	213	220	259	249
Viðbótarpláss	0	0	0	0	0
Fjöldi reykvískra barna í leikskólum utan Rvk.	32	45	45	23	23
Fjöldi barna með lögheimili utan R. sem dvelja í leikskólum	52	34	35	26	26
Fjöldi dvalargilda í leikskólum í Reykjavík	67.484	70.017	68.855	70.336	72.593
Leikskólar Reykjavíkur	51.600	53.517	53.206	54.275	56.125
Sjálfstætt starfandi leikskólar í Reykjavík	14.060	14.355	13.333	13.694	13.834
Sameinaðir leik- og grunnskólar	1.824	2.145	2.316	2.367	2.634
Viðbótarpláss	0	0	0	0	
Fjöldi dvalargilda í leikskólum utan Reykjavík					
Sjálfstætt starfandi leikskólar utan Reykjavíkur	362	441	441	393	393
Fjöldi daglegra dvalarstunda í leikskólum í Reykjavík	52.603	52.439	51.040	52.101	53.357
Leikskólar Reykjavíkur	42.122	41.511	40.636	40.855	42.579
Sjálfstætt starfandi leikskólar í Reykjavík	8.944	9.132	8.482	8.711	8.800
Sameinaðir leik- og grunnskólar	1.537	1.796	1.922	2.535	1.978
Viðbótarpláss	0	0	0	0	0
Fjöldi daglegra dvalarstunda í leikskólum utan Reykjavíkur					
Sjálfstætt starfandi leikskólar utan Reykjavíkur	247	301	301	268	268

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI FRH.

	Raun 2019	Útk. spá 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022	2023
Barnið, nemandinn, unglingurinn frh.					
Dagforeldrar					
Fjöldi barna hjá dagforeldrum	600	550	515	450	452
Grunnskólar / sérskólar					
Fjöldi nemenda í grunnskólum á vorönn	14.213	14.377	14.475	14.449	14.474
Fjöldi nemenda í sérskólum á vorönn	176	184	184	184	184
Fjöldi nemenda í sjálfstætt starfandi sérskólum á vor			7	12	12
Fjöldi nemenda í grunnskólum á haustönn	14.213	14.377	14.475	14.449	14.474
Fjöldi nemenda í sérskólum á haustönn	184	184	184	184	184
Fjöldi nemenda 6 ára og eldri í sjálfstætt starfandi grunnskólum	653	635	691	742	12
Fjöldi nemenda í sjálfstætt starfandi sérskólum á haust			11	12	12
Tónlistarskólar / skólahljómsveitir					
Fjöldi nemenda í skólahljómsveitum	521	521	521	521	521
Fjöldi nemendastunda í tónlistaskólum	92.715	92.715	92.715	92.715	92.715
Frístundamiðstöðvar					
Fjöldi barna á frístundaheimilum					
Fjöldi barna á frístundaheimilum, vorönn	4.322	4.249	4.129	4.105	4.083
Fjöldi barna á frístundaheimilum, haustönn	4.322	4.249	4.129	4.105	4.083
Fjöldi barna í frístundaheimilum, reiknað sem 5 daga vistun					
Á vorönn	3.781	3.712	3.607	3.586	3.567
Á haustönn	3.781	3.712	3.607	3.586	3.567
Fjöldi barna í sértekum félagsmiðstöðvum og frístundaheimilinu Guluhlíð					
Á vorönn	197	197	199	200	203
Á haustönn	197	197	199	200	203
Fjöldi barna í sértekum félagsmiðstöðvum og frístundaheimilinu Guluhlíð, rekn. sem 5 daga vistun					
Á vorönn	180	180	181	181	196
Á haustönn	180	180	181	181	196



SKORKORT

Velgengnisþættir/ Mælikvarðar*	Raun 2021	Útksp. 2022	Áætlun 2023
Þjónusta - Hæfni og líðan barnsins, nemandans og ungmennisins			
Hlutfall foreldra sem telur að viðfangsefni leikskólans áhugaverð	92%	92%	95%
Hlutfall foreldra sem finnast viðfangsefni frístundaheimila áhugaverð	86%	86%	88%
Hlutfall foreldra sem er sammála því að barnið sé áhugasamt um að læra í skólanum	78%	76%	81%
Hlutfall foreldra leikskólabarna sem telja að barnið eigi góða félag/aðlagist vel í barna hópnum	92%	92%	95%
Samsömun við nemendahópinn - kvarði úr nemendakönnun skólapúlsins*	4,8	4,8	5,1
Matskvarði á einelti - kvarði úr nemendakönnun skólapúlsins	5,6	5,7	5,1
Hlutfall foreldra sem telja að dvöl á frístundaheimili hafi jákvæð félagsleg áhrif á barnið sitt	92%	92%	94%
Hlutfall foreldra barna sem telur að starfsfólk styðji barnið sitt vel í leikskólastarfinu	96%	96%	98%
Sjálfsálit - kvarði úr nemendakönnun skólapúlsins	4,3	4,2	4,6
Þrautseigja í námi - kvarði úr nemendakönnun skólapúlsins	4,7	4,6	4,9
Hlutfall foreldra sem telur að barni sínu líði vel í skóla- og frístundastarfi	91%	91%	94%
Hlutfall foreldra sem telja að barnið taki stöðugum framförum í námi	80%	79%	85%
Ánægja af lestri - kvarði úr nemendakönnun skólapúlsins	4,7	4,6	5,0
Hlutfall nemenda með aldursvarandi færni í lestri í lok 2. bekkjar	75%	71%	80%
Fjármál - Auðlindir			
Hlutfall starfsstaða þar sem halli er innan við 2% m.v. fjárhagsramma	5%	25%	75%
Hlutfall starfsstaða sem skila frávikagreiningu vegna uppgjóra	95%	95%	95%
Verklag - lýðræðisleg þátttaka barna og samstarf			
Hlutfall frístundaheimila/félagsmiðstöðva með barnaráð/unglingaráð**	60%	*	90%
Tíðni leiðsagnarmats - kvarði úr nemendakönnun skólapúlsins	4,9	5,1	4,8
Virk þátttaka nemenda í tímum	5,0	5,2	5,0
Hlutfall foreldra leikskólabarna sem segjast taka þátt í að meta framfarir barnsins	71%	*	78%
Hlutfall foreldra sem telja samræmingu frístundaheimila við annað frístundastarf ganga vel	91%	95%	
Mannauður			
Mínum vinnustað er vel stjórnað	4,26	4,13	4,30
Hlutfall starfsmanna sem hefur fengið tækifæri til starfsþróunar á síðustu 12 mánuðum	77%	78%	87%
Hlutfall starfsmanna sem telja sig hafa orðið fyrir einelti frá samstarfsfólki á vinnustað sínum	3,2%	3%	0%
Starf mitt er metið af verðleikum af yfirmanni og samstarfsfólki***	4,41	-	4,5
Hæfni mín er vel nýtt í starfi	4,43	-	4,5
Starfsfólk miðlar þekkingu sín á milli	4,37	-	4,5

Athugasemdir við skorkort. Mælikvarðar í skorkorti gefa innsýn í nokkra af mælikvörðum menntastefnunnar borgarinnar en er ekki tæmandi.

* Kvarðar skólapúlsins eru settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalníur (e. stanines). Staðalníur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig á staðalníukvarða ekki mikill munur. Skólar eru ekki skyldugir til að taka þátt í skólapúlsinum, mögulegar sveiflur geta því orðið eftir því hvaða skólar taka þátt hverju sinni.

* Spurt er um þetta í spurningarvögnum sem sendir eru stjórnendum starfsstaða í nóvember.

***Breytt og styttri starfsmannakönnun var lögð fyrir vorið 2022 og þessar mælingar því ekki til fyrir árið.


Kannanir á viðhorfum foreldra eru að jafnaði gerðar annað hvert ár. Oddatöluárin í leikskólum og frístundaheimilum en á sléttutölurum í grunnskólum.

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ - USK

LEIÐARLJÓS

Leiðarljós Umhverfis- og skipulagssviðs eru aukin lífsgæði í Reykjavík með framúrskarandi þjónustu og metnaði fyrir enn betri borg

SKIPURIT



HLUTVERK

Umhverfis- og skipulagssvið (USK) gegnir fjölbættu hlutverki, allt frá því að vinna með kjörnum fulltrúum að stefnumótun í umhverfis-, skipulags- og samgöngumálum til þess að samþykkja teikningar og tryggja eftirlit í heilbrigðismálum. Að auki stýrir sviðið framkvæmdum og viðhaldi og sinnir almennum rekstri í borgarlandinu eins og garðyrkju og grasslætti, snjómokstri og hreinsun.

Á sviðinu er unnið að fjölbreyttum verkefnum sem eiga að auðga mannlífið í borginni. Lögbundin verkefni byggingarfulltrúa, skipulagsfulltrúa og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur tilheyra sviðinu. Bílastæðasjóður er einnig hluti af umhverfis- og skipulagssviði sem og Grasagarður Reykjavíkur. Árið 2014 markaði ákveðin tímamót því nýtt aðalskipulag til ársins 2030 tók gildi og er leiðarljós í allri vinnu sviðsins. Þar birtist sá græni þráður sem ber að halda á lofti í stefnumótun jafnt sem framkvæmd og endurspeglast í öllu starfinu á sviðinu. Starfsfólk umhverfis- og skipulagssviðs býr yfir einstakri fagþekkingu í þeim málaflokkum sem sviðið sinnir og gegnir lykilhlutverki í því að gera Reykjavík að enn betri borg. Sviðið er umhverfisvottað og leggur áherslu á að veita borgarbúum og öðrum viðskiptavinum góða þjónustu.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2023

USK aðalsjóður

	Raun 2021	Útkomuspá/ Áætlun 2022	Áætlun 2023
Rekstrartekjur	-4.257.493	-4.630.902	-4.998.574
Tekjur samtals	-4.257.493	-4.630.902	-4.998.574
Laun og launatengd gjöld	3.262.416	3.382.116	3.303.960
Annar kostnaður	11.612.928	11.106.681	11.661.553
Rekstrargjöld samtals	14.875.344	14.488.797	14.965.512
Rekstrarniðurstaða	10.617.851	9.857.895	9.966.938

USK eignasjóður


	Raun 2021	Útkomuspá/ Áætlun 2022	Áætlun 2023
Rekstrartekjur	-740.570	-825.450	-843.709
Rekstrartekjur fluttar í aðalsjóð	89.228	93.600	96.100
Tekjur samtals	-651.342	-731.850	-747.609
Laun og launatengd gjöld	2.210.634	2.509.252	2.577.281
Annar kostnaður	5.609.466	5.737.384	5.836.307
Rekstur fluttur í aðalsjóð	-4.160.452	-4.070.626	-4.064.892
Rekstrargjöld samtals	3.659.648	4.176.010	4.348.696
Rekstrarniðurstaða	3.008.306	3.444.160	3.601.087

STARFSFÓLK


	Raun 2021	Útksp. 2022	Áætlun 2023
Fjöldi starfsmanna	449	455	455
Fjöldi stöðugilda	416,5	422,6	422,6
Fjöldi sumarstarfsmanna	439	377	323
Fjöldi nemenda í vinnuskólanum	3451	2968	2365
Eftir skrifstofum/ þjónustubáttum:			
Sviðstjóri	18,8	18,8	4
Skrifstofa sviðstjóra	10	10	14
Mannauðsdeild	5	5	5
Fjármáladeild	5	5	5
Skrifstofa þjónustu og samskipta	-	1	16,8
Skipulagsfulltrúi	16,5	16,5	17,5
Byggingafulltrúi	22	22	20
Samgöngustjóri og borgarhönnun	44	44	43
Heilbrigðiseftirlit	25,7	23,7	23,7
Umhverfissæði	80	83	80
Framkvæmdir og viðhald	55	58	55
Verkefnastofa	-	1	6
Rekstur og umhirðar borgarlandsins	134,6	134,6	132,6

SKIPTING REKSTRAR 2023


Skipting rekstrarkostnaðar í aðalsjóð 2023



Skipting tekna í aðalsjóð 2023



Skipting rekstrarkostnaðar í eignasjóð 2023



MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Árið 2022 hefur verið viðburðarríkt en spennandi á sviði umhverfis- og skipulagsmála. Á umhverfis- og skipulagssviði höfum við tekist á við ýmsar áskoranir í rekstri á tímum heimsfaraldurs en líka gefið okkur tíma til að innleiða nýtt skipurit á bæði á núverandi starfseiningum sem og nýjum skrifstofum sem stofnaðar hafa verið til þess að auka virði okkar starfsemi í þjónustu og verkefnisstjórn.

Á árinu höfum við unnið samkvæmt Græna planinu og öðrum stefnum borgarinnar um kolefnishlutlausu framtíð. Endurskoðað aðalskipulag liggur fyrir, við höfum skuldbundið okkur í Evrópusamstarf um kolefnishlutlausu borg árið 2030, boðið út miðborgarleikskóla, endurbyggt grunnskóla og undirbúið lífræna flokkun sem á að innleiða á næsta ári og þá er fátt eitt upp talið. Nýjum meirihluta fylgja ný verkefni eins og gerð stefnu um borgarhönnun og aukin undirbúningur uppbyggingar á Keldnalandi. Mikil áhersla er lögð á framkvæmdir sem eru hluti af samgöngusáttmála ríkis og borgar.

Uppbygging borgarinnar hefur verið kraftmikil undarfarin ár og fara öll verkefni sem hafa með hið manngerða umhverfi að gera í gegnum huga og hendur starfsfólks sviðsins. Hönnunarsamkeppni af margskonar tagi er í gangi eða undirbúningi og þótt að ekki hafi tekist að framkvæma allt eins og áætlað var í fjárfestingaráætlun ársins, er engu að síður um að ræða metár í fjárfestingum. Mikil áhersla er á að hraða allri uppbyggingu og með hjálp borgarhönnunarstefnu verður augljósara hvernig borgarmyndin á að þróast. Nauðsynlegt er að hafa skýra stefnu þegar uppbygging er hröð. Allar höfuðborgir Norðurlandanna búa við gildar arkitekta- og hönnunarstefnur sem leggja línurnar um gæði húsnæðis og borgarumhverfis og þar með lífsgæði íbúa. Aðlögun að loftslagsbreytingum færir okkur nýjar áskoranir inn í hönnun borgarlandslagsins en með því að nota grænar lausnir og læra af öðrum sem standa frammi fyrir sama vanda gætu verkefni orðið grunnur fyrir góðar úrbætur. Sameiginlegt markmiðið er ávallt græn, þétt lífsgæðaborg þar sem fólk er í fyrirrúmi.

Fjöldi þeirra sem nýtir sér virka samgöngumáta eykst stöðug og Reykvíkingar hjóla nú allt árið. Innleiðing hjólréiðáætlunar er í fullum gangi og það hefur sýnt sig að þeir innviðir sem styðja við breyttar samgönguvenjur skipta máli. Sem er gott fyrir umhverfið og lýðheilsu almennt.

Sumarborgin blómstraði í sumar sem aldrei fyrr og hefur garðyrkjufólk borgarinnar hlotið mikið lof fyrir sín verkefni. Borgin er fylltist af ferðafólki með tilheyrandi álagi og skemmtilegheitum og haldin var risastór menningarnótt þar sem okkar fólk var í lykilhlutverki í undirbúningi og tiltekt.

Stór verkefni eru framundan í loftslagsmálum. Borgin er hluti af alþjóðlegum sáttmálum eins og Global Covenant of Mayors, Race to Zero og Race to Resilience og það krefst árlegrar upplýsingagjafar um hvernig gengur að framfylgja aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.

Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum er í innleiðingu, fylgst er með loftslagsbókahaldi og haldið loftslagsmaraþon sem ýtir undir nýsköpun í glímunni við loftslagsvandann. Að auki verður unnið með Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að mótun loftslagsstefnu.

Nýtt verkefni um Evrópusamstarf um kolefnishlutlausar og snjallar borgir 2030 krefst mjög þétt utanumhalds og fræðslu a.m.k. næstu 2 árin. Verkefnið felur í sér endurskoðun á aðgerðaáætlun, að stjórnvísla loftslagsmála sé skýr og á að tryggja að kröfur um vinnu og upplýsingagjöf vegna skuldbindinga í verkefnum á alþjóðavettvangi og innanlands sé mætt. Stutt er þar að auki við verkefni sem tengjast fjármögnun aðgerða í loftslagsmálum t.d. Græna planið og græna skuldabréfaútgáfu.

Helstu verkefni tengd Aðalskipulagi á komandi ári verða Kjalarnesið og opin svæði utan vaxtarmarka og heildarskipulag útivistarsvæða, Keldur, Keldnaholt (rammahluti aðalskipulags). Breytingar á aðalskipulagi (rammahluti) á grundvelli skipulagssamkeppni, Borgarlínan, 1. lota, Ártúnshöfði – Fossvogur (rammahluti aðalskipulags) og undirbúningur vegna Sundabrautar. Endurbætt miðlun aðalskipulags á vef er fyrirhuguð, þróun stafræns aðalskipulagsgrunns í samstarfi við LUKR og endurbætur á skipulagssjá.

Umhverfis-og skipulagssvið hefur verið að innleiða innri stefnumótun á árinu. Fagleg vinnubrögð, skilvirkni, fagmennska og notendamiðuð þjónusta eru lykilþættir í stefnu sviðsins og tekur breytt skipurit mið af þeim áherslum. Meiri samvinna er þvert á starfseiningar, unnið er með notendaprófanir í skipulagsgerð og lykil þjónustuferlar eru vaktaðir.

Skrifstofa þjónustu og samskipta sem nú er tekin til starfa mun stýra fræðslu-og upplýsingagjöf í málaflökki umhverfis-og skipulagssviðs, innleiða þjónustustefnu borgarinnar og stafræna umbreytingu í samvinnu með þjónustu- og nýsköpunarsviði. Þar hafi náðst mikilvægir áfangar á árinu og mun embætti byggingarfulltrúa vonandi geta tekið á móti rafrænum byggingarleyfisumsóknum í byrjun næsta árs. Verkefnastofa er nú þegar farin að taka að sér verkefni á sviðinu en þar er unnið samkvæmt skilgreindu verklagi verkefnastjórnunar og markmiðið er að minnka sóun, auka gæði og spara tíma.

Enn á ný er gert ráð fyrir 1% hagræðingu launa sem felur í sér eðlilegt aðhald í opinberum rekstri en á sama tíma stöndum við frammi fyrir töluvert stórum og umfangsmiklum verkefnum í öllum málaflökum sviðsins. Við þurfum því að forgangsraða vel í samvinnu við lykil samstarfsaðila bæði innan borgar sem utan. Verkefnin eru krefjandi og spennandi og framúrskarandi mannauður sviðsins er í lykilhlutverki nú sem endranær við að raungera stefnur og áætlanir.

HELSTU FJÁRHAGSLEGAR BREYTINGAR MILLI ÁRA

Á árinu 2023 er gert ráð fyrir að rekstrarrámmi sviðsins hækki um 467 m.kr. frá upphaflegri fjárhagsáætlun ársins 2022. Stærsta breytingin er sú að viðbótarfjármagn upp á 305 m.kr. kemur inn í rekstrarramma sviðsins vegna leigu gatna. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir kostnaðarauka vegna verðbóta á annan rekstrarkostnað á samninga sem eru vísitölutryggðir að upphæð 271 m.kr. en á móti er gerð hagræðingarkrafa á launakostnað 1% að upphæð 59 m.kr. og verðbóta á gjaldskrártekjur að upphæð 113 m.kr. Viðbótarfjármagni er bætt í ramma vegna reksturs skilavega að upphæð 60 m.kr. Á milli umræðna í borgarstjórn voru samþykktar hagræðingarkröfur að upphæð 202 m.kr.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Stjórnsýsla og gæði

Skrifstofa stjórnsýslu og gæða heldur utan um miðlæga þjónustu, almenna rekstrarþjónustu, stjórnsýslu og lögfræðiþjónustu, gæða og öryggismál auk eftirlits með leyfum og afnotum borgarlandsins. Skrifstofan skiptist í Lögfræði og stjórnsýslu, Gæði og öryggi og Eftirlit.

Lögfræði og stjórnsýslu hluti skrifstofunnar hefur forystu og frumkvæðishlutverk við eflingu stjórnsýslu á sviðinu öllu. Hún sér um lögfræðiþjónustu til annarra skrifstofa og eininga innan sviðs auk samstarfs við borgarlögmann og fyrirsvars gagnvart stjórnsýslunefndum, ráðuneytum og öðrum stjórnvöldum eftir því sem við á. Skrifstofan ber ábyrgð á þjónustu við umhverfis- og skipulagsráð og Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur. Áhersla verður áfram á skilvirkni, skýrari ferla og góða þjónustu við borgarana og afgreiðslu erinda innan tímafresta auk innleiðingar Hlöðunnar, upplýsingastjórnunarkerfis og þátttöku í vinnu við stafræna umbreytingu borgarinnar. Sérstök áhersla verður á úrbætur í opinberum innkaupum með sérstöku átaksverkefni þar sem áhersla verður á verklag, fræðslu og skilvirkni í innkaupum af öllum stærðum og gerðum auk samstarfs við verkefnastofu um gerð innkaupaáætlana í stórum verkefnum. Gæði og öryggi heldur utan um umhverfisstjórnunarkerfi sviðsins, gæðakerfi einstakra skrifstofa innan þess og öryggismál í starfsemi sviðsins. Áfram verður unnið að innleiðingu gæðakerfis hjá skipulagsfulltrúa sem ætti að klárast fljótlega á nýju ári. Einnig verður haldið áfram með þegar hafna vinnu við innleiðingu vottaðs gæðakerfis hjá öðrum skrifstofum sviðsins og stutt við gerð verklags og ferla til að bæta þjónustu og auka skilvirkni. Sérstök áhersla verður lögð á öryggismál, bæði innan sviðs og hjá verktökum sem vinna á vegum þess. Eftirlitshluti deildarinnar sinnir skilmálaeftirliti fyrir byggingarfulltrúa, eftirliti með framkvæmdaleyfum sem gefin eru út af skipulagsfulltrúa og eftirliti með afnotum af borgarlandi auk annars tilfallandi eftirlits. Áhersla er á skýra verkferla, góða þjónustu og styttingu afgreiðslutíma auk þess að innleiða Hlöðuna og nýta hana sem best til að tryggja gott utanumhald og samfellu í málsmeðferð.

Mannauður

Mannauðsdeild leggur áherslu á að veita framúrskarandi þjónustu til samstarfsfólks innan sviðs og eiga gott samstarf við starfsfólk annarra sviða þegar kemur að mannauðsmálum. Leiðarljós deildarinnar er uppbygging endurgjöf, virk hlustun, lausnamiðuð nálgun og gagnkvæm virðing í samskiptum. Áhersluatriði deildarinnar á starfsárinu eru innleiðing á Torginu nýju fræðslukerfi, rafræn móttaka og vistun gagna og vinnsla gagna við starfsmat fyrir það starfsfólk sem er að koma nýtt inn í starfsmatskerfið. Átak verður gert í öryggisfræðslu og verklagi því tengdu og unnið að aðgerðum til að tryggja mönnun og draga úr álagi. Áframhaldandi aðstoð við breytingastjórnun á starfsstöðum innan sviðsins og umbótaverkefni í þjónustu deildarinnar samkvæmt markmiðum stefnumótunarinnar.

Verkefnastofa

Verkefnastofa var formlega stofnuð á umhverfis- og skipulagssviði í maí 2022. Uppbygging verkferla er í fullum gangi og mótun á starfsemi skrifstofunnar að sama skapi. Á verkefnastofu er unnið eftir hugmyndafræði faglegrar verkefnastjórnunar þar sem verkefnum og verkefnastofnum er fylgt eftir frá upphafi til enda, þvert á verkþætti og ábyrgðasvið fagskrifstofa. Markmið verkefnastofu er að efla og bæta verkefnastýringu, minnka sóun og auka gæði. Unnið er í að efla teymisvinnu þvert á sviðið til að tryggja gott samráð milli skrifstofa, auka skilvirkni og þar með auka líkur á árangursríkum verkefnum. Áhersla er á góða þjónustu bæði inn á við og út á við. Verkefnastofa leggur upp með að bjóða upp á þrenns konar þjónustu: verkefnastjórnun, spretti og vinnustofur auk þjálfunar og fræðslu til annarra verkefnastjóra sviðsins. Verkefnastofa sinnir verkefnastjórnun á verkefnum og verkefnastofnum þeirra verkefna sem að stjórnendateymi USK/verkefnaráð velur að séu þess eðlis að þeim sé stýrt af verkefnastofu þar sem fagleg verkefnastjórnun verður höfð að leiðarljósi. Þessi verkefni eru flókin, ganga þvert ýmsar einingar borgarinnar og eru umfangsmikil. Verkefnastofa mun einnig styðja við aðra

verkefnastjóra sviðsins með fræðslu og þjálfun er varðar faglega verkefnastjórnun. Þá mun verkefnastofa halda utan um spretti og vinnustofur þegar það á við þar sem markmið er að auka skilvirkni og bæta verkferli þvert á sviðið.

Þjónusta og samskipti

Þjónusta og samskipti er ný skrifstofa innan USK sem var formlega stofnuð í september 2022. Unnið er að mótun skrifstofunnar. Lögð verður áhersla á að styðja við að USK veiti framúrskarandi þjónustu og að það endurspeglist í ímynd sviðsins. Skrifstofan mun sinna verkefnum tengdum þjónustu, upplýsingum og miðlun og markaðsmálum þvert á sviðið auk verkefna Landupplýsinga.

Hlutverk samskiptateymis er að hafa fúmkvæði við að koma upplýsingum um verkefni sviðsins á framfæri, svara fyrirspurnum og umfjöllun sem tengist starfsemi. Boðið er upp á stuðning við kynningu á verkefnum sviðsins og fréttáflutning. Áherslan verður áfram á upplýsingaflæði um verkefni USK til samfélagsins og þannig stutt við jákvæða ímynd sviðsins og borgarinnar. Unnið verður að endurskoðun samskiptastefnu og kynningu á henni. Gæði miðlunar og upplýsingagjafar til borgarbúa verða áfram í fyrirrúmi. Vefur borgarinnar reykjavik.is gegnir lykilhlutverki í miðlun og notkun samfélagsmiðla hefur verið augin í þessum tilgangi. Áhersla verður á fjölbreytta miðlun, m.a. sjónræna miðlun eins og myndir og myndbönd tengt völdu efni og stöðum í Borgarlandinu. Fréttaskrif og samskipti við fjölmiðla eru stór þáttur í upplýsingamiðlun frá sviðinu. Miðlunarteymi USK metur í samstarfi við stjórnendur bestu útfærslur á kynningum og samráði vegna verkefna og unnið verður með samskiptateymi Reykjavíkurborgar. Áfram verður unnið að því að auka gæði samráðs- og íbúafunda um verkefni sviðsins, m.a. streymisfunda.

Markmið skrifstofunnar er að efla þjónustumeningu á USK í samræmi við þjónustustefnu Reykjavíkurborgar og að það endurspeglist í þjónustuupplifun borgarbúa. Þjónustuferlar verða endurskoðaðir og skoðuð tækifæri til stafrænna umbóta auk þess sem áfram verður unnið að því að innleiða þjónustuumbætur á öllum sviðum. Áhersla verður á að skoða hvar tækifæri til bættrar þjónustu liggja t.d. með því að nýta upplýsingar frá starfsfólki, þjónustuveri og úr ábendingakerfi hverju sinni. Þjónustumælingar verða eflar og kynntar á fundum stjórnenda og fyrir starfsfólki. Fræðsla og þjálfun starfsfólks sem tengist innri og ytri þjónustu verður augin.

Skrifstofan mun þjónusta USK með gerð auglýsinga- og kynningarefnis, birtingar og viðburði. Unnið verður í takt við vörumerkjastefnu borgarinnar til að bæta faglega ímynd og gæta samræmis.

Landupplýsingar

Opnað verður fyrir aðgengi að mæliblöðum í Borgarvefsjóni á rafrænu AutoCAD formi. Þetta mun bæta þjónustu við viðskiptavinum deildarinnar og spara tíma við afgreiðslu erinda. Farið verður í vinnu við að búa til tól til að fylgjast betur með fjölda heimsókna í Borgarvefsjóni og hvaða gögn eru skoðuð hverju sinni. Þetta mun hjálpa okkur við áframhaldandi þróun á sjóni. Sveitarfélagsmörk Reykjavíkurborgar í LUKR eru ónákvæm eða óljós á nokkrum stöðum. Farið verður í endurskoðun á þessum mörkum í samvinnu við lögfræðinga sviðsins. Lögð verður aukin áhersla á samræmingu lóðastærða í gagnagrunnum mælingadeildar, LUKR og í Fasteignaskránni með það að markmiði að útrýma að mestu misræmi sem er til staðar í dag. Þróun nýrra veflausna sem byggðar eru á ArcGIS hugbúnaði mun halda áfram. Þessar lausnir munu gera starfsmönnum kleift að safna og uppfæra landupplýsingagögn beint úti í mörkinni. Þróaðar verða nýjar lausnir til einfalda aðgengi að gögnum og þjónustu deildarinnar. Skráningar landfræðilegra gagna sem verða til við hverfisskipulagsvinnu munu halda áfram. Aukin áhersla verður lögð á hnitsetningu eldri lóða í hnitakerfi Reykjavíkur og skoðaðir verða möguleikar á að auka afköst hnitsetningar, t.d. með aðkeyptri vinnu. Skoðaðir verða áfram möguleikar á ítarlegri notkun upplýsinga úr Fasteignaskránni, Þjóðskránni, fyrirtækjaskrá Skattsins og gögnum Heilbrigðiseftirlits. Mörk Faxaflóahafna eru ónákvæm á nokkrum stöðum. Farið verður í endurskoðun á þessum mörkum í

samvinnu við Faxaflóahafnir. Skoðaðir verða möguleikar á birtingu og greiningu upplýsinga úr LUKR í mælaborðum sem sérhugbúnaður ArcGIS býður upp á.

Umhverfisgæði

Á rekstrareiningum skrifstofu umhverfisgæða – sorphirðu, ræktunarstöð, Grasagarði og meindýravörnum, verður áhersla lögð á að bæta þjónustu eins og kostur er í samræmi við stefnu umhverfis- og skipulagssviðs um að veita framúrskarandi þjónustu. Unnið verður að innleiðingu breyttrar sorphirðu í Reykjavík árið 2023 þar sem markmiðið er að öll íbúðarhús í Reykjavík verði komin með söfnun á fjórum úrgangsflokkum við heimili og sorphirða verði með samræmdum hætti hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Stefnit er að því að innleiða breytingarnar í áföngum frá maí fram til loka september á næsta ári. Stefnit er að stækkun Grasagarðsins í samræmi við ákvörðun borgarstjórnar 24. maí sl. Unnið verður að endurskipulagningu ræktunarstöðvar Reykjavíkur með það að marki að auka hagræðingu í rekstri og geta mætt aukinni framleiðsluþörf fyrir sumarblóm sem aukist hefur um tugi prósent á undanförunum þrem árum. Verkefni meindýravarna borgarinnar verða skoðuð og möguleg samlegðaráhrif með sameiningu við Dýrabjónustu borgarinnar. Unnið verður að því að hefta útbreiðslu ágengra tegunda – lúpínu, kerfils og tröllahvanna, í samstarfi við skrifstofu reksturs og umhirðu og áfram unnið að fækkun sláttusvæða með aukinni náttúru og líffræðilegum fjölbreytileika að leiðarljósi. Unnið verður að m.a. verndun, vöktun og náttúrufarsúttektum í samræmi við aðgerðaáætlun um líffræðilegan fjölbreytileika í Reykjavík. Illa gekk að ráða leiðbeinendur hjá Vinnuskóla Reykjavíkur árið 2022 sem hafði áhrif á gæði starfs skólans. Gert verður átak í ráðningum leiðbeinenda, fræðslu þeirra og þjálfun og eftirliti með starfsemi árið 2023. Leitast verður við að auka fjölbreytni starfa í Vinnuskólanum.

Framkvæmdir og viðhald

Breytt skipurit skrifstofu framkvæmda og viðhalds tók gildi 1. maí 2022. Það er í samræmi við breytt skipurit umhverfis- og skipulagssviðs og áherslur samkvæmt stefnumótun sviðsins. Meðal breytinga er að stofnuð hefur verið sérstök viðhaldsdeild fasteigna vegna aukinnar áherslu og þarfar í viðhaldi og endurgerð fasteigna. Þá verður unnið að áframhaldandi áætlanagerð vegna þess viðhaldsátaks sem ákveðið hefur verið að ráðast í á næstu 5-7 árum einkum í húsnæði leik- og grunnskóla.

Eins og áður leggur skrifstofa framkvæmda og viðhalds áherslu á að gott verklag sé viðhaft við áætlanagerð og framkvæmdir á vegum sviðsins. Leitast er við að upplýsingar og kynningar varðandi framkvæmdir séu skilmerkilega fram settar og að fagleg vinnubrögð séu ávallt viðhöfð við undirbúning, hönnun og framkvæmd verkefna. Aukin áhersla verður áfram lögð á gerð kostnaðaráætlana og gerð skilamata vegna framkvæmdaverkefna. Í samræmi við áherslur „Græna plansins“ verða áfram þróaðar kröfur vegna umhverfisþátta í framkvæmdum á vegum sviðsins. Aðilum sem vinna að framkvæmdaverkefnum verður gert að skila inn upplýsingum um orkunotkun, úrgangsmál o.fl. sem tengist þeim verkefnum sem unnið er við. Aukin áhersla verður á umhverfisvottun við nýbyggingar og meiriháttar endurgerð fasteigna. Í samvinnu við fjármála- og áhættustýringarvið er svo unnið að endurskoðun á svokölluðum „grænum ramma“ Reykjavíkurborgar vegna fjármögnunar á „grænum verkefnum.“

Staðan á bæði ráðgjafa- og verktakamarkaði á árinu 2022 einkenndist öðru fremur af miklum umsvifum í mannvirkjagerð almennt. Í nokkrum tilfellum bárust engin tilboð í þau verkefni sem boðin voru út og í mörgum tilfellum voru tilboð það há að þau voru óaðgengileg. Þetta hefur m.a. leitt til frestunar á ýmsum verkefnum fjárfestingaráætlunar ársins 2022.

Framkvæmdum við menningarmiðstöð, sundlaugar og íþróttamannvirki í Úlfarsárdal lauk að mestu á árinu 2022. Unnið verður við uppgjör og gerð skilamats á árinu 2023. Þá lauk einnig framkvæmdum við nýtt íþróttahús ÍR og frjálisíþróttavöll í Suður Mjódd. Leikskólinn Brákarborg tók til starfa í uppgerðu húsnæði við Kleppsveg 150-152. Endurgerð byggingarinnar verður umhverfisvottuð.

Á árinu 2023 verður áfram unnið við endurgerð og ýmsar lagfæringar á lóðum við leik- og grunnskóla á árinu. Áfram verður unnið við endurgerð húsnæðis Fossvogsskóla og Hagaskóla.

Á árinu 2023 verður haldið áfram með framkvæmdir á nýjum byggingarsvæðum s.s. við Elliðavog-Vogabyggð, Hlíðarenda, Gufunes, Bryggjuhverfi, Ártúnshöfða o.fl. Óvíst er með framgang uppbyggingar í Skerjafirði. Verkefni í nýbyggingahverfum í Úlfarsárdal og í Reynisvatnsás halda áfram í takt við þróun íbúðabygginga. Þá verður haldið áfram með framkvæmdir vegna verkefna Hjólreiðaáætlunar samkvæmt áætlun.

Á árinu 2022 voru lögð ný malbikslög á um 22 km af götum í Reykjavík auk hefðbundinna malbiksviðgerða. Þá var einnig unnið við malbikun á þeim skilavegum skv. sérstökum samningi Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar.

Á árinu 2023 verður haldið áfram með aðgerðir við endurheimt votlendis og unnið verður áfram skv. áætlun um Græna netið við gróðursetningar í borgarlandinu. Einnig verður framkvæmdum við útivistarsvæði á Austurheiðum haldið áfram.

Rekstur og umhirða borgarlands

Á árinu 2022 var hafist handa við að móta hugmyndir að breytingum á skipuriti skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins. Sú vinna mun halda áfram á árinu 2023 en markmiðið með henni er að auka skilvirkni, stytta boðleiðir og auka skilvirkni í verkefnum. Þessari vinnu verður lokið á árinu 2023. Einnig hefur verið unnið að endurskoðun vetrarþjónustu og mun því verkefni ljúka á árinu 2023. Lögð verður meiri áhersla á öryggis-, gæða- og umhverfismál á skrifstofunni og mögulegar úrbætur skoðaðar og innleiddar eftir því sem aðstæður leyfa samfara hugsanlegum breytingum á skipuriti. Á árinu verður einnig lögð áhersla á skoðun og innleiðingu stafræna lausna í þjónustu skrifstofunnar eftir því sem fjármagn og tæknigeta leyfir líkt og gert var á árinu 2022. Áfram verður haldið með innleiðingu LEAN aðferðarinnar sem hefur verið unnið að undanfarin 2 ár en tafist vegna heimsfaraldurs Covid-19. Húsnæðismál og lóðamál þjónustumiðstöðvar borgarlandsins að Stórhöfða og hverfastöðvar austur við Jafnasel verða einnig skoðuð með framtíðarlausn í huga. Hugmyndin er að í framtíðinni sameinist þessar stöðvar á einni lóð en á árið 2023 verði notað til að halda áfram að skoða hvaða valmöguleikar eru í boði varðandi framtíðar staðsetningu þessara starfsemi. Nauðsynlegt er að ljúka þessari vinnu á árinu 2023 sérstaklega í ljósi þess að leitað er nýrrar lóðar fyrir saltgeymslu og sóppró en skrifstofan mun missa núverandi aðstöðu árið 2023. Samfara ofangreindum áherslum verður rík áhersla á skoðun og greiningu á aukinni skilvirkni í starfsemi skrifstofunnar þar sem leiðarljósið er að finna bestu lausn á hverju verkefni.

Samgöngustjóri og borgarhönnun

Á árinu 2023 verður áfram unnið að framgangi samgöngumála og borgarhönnunar í samræmi við stefnumörkun Reykjavíkurborgar og sameiginlega stefnu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og ríkisins. Unnið er að því að auka hlutfall gangandi, hjólandi og almenningssamgangna í ferðum fólks innan borgarinnar, að borgin geti vaxið og dafnað, og að íbúum og störfum fjölgi án þess að bílaumferð aukist í sama hlutfalli. Á árinu 2021 hófst vinna við að taka upp gæðastjórnunarkerfi á skrifstofunni. Gert er ráð fyrir að sú vinna haldi áfram og ljúki með vottun á árinu 2023. Meiri og markvissari áhersla verður lögð á miðlun upplýsinga um stöðu samgangna og fyrirhugaðar breytingar m.t.t. samgangna m.a. í samstarfi við nýja skrifstofu þjónustu og samskipta USK og PON.

Unnið verður í samræmi við samþykktar verklagsreglur um innleiðingu nýrra gjaldsvæða fyrir bílastæði á borgarlandi Reykjavíkur og um verðbreytingu gjaldsvæða á borgarlandi Reykjavíkur sem samþykktar voru 2019. Gjaldskrá gjaldskyldra bílastæða getur því bæði hækkað og lækkað og gjaldskyldutími lengst eða styst eftir niðurstöðum reglubundinna talninga á nýtingu bílastæða. Verið er að ljúka uppsetningu á nýjum aðgangsstýringar- og gjaldbúnaði fyrir bílahús sem munu auka sveigjanleika í áskriftarleiðum og þjónustu s.s. aðgengi að bílahúsum. Gert er ráð fyrir að uppsetningu ljúki og að kerfið verði komið í fulla notkun fyrir árslok 2022. Gjaldskrá bílahúsa, samningar við langtímanotendur, áskriftarleiðir og fleira

verður tekið til endurskoðunar. Unnið er að innleiðingu á upp færslu álagninga- og málakerfis og kerfis fyrir afgreiðslu íbúakorta bílastæðasjóðs, en eldri búnaður uppfyllir ekki þær þarfir sem leitað er eftir. Þá er fyrirhugað að uppfæra eftirlitskerfi hjá útideild og endurskipuleggja tilhögun eftirlits.

Endurhönnun göturýma, torga og göngugatna í miðborginni ásamt gerð borgarhönnunarstefnu, verða helstu verkefni á sviði borgarhönnunar á næsta ári. Sérstök áhersla verður áfram lögð á útfærslu varanlegra göngugatna í miðborginni, forhönnun göturýma og torga við Borgarlínu ásamt leiðbeiningum um jaðarsvæði 1. lotu Borgarlínu, hönnun borgargatna í eldri hverfum utan miðborgarinnar og gerð hönnunarhandbóka fyrir stærri deiliskipulagsvæði ásamt þátttöku í Sumarborginni.

Áfram verður unnið að umferðaröryggismálum í samræmi við Umferðaröryggisáætlun Reykjavíkur 2019-2023 m.a. með lækkun hámarkshraða samræmi við samþykktá hámarkshraðaáætlun. Hafist verður handa við endurskoðun á áætluninni á árinu 2022 og gert er ráð fyrir að ný áætlun verði samþykkt fyrir lok árs 2023. Styrkir til íbúa til úrbóta í hljóðvistarmálum íbúðarhúsnæðis verða áfram til meðferðar og undirbúningur uppbyggingar hljóðvarna skv. aðgerðaáætlun. Unnið verður að innleiðingu Hjólreiðaáætlunar 2021-2025. Í samræmi við áætlunina verður aukið áhersla á ýmsar „mýkri“ aðgerðir til viðbótar við lagningu hjólreiðastíga. Sérstök áhersla verður áfram á að koma upp öruggum hjóla- og hlaupahjólástæðum við grunnskóla borgarinnar. Í samvinnu við Vegagerðina verður áfram unnið að bættum umferðarljósastýringum m.a. með samstarfshópi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðarinnar um umferðarljósastýringar sem vinnur á grundvelli niðurstöðu úttektar á stöðu búnaðar, viðhalds og rekstrar umferðarstýringa 2020. Undirbúningur nýs kerfis almenningssamgangna, Borgarlínu, heldur áfram í samstarfi við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og ríkið. Tillaga að endurskoðun á leiðakerfi Strætó, með hliðsjón af Borgarlínu, verður unnin áfram og aðgerðir til að bæta aðgengi allra að biðstöðvum strætó undirbúnaðar. Á árinu verða umfangsmestu verkefni í samgönguskipulagi og undirbúningi framkvæmda tengd þróunarsvæðum í borginni og Borgarlínu.

Skipulagsfulltrúi

Samkvæmt verkefnaáætlun fyrir árið 2023 verður lokið við gerð hverfisskipulags fyrir tvo borgarluta þ.e. Hlíðar (BH3), Háaleiti, Bústaði (BH5). Hafinn er vinna við gerð hverfisskipulags fyrir Laugardal (BH4) sem gert er ráð fyrir að fari í kynningarferli í lok árs 2023. Á árinu 2023 hefst einnig vinna við undirbúning hverfisskipulags fyrir Grafarvog (BH8) og Kjalarnes (BH10) að undangengnu samráðs- og kynningarferli. Önnur helstu skipulagsverkefni tengjast uppbyggingar- og húsnæðisáætlun borgarinnar og skipulagsgerð svæða meðfram Borgarlínu. Einnig verður unnið að deiliskipulagsgerð fyrir einstaka kafla á 1. áfanga Borgarlínu. Áfram verður unnið að skipulagsgerð í Elliðaárvogi, Ártúnshöfða, Gufunesi, Skerjafirði og á Keldum í samstarfi við Betri samgöngur. Einnig verður unnið að gerð skipulags fyrir Sæbraut og Miklubraut í stökk, í framhaldi af hugmyndaleit um skipulag svæðanna og gatnamótum Bústaðavegar og Kringlumýrarbrautar. Önnur skipulagsverkefni eru þróunaráætlun fyrir skipulag í og við Ármúla og Síðumúla, rammaskipulag fyrir Norður Mjódd, Háskóla Íslands, deiliskipulagsgerð fyrir Kringlusvæði, í Hátúni og Vogabyggð og á fjölmörgum þéttingarreitum í öllum hverfum borgarinnar ásamt grænum þróunarlóðum í samstarfi við valda samstarfsaðila. Unnið verður áfram í samstarfi við ríkið að þróun og skipulagningu á lóðum og löndum í Reykjavík sem eru í eigu ríkisins í samræmi við viljayfirlýsingu ríkis og borgar þar um. Ráðgert er að fara í nokkrar samkeppnir og hugmyndleir á árinu. Þar ber hæst svæði í og við Borgarspítalann, í Safamýri á fyrrum íþróttasvæði Fram og BSÍ reit. Í útmörk borgarinnar eru helstu verkefni á árinu 2022, athafnasvæði austast á Hólmsheiði. Stefnt er að öflugri útgáfu á vegum skipulagsfulltrúa og mun embættið leggja enn frekari áherslu á útgáfu- og kynningarmál sem lið í að efla umræðu um skipulagsmál í borginni ásamt því að gefa út formlega umhverfisvísa fyrir skipulagsgerð sem þróaðir voru í upphafi vinnu við gerð hverfisskipulags. Innleiðing verkefnastofu PIAB og gæðastjórnunarkerfis ISO 9001 er einnig á dagskrá.

Byggingarfulltrúi

Stöðugt er unnið að því bæta vinnuferli við afgreiðslu fyrirspurna og umsókna til embættis byggingarfulltrúa með það að leiðarljósi að stytta þann tíma sem afgreiðsla erinda tekur. Mikilvægur þáttur í því er að stuðla að vönduðum gögnum sem embættinu berast, með góðri ráð- og upplýsingagjöf til hönnuða, byggingaraðila og annarra viðskiptavina embættisins. Stefnt er að því að innan nokkurra mánaða verði tekið í gagnið nýtt rekstrar- og skjalakerfi fyrir Reykjavíkurborg og lögbundin tenging gerð í kjölfarið við mannvirkjaskrá Mannvirkjastofnunar og aukin rafræn afgreiðsla innleidd. Vegna þessa þarf að breyta vinnulagi embættisins nokkuð, en það krefst m.a. aðlögunar verklagsreglna gæðakerfis embættisins að því að hefja móttöku umsókna og yfirferð þeirra á rafrænu formi. Nú er verið að vinna í möguleikum á flutningi gagna úr núverandi kerfi í nýtt kerfi til varðveislu skjala og upplýsinga. Áfram mun verða unnið að því að tryggja rétta skráningu byggingarstigs, sem m.a. felst í því að skoða og taka á óleyfisframkvæmdum auk þess sem skönnun sérteikninga verður fram haldið í samstarfi við ÞON.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Starfsemi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) er áætluð 2023 með hefðbundnu sniði í framfylgd lögboðinna verkefna. Meginstarfsemin fer fram skv. starfs- og eftirlitsáætlun, með reglubundnu eftirliti í starfsleyfisskyld fyrirtæki, eftirfylgni mála og útgáfu starfsleyfa og annarra leyfa til samræmis við lög og reglugerðir. Rannsóknir og eftirlit vegna ábendinga og kvartana er stór liður í starfseminni auk umsagna um ýmis mál. Auk þess verður breyting á ákveðnum fyrirtækjaflokkum sem verða skráningaskyldir í stað leyfisskyldir og ekki liggur fyrir hvort sú breyting kalli á auknið vinnuframlag að hálfu HER. Áætlanir fyrir árið eru gerðar í samræmi við mannafla og ljóst er að mikil forgangsöröðun verkefna er nauðsynleg er það varðar. Mögulega þarf að endurskoða verkefni ýmis konar sem unnin eru á landsvísu með öðrum heilbrigðiseftirlitssvæðum og yfirstofnunum. Á árinu mun áfram verða lagður þungi í samstarf við ÞON og stafrænan fulltrúa USK varðandi að fá hugbúnað/eftirlitskerfi sem uppfyllir lagalegar kröfur sem gerðar eru m.a. til gagnaöflunar og birtingu gagna. Einnig verður áframhaldandi áhersla lögð á þjónustuúrbætur sem hófust 2022 m.a. í átt að einföldun ferla og áherslu á stafrænar lausnir sem lið í að gera starfsumhverfi HER skilvirkara.



KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN (KFS)

Sviðið fylgir áætlun yfir greiningu þjónustubátta sviðsins í samræmi við markmið kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlanagerðar (KFS) fyrir Reykjavíkurborg. Þrátt fyrir að ekki hafi náðst að fylgja þeim tímaramma sem við settum upp fyrir árið 2022 þá skilaði verkefnahópurinn greiningu á þjónustubáttum Bílastæðasjóðs. Einnig skilaði starfshópurinn af sér jafnréttismati og jafnréttisskimunum fyrir ýmis verkefni innan sviðsins.

Þjónustubættir til KFS greiningar 2023	Ábyrgðaraðili	Greiningar - tímabil (frá - til)
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds	Sviðsstjóri	Janúar – Apríl 2023
Heilbrigðiseftirlit	Sviðsstjóri	Apríl – Maí 2023
Rekstur hverfahluta austur og vestur	Sviðsstjóri	September – Desember 2023

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2019	Raun 2020	Raun 2021	Útsp. 2022	Áætlun 2023
Byggingarfulltrúi					
Samþykktir m3	866.323	806.232	805.520	800.000	850.000
Byggðir m3 (lokið við)	667.702	918.973	579.345	750.000	800.000
Samþykktir m2	198.894	193.600	222.835	200.000	215.000
Byggðir m2 (lokið við)	187.901	241.753	145.545	190.000	200.000
Fullgerðar íbúðir	1.003	1.572	1.252	1.100	1.400
Hafin smíði nýrra íbúða	846	1.174	1.065	1.100	1.400
Fjöldi úttekta	2.459	1.639	1.626	1.600	1.700
Yfirferð uppdráttar	36.461	28.769	31.023	30.000	32.000
Eignask. yfirl., yfirferð / samþykktir	356/191	385/203	409/243	400/200	400/200
Móttækin og afgreidd bréf vegna erinda	20.269	21.022	23.952	23.000	24.000
Fjöldi mála á afgreiðslufundum	2.962	2.935	3.550	3.000	3.200
Heilbrigðiseftirlit					
Útgefin starfsleyfi	610	487	549	590	520
Tóbakssöluleyfi	50	34	40	30	25
Sóttvarnavottorð	-	-	25	34	30
Fjöldi eftirlitsferða	3.500	3.100	3.892	3.200	3.520
Fjöldi kvartana	1.300	1.480	1.100	1.050	1.300
Svífryk (PM10) yfir heilsuverndarmörkum (dagar)	12	7	11	3	0
Gæði neysluvatns (hlutfall sýna sem standast ekki kröfur reglugerðar um neysluvatn)	0,0%	0%	0%	0,8%	0%
Vatnsgæði strandsjávar: (fjöldi sýna yfir umhverfismörk fyrir örverumengun í yfirborðsvatni)	2,0%	4,4%	21,0%	10%	0%
Rekstur og umhirða					
Bekkir	1.164	1.263	1.291	1.322	1.310
Stampar	1.429	1.520	1.542	1.593	1.560
Sláttur - flatarmál (m2)	4.724.056	4.697.828	4.644.969	4.723.270	4.723.270
Sláttur - fjöldi sláttusvæða	10.133	10.258	10.359	10.603	10.603
Hitakerfi - flatarmál (m2)	189.225	203.896	229.935	243.042	244.000
Ljósastaurar	22.699	22.819	23.411	26.222	26.622
Vetrarþjónusta gatna - ökulengd (km)	963	963	966	982	995
Vetrarþjónusta gönguleiða (km)	818	824	832	849	880
Hreinsun gatna og gönguleiða - flatarmál (m2)	5.711.553	5.716.718	5.782.046	5.792.046	5.800.000
Útgefin afnotaleyfi	1.191	1.318	1.215	1.200	1.500
Skipulagsfulltrúi					
Fjöldi mála á afgreiðslufundi	1.784	1.800	2.014	1.850	2.000
Deiliskipulag auglýst í B-deild	128	130	123	110	110
Grk. / þar af v. byggingarl.ums.	95./40	79./35	91./41	105./45	110./50
Bílastæðasjóður					
Fjöldi bílastæða við götukanta	3.600	3.606	3.498	3.800	4.000
Fjöldi bílastæða í bílahúsum	1.145	1.265	1.265	1.265	1.265
Fjöldi aukastöðugjalda	59.933	50.823	55.326	60.000	65.000
Fjöldi stöðubrota	14.921	9.472	15.432	12.000	13.000
Fjöldi endurupptökumála	5.387	4.665	5.072	5.600	6.500
Fjöldi samþykktara endurupptökumála	4.017	3.818	4.132	4.600	5.200
Fjöldi hafnaðra endurupptökumála	1.361	847	940	1.000	1.300

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI FRH.


	Raun 2019	Raun 2020	Raun 2021	Útsp. 2022	Áætlun 2023
Samgönguskristofa					
Lengd hjólaleiða (stígar, reinar) (km)	31	33	36	42	47
Sameiginlegir göngu- og hjólastígar (km)	13	15	17	18	21
Banaslys í umferðinni	0	0	3	-	-
Umferðaróhöpp með alvægum meiðslum	31	26	47	-	-
Umferðaróhöpp þar sem einhver slasast	237	202	318	-	-
Börn yngri en 18 ára sem slasast í umferðaslysi	43	31	33	-	-
Fjöldi umferðarjónsa	118	119	119	121	121
Fjöldi gönguljónsa	38	39	40	40	40
Nagladekkjanotkun (hlutfall í viku 4, viðkomandi ári)	46	44	40	42	40
Náttúra og garðar					
Skráðir safngripir í Grasagarði	4.223	4.784	4.816	5.000	5.000
Þátttakendur í viðburðum og fræðslu Grasagarðsins	4.758	3.056	3.802	4.500	4.500
Heildarfjöldi gesta í Grasagarði	200.356	201.511	165.418	200.000	200.000
Nemendur í Vinnuskóla	2.295	3.316	3.294	2.968	3.300
Ræktunarstöð - fjöldi framleiddra sumarblómabakka	3.770	4.123	4.483	4.757	4.800
Ræktunarstöð - fjöldi framleiddra sumarblómappotta	5.371	6.253	7.116	8.338	8.400
Sorphirða					
Fjöldi grárra tunna og kerja, blandaður úrgangur [tunnuígildi]	31.567	31.519	31.490	31.450	31.270
Fjöldi spartunna, blandaður úrgangur [tunnuígildi]	1.653	1.681	1.713	1.770	1.800
Fjöldi djúpgáma (allir flokkar) [stk]	64	144	185	240	303
Fjöldi djúpgáma (allir flokkar) [tunnuígildi]	1.215	2.791	3.566	4.208	5.780
Blandaður úrgangur [tonn]	17.434	17.899	17.611	17.695	17.695
Magn blandaðs úrgangs á íbúa [kg/íbúa]	134	136	132	130	130
Fjöldi blárra tunna og kerja [tunnuígildi]	15.529	15.685	16.243	16.650	17.000
Pappír- og pappi í bláar tonnur [tonn]	2.914	2.596	2.489	2.451	2.500
Fjöldi grænna tunna [tunnuígildi]	5.341	5.989	6.604	6.950	7.400
Plast í grænar tonnur [tonn]	394	455	446	492	540
Fjöldi brúnna tunna [tunnuígildi]	-	-	461	475	520
Lifúrgangur í brúnar tonnur [tonn]	-	-	76	98	110
Grenndarstöðvar					
Fjöldi grenndarstöðva	57	57	57	57	57
Pappír og pappi skilað á grenndarst. [tonn]	1.250	1.090	1196	1.200	897
Plast skilað á grenndarstöðvar [tonn]	189	186	186	190	140
Gleri skilað á grenndarstöðvar (tonn)	157	216	230	230	299
Endurvinnslustöðvar					
Fjöldi endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu.	6	6	6	6	6
Móttækð magn úrgangs. [tonn]	53.402	52.666	53.556	53.600	55.315
Aðalskipulag og loftslagsmál					
Losun gróðurhúsalofttegunda í Reykjavík, tonn CO ₂ ígilda, samfélagslosun, BASIC+	590.907	533.156	556.824	-	-

VELFERÐARSVIÐ - VEL

LEIÐARLJÓS

Virðing – virkni – velferð

SKIPURIT



HLUTVERK

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar stuðlar að auknum lífsgæðum sérhvers íbúa Reykjavíkur með því að sýna frumkvæði og bregðast við fjölbreyttum þörfum einstaklinga og fjölskyldna fyrir velferðarþjónustu.

Velferðarsvið annast framkvæmd velferðarþjónustu í umboði velferðarráðs og vinnur í samstarfi við stjórnvöld á sviði heilbrigðis- og velferðarmála, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila að auknum lífsgæðum íbúa borgarinnar. Sviðið ber ábyrgð á rekstri, áætlanagerð, samhæfingu og samþættingu verkefna á sviði velferðarþjónustu, eftirliti í samræmi við lög, reglur, samþykktir og stefnu velferðarráðs í velferðarmálum. Einnig sér sviðið um mat á árangri og þróun velferðarþjónustu og nýrra úrræða.

Verkefni sem velferðarsvið ber ábyrgð á samkvæmt stjórnskipulagi Reykjavíkurborgar eru meðal annars félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, barna- og farsældarþjónusta, málefni eldri borgara, málefni fatlaðs fólks, málefni heimilisláusra með miklar og flóknar þjónustuparfir, sérhæfð húsnæðisaðstoð og búsetuþjónusta, barnavernd, heimahjúkrun, félagsleg heimþjónusta, heimastuðningur, matarþjónusta, félagsstarf fyrir aldraðra, akstursþjónusta fatlaðs fólks og eldri borgara, stuðningsþjónusta, forvarnir og almenn upplýsingagjöf. Dagleg framkvæmd velferðarþjónustunnar fer fram á miðstöðvum í hverfum borgarinnar, Keðjunni, rafrænni miðstöð, hjúkrunarheimilum og hjá Barnavernd Reykjavíkur. Miðstöðvar velferðarsvið eru fjórar talsins og undir þær heyra starfseiningar í hverfum borgarinnar svo sem heimþjónusta og heimahjúkrun, flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd, heimili fyrir fatlað fólk, þjónustuíbúðir, félagsmiðstöðvar og dagþjónusta fyrir eldri borgara.

FJÁRHAGSÁÆTLUN

	Raun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023
Þjónustutekjur	2.761.859	2.681.876	2.740.822
Tekjur v. verkefna frá ríki	4.875.968	4.192.874	5.052.345
Tekjur samtals	7.637.827	6.874.750	7.793.166
Laun og launatengd gjöld	24.334.373	26.393.681	26.592.900
Annar rekstrarkostnaður	18.650.958	19.258.862	21.458.569
Rekstrargjöld samtals	42.985.331	45.652.542	48.051.469
Rekstarniðurstaða	35.347.504	38.777.792	40.258.303


STARFSFÓLK

	Raun 2021	Útkomuspá/ Áætlun 2022	Áætlun 2023
Fjöldi starfsmanna	3.459	3.576	3.849
Fjöldi stöðugilda	2.277	2.124	2.264
Stöðugildi eftir þjónustupáttum:			
*Stjórnsýsla, sérfræðiþjónusta og ráðgjöf	410	354	328
Búsetuúrræði	891	836	903
Félagsmiðstöðvar	60	41	34
Dagþjónusta	60	74	56
Heimabjónusta og heimahjúkrun	390	374	414
Hjúkrunarheimili	166	145	158
Rafræn þjónusta	6	14	27
Þjónustuíbúðir	62	58	92
Samningar og styrkir	2	4	4
Stuðnings- og stoðþjónusta	172	126	150
Ýmis úrræði og þróunarverkefni	23	53	31
Önnur gjöld og óflokkað	21	17	49
**Keðjan	14	27	98

*Þ.m.t. þjónustumiðstöðvar og barnavernd.

**Skammtímadvalir hafa færst yfir í Keðjuna

SKIPTING REKSTRAR 2023



MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Ein af megináherslum sviðsins til næstu fimm ára er að framfylgja velferðarstefnu Reykjavíkurborgar. Stefnan var samþykkt á árinu 2021 og gildir til ársins 2030. Einkunnarorð stefnunnar er Reykjavík – fyrir okkur öll. Velferðarstefnan er rammi utan um metnaðarfulla velferðarþjónustu sem hefur það að markmiði að auka lífsgæði og stuðla að því að allir Reykvíkingar eigi kost á að lifa með reisn. Stefnan er hugsuð sem vegvísir fyrir borgarbúa og um leið fyrir starfsfólk í velferðarþjónustu. Áfram verður unnið eftir samþykktum stefnum í einstaka málaflokkum, svo sem í málafnum fólks með miklar og flóknar stuðningsparfir, málafnum aldraðra, málafnum fatlaðs fólks, málafnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd. Við mótun velferðarstefnunnar voru farnar ólíkar leiðir til að ná til fólks og hlustað á fjölbreyttar raddir borgarbúa, starfsfólks, samstarfsaðila og kjörinna fulltrúa.

Fjárhagsrammi velferðarsviðs árið 2023 byggir á frumvarpi ársins 2022, hagræðingu, launahækkunum vegna kjarasamninga, viðaukum, samningsbundnum skuldbindingum við þriðja aðila, leiðréttingum á fjárheimildum barnaverndar vegna vistgreiðslna og vegna þjónustu við börn og ungmenni með þroska- og geðraskanir. Nettó hækkun á ramma 2023 frá frumvarpi 2022 er 3,3 ma.kr.

Gert er ráð fyrir hagræðingu sem nemur 1% af launakostnaði eða um 248 m.kr. Gert er ráð fyrir fjölgun í vinnumiðaðri stoðþjónustu fyrir ungt fatlað fólk vegna nýliðunar og hækkar fjárheimild ársins 2023 um 58 m.kr. vegna þessa. Verðbætur vegna samninga nema 4,9% hækkun á vísitölu neysliverðs og 5,5% hækkun launavísitölu og hækkar fjárheimild sviðsins um 222,8 m.kr. Gert er ráð fyrir 1% hagræðingu á samninga við þriðja aðila sem ekki falla undir samningsskuldbindingar. Innri leiga er verðbætt um 4,1% og gert er ráð fyrir að gjaldskrár vegna þjónustugjalda hækki í samræmi við verðlagsforsendur fjárhagsáætlunar um 4,9%. Tekjuauki er áætlaður um 77,6 m.kr. á árinu 2023. Viðaukar sem samþykktir voru á árinu 2022 nema 2,4 ma.kr.

MEGINÁHERSLUR OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Velferðarstefna Reykjavíkurborgar er rammi utan um metnaðarfulla velferðarþjónustu. Í tengslum við samþykkt velferðarstefnunnar árið 2021 voru samþykktar skipulagsbreytingar á velferðarsviði sem tóku gildi 1. janúar 2022 og ásamt nýju skipuriti. Með breytingunum og samræmingu á milli miðstöðva er sviðið betur í stakk búið til að meta umfang þjónustu og þar með fjárþörf. Stofnuð var rafræn miðstöð og tvær þjónustumiðstöðvar í austurhluta borgarinnar voru sameinaðar. Með sameiningu þjónustumiðstöðva varð ákveðin hagræðing sem nýtt var til að ráða fólk í umbótaverkefni hjá rafrænni miðstöð. Eins og sést á skipuriti velferðarsviðs að þá er fyrsta stopp borgarbúans í þjónustu hjá velferðarsviði hjá rafrænni miðstöð. Áfram verður unnið að stafrænni umbreytingu á árinu 2023 til að bæta þjónustu velferðarsviðs, gera hana notendavænni og skilvirkari sem mun til lengri tíma litið leiða til lækkunar á kostnaði við ýmiskonar umsýslu.

Þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs bera nú ný nöfn, Suðurmiðstöð, Austurmiðstöð, Norðurmiðstöð og Vesturmiðstöð. Skipurit miðstöðvanna var einnig endurskoðað og samræmt á milli hverfa. Jafnframt var stofnuð sérstök deild barna og fjölskyldna, til þess að vera betur í stakk búin við innleiðingu á lögum um farsæld barna og samþættingu við skóla- og frístundasvið. Skipuritið endurspeglar helstu málaflokka sviðsins sem eru þjónusta við fatlað fólk, þjónusta við eldri borgara, ráðgjöf og þjónusta við einstaklinga í félagslegum vanda og barnavernd. Í miðstöðvunum fjórum verður unnið að verkefninu Betri borg fyrir börn en það miðar að því að þetta og stórauka samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs borgarinnar í anda nýrra farsældarlaga.

BÖRN OG FJÖLSKYLDUR

Farsæld barna

Alþingi samþykkti lög um samþættingu í þágu farsældar barna á árinu 2021. Lögnum er ætlað að stuðla að farsæld barna með því að tryggja snemmtækan stuðning og samþætta þjónustu. Nýmæli er að öll börn og foreldrar sem þurfa á þjónustu að halda hafi aðgang að aðila sem aðstoðar þau við að fá viðeigandi þjónustu án hindrana. Í fyrsta lagi er um að ræða sérstakan tengilið sem hefur það hlutverk að veita upplýsingar og styðja við samþættingu þjónustu á fyrsta stigi. Tengiliðir verða á heilsugæslustöðvum, leik-, grunn- og framhaldsskólum. Í öðru lagi er gert ráð fyrir málstjórum á miðstöðvum sem koma til sögunnar ef barn þarfnast frekari stuðnings en veitt er á fyrsta stigi. Hlutverk málstjóra er að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf og leiða samþættingu þjónustu.

Reykjavíkurborg eins og önnur sveitarfélög hafa fengið vilyrði fyrir tímabundnu fjármagni til tveggja ára vegna innleiðingar farsældarlagna. Fjárheimild sem nemur 159,5 m.kr. fékkst með viðauka á árinu 2022 og hefur velferðarsvið nýtt fjármagnið til að ráða í stöður málstjóra á miðstöðvum sviðsins. Gert er ráð fyrir að sviðið fái áfram þá fjárheimild á árinu 2023 með viðauka í byrjun árs.

Betri borg fyrir börn

Innleiðingarátætlun á verkefninu Betri borg fyrir börn verður fram haldið á árinu. Markmið verkefnisins er markvissara samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs í þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra, í öll þjónustuhverfi borgarinnar. Starfsemi skóla- og frístundaþjónustu er nú staðsett á miðstöðvum Reykjavíkurborgar sem og skrifstofur frístundamiðstöðvar Tjarnarinnar, Kringlumýrar og Gufunesbæjar/Ársel í þeim borgarhluta sem við á. Jafnframt hafa verkefni skólaþjónustu sem var sinnt af velferðarsviði færst í nýja skóla- og frístundaþjónustu í borgarhluta: kennslu- og sérkennsluráðgjöf, hegðunarráðgjöf, þjónusta talmeinafræðinga og málefni daggæslu. Samstarfssamningur hefur verið undirritaður á milli velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs um verkefnið. Fjárheimild sem nam 150 m.kr. var flutt frá velferðarsviði til skóla- og frístundasviðs.

Innleiðing Betri borgar fyrir börn og verkefnastjórnir velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs hefur jafnframt það hlutverk að innleiða löggjöf um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

Þjónusta við börn og ungmenni

Keðjan hefur verið starfsrækt frá því 2020. Keðjan veitir stuðningsþjónustu fyrir börn, unglinga og fjölskyldur þeirra. Hlutverk Keðjunnar er að þróa og bjóða þjónustu sem uppfyllir þarfir og væntingar þjónustunotenda með áherslu á „heildstæða og samfellda“ þjónustu fyrir börn (0–18 ára) og fjölskyldur þeirra. Um 1.100 börn og fjölskyldur þeirra njóta árlega stuðningsþjónustu á vegum velferðarsviðs. Meðal verkefna Keðjunnar er foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf, einstaklingsstuðningur, hópastarf, námskeið og smiðjur ásamt umsjón með stuðningsfjölskyldum.

Breyting var gerð á haustmánuðum 2022 og rekur nú Keðjan allar skammtímadvalir sviðsins sem og tvö heimili fyrir fötluð börn. Með þeirri breytingu er markmiðið að hægt verði á árinu 2023 að þróa þjónustuna enn frekar, ná yfirsýn og samræmingu. Markmið Keðjunnar á árinu 2023 er að vinna áfram að því að auka sérþekkingu í þjónustu við tiltekinn hóp barna t.d. börn af erlendum uppruna/flóttafólk og fötluð börn.

Barnavernd Reykjavíkur

Fjárheimild Barnaverndar er leiðrétt á árinu 2023. Vistgreiðslur hækka um 558,6 m.kr. og þjónusta við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir um 152,2 m.kr.

Haustið 2020 var tekin ákvörðun að styrkja starfsemi Barnaverndar tímabundið og var stöðugildum fjölgað til að bregðast við fjölgun tilkynninga. Þar sem aukningin er viðvarandi verður aukin fjárheimild enn til staðar á árinu 2023, eða 116 m.kr. sem samsvarar fjármagni fyrir 10 stöðugildi hjá Barnaverndinni.

Eftir fyrstu átta mánuði ársins 2022 hefur tilkynningum fækkað um 5% frá fyrra ári, nokkur þungi hefur þó færst í nokkra málaflokka svo sem vegna fylgdarlausra barna og fjölskyldna á flóttu. Það er mat sviðsins að ekki sé tímabært að hverfa frá aukningu fjárheimilda og horfa þurfi til þess að sú aukning sem varð á stöðugildum hjá Barnavernd Reykjavíkur á árinu 2020 verði varanleg. Ef dregið yrði úr fjárheimildum á þessu stigi má búast við að Barnavernd nái ekki að sinna lögbundnum verkefnum innan lögbundinna tímafresta.

FJÁRHAGSAÐSTOÐ OG VIRKNI

Atvinnu- og virknimiðlun

Virknihús var stofnað á árinu 2022. Starfsemin heldur utan um virkníurræði á vegum sviðsins eins og Grettistak, Tinnu, Bataskólann og starf með stuðningi (IPS – Individual Placement Support). Virkni hús heldur einnig utan um nýtt áfangaheimili fyrir konur sem lokið hafa áfengis- og vímuefnaeðferð.

Atvinnu- og virknimiðlun, sem er tveggja ára tilraunaverkefni (til ársins 2024) er jafnframt starfrækt í Virkni húsi. Áfram verður ráðningum fjölgað tímabundið hjá Reykjavíkurborg og einstaklingum veittur kostur á vinnu eða virkni. Markmið úrræða Virkni húss er almennt að stuðla að valdeflingu og hjálp til sjálfshjálpar meðal þeirra sem hafa þurft að reiða sig á fjárhagsaðstoð til langs tíma sem og að koma virkni- og vinnuaðgerðum í framkvæmd eftir því hvernig staða á vinnumarkaði þróast.

Áætlað var að atvinnu- og virknimiðlun muni í fyrsta áfanga skapa um 200 störf, meðal annars í samstarfi við Vinnuálastofnun. Af þessum 200 störfum eru 50 vegna einstaklinga sem eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum og eru á fjárhagsaðstoð.

ÞJÓNUSTA VIÐ FATLAÐ FÓLK

Á árinu 2022 var samþykkt endurskoðuð uppbyggingaráætlun í málefnum fatlaðs fólks til viðbótar við gildandi áætlun frá 2017. Um er að ræða áframhaldandi uppbyggingaráttak en áætlunin gerir ráð fyrir 20

nýjum íbúðakjörnum á næstu árum með allt að 120 íbúðum auk þess sem stefnt er á að keyptar verði íbúðir fyrir allt að 48 manns sem fá stuðning frá færanlegu teymi.

Samningar um Notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) hjá Reykjavíkurborg eru nú 29 talsins. Áætlun vegna NPA á árinu 2023 hækkar um 105 m.kr. vegna samningaskuldbindinga til að ekki verði rof í þjónustu þeirra sem þegar eru með NPA samninga og mæta breyttum stuðningsþörfum hluta hópsins. Óvíst er með fjölgun samninga þar sem ekki liggur fyrir hvort bráðabirgðaákvæði laga nr. 38/2018 varðandi NPA verði framlengt og viðræður eru í gangi milli ríkis og sveitarfélaga vegna kostnaðarskiptingar aðila.

Gert er ráð fyrir að endurskoðun á vinnumiðaðri stoðþjónustu verði lokið á árinu 2023 en sviðið rekur í dag fjóra vinnustaði fyrir fatlað fólk. Unnið er að því að auka fjölbreytni úrræða og skapa tengingar við atvinnulífið. Fjárheimild var aukin um 58 m.kr. á árinu 2023 til að koma til móts við þá einstaklinga sem munu útskrifast úr framhaldsskólum á árinu.

Á árinu 2023 verður áfram unnið að því að innleiða samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og tryggja að hann endurspeglar í öllu starfi velferðarsviðs. Stefnu Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum 2013–2023 verður fylgt eftir með fræðslu og lögð áhersla á hugmyndafræði um sjálfstætt líf.

Notendasamráð og samráð við hagsmunasamtök fatlaðs fólks verður áfram sett í öndvegi á árinu 2023.

Húsnæðismál

Velferðarsvið hefur það að leiðarljósi að tryggja fjölbreytileika, gæði og félagslega blöndun í uppbyggingu félagslegs húsnæðis. Velferðarsvið hefur unnið markvisst að því að efla samvinnu við skrifstofur og stofnanir innan og utan Reykjavíkurborgar sem koma að húsnæðismálum, til að hraða öllum ferlum sem snúa að skipulagi og uppbyggingu félagslegs húsnæðis. Hlutfall leiguhúsnæðis á vegum Félagsbústaða er í kringum 5% af íbúðarhúsnæði í borginni. Áætlun félagsbústaða fyrir árin 2023–2027 gerir ráð fyrir fjölgun um 75 íbúðir á ári. Áfram verður unnið í samræmi við húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar.

ÞJÓNUSTA VIÐ ELÐRA FÓLK

Á velferðarsviði hefur verið lögð áhersla á samþættingu heimastuðnings og heimahjúkrunar, á velferðartækni og verkefnið Endurhæfing í heimahúsi. Unnið verður áfram að þessum verkefnum auk þess sem áhersla verður á sértækari þjónustu fyrir tiltekna hópa s.s. félagslegan stuðning við heilabilaða og einstaklinga með hjartabilun. Velferðartækni miðjan var flutt undir Rafræna miðstöð á árinu 2022 og verður aðallega lögð áhersla á innleiðingu skjáheimsókna og lyfjaskammtara á árinu 2023 ásamt ýrri tækni fyrir fatlað fólk.

Þrjú endurhæfingarteymi eru starfrækt með góðum árangri í hverfum borgarinnar. Teymin eru annars vegar fjármögnuð af Reykjavíkurborg sem stendur undir 40% af kostnaði, og hins vegar af heilbrigðisráðuneytinu, með 60% af kostnaði. SELMA, sérhæft hreyfanlegt öldrunarteymi sem er meðal annars ætlað að draga úr innlögnum hrumra aldraðra á bráðamóttöku Landspítalans, var stækkað að beiðni Sjúkratrygginga Íslands og verður þá hægt að styðja enn betur og þéttar við þjónustu heimahjúkrunar.

Nýjar reglur um stuðningsþjónustu tóku gildi þann 1. febrúar 2022 og leystu þær af hólmi eldri reglur um félagslega heimaþjónustu. Unnið er að innleiðingu á verklagi og er markviss stuðningur veittur með leiðbeiningum, þjálfun, eftirliti og aðstoð. Stuðningurinn byggist fyrst og fremst á þeim markmiðum sem notandi setur sér sjálfur til að ráða við daglegt líf og þannig er betur komið til móts við einstaklingsbundnar þarfir hvers og eins. Félagslegur stuðningur er nú einnig veittur utan heimilis til að rjúfa félagslega einangrun og hvetja notanda til félagslegrar þátttöku. Samhliða breytingum á reglum var

sett á laggirnar tveggja ára þróunarverkefni þar sem félagslegur stuðningur er veittur 30 einstaklingum með heilabilun, þar sem aðstæður eru með þeim hætti að viðkomandi getur búið heima.

Á árinu er stefnt að útboði á heimsóknar- og heimaþjónustulausn velferðarsviðs fyrir skipulagningu og stafrænni veitingu þjónustu velferðarsviðs, sérstaklega með áherslu á heimaþjónustu og aðra þjónustu veitta utan þjónustumiðstöðva en mikil þörf er á að nútímavæða þessa þjónustu.

Á árinu verður gerð tillaga að heildstæðri stefnu í málefnum eldra fólks til ársins 2026 til þess að skapa aðstæður í borginni sem bæta félagslega, andlega og líkamlega heilsu þess. Markmiðið er að styðja við nýsköpun, virkni og heilbrigði þannig að eldra fólk geti búið heima jafnframt því sem umönnun þess sé tryggð þegar hennar er þörf. Ennfremur verður gerð heildstæð stefna í þróun félagsstarfs í borginni til þess að skapa aðstæður sem bæta félagslega heilsu allra aldurshópa, þ.m.t. eldra fólks. Tillögur verða gerðar að staðsetningu og skipulagi samfélagshúsa ásamt framtíðarnýtingu húsnæðis sem nú þegar er nýtt, en hentar ekki undir slíka starfsemi.

Ráðist hefur verið í endurskoðun á matarþjónustu velferðarsviðs í takt við matarstefnu Reykjavíkurborgar og liður í því er útboð á heimsendum mat. Á árinu 2023 verður jafnframt farið í útboð á Eldhúsumsjónarkerfi í samfloti við skóla- og frístundasvið en kerfið mun halda utan um allt hráefni (innihald og næringargildi), uppskriftir, matseðla, notendur, birgja, pantanir, innkaup, framleiðslu og afhendingu á mat og máltíðum og aðra starfsemi í eldhúsinu. Nýtt kerfi mun leysa af hólmi eldra kerfi sem hefur verið í notkun hjá Reykjavíkurborg um árabíl.

STAFRÆN UMBREYTING

Hlutverk rafrænnar miðstöðvar er að framfylgja þeim þáttum velferðarstefnunnar sem snúa að þjónustu við notendur, setja gæðaviðmið vegna þjónustu og hafa samræmingar- og eftirlitshlutverk með þáttum eins og viðmóti, aðgengi og þjónustuferlum í starfsemi velferðarsviðs.

Velferðartæknimiðjan varð hluti af rafrænni miðstöð í apríl 2022. Stærstu verkefni ársins 2023 eru innleiðing á lyfjaskömmturum og skjáheimsóknunum í þjónustu sviðsins, innleiðing á velferðartækni fyrir fatlað fólk og fjarvöktun hjartabilunareinkenna. Jafnframt verður unnið að mótun nýrra prófunarverkefna.

Á árinu 2023 verður unnið að ýmsum stafrænum verkefnum en stafræn umbreyting er einn af hornsteinum nýrrar velferðarstefnu borgarinnar. Helstu verkefni ársins 2023 eru umbætur í framlínupjónustu, yfirfærsla þjónustu frá miðstöðvunum, bætt innri og ytri upplýsingamiðlun og innleiðing velferðartækni.

Rafræn miðstöð mun vinna með miðstöðvunum í hverfunum og þjónustuveri borgarinnar að því að bæta framlínupjónustu við íbúa sem sækja sér velferðarþjónustu, þ.m.t. símsvörun, svörun tölvupósta og netspjall, með innleiðingu nýrra lausna og verklags. Við yfirfærslu þjónustupátta eru núverandi ferlar greindir og gerðar viðeigandi umbætur t.d. með innleiðingu nýrra tæknilausna og verklags.

Rafræn miðstöð heldur áfram að vinna með þjónustu- og nýsköpunarsviði að stafrænni umbreytingu velferðarsviðs. Mikið hefur áunnist varðandi rafrænt aðgengi að þjónustu síðustu ár og er í dag hægt að nálgast alla helstu þjónustu sviðsins með rafrænum hætti. Stærsta verkefnið árið 2023 er áframhaldandi endurnýjun grunnkerfa en unnið er að innleiðingu nokkurra lausna s.s. Ráðgjafanum sem er nýtt kerfi sem mun taka við af núverandi málaskrá, sem er helsta vinnslukerfi starfsfólks á miðstöðvum borgarinnar. Innleiðing S5, Ósk og Veitu heldur áfram sem og innkaup á kerfum fyrir heimaþjónustu, stuðningsþjónustu og búsetuþjónustu og verður lokið árið 2023. Mörg önnur verkefni verða unnin árið 2023 með það að markmiði að bæta aðgengi íbúa að þjónustu velferðarsviðs og stafrænt vinnuumhverfi starfsfólks sviðsins.

Rafræn miðstöð mun halda áfram að bæta innri og ytri upplýsingamiðlun sviðsins í samvinnu við ritstjórn velferðarsviðs. Á árinu 2023 mun uppsetningu upplýsingabrunns sviðsins ljúka ásamt því að unnið verður að áframhaldandi umbótum á efni á Reykjavík.is

MANNAUÐUR

Hlutverk mannauðsþjónustu velferðarsviðs var eftt á árinu 2022. Fjórir mannauðsráðgjafar eru staðsettir á öllum miðstöðvum velferðarsviðs sem hefur reynt mjög vel og stuðlar að betra aðgengi stjórnenda og starfsfólks að mannauðsráðgjafa. Á árinu 2023 verður móttaka nýrra stjórnenda eflid og bætt sem stuðlar að öruggari stjórnendum og betri stjórnun á hverjum starfsstað. Að auki verða verkferlar í mannauðsmálum gerðir sýnilegri og aðgengilegri stjórnendum í hverju hverfi.

Velferðarsvið leggur áherslu á jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi sem eflir starfsgleði og frumkvæði starfsfólks sem ytir undir góða þjónustu við borgarbúa. Velferðarsvið vill stuðla að trausti og jafnræði í samskiptum milli starfsfólks með skýrum boðleiðum og virku upplýsingastreymi.

Tímamótasamkomulag um styttingu vinnutíma náðist í síðustu kjarasamningum en markmið styttingar vinnutímans er að stuðla að betri heilsu og öryggi starfsfólk og auðvelda samræmi á milli vinnu og einkalífs. Styttingin hefur einnig að markmiði að bæta vinnustaðamenningu og auka skilvirkni og þjónustu. Stjórnendur og mannauðsráðgjafar vinna áfram að eftirfylgni og endurmati vegna styttingar vinnuvikunnar hjá dagvinnufólki og vaktavinnufólki.

Öllu starfsfólki velferðarsviðs á að standa til boða fjölbreyttir möguleikar til fræðslu og starfsþróunar. Með það að markmiði er lögð áhersla á framsækna fræðsluáætlun sem stjórnendur taka þátt í að móta, með óskir starfsfólks og þarfir vinnustaðarins að leiðarljósi. Í samræmi við velferðarstefnuna verður sérstaklega aukið við fræðslu sem snýr að notendamiðaðri hönnun, menningarnæmi og þjónustumenningu. Áfram verður lögð áhersla á rafræna fræðslu og gott aðgengi að nýliðafræðslu. Sérstök áhersla verður lögð á stuðning við stjórnendur með öflugri fræðslu til að efla þau í sínu hlutverki.

Ráðningarferli, starfsauglýsingar og hæfniskröfur við ráðningar nýs starfsfólks verða endurskoðaðar með það að markmiði að starfsfólk velferðarsviðs endurspegli fjölbreytni samfélagsins. Aukin áhersla verður á ráðningar fólks af erlendum uppruna í ábyrgðar- og sérfræðistörf á velferðarsviði. Eins verður lögð áhersla á ráðningu fólks með tungumálakunnáttu sem nýtist í störfum sem fela í sér bein samskipti við notendur af erlendum uppruna. Aukin áhersla verður á innleiðingu á rafrænum og stafrænum lausnum í mannauðsmálum á velferðarsviði, meðal annars verður innleitt nýtt ráðningar- og umsóknarkerfi ásamt stafrænu fræðslukerfi sem mun gagnast stjórnendum og starfsfólki sviðsins. Með nýju fræðslukerfi verður aðgangur að fræðslu aukinn sem og eftirfylgni í fræðslumálum.

KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN (KFS)

Sviðsstjóri velferðarsviðs skipaði þriggja manna starfshóp til að vinna að kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun (KFS) á sviðinu, samkvæmt reglum um gerð fjárhagsáætlunar. Markmið KFS er að stuðla að aukinni skilvirkni, gagnsæi og betri nýtingu á opinberu fé. Lagðar eru til úrbætur komi í ljós að núverandi framkvæmd þjónustu og dreifing fjárheimilda mæti ekki áherslum um jafnrétti kynjanna. Greiningar á þjónustubáttum sviðsins og niðurstöður rýninga hafa leitt í ljós að þjónusta hefur í meginráttum verið í samræmi við mismunandi þarfir kynjanna og jaðarsettra hópa.

Velferðarsvið hefur jafnréttisskimað og metið fjárfestingar- og fjárhagsáætlun sviðsins frá árinu 2018 og að auki eru allar tillögur velferðarráðs jafnréttisskimaðar. Frá því að innleiðing hófst á árinu 2011 hefur velferðarsvið tekið fullan þátt og lokið rýningu allra þjónustubátta.

ÁHERSLUR OG AÐGERÐIR 2023

Stefnumarkandi áherslur	Forgangsaðherslur	Aðgerðir
1 Engin tvö eru eins	1.1 Skilgreina einstaklingsmiðaða nálgun í þjónustu	Rafræn fræðsla fyrir starfsfólk
	1.2 Útfæra og innleiða einstaklingsmiðaða nálgun í þjónustu	Endurskoða verklagsreglur
	1.3 Mæta fólki af erlendum uppruna	Sérhæft teymi um málefni fólks af erlendum uppruna • Upplýsingar aðgengilegar á fleiri tungumálum • Endurskoða hæfnis-kröfur vegna starfa
2 Nálægð og aðgengileiki	2.1 Útfæra breytingar á þjónustunni	Rafræn þjónustumiðstöð
	2.2 Efla notkun stafrænna lausna	Allar umsóknir rafrænar • Endurskoða og rafvæða alla þjónustuferla • Setja upp gagnvirkar „Mínar síður“ • Endurnýja grunnkerfi og tryggja samþættingu
	2.3 Nota vandað, skýrt og auðskilið mál	Yfirfara öll stöðluð bréf • Yfirfara efni með áherslu á skýrt málfar
3 Þjónustulipróf og skilvirkni	3.1 Endurskoða skipulag velferðarsviðs	Rafræn þjónustumiðstöð • Þjónustuvæði verði fjögur • Betri borg fyrir börn yfirfært á önnur svæði • Skipurit þjónustumiðstöva samræmd • Sérhæft teymi sett á laggirnar • Hlutverk fagskrifstofa og stöðþjónustueininga eft
	3.2 Tryggja að notendur séu alltaf í forgunni	Skilgreina þjónustubætti sem mældir verða reglubundið • Sjálfvirkni í þjónustukönnunum í kjölfar þjónustuveitingar • Gagnvirkar „Mínar síður“
	3.3 Meta þarfir ólíkra samfélagshópa	Skilgreina ólíka samfélagshópa • Árleg aðgengiskönnun
	3.4 Skilgreina heildarþjónustu	Kortlagning samstarfsaðila • Verkfærlar um samvinnu velferðarsviðs og helstu samstarfsaðila
	3.5 Samræma þjónustustig	Meta samræmi í þjónustuveitingu
4 Virðing og umhyggja	4.1 Auka áherslu á valdeflingu	Auka valkosti innan virkni- og endurhæfingarúrræða • Fjölga vinnustöðum sem taka þátt í atvinnu- og virknimiðlun
	4.2 Efla traust	Rafræn fræðsla fyrir starfsfólk
	4.3 Vinna gegn fordómum	Rafræn fræðsla fyrir starfsfólk
5 Frumkvæði og forvarnir	5.1 Efla forvarnir	Lágþröskuldabþjónusta við börn og fjölskyldur • Endurnýja stefnu í forvarnamálum
	5.2 Auka frumkvæði	Rafræn fræðsla fyrir starfsfólk • Endurskoða verklag svo að starfsfólk fái rýmra umboð til athafna
	5.3 Efla gagnadrifna ákvarðanatöku	Greiningar á samfélagshópum • Spár um þróun samfélagshópa og langtíma kostnaðaráætlanir • Mælaborð með rauntíma tölfraði um þjónustu og ánægju
6 Samtal og samráð	6.1 Skipuleggja virkt samráð við hagsmunaaðila	Kortlagning hagsmunahópa og verkferill samráðs
	6.2 Styrkja miðlun upplýsinga	Ritstjórn og ritstjóri • Nýr vefur • Fjölbreyttar leiðir til upplýsingamiðlunar • Verklagsreglur um samskipti við fjölmiðla
	6.3 Skoða strauma og stefnur á markvissari hátt	Vóktun og miðlun á straumum og stefnum • Umræðuveitvangur fyrir starfsfólk, hagsmunaaðila og háskólasamfélag
	6.4 Tryggja reglubundna endurgjöf frá notendum	Hagsmunaaðilar geti komið athugasemdum á framfæri með rafrænum hætti • Greiningar á samfélagshópum • Sjálfvirkni í þjónustukönnunum í kjölfar þjónustuveitingar • Mælaborð með rauntíma tölfraði um þjónustu og ánægju
7 Fagmennska og framsýni	7.1 Skapa framsækið vinnuumhverfi	Verkefnastjórnunartól fyrir stjórnendur og starfsfólk • Innleiða „starfatorg“ vegna starfsþróunar
	7.2 Styðja við þekkingardrifna vinnustaðamenningu	Fræðsluáætlun sem endurspeglar óskir starfsfólks og þarfir vinnustaða.
	7.3 Auka margbreytileika í hópi starfsfólks	Endurskoða ráðningarferli, starfsauglýsingar og hæfniskröfur • Kortleggja aðgengi allra starfseininga • Starfsfólk geti sótt íslenskukennslu • Ráðningar starfsfólks með tungumálakunnáttu sem nýst í starfi • Ráðningar fólks af erlendum uppruna í ábyrgðarstöður
	7.4 Styrkja innri upplýsingamiðlun	Workplace and Workplace Knowledge Library • Verk- og þjónustuferlar í gæðahandbók uppfærðir

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

Lykil tölur og helstu magntölur í rekstri


	Raun 2019	Raun 2020	Raun 2021	Útksp. 2022	Áætlun 2023
Fjárhagsaðstoð					
Fjöldi notenda með fjárhagsaðstoð alls	2.930	3.320	3.521	3.700	3.700
Sérstakar húsaleigubætur / Sérstakur húsnæðisstuðingur á almennum markaði					
Fjöldi heimila	1.571	2.039	2.338	2.338	2.684
Félagslegt leiguhúsnæði					
Fjöldi íbúða almennt félagslegt leiguhúsnæði	2.753	2.897	3.022	3155	3238
Fjöldi úthlutana – almennt félagslegt leiguhúsnæði	160	187	168	125	142
Fjöldi á biðlista í árslok – almennt félagslegt leiguhúsnæði	697	525	531	640	553
Fjöldi úthlutana – þjónustuíbúðir aldraðra	64	66	49	49	49
Fjöldi á biðlista í árslok – þjónustuíbúðir aldraðra	127	135	138	138	138
Hjúkrunarrými					
Fjöldi hjúkrunarrýma á Droplaugarstöðum	82	82	82	82	82
Heildarkostnaður – Droplaugarstaðir	1.430.502	1.529.942	1.627.703	1.534.970	1.648.490
Meðalkostnaður á notað rými á dag	48	51	51	51	51
Framlag ríkissjóðs á rými á dag á Droplaugarstöðum	32	33	33	35	35
Fjöldi hjúkrunarrýma í Seljahlíð	20	20	20	20	20
Heildarkostnaður – Seljahlíð hjúkrunardeild	369.565	402.766	437.431	391.123	436.603
Meðalkostnaður á notað rými á dag í Seljahlíð	51	55	55	55	55
Framlag ríkissjóðs á rými á dag	32	33	35	35	37
Heimþjónusta					
Heildarrestrarkostnaður í fél. heimþjónustu (gjöld)	2.194.264	2.450.587	2.728.139	2.762.403	2.756.487
Þar af heildarkostnaður vegna kvöld- og helgarþjónustu	359.333	431.221	491.478	513.407	452.106
Félagsleg heimþjónusta – fjöldi heimila	3.603	3.568	3.614	3.700	3.700
Heildarkostnaður heimahjúkrun	1.562.036	1.717.415	1.811.493	2.242.165	2.436.387
Heimahjúkrun – fjöldi notenda	2.457	2.684	2.834	2.900	2.900
Stuðningsþjónusta (Liðv. og Tilsj./ persl. ráðgj.)					
Heildarkostnaður	704.486	519.671	789.468	830.090	810.552
Fjöldi notenda	723	810	816	840	840
Þjónusta við fatlað fólk					
Frekari liðveisla fyrir fatlað fólk – heildarkostnaður	192.001	227.556	218.941	225.981	256.009
Stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn – heildarkostnaður	166.230	173.446	208.774	168.336	168.333
Stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn – fjöldi barna	196	188	193	205	205
Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) – heildarkostnaður	641.154	817.779	1.100.075	1.221.477	1.329.098
Dagþjónusta fyrir fatlað fólk – heildarkostnaður	429.547	462.723	610.788	601.304	606.001
Búsetuúrræði – heildarkostnaður	7.306.119	9.489.524	10.649.773	11.615.848	11.631.087
Matarþjónusta					
Fjöldi notenda með heimsendan mat	829	1.347	1.266	1.302	1.341
Fjöldi heimsendra máltíða	100.075	128.213	128.253	131.679	135.629
Þjónusta við börn					
Fjöldi barnaverndartilkynninga	4.677	5.316	4.954	4.954	4.954
Heildarkostnaður við varanlegt fóstur	344.685	352.296	409.556	306.264	427.197
Fjöldi barna í varanlegu fóstri	154	165	167	167	167
Heildarkostnaður við tímab. fóstur og fóstur skv. 84 gr. bvl.	244.696	170.758	187.919	164.752	252.928
Fjöldi barna í tímab. fóstri og fóstri skv. 84 gr. bvl.	112	109	108	108	108
Heildarkostnaður – stuðningsfjölskyldur	100.087	117.865	157.328	84.951	84.949
Fjöldi barna – stuðningsfjölskyldur	194	230	237	250	250

ÞJÓNUSTU- OG NÝSKÖPUNARSVIÐ - ÞON

LEIÐARLIÓS

Við veitum fyrsta flokks þjónustu sem er í stöðugri þróun. Við leiðum stafræna vegferð borgarinnar með nýsköpun og eflingu sjálfvirkrar stjórnsýslu. Við erum boðberar frjórrar menningar, nýrra aðferða og framsækins hugsunarháttar

SKIPURIT



FJÁRHAGSÁÆTLUN 2023

	Raun 2021	Útkomuspá/ Áætlun 2022	Áætlun 2023
Rekstrartekjur	1.592.848	1.545.177	1.801.863
Tekjur samtals	1.592.848	1.545.177	1.801.863
Laun og launatengd gjöld	1.764.271	1.344.482	1.238.351
Annar kostnaður	2.320.907	3.189.116	4.289.382
Rekstrargjöld samtals	4.085.177	4.533.598	5.527.733
Rekstrarniðurstaða	2.492.330	2.988.421	3.725.870


STARFSFÓLK

	Raun 2021	Útk. spá 2022	Áætlun 2023
Fjöldi starfsfólks	133	133	132
Fjöldi stöðugilda	106,7	106,7	105,7
Fjöldi starfsfólks vegna stafrænnar vegferðar og umbreytingu ferla *	48	75	75
Fjöldi starfa v. Bloomberg **	4	4	9
Eftir skrifstofum/ þjónustubáttum:			
Skrifstofa sviðsstjóra	7	7	7
Skrifstofa gagnþjónustu	3	4	4
Skrifstofa upplýsingatækniþjónustu	34	37	36
Skrifstofa stafrænnar Reykjavíkur	10	8	8
Skrifstofa þjónustu og umbreytinga	34	34	34
Skrifstofa upplýsinga- og skjalastýringar	9	8	8
Borgarskjalasafn Reykjavíkur	8,9	8	8

* Fjölgun starfsfólks er tímabundin vegna stafrænnar vegferðar og umbreytingu ferla og hafa heimildir fengist fyrir henni í borgarráði.

** Fjölgun starfsfólks sem greitt er fyrir með styrk frá Bloomberg Philanthropies.

SKIPTING REKSTRAR 2023



HLUTVERK

Þjónustu- og nýsköpunarsvið (PON) er eitt af þremur kjarnasviðum Reykjavíkurborgar. Meginhlutverk sviðsins er að annast innri og ytri þjónustu Reykjavíkurborgar og stuðla að nýsköpun í starfsemi hennar. Sviðið starfar þvert á fagsvið borgarinnar og ber til að mynda ábyrgð á upplýsingatækni, gagnastjórnun, nýsköpun, tæknilegum umbótum og þjónustu. Þá leiðir sviðið innleiðingu á gildandi þjónustu- og upplýsingatæknistefnu Reykjavíkurborgar ásamt því að bera ábyrgð á rekstri stjórnsýslubygginga og fara með rekstur Borgarskjalasafns Reykjavíkur. Sviðið gegnir lykilhlutverki í samhæfingu tækni-, gagna-, þjónustu- og rekstrarmála Reykjavíkurborgar og er borgaryfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem undir sviðið heyrar.

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Þjónusta við íbúa borgarinnar er sett í forgang með fjárfestingu í starfrænni umbreytingu, notkun nýrrar tækni og aukin áhersla lögð á miðlæg innkaup til að ná hagræðingu í rekstri. Leiðarljósið eru grænar áherslur, sjálfbærni til skemmri og lengri tíma, betri rekstur og skilvirkari þjónusta. Áhersla er á að verkefni hafi stoð í Græna planinu ásamt því hafa til hliðsjónar breytt efnahagsumhverfi. Rík áhersla er lögð á að færa starfsemi borgarinnar í nútímalegra horf með stafrænni umbreytingu og heilsteypari nálgun er varðar upplýsingagiöf og þjónustu við íbúa og fyrirtæki í borginni.

HELSTU FJÁRHAGSLEGAR BREYTINGAR MILLI ÁRA

Í fjárhagsáætlun þjónustu- og nýsköpunarsviðs er gert ráð fyrir óbreyttum fjárhagsramma vegna ársins 2023, þó með viðaukum vegna kjarasamninga og samningsbundinna skuldbindinga við þriðja aðila annars vegar og 1% hagræðingarkröfu og viðbótar hagræðingarkröfu hins vegar. Gert er ráð fyrir að rekstrartekjur vaxi á milli ára og skýrist það einkum af gjaldskrárhækkun skrifstofu upplýsingatækniþjónustu (UTR) sem tekur mið af sömu breytingum og meginlínur rammaúthlutunar, þ.e. launahækkunum, verðbótum á samningsbundinn annan rekstrarkostnað, 1% hagræðingarkröfu og viðbótar hagræðingarkröfu. Breyting á rekstrargjöldum milli ára skýrist m.a. af kjarasamningsbundnum hækkunum, samningum við þriðja aðila er fylgja breytingu á vísitölu annars vegar eða á gengi íslensku krónunnar hins vegar og svo hækkun á innri leigu.

Útfærsla 1% hagræðingarkröfu

Áframhaldandi krafa um 1% hagræðingu ásamt viðbótar hagræðingu felur í sér niðurskurð á rekstri þjónustu- og nýsköpunarsviðs í heild sinni. Mikill kostnaður er bundinn í samningum við þriðja aðila s.s. í upplýsingatækni, þá er takmarkað hægt að hreyfa við liðum eins og innri leigu á stjórnsýsluhúsum í rekstri borgarinnar eins og Ráðhúsi Reykjavíkur og Höfða. Áætlað er því að hagræðingarkröfu verði mætt með endurskoðun á tilhögun verkefna og starfa og verður fækkað um eitt stöðugildi í rekstrarramma sviðsins.

Fjárfesting

Eitt mesta umbreytingarskeið í sögu upplýsingatækni og stafrænnar vegferðar er hafið og helst það í hendur við sömu uppbyggingu á vettvangi ríkisins og alþjóðavettvangi almennt í tengslum við fjórðu iðnbýltinguna, áhrif heimsfaraldurs og stórstígar tæknibreytingar sem hafa umtalsverð áhrif á bæði menn og samfélag. Endurspeglast þessi þáttaskil í starfsemi borgarinnar í fjárfestingum sviðsins á árinu 2023 sem gera munu borginni kleift að stíga nauðsynleg skref til að mæta nýjum tímum og kröfum í allri þjónustu og starfsemi (sagt með fyrirvara um niðurstöður fjárfestingaráætlunar fyrir 2023).

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Skrifstofa sviðsstjóra

Skrifstofa sviðsstjóra hefur forystu og frumkvæðishlutverk við eflingu stjórnsýslu á sviðinu öllu. Hún ber ábyrgð á stefnumótun sviðsins, fjármálum og mannauði ásamt meðferð lögfræðilegra álitafna, gæðamálum og upplýsingagjöf. Þá fer skrifstofan með undirbúning mála fyrir ráð og nefndir auk þess að fylgja eftir ákvörðum sem snúa að málaflokki þjónustu og nýsköpunar.

Helstu breytingar á skrifstofunni snúa að því að verkefni svokallaðs i-teymis sem styrkt er af Bloomberg Philanthropies var flutt undir skrifstofu þjónustu og umbreytinga seinni part ársins 2022, þar sem verkefnið nýtur þess nú að vera í faglegu samfloti við önnur umbreytingaverkefni borgarinnar. Ný verkefni í starfseminni eru þau að þjónustu- og nýsköpunarsvið sér nú í fyrsta sinn um skrifstofuhald fyrir eitt fagråd borgarinnar en Stafrænt ráð Reykjavíkurborgar var stofnað í kjölfar sveitastjórnarkosninga vorið 2022. Skrifstofa sviðsstjóra sér um undirbúning funda ráðsins, upplýsingagjöf og samskipti við kjörna fulltrúa. Til viðbótar verður upplýsingagjöf um stafræna vegferð og framgang hennar aukin til almennings í samstarfi við önnur svið borgarinnar auk þess sem kalli frá fyrirtækjum og fagsamfélaginu um kynningu á stafrænni vegferð Reykjavíkurborgar verður áfram svarað.

Markmið lögfræðiþjónustunnar í stafrænum verkefnum er að lög og reglur verði innbyggðar (e. by design) í allar stafrænar lausnir Reykjavíkurborgar og fylgni við þær þar með sjálfgefin. Hlífni við þróun nýrra og ítrun eldri hugbúnaðarlausna með tilliti til persónuverndarlaga og stjórnsýslu- og upplýsingalaga, laga um stafrænt pósthólf auk annarra laga sem taka þarf mið af hverju sinni, verður sérstakt áherslumál lögfræðiþjónustu skrifstofu sviðsstjóra á nýju ári. Skráning á lausnum og tengdum lögum, reglum, samþykktum, bindandi fyrirætlum og annarra varanlegra ákvarðana inn í reglustjórnunarkerfi verður átaksverkefni sem ekki á sér aðra fyrirmynd hér á landi.

Nýsköpun í opinberum innkaupum verður annað helsta áherslumál hjá lögfræðiþjónustunni. Á sama tíma og reynsla og árangur í kaupum á vélbúnaði er mikill á það síður við um innkaup á hugbúnaði. Útboð á hugbúnaði hafa reynst erfið og tímafrek í undirbúningi og hafa ekki alltaf leitt til bestu niðurstöðu. Málið er flókið varðandi þessa tegund samninga og reynslan lítil innan stjórnsýslunnar hér á landi almennt. Brýnt er því að finna nýjar leiðir í samstarfi við aðra opinbera aðila og sækja gagnreynda þekkingu og viðurkennt verklag erlendis frá svo bæta megi samningastöðu borgarinnar og þar með nýtingu fjármuna.

Framboð sértækra hugbúnaðarlausna á heimsmarkaði hefur vaxið gríðarlega undanfarin ár og algengt er orðið að fyrirtæki tileinki sér stefnu um svokallaða samsetta upplýsingatækni (e. Composable IT). Með því er átt við að í stað þess að leysa þarfir allra rekstrarþátta í einu heildarkerfi eru valdar saman „best of breed“ lausnir sem allar eru leiðandi á sínu sviði en hver um sig þjónar tilteknu hlutverki. Lausnirnar eru síðan samþættar og gefa þannig heildarmynd af rekstrinum, þær er auðvelt að uppfæra, skipta út fyrir nýjar, eða bæta við með samþættingu án þess að innleiða þurfi nýtt heildarkerfi með tilheyrandi rekstraráhættu.

Skrifstofa stafrænnar Reykjavíkur

Skrifstofa stafrænnar Reykjavíkur samanstendur af verkefna- og vörustýringardeild, vefdeild og teymi stafrænna leiðtoga. Skrifstofan ber ábyrgð á verkefnaráði og verkefnaskrá sviðsins sem og verkefnastjórnunarlegri umsýslu (e. Project governance).

Verkefnastjórar verkefna- og vörustýringardeildar stýra stafrænum verkefnum. Stafræn verkefni geta talist verkefni sem innihalda þarfagreiningar, innkaupaferla og innleiðingu á hugbúnaðarlausnum eða stafvæðingu hliðrænna ferla. Verkefnastjórar setja upp verkefnahópa í samstarfi við eigendur hvers verkefnis eða lausnar sem unnið er að hverju sinni. Vörustjórar eru skipaðir á nýjar hugbúnaðarlausnir sem þróaðar hafa verið eða teknar í rekstur undanfarið. Vörustjórar bera ábyrgð á framþróun lausnanna

eftir að þær eru komnar í rekstur hjá upplýsingatækniþjónustu borgarinnar. Þeirra hlutverk er að koma í veg fyrir að tækniskuld myndist með tilheyrandi kostnaði. Kostnaður við vörustjórnun verður síðan hluti af gjaldskrá upplýsingatækniþjónustu- og nýsköpunarsviðs og er stefnt að því að hefja innleiðingu á þeim ferlum frá janúar 2023. Stærstu verkefni verkefna- og vörustýringardeildar árið 2023 snúa að grunngagnaverkefnum og uppsetningu og innleiðingu Microsoft365 í öllu borgarkerfinu. Mikilvægt er að endurskilgreina grunngögn borgarinnar sem tengjast í önnur kerfi, t.d. ráðningar-, fræðslu- og bókhaldskerfi. Microsoft365 innleiðing í öllu borgarkerfinu gerir það að verkum að allt starfsfólk Reykjavíkurborgar hefur aðgang að samræmdum og notendavænum hugbúnaði, tækjum og tólum við vinnu sína. Einnig er innleiðingin mikilvægur liður í stafrænni vegferð borgarinnar og styður við örugga hýsingu og gagnaöryggi. Hluti af innleiðingu á Microsoft365 umhverfinu er útskipting á símkerfi borgarinnar sem og uppfærsla á öllum símstöðvum.

Vefdeild stafrænnar Reykjavíkur fer með ábyrgð á framþróun og viðhaldi á vefsvæðum borgarinnar í samstarfi við skrifstofu upplýsingatækniþjónustu. Helstu verkefni vefdeildar árið 2023 snúa að fækkun vefja og sameining vefmála skóla- og frístundasviðs undir aðalvef borgarinnar reykjavik.is. Allir leikskólar, frístundamiðstöðvar og grunnskólar eru með sinn eigin vef, samtals um 100 vefir. Árið 2023 er áætlað koma öllum þessum vefum undir vef borgarinnar. Helstu markmið þessarar vinnu eru að einfalda hýsingarmál, rekstur og umsýslu og koma í veg fyrir öryggisáhættur sem geta myndast í eldri vefumsjónarkerfum. Sömuleiðis er áætlað að færa viðburðarvefi borgarinnar undir sama fyrirkomulag. Unnið verður að útgáfu nýs vefs Borgarsögusafns og Listasafns Reykjavíkur ef áætlanir ganga eftir. Með þessu fyrirkomulag eru aðgengismál tryggð að öllum veflausnum sem og gerir það kleift að bæta inn sjálfvirkum þýðingum á allt skrifað efni.

Á árinu 2022 hafa stafrænir leiðtogar unnið að kortlagningu á tækifærum til þróunar og ferlabreytinga á hverju sviði fyrir sig. Stafrænir leiðtogar bera ábyrgð á að koma verkefnatillögum á dagskrá verkefnaráðs og þaðan til framkvæmdar í samræmi við feril fjárfestingaverkefna eins og kemur fram í gæðahandbók. Mikilvægasta verkefni stafrænna leiðtoga árið 2023 verður að koma að stefnumótun sviðanna með framkvæmdastjórnnum þeirra þannig að stafrænar áherslur verði innbyggðar í þeirri vinnu til framtíðar. Svið borgarinnar eru mislangt komin í þeirri vegferð þar sem sum svið hafa skilgreint stafræna þjónustu sem fyrstu snertingu við notendur og hagað sínu skipulagi í takti við stafræna þróun en önnur eiga lengra í land. Samhliða þeirri vinnu mun fara fram ákveðin endurskilgreining á hlutverki stafrænna leiðtoga þar sem rekstri einingarinnar verður mögulega komið fyrir í gjaldskrá þjónustu- og nýsköpunarsviðs eða færast inn til sviðanna.

Skrifstofa þjónustu og umbreytinga

Skrifstofan flokkast í framlínuþjónustu annarsvegar þar sem þjónustuver og rekstrarþjónusta stjórnsýsluhúsa fellur undir, og umbreytingu og þjónustuuþplifun hins vegar þar sem eru deild umbreytinga og teymi þjónustuuþplifunar.

Framlínuþjónusta fer fram í þjónustuverinu Borgartúni 12-14 sem og í móttöku Ráðhússins. Samskipti við þjónustufulltrúa fara fram í gegnum fimm gáttir; síma, netspjall, tölvupóst, ábendingavef og í persónu. Á árinu 2023 verður aukin áhersla á að straumlínulaga þjónustuferla hjá framlínunni til að auka skilvirkni hvort sem það snúi að innri ferlum eða ytra viðmóti í takti við stafræna þjónustuumbreytingu borgarinnar. Aukinn þungi verður settur á gagnadrifnar ákvarðanir í framlínu í kjölfar innleiðingar á nýrri samskiptalausn og eins á skilvirka miðlun á tölfræði og upplýsingum inn á svið og einingar til að styðja við umbætur í þjónustu. Þetta mun styðja við verkefni sem er nú þegar hafið með einhverjum sviðum og felur í sér að skilgreina mismunandi stig þjónustu og þannig útfæra og samræma milli sviða hvaða þjónusta er hægt að veita í framlínu og hvaða þjónusta þarf að fara til úrlausnar sérfræðinga inn á sviðum. Markmiðið er sem áður að styrkja framlínuna svo hún geti lokið fleiri málum í fyrstu snertingu og þannig stýtt afgreiðslutíma til þjónustuþega sem og bætt upplifun þeirra af þjónustu borgarinnar.

Rekstrarþjónusta stjórnásluhúsanna ber ábyrgð á rekstri, eftirliti, öryggismálum og sjálfbærni í stjórnásluhúsum Reykjavíkurborgar, og starfar náið með öllum skrifstofum og sviðum sem hafa þar starfsstöðvar. Á árinu 2023 verður lögð aukin áhersla á öryggismál, aðgangsstýringar og sjálfbærni í rekstri. Unnið verður með innri hagsmunaaðilum að endurnýjun lykinnviða sem taka til hússtjórnar, loftgæða, hita og bættrar starfsaðstöðu.

Deild umbreytinga, sem var komið á laggirnar um mitt ár 2022 eftir hraðan vöxt og aukin verkefni umbreytingateymis, tekur við áskorunum sem koma frá fagsviðum er varða þjónustuferla og leiðir vinnu við úrlausn þeirra á grundvelli þjónustustefnu Reykjavíkurborgar og Græna plansins. Deildin vinnur eftir aðferðafræði þjónustuhönnunar líkt og þjónustustefna borgarinnar leggur áherslu á. Á árinu 2022 voru helstu verkefni deildarinnar rafræn innritun barna í grunnskóla og rafræn undirritun. Meginverkefni ársins 2023 verða innritun í leikskóla, umsókn um skólaþjónustu, afgreiðsla og fyrirspurnarferli skipulags- og byggingarfulltrúa og gagnabirting borgarinnar. Í deild umbreytinga starfa hönnuðir og framleiðendur en með hverju verkefni koma sérfræðingar frá sviðum borgarinnar, tæknifólk og aðrir lykilaðilar svo tryggja megi framgang og vinnslu hraða verkefnanna.

Teymi þjónustuupplifunar styður við framkvæmd og innleiðingu á þjónustustefnu Reykjavíkurborgar og veitir fræðslu um viðmið um góða þjónustu og samræmda sýn um hvernig þjónustu borgin vill veita. Þá sinnir teymið fræðslu og ráðgjöf um hönnun á notendamiðaðri þjónustu og þjónustumælingum. Meginverkefni teymisins árið 2023 er eftirfylgni með innleiðingu þjónustustefnunnar en ný stefna var samþykkt í apríl árið 2022 ásamt markvissri aðgerðaráætlun. Einnig sinnir teymið ráðgjöf og þróun ánægju- og þjónustumælikvarða inni í umbreytingaverkefnum og fleiri umbótaverkefnum innan borgarkerfisins.

Skrifstofa gagnþjónustu

Gagnaþjónusta Reykjavíkurborgar hefur að leiðarljósi að auka gagnavitund innan borgarinnar og vera drifkraftur í hagnýtingu upplýsinga til ákvarðanatöku og bættrar þjónustu við íbúa og fyrirtæki. Skrifstofan sinnir þessu hlutverki með því að tryggja gæði, áreiðanleika og aðgengi íbúa, fyrirtækja og starfsfólks að réttum og áreiðanlegum gögnum sem og gagnagreiningu, hvort sem um er að ræða tölfraðigreiningu og skýrslugerð eða þróun og innleiðingu á líkönum með myndrænni framsetningu gagna. Gagnaþjónustan veitir öðrum skrifstofum borgarinnar gagna- og tölfraðiráðgjöf, sem og þjálfun í grunnvinnslu og greiningu gagna. Gagnaþjónustan fer einnig fyrir stefnumörkun í gagnamálum og gagnastefnu borgarinnar.

Gagnaþjónustan leiðir þróun vöruhúss gagna og þróunarumhverfi fyrir gagnavinnsluferli og gagnakóða sem kallað er gagnavinnslustöð (e. data science platform). Vöruhúsið myndar gagnaundirstöður borgarinnar. Þegar hefur verið sett upp þróunar- og rekstrarumhverfi vöruhússins og byggir það á gagnalóns tæknihögun. Á árinu 2023 hefst vinna við annan fasa í uppbyggingu vöruhússins, til að geta tekið betur á móti og unnið með mikilvægustu rekstrargögn borgarinnar. Í vöruhúsinu getur Reykjavíkurborg geymt gögn, tvinnad þau saman og sett upp með samrýmdum hætti svo hægt sé að skoða og vinna með gögn frá mörgum mismunandi upprunakerfum á einn heildstæðan og áreiðanlegan hátt. Unnið verður áfram að því að bera kennsl á þau gögn sem eru mest notuð í rekstri borgarinnar og setja þau upp í vöruhúsinu þannig að þau séu strax tilbúin til greiningar á því augnabliki sem þeirra er þörf.

Á gagnavinnslustöðinni eru gagnakóðar bæði þróaðir, útgáfustýrðir og settir í rekstur. Skrifstofan mun á árinu 2023 halda áfram að þróa og ítra stafrænar gagnavörur borgarinnar sem gefnar voru út seinni hluta árs 2022, sem og þróa nýjar vörur fyrir árið 2023, svo sem; spálíkan fyrir velferðarsvið, mælaborð yfir lykiltölur og nýting bílastæða hjá bílastæðasjóði, birting biðlistagagna leikskóla, gagnaviðmót fyrir innritun í leikskóla og margt fleira. Einnig mun skrifstofan spila lykilhlutverk í þróun nýs mælaborðs

borgarbúa á næstu árum, en aðal markmið þess er að stuðla að gagnsæi með því að auðvelda aðgengi og ásýnd notenda að réttum og áreiðanlegum upplýsingum byggðar á opnum gögnum borgarinnar. Aðgengi að réttum og áreiðanlegum upplýsingum er forsenda fyrir því að stafræn vegferð borgarinnar skili tilsettum árangri, en Gagnþjónustan heldur áfram að vinna að byggja upp gagnalandslag borgarinnar t.d. með smíði svokallaðra gagnaviðmóta (e. data APIs), en hvert svið ætti að eiga gagnaviðmót fyrir þau gögn sem þörf er á í gagnagreiningu og ferlum annarra sviða. Þau má einnig nota í les aðgerðum innan sviðs til þess að minnka álag á þjónusturnar sjálfar.

Skrifstofa upplýsinga- og skjalastýringar

Skrifstofa upplýsinga- og skjalastýringar ber ábyrgð á faglegri skjalastjórnun borgarinnar, framkvæmd skjalastefnu og endurskoðun hennar. Skrifstofan hefur umsjón með skjalamálum miðlægrar stjórnýslu og skrifstofum sviða sem hafa aðsetur í Höfðatorgi og í Ráðhúsi Reykjavíkur og sinnir daglegri upplýsingagjöf til þeirra og þjónustu, svo sem við skráningu, skönnun og afgreiðslu gagnabeidna.

Helstu verkefni skrifstofunnar 2023 verða að ljúka við samræmingu og útgáfu almennar regla um skjalastjórnun Reykjavíkurborgar þannig að skjalastjórnun sé framkvæmd með öruggum hætti í allri starfsemi borgarinnar óháð starfsstöðum og tegund rekstrar. Þá verður áfram unnið að endurskoðun skjalavistunaráætlana og samræmdu verklagi í notkun upplýsingakerfa sem halda utan um gögn. Næstu skref verða tekin í samræmingu málalykla ólíkra starfseininga sem ekki tilheyra miðlægrri stjórnýslu. Með því skapast enn fleiri tækifæri til að breyta starfsháttum þvert yfir borgina. Samræming málalykla og skjalavistunaráætlana mun auðvelda sviðum og einingum samstarf, starfsfólki samvinnu, og þar með byggja enn frekar undir vandaða stjórnýslu sem getur brugðist hraðar við erindum og tekið ákvarðanir byggðar á öllum viðeigandi gögnum og upplýsingum hverju sinni.

Innleiðing á nýju skjala- og málakerfi í alla miðlæga stjórnýslu og stoðsvið borgarinnar heldur áfram, auk þess sem í 2.áfangi verður haldið áfram með innleiðingu á Hlöðunni hjá undirstofnunum fagsviðanna. Verkefnið miðar að því að koma miðlægu og notendavænu upplýsingastjórnunarkerfi í almenna virkni og samræma verklag en kerfið eykur möguleika til samvinnu, yfirsýn og aðgengi. Þá verður Borgarlandsviðmót Hlöðunnar, viðmót fyrir starfsfólk byggingafulltrúa og skipulagsfulltrúa að fullu innleitt með tengingu við rafrænar byggingaleyfisumsóknir og rafræna undirritun teikninga. Með innleiðingu Hlöðunnar fylgir uppsetning skilalausnar fyrir rafræn skil til allra þeirra undirstofnana sem innleiðing nær til. Þar með hefst rafræn varðveisla og afhending gagna. Samhliða innleiðingu Borgarlandsviðmóts verður stöðug vinna í átaksverkefni við teikningaskönnun. Það verkefni miðar að því að gera verkfræðiteikningar byggingarfulltrúa Reykjavíkur aðgengilegar á teikningavef Reykjavíkurborgar.

Vinna heldur áfram við frágang og skil eldri upplýsingakerfa þegar starfseiningar sem skjalastýring þjónustar taka Hlöðuna í notkun. Loka þarf eldri kerfum, ganga frá málum og undirbúa skjöl til langtímavarðveislu. Helstu verkefni felast í greiningu og uppsetningu sem og flutningi gagna í sérstakan vörslugrunn Hlöðunnar, Safnið, til þess að tryggja aðgengi þekkingar og órofinn aðgang að gögnum. Innleiðing Hlöðunnar kallar einnig á enn frekari breytingar á störfum og verklagi starfsmanna skjalastýringar, bæði við kennslu og þjónustu á nýju kerfi sem og við umsjón og meðferð gagna. Innleiðing Hlöðunnar, samræming verklags og sameining málalykla styður við að Reykjavíkurborg sé ein heildstæður vinnustaður og ein stjórnýsla.

Skrifstofa upplýsingatækniþjónustu

Skrifstofa upplýsingatækniþjónustu rekur eitt stærsta og umfangsmesta upplýsingatækniumhverfi landsins og á fjölbreytni þess sér sennilega enga hliðstæðu héraendis. Skrifstofan veitir fjölbreytta þjónustu við notendur þvert á svið borgarinnar og annast umfangsmikinn rekstur tölvukerfa, viðhald þeirra og þróun. Helstu verkefni upplýsingatækniþjónustunnar eru að tryggja rekstrarsamfellu

upplýsingatækniinnviða, annast innkaup á upplýsingatækni, veita tæknilega þjónustu og ráðgjöf á sviði tæknilegra lausna, þróa virðisaukandi þjónustur og styðja við stafræna vegferð. Verkefni og ábyrgð skrifstofunnar skiptast í þrjár deildir: kerfislausnir og hugbúnaðarþróun, kerfisstjórn og tæknirekstur og stoð- og tækniþjónustu, auk teymis upplýsingatæknihönnuða sem starfar beint undir skrifstofustjóra.

Áherslurnar í upplýsingatækniþjónustu árið 2023 eru að móta framtíðar hönnun og högun upplýsingatækniumhverfis borgarinnar til að mæta markmiðum um örugga og áreiðanlega upplýsingatækniinnviði sem hægt er að stjórna og hafa eftirlit með á einfaldan og skilvirkan hátt. Þessi vinna hófst í september árið 2022 með sérfræðingum KPMG á Íslandi og Finnlandi að undangengnu útboði, stefnt er á að ítarleg framtíðarhönnun verði tilbúin á fyrsta ársfjórðungi 2023. Haldið verður áfram að byggja undirstöður og innviði borgarinnar fyrir stafræna framtíð, undirbúa tækniumhverfið fyrir stórar kerfisbreytingar og hámarka nýtingu fjármagns sem er til ráðstöfunar ásamt því að verjast alþjóðlegum netógnum og takmarka þann skaða sem stafað getur af þeim.

Upplýsingatæknihönnun er teymi faglegra sérfræðinga í hugbúnaðarþróun, tæknilegum rekstri, öryggi, ferlum, gæði þjónustu og þekkingarmiðlunar sem starfa náið með skrifstofustjóra í að móta upplýsingatækniinnviði til framtíðar. Teymið leiðir vinnu við uppbyggingu og útfærslu á tæknihögun ásamt því að vinna með öðrum einingum á þjónustu- og nýsköpunarsviði að hönnun lausna í upplýsingatækni. Mikil vinna hefur verið lögð í að endurskoða alla tæknihögun og byggja upp öruggt upplýsingatækniumhverfi hjá Reykjavíkurborg. Upplýsingatæknihönnuðir taka þátt í og styðja við að leysa allar stafrænar áskoranir og tryggja heildræna nálgun varðandi tæknilega innviði. Á árinu 2023 verður áframhaldandi vinna við að tryggja öryggi, heilsu, skilvirkni og yfirsýn á upplýsingatækniumhverfi borgarinnar með fyrrgreindum hætti.

Undir kerfislausnir og hugbúnaðarþróun fellur hugbúnaðar-, vef- og samþættingarþróun. Hugbúnaðar- og vefþróunin eru hluti af stafrænni umbreytingu. Samþættingar tryggja sjálfvirkt flæði upplýsinga milli kerfa borgarinnar, en þau telja til hundraða. Með innhýsingu á stjórnun hugbúnaðarþróunar er tryggt að öll þróunarteymi viðhafi sama verklag, ferla og tækni. Megin áhersla deildarinnar er á virðisaukandi þróun hugbúnaðar- og veflausna ásamt því að tryggja stöðugar umbætur og þróun á kerfum borgarinnar með þjónustuhönnun að leiðarljósi. Helstu verkefni deildarinnar á árinu 2023 eru að auka hugbúnaðarþróun, einfalda og skýjavæða þróunarumhverfið, sem og að tryggja persónuvernd, áreiðanleika og aðgengi upplýsinga.

Undir deild kerfisstjórnar og tæknireksturs fellur rekstur á öllum upplýsingatækniinnviðum borgarinnar og hefur deildin það hlutverk að tryggja öryggi og uppítíma allrar þjónustu. Deildin rekur og þjónustar um 980 upplýsingatæknikerfi auk þess að hafa umsjón með um 250 vefum borgarinnar, 2 vélasölum, hýsingu gagna og kerfa borgarinnar, um 70 símkerfum og u.þ.b. 950 netskiptum og beinum í um 317 netskápum víðs vegar um borgina, svo fátt eitt sé nefnt. Líkt og fyrri ár munu umbætur halda áfram á tæknilegum innviðum borgarinnar á árinu 2023. Helstu áskoranir felast í að ná utan um alla upplýsingatækniinnviði sem borgin nýtir sér í daglegum störfum. Innkaup og umsýsla á upplýsingatækniinnviðum er á ýmsum stöðum innan borgarinnar og hafa verið tekin í notkun án vitneskju eða í samstarfi við skrifstofu upplýsingatækniþjónustu. Tækifæri eru til að koma innkaupum og umsýslu á einn stað og ná þannig fram hagræðingu og yfirsýn á upplýsingatækniinnviðum sem og fjármagni til tækniкупа. Áfram verður unnið að úthýsingu á rekstrarþáttum árið 2023 svo sem Oracle gagnagrunnsrekstri og Linux netþjónarekstri. Að undangengnu útboði verða tölvuvélasalir lagðir niður og búnaður fluttur í gagnaver til að auka öryggi og skalanleika upplýsingatæknikerfa.

Áherslur stoð- og tækniþjónustu árið 2023 verða á áframhaldandi uppbyggingu og aðlögun nýs þjónustuumsjónarkerfis þar sem erindi og öll úrvinnsla og samskipti vegna þeirra eru skráð. Hjá stoð- og tækniþjónustu er einnig öll almenn notendaumsjón og aðgangsumsýsla að kerfum borgarinnar. Haldið verður áfram með innleiðingu árangursríkra þjónustuferla. Þjónustan nær til alls starfsfólks, kjörinna

fulltrúa og nemenda í skólum Reykjavíkurborgar eða 29.500 virkra notenda og þeirra 20.000 tækja sem tengjast tölvuumhverfi borgarinnar á yfir 300 starfsstöðum. Til að styðja betur við starfsemi borgarinnar var framlínuþjónusta um helgar komið á laggirnar sumarið 2022. Á þeim hluta árs 2022 sem er liðinn hefur tækniþjónusta afgreitt að meðaltali 3.600 verkbeiðnir og svarað um 1.700 símtölum á mánuði. Áfram er gert ráð fyrir að beiðnum fjölgi á næstu árum í takt við aukinn fjölda virkra notenda og búnaðar í notkun. Árið 2023 verður rammasamningi borgarinnar um tölvubúnað sagt upp og farið í nýtt rammasamningsútböð sem tekur mið að þeirri þjónustu sem eignaumsjón tækniþjónustu vill veita t.d. með langtímasamningi við einn birgja um innkaup á tölvum og skjám. Stefnt er á að í árslok 2022 verði opnað útböð og gerður samningur við þjónustuaðila varðandi aðgangsstýrðri prentþjónustu. Hlutverk tækniþjónustu verður að innleiða þá nýjung í samstarfi við starfsstaði borgarinnar og ná fram því hagræði fyrir borgina sem stefnt er að í keyptum pappír og prentrekstri. Lágmarkun rekstrarkostnaðar og öryggi gagna verður stórbætt m.a. því ómögulegt verður að prenta út skjal og gleyma því prenttækjum.

Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarskjalasafn Reykjavíkur er sjálfstætt opinbert skjalasafn sem lýtur faglegu eftirliti Þjóðskjalasafns Íslands og er með hlutverk skilgreint í lögum. Það fer með ráðgjöf og fræðslu um skjalavörslu og skjalastjórn og sinnir eftirliti með skjalastjórn borgarinnar. Borgarskjalasafn tekur við eldri skjölum stofnana borgarinnar og einkaaðila til varðveislu og veitir aðgang að þeim skv. gildandi lögum.

Mikilvægast verkefnið fram undan er að styðja við stafræna umbreytingu borgarinnar með því að kortleggja kerfi, kynna hvernig eigi að standa að rafrænni langtíma vörslu og undirbúa móttöku kerfa. Sífellt fleiri tilkynningar berast um rafræn kerfi og verður árið 2023 haldið áfram að kalla eftir umsóknum um kerfi. Tæplega 50 tilkynningar hafa borist og hafa þær ýmist verið afgreiddar eða eru í vinnslu. Gerður var samningur við Netværket Elektronisk Arkivering (NEA), um ráðgjöf og þjónustu varðandi langtíma varðveislu rafrænna gagna og mun NEA sjá um prófanir á þeim vörsluútgáfum sem berast á árinu 2023.

Á árinu 2023 verður áfram unnið að innsetningu efnis í umsýslukerfið Scope sem halda mun utan um safnkost safnsins og miðla skjalaskrá og ljósmynduðum skjölum á vef þess. Góð skráning er forsenda þess að gera skjöl aðgengileg öllum. Unnið verður jafnframt að því að færa vefsíðu Borgarskjalasafns í nýtt vefumhverfi með það fyrir augum að auka rafræna miðlun skjala og ljósmynda og bæta aðgengi almennings að þeim.

Þjónusta við viðskiptavinum er mikilvægt hlutverk Borgarskjalasafns. Safnið heldur úti lesstofu fyrir almenning og fræðimenn auk þess að miðla skjölum, til dæmis með sýningum og á vefsíðu safnsins. Á síðastliðnum árum hefur fjölgað mjög fyrirspurnum einstaklinga um mál sín, nú síðast vöggustofumál og safnið mun á árinu 2023 aðstoða rannsóknarnefnd um vöggustofur við gagnaöflun.

Áhersla Borgarskjalasafns verður áfram á skjalastjórn stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar og eftirlit með þeim, vinnu við yfirferð skjalavistunaráætlana og málalykla, samræmingu í skjalastjórn sviða og að auka skilning á mikilvægi skjalastjórnunar. Eftirlitið felst í almennum könnunum, vettvangsferðum og frumkvæðisathugunum.

Áfram verður gott samstarf við önnur héraðsskjalasöfn um skjalastjórn sveitarfélaganna og söfnun einkaskjalasafna. Í samræmi við kynjaða fjárhags- og starfsáætlun Reykjavíkurborgar verður sérstaklega leitað eftir söfnum hópa sem á hallar, t.d. kvenna, innflytjenda og hinsegin fólks.

KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN (KFS)

Markmið þON með kynjaðri starfs- og fjárhagsáætlunargerð er að núverandi framkvæmd þjónustu og dreifing fjárheimilda leiði til jafnra tækifæra íbúa borgarinnar óháð kyni, aldri, menntun eða stöðu þeirra í samfélaginu. Jafnréttisskimun er orðin sjálfsagður hlutur í ákvörðunarferli um ný verkefni auk þess sem byggt er á niðurstöðum skimunar við forgangsroðun fjármagns í stafrænni vegferð og uppbyggingu upplýsingatækniinnviða. Á árinu 2023 verður unnið út frá samþykktari áætlun um greiningu á

þjónustubáttum, með tilliti til dreifingu gæða milli kynja og jaðarsettra hópa samfélagsins. Sá hluti þjónustunnar sem verður greindur að þessu sinni snýr að úthlutun tölvu- og hugbúnaðar til starfsfólks.

FJÁRFESTINGARÁÆTLUN ÞJÓNUSTU- OG NÝSKÖPUNARSVIÐS

Stafræn umbreyting nær til allrar starfsemi Reykjavíkurborgar og felur í sér samstarf allra sviða til þess að mæta þjónustubörf íbúa og fyrirtækja borgarinnar á skilvirkan máta og svara kröfu um aukna áherslu á sjálfbærar lausnir og öryggi upplýsingatækniinnviða. Fjárfestingaráætlun sviðsins skiptist því í:

1. Hugbúnað og ný upplýsingakerfi.
2. Stafræna umbreytingu og rafvæðingu ferla.
3. Hönnun og umbreytingu þjónustu.
4. Upplýsinga- og gagnastýringu.
5. Notendabúnað og öryggi upplýsingatækniinnviða.

Verkefnaráð sviðsins heldur utan um stýringu verkefnanna. Í ráðinu sitja sviðsstjóri ÞON ásamt skrifstofustjórum þjónustu og umbreytingar, upplýsingatækniþjónustu, og stafrænnar Reykjavíkur ásamt verkefnaskrárstjóra sem er starfsmaður ráðsins. Verkefnaráð hefur það hlutverk að meta verkefni sem óskað er eftir að séu framkvæmd út frá stefnum og áherslum sviðsins ásamt því að tryggja að fjárfestingar séu virðisaukandi og í samræmi við heildaráherslur og stefnur borgarinnar hverju sinni. Verkefnaskrá ÞON er stjórnþæki ráðsins og því er ætlað að stuðla að betri yfirsýn allra helstu hagsmunaaðila og felur það í sér skráningu, forgangsröðun og aðhald með framgangi verkefna.

Nánar um verkefni á fjárfestingaráætlun 2023

Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi

Þjónustu- og nýsköpunarsvið leggur ríka áherslu á að brýnustu verkefni borgarinnar séu sett af stað án tafar. Innleiðing nýs og útfösun eldri hugbúnaðar og kerfa er mikilvægur liður í starfsemi borgarinnar til að styðja við framsækna þróun og koma í veg fyrir úreldingu kerfa og hugbúnaðar sem getur haft í för með sér mikinn kostnað, öryggisógnir og aukið flækjustig.

Meðal verkefna frá fag- og kjarnasviðum sem áætlað er að unnið sé að á árinu 2023 eru:

- Stór grunngagnaverkefni í tengslum við launakerfi borgarinnar.
- Uppsetningar á vefþjónustum á innri kerfum sem gera borginni kleift að færast nær hugmyndafræðinni um samfelldan upplýsingatæknierekstur og samræmd forritaskil.
- Verkefni sem snúa að færsluhirðingu og bókhaldskerfi borgarinnar sem hafa með sér möguleika á miklum virðisauka.
- Innleiðing á áhættustýringar og atvikaskráningakerfi ættu að klárast á árinu.
- Áframhaldandi innleiðing á umhverfi Microsoft Office365 og Teams sem símkerfi ásamt niðurlagningu fjölmargra símstöðva.
- Þróun samþættingar til að flytja gögn úr Microsoft Office365 inn í málakerfi borgarinnar, Hlöðuna.
- Í 2. áfanga innleiðingu á Hlöðunni verður viðmót fyrir starfsfólk byggingafulltrúa og skipulagsfulltrúa tekið í notkun
- Verkefni sem tengist stafrænni vegferð Dýraþjónustu borgarinnar sem mun auðvelda gæluðýraeigendum að skrá dýrin sín og til einföldunar á utanumhaldi og rekstri einingarinnar.
- Lýðræðis- og þátttökuverkefni, t.d. Samráðsgátt, Hverfið mitt, gagnsjá og styrkjaumsóknakerfi verða innleidd á árinu.

- Einföldun vefumhverfis borgarinnar með útfösun og sameiningu á vefumsjónarkerfum fyrir alla vefi í eigu skóla- og frístundasviðs og færsla upplýsingagjafar undir aðalvef borgarinnar.
- Komið verður upp birgðakerfi, vefverslun og sjálfsafgreiðslumöguleikum fyrir listasöfn borgarinnar til að auka á tekjuöflunarmöguleika.
- Unnið verður að sameiginlegu birgðastjórnunarkerfi fyrir öll mötuneyti í rekstri borgarinnar sem getur haft í för með sér mikið hagræði fyrir stærstu notendur þjónustunnar og er í samræmi við markmið matarstefnu borgarinnar.
- Lokið verður við innleiðingu á sjálfsafgreiðslukerfi með vefviðmóti fyrir allar sundlaugar.

Einnig er áætlað að hefja þau verkefni sem munu koma inn í gegnum fjárfestingaferil PON á fyrstu tveimur ársfjórðungum 2023.

Stafræn umbreyting og rafvæðing ferla

Þjónustustefna borgarinnar leggur áherslu á notendamiðaða þjónustu og sjálfsafgreiðslu sem fyrsta kost fyrir þjónustuveitingu borgarinnar. Umbreytingateymi eru starfrækt sem taka við áskorunum frá fag- og kjarnasviðum borgarinnar og er unnið að lausn þeirra í samstarfi við sviðin. Áherslur árið 2023 verða að ljúka við og koma í virkni nýju ferli við innritun í leikskóla og umsóknar- og fyrirspurnaferli byggingarfulltrúa er hófust á síðasta ársfjórðungi 2022. Verkefnið *Betri Borg fyrir Börn* verður þróað áfram. Verkefnið er umfangsmikið í heild sinni og möguleikar til þróunar og hagnýtingar stafrænnar tækni miklir. Kjarnavirkni heldur áfram að bættast við í *Mínar síður* og er miðað að því að greiðsluvirkni og umboðsmannakerfi island.is verði innleitt á fyrsta ársfjórðungi ársins. Í tengslum við önnur umbreytingaverkefni verður áfram lögð áhersla á *Mínar síður* sem þjónustumiðju borgarinnar. Heildstæð umbreyting á öllum innritunarferlum skóla- og frístundasviðs er í gangi og hófst í september 2021 með innritun í grunnskóla, hélt áfram árið 2022 með innritun í leikskóla og líklegt þykir að hringnum verði lokað haustið 2023 með innritun í frístund en forgangsröðun SFS liggur ekki fyrir.

Gagnabirting borgarinnar á forsendum notenda mun líta dagsins ljós þegar afurð úr verkefninu *mælaborð borgarbúa 2.0 / gagnahlaðborðið* fer í loftið. Stöðug framþróun (e. continuous improvement) verður á vörum sem eru nú þegar komnar í rekstur sbr. *Ráðgjafinn* og *Fjárhagsaðstoð* og unnið er markvisst að því að nýta þær lausnir sem til eru til og útvíkka þær til að takast á við fleiri áskoranir. *Starfsmannagátt Reykjavíkurborgar* verður skoðuð með tilliti til bakvinnslumöguleika sem koma fram í öðrum verkefnum sem og innri þjónustumiðju borgarinnar ásamt öðrum verkefnum sem verður forgangsraðað jafnóðum frá verkefnaráði.

Einnig verður farið í enn frekari samþættingar milli kerfa borgarinnar á árinu 2023. Undirbúa þarf kerfin í samþættingarlaginu þannig að þau verði tilbúin til tengingar í innleiðinga- og þróunarverkefnum. Vel skipulagðar samþættingar ásamt innleiðingu biðraðakerfis mun einfalda samskipti á milli kerfa þannig að kerfin munu öll hafa aðgang að réttum gögnum. Þetta mun koma í veg fyrir misræmi í upplýsingagjöf og skýrslugerð. Einnig mun samþættingarlagið gera það að verkum að hægt verður að opna fyrir aðgengi almennings að opinberum gögnum Reykjavíkurborgar. Aðgangsstýring að gögnum kerfanna verður þá á einum miðlægum stað þar sem hægt er að fylgjast með notkun gagna, stýra því hverjir nota þau og hvaða kerfi mega lesa þau.

Hönnun og umbreyting þjónustu:

Átak í teikningaskönnun sem unnið hefur verið að síðan undir lok árs 2021 heldur áfram á árinu 2023. Áætlað er að um 500.000 teikningar verði skannaðar, skráðar og gerðar aðgengilegar á vef fyrir notendur á árinu og sambærilegt magn árið 2024. Áætlað er að um 4000 heimsóknir í þjónustuverði á Höfðatorgi, séu tilkomnar vegna teikningaskoðunar og afhendingar þeirra á ársgrundvelli. Verkefnið felur því í sér

mikla þjónustubætingu fyrir notendur þjónustunnar þ.e. íbúa borgarinnar og fyrirtæki, hagræði í störfum starfsfólks auk þess sem græn áhrif eru talsverð.

Upplýsinga- og gagnastýring:

Til að tryggja skilvirka innleiðingu Hlöðunnar, verður áfram starfrækt sérstakt teymi til að vinna í ferlum og uppsetningu þess á starfsstöðvum borgarinnar.

Stór liður í stafrænni vegferð er áframhaldandi uppbygging á gagnalandslagi borgarinnar, forritun og uppsetning gagnaviðmóta (e. data APIs) og öll almenn gagnasmíði. Áframhaldandi uppbygging og rekstur vöruhúss gagna og gagnavinnslustöðvar þar sem gagnahugbúnaður svo sem gagnavinnsalur, kóðar, mælaborð og tölfræðilíkön eru þróuð, útgáfustýrð og að lokum sett í rekstur. Einnig verður áfram fjárfest í auknu og auðveldara aðgengi almennings að opnum gögnum borgarinnar, sem og í áframhaldandi þróun og smíði smáforrita svo auka megi innri viðskiptagreind og skilvirkni í rekstri og þjónustu.

Notendabúnaður og öryggi upplýsingatækniinnviða:

Sjálfvirknivæðing þróunarumhverfis

Áfram verður unnið í að sjálfvirknivæða þróunarumhverfið í skýinu og gera útgáfufæri og rekstur vefja og veflausna öruggari, einfaldari og hagkvæmari. Á árinu 2023 verður unnið að því að innleiða nýjar lausnir og aðferðafræði sem munu færa þróunina enn nær alþjóðasamfélaginu og stöðlum þess. Breytingarnar munu einnig einfalda innanhússferla í þjónustuveitingu á nýþróuðum vörum, þar sem hugbúnaðarþróunin mun þá vinna í sama umhverfi og framlínu- og kerfisþjónustan.

Eignaumsjónarkerfi fyrir vél- og hugbúnaðareignir

Á árinu 2023 verður áfram unnið að innleiðing umsókna- og eignaumsjónarkerfi fyrir vél- og hugbúnað. Í kerfið verða skráðar allar vél- og hugbúnaðareignir borgarinnar. Kerfin munu leiða að sér aukna sjálfvirknivæðingu og betri yfirsýn yfir notkun búnaðarins. Upplýsingar í eignaumsjónarkerfinu verða hagnýttar til að auka gegnsæi í upplýsingatæknikostnaði starfseininga borgarinnar sem innheimtur er samkvæmt gjaldskrá skrifstofu Upplýsingatækniþjónustu. Aukið gegnsæi og ítarlegri sundurliðanir munu gera starfseiningum kleift að stjórna betur sínum útgjöldum og skapa þeim tækifæri til hagræðingar.

Auðkenna- og aðgangsumsýslukerfi

Á árinu 2023 verður unnið að forgreiningu, undirbúningi, kaupum og innleiðingu auðkenna- og aðgangsumsjónarkerfis. Kerfinu er ætlað að tryggja örugga afhendingu auðkenna, sjálfvirkni við endursetningu lykilorða, utanumhald aðgangshlutverka fyrir starfseiningar og bæta yfirsýn stjórnenda á aðgang sinna starfsmanna. Að auki munu ábyrgðaraðilar og eigendur gagna öðlast betri yfirsýn yfir hverjir fá aðgang að gögnum hverju sinni. Kerfið mun draga úr handavinnu stjórnenda þegar nýir starfsmenn koma til starfa eða þegar starfsfólk flyst milli starfa en auk þess mun það stuðla að skipulagi þar sem tryggt er að starfsfólk hafi ætíð aðgang að þeim kerfum og gögnum sem það þarf.

Alþjónusta við prentumhverfi

Á árinu 2023 verður unnið að undirbúningi og innleiðingu á alþjónustu við prentumhverfi borgarinnar. Sambærileg verkefni hjá öðrum stofnunum, bönkunum og fyrirtækjum á einkamarkaði hafa gengið vonum framar og hefur hagræði upp á allt að 60% náðst þar sem best hefur til tekist. Forgreining verkefnisins leiddi í ljós að Reykjavíkurborgar notar um 60 tonn af A4 pappír árlega fyrir þá 950 prentara sem eru í notkun. Vonir verkefnisins eru að draga úr pappírnotkun um allt að helming og draga úr heildarkostnaði um 40% eða um 40 m. kr. á ári.

Notendabúnaður

Upplýsingatækniþjónusta hefur umsjón með útvegun alls almenns tölvubúnaðar fyrir starfsemi borgarinnar. Til að ná fram sem mestu hagræði hafa stórinna kaup verið gerð, bæði til að tryggja hagstæð

verð en einnig stuttan afgreiðslutíma og að uppsetning og afhending á notkunarstað sé innifalin í verði búnaðar. Á hverju ári eru endurnýjaðar rúmlega 6.000 tæki, tölvur, stærri jaðartæki sem og tölvu og fundaskjái.

Fjarfundabúnaður

Verkefnið miðar að því að tryggja örugga fjarfundainnviði á starfsstöðum borgarinnar. Aukin notkun fjarfunda vegna samkomutakmarkana vegna kórónuveirunnar sýndi fram á tækifæri til hagræðis í formi færri ferða milli starfsstaða sem og minni þörf á ferðalögum milli landa og landshluta. Verkefninu er ætlað að tryggja nauðsynlega endurnýjun eldri tækja sem og byggja upp fjarfundainnviði þannig öllu starfsfólki standi til boða að taka þátt í fjarfundum, fræðsluerindum eða ráðstefnum. Verkefninu var einnig falið að útfæra lausn fyrir öruggt vefvarp funda borgarinnar þar sem fjarfundatæknin yrði hagnýtt ásamt því að tryggja örugga auðkenningu þátttakenda og gesta.

Öryggi upplýsingatækniinnviða I

Nýjar reglur um tölvunotkun hjá Reykjavíkurborg skýra ítarlega hvernig viðhalda skuli öruggri notkun í tölvuumhverfinu. Alþjóðlegar öryggisógnir hafa verið í veldisvexti síðustu ár og hefur upplýsingatækniþjónusta farið í sértækar aðgerðir til að takmarka það tjón sem getur orðið. Oft hefur þurft að bregðast hratt við og í þeim tilfellum hefur upplýsingatækniþjónusta sótt í þjónustu fremstu stofnana, fyrirtækja og sérfræðinga hér á landi. Meðal annars samvinna við netöryggisveit CERT-IS, sem og keypt þjónustu einkafyrirtækja við vöktun netinnviða borgarinnar sem skilað hafa skjótum og góðum árangri.

Eftirlit með búnaði notenda hefur aukist og þannig hefur verið hægt að greina fyrir þær ógnir sem geta steðjað að gögnum og kerfum borgarinnar. Þannig hefur yfirsýn og öryggi kerfa borgarinnar aukist. Í innleiðingu er nýtt fræðsluferfi borgarinnar sem gefur möguleika á að stórauka öryggisvitund starfsfólk. Árið 2023 mun einkennast að auka öryggisvitund og innleiða frekari öryggislausnir til að efla öryggi á öllum upplýsingatækniinnviðum borgarinnar.

Öryggi upplýsingatækniinnviða II

Verkefnið miðar að því að flytja og sameina núverandi gagnaver sem staðsett eru í Borgartúni og Ráðhúsinu í öruggari hýsingu til birgja sem sérhæfir sig í hýsingu á upplýsingatækniinnviðum og upplýsingakerfum. Við slíkan flutning er uppítími betur tryggður ásamt því að öryggi gagna er bætt og sveigjanleiki í nýtingu á upplýsingatækniinnviðum er aukinn. Gagnaverin bjóða upp á hýsingu, tengi- og afritunarþjónustu, gagnavistun og -flutningi og ýmis konar sérhæfða þjónustu sem ekki er til staðar innanhúss. Verkefnið felur einnig í sér kortlagningu á núverandi þjónustum, mati á því hvað ber að flytja í gagnaver og hvaða kerfi ber að úrelða, sem væri þá gert í gegnum afleidd verkefni. Útboðið fer í loftið í október 2022 og mun yfirfærsla búnaðar/kerfa hefjast í kjölfarið, venjulega um 6-8 vikum eftir að útboðið fer í loftið. Flutningur á vélbúnaði/kerfum er vandasöm vinna og verður unnin í nánu samráði við notendur hverrar þjónustu fyrir sig. Áætlað er að sú vinna taki meginhluta starfsársins 2023 og eitthvað inn í 2024.

Öryggi upplýsingatækniinnviða III


Þetta verkefni fjallar um aukið rekstraröryggi í grunnskólum borgarinnar. Netskápar í skólum verða læstir og læsingum stjórnað miðlægt. Ekki verður lengur hægt að fara inn í netskápa og tengja vélar eða tæki sem gætu innihaldið óværu, aftengt búnað sem þegar er verið að nota eða truflað virkni þráðlaus nets í hverjum skóla fyrir sig. Í verkefninu felst tiltekt í öllum netskápum, litaðar netsnúrur eftir virkni búnaðar sem tengdur er og uppsetning á læsingum fyrir hvern skáp með tengingu í miðlægan hugbúnað, sem stýrir því hver getur að opna viðkomandi skápa. Þessi vinna við tiltekt og uppsetning miðstýrðar læsingar í um 200 netskápum í 36 skólum borgarinnar er þegar hafin og er áætlað að hún taki meginpart 2023.

Miðlægur búnaður og netbúnaður

Netinnviðir í skólum borgarinnar þarfnast endurnýjunar. Magn tækja og búnaðar sem nýtir sér þráðlaust net í skólunum hafa margfaldast frá því að núverandi þráðlaust net var hannað og sett upp. Verkefnið felur í sér mælingar í hverju húsnæði fyrir sig til að tryggja það að nettenging sé í öllum virkum rýmum húsnæðis. Á hverjum stað þarf að tryggja það að búnaður geti tekið við fjölda samtíma tenginga í samræmi við nýtingu rýmisins. Einnig þarf að leggja netlagnir að staðsetningu þráðlausra punkta í samræmi við mælingar og hönnun nets og setja punktana upp og stilla í samræmi við rými og notkun rýmis. Útboð fer í loftið í byrjun október 2022 og ætti útkoma úr því að vera ljós í desember 2022. Vinna mun hefjast í kjölfarið og er markmiðið að kláraðir verði um 2 skólar í mánuði. Þetta þýðir að verkefnið mun taka upp mest af 2023 og eitthvað inn í 2024.

Sjálfvirkt eftirlit og öryggiskerfi með upplýsingatækniinnviðum

Verkefnið snýst um það að hægt verði að fylgjast með upplýsingatækniinnviðum miðlægt. Sjálfvirkar tilkynningar berist þegar bregðast þarf við atvikum og birtist þær á stjórnborði kerfisstjórnar. Þannig verður hægt að bregðast við með hraði gerist þess þörf, allt í þeirri viðleitni að tryggja uppitíma og öryggi þjónustu upplýsingatækniinnviða. Reiknað er með því að verkefnið hefjist í ársbyrjun 2023 og ljúki um mitt ár.



LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI


	Raun 2019	Raun 2020	Raun 2021	Útksp. 2022	Áætlun 2023
Skrifstofa sviðsstjóra					
Fjöldi nýrra ferla				35	8
Fjöldi endurskoðaðra ferla				5	25
Skrifstofa þjónustu og umbreytinga					
Fjöldi símtala	109982	117902	106311	100000	95000
Fjöldi netsamtala	7442	8450	9418	10000	12000
Fjöldi ábendinga	6168	6575	6647	15.500	9000
Fjöldi heimsóknna í þjónustuver í Borgartúni	14948	14077	13492	12000	10000
Rekstrarþjónusta stjórnsýsluhúsa					
Seldar máltíðir í mötuneyti Ráðhúss	17600	14455	16849	18773	21000
Seldar máltíðir í mötuneyti Höfðatorgs	74800	49809	53876	64964	69500
Fjöldi viðburða í Ráðhúsi	80	12	36	36	80
Fjöldi viðburða í Höfða	80	8	13	88	80
Skrifstofa upplýsingatækniþjónustu					
Þjónustuborð - Fjöldi símtala	16.125	21.848	24.225	25.000	26.000
Þjónustuborð - Símsvörun	92,30%	93,06%	93,53%	94,50%	97,50%
Þjónustuborð - Meðalbið þeirra sem skelltu á (sek)	112	100	72	112	60
Þjónustuborð - Meðallengd símtala (sek)	284	317	314	366	350
Þjónustuborð - Meðalbiðtími eftir svari (sek)	37	35	25	46	30
Fjöldi afgreiddra verkbeiðna	29.920	40.236	45.752	47.000	50.000
Fjöldi útstöðva - Borðtölvur	4.060	2.429	2.227	1.960	1.200
Fjöldi útstöðva - Fartölvur	3.970	4.722	5.412	5.670	6.400
Fjöldi útstöðva - Spjaldtölvur og Chromebook	3.237	3.292	14.544	16.884	17.000
Fjöldi nettengdra prentara	873	924	932	941	600
Fjöldi skráðra virkra notenda í kerfum	27.887	28.490	27.712	29.829	30.000
Fjöldi þráðlausa senda	1.530	1.630	1.697	1.850	2.600
Fjöldi netskipta og beina	392	400	948	1.000	1.100
Fjöldi liða í innri gjaldskrá	180.000	180.000	218.000	220.000	223.000

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI FRH.

	Raun 2019	Raun 2020	Raun 2021	Útksp. 2022	Áætlun 2023
Skrifstofa skjalastýringar					
Fjöldi mála stofnuð í GoPro brúnum	11.514	12.800	12.292	4.500	4.000
Fjöldi skráðra skjala í GoPro brúnum	89.637	117.504	134.840	40.000	35.000
Fjöldi mála stofnuð í Hlöðunni	0	332	2.230	10.000	13.000
Fjöldi skráðra skjala í Hlöðunni	0	3.318	24.680	100.000	130.000
Skrifstofa gagnþjónustu					
Fjöldi gagnavara í rekstri	0	4	10	12	15
Fjöldi vefheimsóknna - gagnavörur	0	27.300	99.300	70.000	100.000
Skrifstofa stafrænnar Reykjavíkur					
Fjöldi heimsóknna á vefinn reykjavik.is	2.458.800	2.050.000	2.200.000	2.100.000	2.500.000
Fjöldi vefja í eigu Reykjavíkurborgar	469	450	210	200	100
Borgarskjalasafn					
Hillumetrar af mótteknum skjölum	143	53	57	60	60
Fjöldi fyrirspurna	1169	1169	1506	1200	1200

SKRIFSTOFUR MIÐLÆGRAR STJÓRNSÝSLU

SKIPURIT



HLUTVERK

Miðlæg stjórnýsla samanstendur af skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, skrifstofu borgarstjórnar, borgarlögmanni, mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og Innri endurskoðun og ráðgjöf. Miðlæg stjórnýsla sinnir fjölbreyttum verkefnum, samhæfingu og eftirliti innan stjórnýslu Reykjavíkurborgar og fylgir eftir stefnumörkun og ákvörðunum borgarstjórnar, borgarráðs og mannréttinda- og lýðræðisráðs og greiðir fyrir lýðræðislegum stjórnarháttum bæði inn á við og út á við. Miðlæg stjórnýsla hefur yfirumsjón með innleiðingu miðlægrar stefnumörkunar, þ.m.t. Græna plansins, mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, alþjóðastefnu, atvinnu- og nýsköpunarstefnu, húsnæðisáætlun, lýðræðisstefnu, lýðheilsustefnu og matarstefnu. Þá sinnir miðlæg stjórnýsla samskiptum við B-hluta fyrirtæki og byggðasamlög.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2023*



	Raun 2021	Útksp. 2022	Áætlun 2023
Rekstrartekjur	111.827	85.649	96.828
Tekjur samtals	111.827	85.649	96.828
Laun og launatengd gjöld	1.493.963	1.467.486	1.551.505
Annar kostnaður	278.253	430.222	381.074
Rekstrargjöld samtals	1.772.216	1.897.708	1.932.579
Rekstrarniðurstaða	1.660.389	1.812.059	1.835.751

*Rekstur Eignaskrifstofu færast í Eignasjóð og er undanskilinn í þeim tölum sem hér birtast.

STARFSFÓLK

	Raun 2021	Útksp. 2022	Áætlun 2023
Fjöldi stöðugilda	69,22	60,90	68,99
Eftir skrifstofum / þjónustubáttum:			
Borgarlögmaður	9,22	9	9,50
Innri endurskoðun og ráðgjöf	11,5	10,45	13,75
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa	12,92	11,95	13,02
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara	28,79	22,50	25,72
Skrifstofa borgarstjórnar	6,79	7,00	7,00

SKIPTING REKSTRAR 2023



MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

BORGARLÖGMAÐUR

Hjá embætti borgarlögmanns eru níu stöðugildi, þ.e. átta lögmenn og skrifstofustjóri. Borgarlögmaður er í fyrirsvari fyrir Reykjavíkurborg og stofnanir hennar um lögfræðileg málefni. Þannig ber borgarlögmaður ábyrgð á lögfræðilegri ráðgjöf, álitsgerðum og umsögnum til borgarstjórnar, borgarráðs, innkaupa- og framkvæmdaráðs og borgarstjóra. Þá er hlutverk borgarlögmanns meðal annars að annast fyrirsvar, málflutning og réttargæslu fyrir hönd Reykjavíkurborgar fyrir dómstólum, kærunefnd útboðsmála, umboðsmanni Alþingis og Eftirlitsstofnun EFTA (ESA). Enn fremur fer borgarlögmaður með fyrirsvar vegna krafna um skaðabætur og kjarasamningsbundnar slysabætur sem beint er gegn Reykjavíkurborg og annast uppgjör þeirra. Frá gerð síðustu kjarasamninga hefur með hléum verið í gangi vinna við endurskoðun reglna um kjarasamningsbundnar slysabætur á grundvelli bóknar í kjarasamningum. Áformað er að þeirri vinnu ljúki í upphafi árs 2023, en þá er stefnt að því að nýjar reglur liggja fyrir til samþykktar.

Áfram er búist við mikilli vinnu við málflutning. Fleiri dómsmál koma til umfjöllunar á tveimur dómstigum en áður. Þá færast í aukana að dómsmálin séu bæði flóknari og umfangsmeiri en verið hefur sem krefst meiri vinnu af hálfu lögmanna embættisins. Þar af hefur verið um nokkurt skeið og er enn mikil aukning á fjölda barnaverndarmála og lögræðismála, en þau mál sæta lögbundinni flýtimeðferð fyrir dómi sem útheimtir mun ríkari kröfur til málshraða af hálfu aðila. Þar sem ekki er unnt að skila gögnum í einkamálum með rafrænum hætti fylgir vinnu við dómsmál og framlagningu gagna í þeim gríðarlegt magn af pappír. Þá þarf oftast en ekki að binda inn gögn til að geta lagt þau fram í dómsmáli en það útheimtir bæði meiri vinnu af hálfu starfsfólks og/eða kostnað fyrir Reykjavíkurborg.

Eitt af verkefnum borgarlögmanns er að veita ráðgjöf á sviði opinberra innkaupa. Þessi þáttur í starfsemi embættisins hefur verið fyrirferðarmikill síðastliðin ár og er fyrir séð að hann verði það áfram á næsta starfsári. Á síðustu þremur árum hefur orðið mikil og stigvaxandi aukning á fjölda innkaupamála og einnig kærumála sem rata fyrir kærunefnd útboðsmála, en borgarlögmaður fer með fyrirsvar og hagsmunagæslu fyrir Reykjavíkurborg fyrir nefndinni. Þannig hefur frá því að lagaumhverfi opinberra innkaupa breyttist, eða frá því að ákvæði laga nr. 120/2016 um opinber innkaup tóku að fullu gildi gagnvart sveitarfélögum um mitt árið 2019, fjöldi kærumála farið frá því að vera tvö til fjögur á ári yfir í það að vera á annan tug. Það sem af er þessu ári hafa 26 kærumál sem Reykjavíkurborg á aðild að verið til umfjöllunar hjá kærunefnd útboðsmála. Viðbúið er að þessi þróun muni einungis halda áfram á komandi árum. Þessi aukning á fjölda innkaupamála, sér í lagi kærumála, hefur haft í för með sér mikið og aukið vinnuálag hjá starfsfólki skrifstofunnar. Þannig fylgir ráðgjöf í innkaupamálum umfangsmikil vinna, einkum þegar tekið er til varna fyrir kærunefnd útboðsmála. Þá er málshraði slíkra kærumála oft mikill, en þegar jafnframt er fjallað um stöðvun innkaupaferils í máli fyrir nefndinni þá er frestur Reykjavíkurborgar til svara afar skammur og oft einungis vika.

Samhliða þessu breytta lagaumhverfi breyttist einnig og jókst hlutverk innkaupa- og framkvæmdaráðs í kjölfar skipulagsbreytinga hjá Reykjavíkurborg, en borgarlögmaður sinnir lögfræðilegri ráðgjöf við ráðið. Á síðasta kjörtímabili hófst vinna við endurskoðun á innkaupareglum Reykjavíkurborgar sem ekki tókst að ljúka við. Fyrirséð er að vinna við endurskoðun verði tekin upp aftur á næsta starfsári á vettvangi innkaupa- og framkvæmdaráðs. Borgarlögmaður mun koma til með að leiða þá vinnu ásamt innkaupaskrifstofu.

Að öðru leyti en hér greinir að framan taka verkefni embættis borgarlögmanns mið af þeim málum sem upp koma á hverjum tíma. Meginmarkmið starfsemi embættis borgarlögmanns er að gæta í hvívetna

hagsmuna Reykjavíkurborgar og að veita vandaða lögfræðilega ráðgjöf um alla starfsemi og stjórnkerfi Reykjavíkurborgar.


LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRÍ

	2019	2020	2021	Útkomuspá 2022	Áætlun 2023
Borgarlögmaður					
Almenn stjórnssýslumál					
Í vinnslu	49	60	82	100	120
Lokið	285	290	315	320	330
Samtals	334	350	397	420	450
Dómsmál					
Í rekstri	35	45	58	70	70
Lokið	229	235	252	260	300
Samtals	264	280	310	330	370
Þar af fyrir Velferðarsvið	153	160	170	196	220
Úppgjör slysabótamála skv. kjarasamningum					
Innkomin	116	125	137	150	170
Í vinnslu	193	210	220	260	270
Fullnaðaruppgjör bóta	102	220	220	252	300
Samtals greiddar bætur (þ.kr)	136.069	105.002	144.000	150.000	165.000
Kæru- og innkaupamál					
Í vinnslu				13	25
Lokið				18	20
Samtals Kæru- og innkaupamál				31	45

INNRI ENDURSKOÐUN OG RÁÐGJÖF

Innri endurskoðandi heyrir undir borgarráð og er ráðinn af ráðinu að fenginni umsögn endurskoðunarnefndar. Hlutverk Innri endurskoðunar og ráðgjafar er að veita stjórnendum faglega og óháða ráðgjöf, meta og gera úttektir á virkni áhættustýringar, innra eftirlits og stjórnarhátta Reykjavíkurborgar. Jafnframt að veita ráðgjöf um persónuvernd, upplýsa, fylgjast með og sjá um önnur þau verkefni sem greinir í 39. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins sbr. lög nr. 90/2018. Hlutverk innri endurskoðanda er jafnframt að leiðbeina íbúum í samskiptum sínum við borgina, m.a. um leiðir þeirra til að leita réttar síns telji þeir að á þeim hafi verið brotið. Einnig að fræða starfsmenn borgarinnar og leiðbeina þeim um mál sem tengjast hlutverki innri endurskoðanda, þ. á m. um framkvæmd innra eftirlits, um persónuvernd og meginreglur stjórnssýslulaga. Auk framangreinds tekur innri endurskoðandi á mótí gögnum og upplýsingum um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi og annast mál í samræmi við lög um vernd uppljóstrara nr. 40/2020.

Skipulagi Innri endurskoðunar og ráðgjafar er lýst hér að neðan en mikil áhersla er lögð á sveigjanlegt teymisskipulag þar sem innri endurskoðandi fer með yfirstjórn fagbátta og mannaforráð. Fagstjórar tryggja faglega yfirsýn, bera ábyrgð á samhæfingu í vinnubrögðum og samræma aðferðarfræði í verkefnum og verkefnastjórnun. Verkefnastjórar vinna að sérfræðiverkefnum og fara með tímabundna teymisstjórnun í einstökum verkefnum.



Skrifstofa innri endurskoðanda

Starfssvið Innri endurskoðunar og ráðgjafar Reykjavíkurborgar nær til A hluta Reykjavíkurborgar, eins og hann er afmarkaður í 1. tölul. 1. mgr. 60 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Að því marki sem A hlutinn ber ábyrgð á B hlutanum, eins og hann er afmarkaður í 2. tölul. sömu gr., nær starfssviðið einnig til allrar samstæðu borgarinnar. Viðfangsefni er lúta að innri endurskoðun taka til allrar samstæðunnar. Verkefni ráðgjafa borgarbúa ná til A hlutans auk Félagsbústaða og verkefni persónuverndarfulltrúa til A hluta.

Á skrifstofu innri endurskoðanda er rekin sérstök vefgátt fyrir móttöku uppljóstrana svo og nafnlausra tilkynninga um lögbrot og aðra ámælisverða háttsemi. Vefgáttin er aðgengileg á heimasíðu Innri endurskoðunar og ráðgjafar (www.innriendurskodun.is) og er þar boðið upp á stofnun og notkun öruggs pósthólfs fyrir frekari samskipti við uppljóstrara og þá sem senda inn nafnlausar tilkynningar. Sérstök áhersla er lögð á að gæta leyndar um uppljóstrara samkvæmt lögum nr. 40/2020. Í því felst að gæta skal trúnaðar gagnvart utanaðkomandi aðilum um nöfn uppljóstrara og aðrar þær persónuupplýsingar sem geta leitt í ljós hverjir þeir eru.

Fagsvið persónuverndar

Persónuverndarfulltrúi veitir stjórnendum Reykjavíkurborgar, starfsfólki og skráðum einstaklingum ráðgjöf um persónuvernd, upplýsir þá, fylgist með og sér um önnur þau verkefni sem greinir í 39. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679, sbr. lög nr. 90/2018. Persónuverndarfulltrúi sinnir fræðsluhlutverki og ráðgjöf við öll fag- og kjarnasvið Reykjavíkurborgar í samvinnu við sérfræðinga á sviðum eftir því sem við á og er í samráði við Persónuvernd þegar það á við. Persónuverndarfulltrúi leiðir samstarfsteymi persónuverndarsérfræðinga Reykjavíkurborgar og skal vera vettvangur fyrir gagnvirka fræðslu til að stuðla að samræmdri framkvæmd um persónuverndartengd málefni. Þar á meðal fræðslu um gerð vinnslusamninga, um viðbrögð við öryggisbrestum, um fyrirfram samráð við Persónuvernd, um mat á áhrifum af vinnslu á persónuvernd („MÁP“), um staðlaða fræðslu og um stefnu á sviði persónuverndar- og öryggismála.

Fagsvið innri endurskoðunar

Innri endurskoðun er unnin í samræmi við alþjóðlega staðla um innri endurskoðun og er hlutverkið að veita stjórn og stjórnendum Reykjavíkurborgar faglega og óháða ráðgjöf með það að markmiði að bæta rekstur og stjórnsýslu, meta árangur og bæta áhættustýringu.

Val og forgangsroðun verkefna í innri endurskoðunaráætlun er byggt á mati á áhættu í starfsemi Reykjavíkurborgar hverju sinni og hugsanlegum ávinningi sem ætla má að leiði af hverju verkefni fyrir sig. Við gerð innri endurskoðunaráætlunar er tekið tillit til innleggs frá kjörnum fulltrúum, stjórnendum borgarinnar og endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar. Innri endurskoðun og ráðgjöf gerir jafnframt innri endurskoðunaráætlanir fyrir Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs, Orkuveitu Reykjavíkur sef. og dótturfélögin Carbfix, Veitur, ON og Ljósleiðarann, Félagsbústaði hf., Faxaflóahafnir sf. og Malbikunarstöðina Höfða hf. og hafa gildandi áætlanir verið lagðar fyrir og samþykktar af stjórnnum þessara félaga. PwC sinnir innri endurskoðun hjá SORPU bs. og hjá Strætó bs. sinnir Deloitte innri endurskoðun félagsins.

Fagsvið ráðgjafar

Viðfangsefni ráðgjafa borgarbúa er að vakta og fylgjast með eðli kvartana borgarbúa til einstakra fag- og kjarnasviða yfir veittri þjónustu og eftir atvikum bregðast við með frumkvæðisathugunum eða beina tilmælum til fag- og kjarnasviða um úrbætur á málsmeðferð og/eða starfsemi sinni. Vöktun þessi skal þjóna því markmiði að efla samfellu innan stjórnsýslunnar um meðferð kvörtunarmála, ná fram skilvirkni og betrubæta góða stjórnsýsluhætti. Hann veitir borgarbúum ráðgjöf, greiðir götu þeirra og leiðbeinir þeim í samskiptum sínum við borgina, m.a. um leiðir þeirra til að leita réttar síns telji þeir að á sér hafi verið brotið. Tilgangurinn er að styrkja tengsl á milli borgarbúa og borgarstarfsmanna og stuðla að auknu réttaröryggi borgarbúa í stjórnsýslufráttum. Ráðgjafi borgarbúa gegnir veigamiklu fræðsluhlutverki gagnvart framlínustarfsmönnum Reykjavíkurborgar.

MANNRÉTTINDA- OG LÝÐRÆÐISSKRIFSTOFA

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa framfylgir mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og stendur vörð um að borgarbúum sé ekki mismunað vegna uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnmalaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu. Einnig ber skrifstofan ábyrgð á lýðræðisverkefnum, innleiðingu lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar og samráði við notendur. Skrifstofan vinnur með mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði Reykjavíkurborgar og fylgir eftir ákvörðunum þess. Einnig fylgir mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa eftir stefnumótun innan málaflöksins í samvinnu við ráðið og eflir samráð innan og utan borgarinnar í þeim málaflökum sem stefnan nær til. Á mannréttindaskrifstofu eru vistuð eftirtalin ráð og nefndir: Aðgengis- og samráðsnefnd fatlaðs fólks, Fjölmeningarráð Reykjavíkurborgar Öldungaráð Reykjavíkurborgar og níu íbúaráð Reykjavíkurborgar. Helstu breytingar á milli ára eru auknar fjárheimildir vegna aðgerða gegn heimilisofbeldi og snýr það að auknum fjölda útkalla vegna verkefnisins. Einnig var fjölgað um tvo fulltrúa í íbúaráði Miðborgar og Hlíða og bætis þar við aukin launakostnaður við íbúaráð.

SKRIFSTOFA BORGARSTJÓRNAR

Skrifstofa borgarstjórnar fer með alla umsýslu fyrir borgarstjórn, borgarráð og forsætisnefnd, sem og ýmsar aðrar nefndir. Skrifstofan heldur utan um og ber ábyrgð á þjónustu við borgarfulltrúa og aðra kjörna fulltrúa í nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar. Hún veitir kjörnum fulltrúum lögfræðilega ráðgjöf og fræðslu og hefur umsjón með kjörum þeirra og starfsaðstöðu. Einnig veitir skrifstofan nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar, sem og starfsmönnum þeirra, ýmsa ráðgjöf, s.s. lögfræðilega ráðgjöf á sviði fundarskapa, ritun fundargerða og stjórnkerfis Reykjavíkurborgar. Skrifstofan ber ábyrgð á að samþykktir


um stjórn borgarinnar og samþykktir fyrir einstök ráð og nefndir séu í samræmi við lög og reglur auk þess sem hún annast framkvæmd allra almennra kosninga í Reykjavík. Þá er undirbúningur og meðferð umsagna Reykjavíkurborgar um rekstrarleyfi veitinga- og gististaða á verksviði skrifstofunnar, sem og erlend samskipti borgarstjórnar. Skrifstofan sér um birtingu fundargagna og fundargerða borgarstjórnar og borgarráðs, auk beinna útsendinga af fundum borgarstjórnar og vistun og birtingu umræðna á netinu. Á skrifstofunni eru 7,0 stöðugildi skrifstofustjóra og verkefnisstjóra.

Á árinu 2023 er gert ráð fyrir sambærilegum fjölda mála sem afgreidd eru í borgarráði og með embættisafgreiðslum skrifstofu borgarstjórnar en málafjöldi jókst mjög á síðasta kjörtímabili. Að sama skapi er gert ráð fyrir sambærilegum fjölda mála sem fara til umfjöllunar í borgarstjórn. Eitt af meginverkefnum skrifstofunnar er að auka og bæta aðgengi kjörinna fulltrúa og almennings að upplýsingum af vettvangi nefnda og ráða, sérstaklega á vef Reykjavíkurborgar, auk þess sem haldið verður áfram að bæta rafrænt aðgengi að fundargögnum og fundargerðum borgarstjórnar, borgarráðs og fagráða. Gert er ráð fyrir áframhaldandi vinnu við innleiðingu Hlöðunnar á árinu og nýju fundargerðakerfi því samhliða m.a. til að auðvelda opinbera birtingu dagskrár og fundargagna við boðun funda. Áfram verður unnið að breytingum á sal borgarstjórnar m.a. vegna innleiðingu nýrrar tækni við fjarfundi, upptökur, útsendingar og streymi á fundum borgarstjórnar. Áfram verður unnið að vistun á upptökum borgarstjórnarfunda á vef Reykjavíkurborgar og verður áhersla lögð á að bæta rauntímatextun og leitarmöguleika í umræðum og fundargerðum ásamt öðrum endurbótum á síðu borgarstjórnar í beinni. Skrifstofa borgarstjórnar vinnur heildarumsögn sveitarstjórnarinnar um rekstrarleyfi veitinga- og gististaða í mikilli samvinnu við byggingarfulltrúa, skipulagsfulltrúa, heilbrigðiseftirlit og slökkvilið. Áfram hefur verið unnið að þróun verkferla í málaflokknum þannig að málsmeðferð er nú vandaðri og þjónusta við rekstraraðila er stórbætt eftir að hún færðist á eina hendi.

Hagræðing: Fjármagn skrifstofu borgarstjórnar er að meginstefnu nýttur í launakostnað kjörinna fulltrúa þ.e. 23 borgarfulltrúa og 8 varaborgarfulltrúa. Á skrifstofunni sjálfri er 7,0 stöðugildi en nú þegar hefur verið hagrætt um um 0,5 stöðugildi þrátt fyrir að borgarfulltrúum hafi fjölgað úr 15 í 23, verkefnum fjölgað og allir fundir lengst. Málafjöldi í borgarráði jókst um ríflega 300% á síðasta kjörtímabili. Hagræðing á skrifstofu borgarstjórnar verður þ.a.l. ekki mætt nema með flötum niðurskurði á alla liði skrifstofunnar nema launakostnaði. Hagræðing mun því aðallega birtast á eftirfarandi hátt:

- Lengdur málsmeðferðartími erinda.
- Minni sérfræðiaðstoð við borgarstjórnarflokka.
- Lækkun á styrkjapotti borgarráðs.
- Hagræðing og sparnaður vegna fundarkostnaðar borgarráðs og borgarstjórnar.
- Lækkun á ferðakostnaði kjörinna fulltrúa á vegum borgarráðs og borgarstjórnar.
- Breytingum á samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa með lækkun á t.d. starfskostnaði kjörinna fulltrúa.

SKRIFSTOFA BORGARSTJÓRA OG BORGARRITARA



Borgarstjórinn í Reykjavík er framkvæmdastjóri og æðsti yfirmaður Reykjavíkurborgar. Borgarritari er einn af staðgenglum borgarstjóra og æðsti embættismaður borgarinnar að undanskildum borgarstjóra. Borgarritari hefur yfirumsjón með miðlægrri stjórnsýslu, fer með forystu- og samhæfingarhlutverk í stjórnsýslu og þjónustu Reykjavíkurborgar og er tengiliður Reykjavíkurborgar við byggðasamlög og B-hluta fyrirtæki.

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara hefur unnið starfsáætlun¹ sem nær til árána 2022-2026 og er endurskoðuð árlega og felur í sér skilgreiningu á hlutverki og markmiðum til lengri tíma auk þess sem settar eru fram aðgerðir til skemmri tíma. Aðgerðaáætlunin nær til loka árs 2023 og verður þá endurskoðuð. Samhliða fer fram uppfærsla á markmiðum og mælikvörðum eins og þurfa þykir.

Starfsáætlunin byggir á þeirri hugmyndafræði sem sett er fram í Græna planinu, fjármálastefnu og fjárfestingarstefnu Reykjavíkurborgar og á grunngildum Reykjavíkurborgar um sjálfbærni, varfærni, stöðugleika, festu, fyrirsjáanleika og gagnsæi. Hún byggir á kröfum fjármálastefnunnar um langtíma stefnumótun fyrir hvern málaflokk til ekki skemmri tíma en fimm ára í senn, þar sem lýst er áherslum og markmiðum sem rúmast innan þess fjárhagsramma sem ákveðinn er í fimm ára áætlun. Fjármálastefna Reykjavíkurborgar leggur einnig áherslu á gagnsæi byggt á reglubundinni skýrslugjöf á mælanlegum markmiðum. Í samræmi við áherslur fjármálastefnu er í starfsáætluninni skilgreint fyrir skrifstofuna og málaflokka innan hennar hlutverk, gildi, meginmarkmið, mælikvarðar og lykiltölur auk aðgerðaáætlunar.

Hlutverk, leiðarljós og gildi

Hlutverk skrifstofu borgarstjóra og borgarritara er að þjónusta borgarstjóra og undirbúa samræmda stefnumörkun Reykjavíkurborgar ásamt því að fylgja eftir innleiðingu Græna plansins. Skrifstofan ber ábyrgð á samhæfðri og áreiðanlegri upplýsingamiðlun um Reykjavíkurborg og starfsemi hennar. Hún vinnur að atvinnu- og borgarþróun Reykjavíkurborgar með hagkvæmri nýtingu borgarlands að leiðarljósi og ber ábyrgð á innleiðingu lýðheilsustefnu og matarstefnu Reykjavíkurborgar.

Helstu verkefni á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara:

- Ber ábyrgð á að þjónusta borgarstjóra sem framkvæmdastjóra, æðsta yfirmann Reykjavíkurborgar og sem opinberan fulltrúa borgarinnar
- Ber ábyrgð á og fylgir eftir innleiðingu Græna plansins og samræmdri stefnumörkun Reykjavíkurborgar
- Innleiðing og eftirfylgni lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar
- Innleiðing og eftirfylgni matarstefnu Reykjavíkurborgar

¹ Starfsáætlun skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, *Sjálfbær og heilbrigð Reykjavík*, og áætlun í starfi 2022-2026 má finna á vefsíðu skrifstofunnar: <https://reykjavik.is/skrifstofaogsvið/skrifstofa-borgarstjora-og-borgarritara-0>.

- Ber ábyrgð á utanumhaldi um neyðarstjórn og gerð viðbragðsáætlana
- Ber ábyrgð á samhæfðri stefnumörkun í samskipta- og upplýsingamálum
- Ber ábyrgð á að framfylgja stefnu Reykjavíkurborgar um nýting borgarlands hverju sinni
- Próar og innleiðir uppbyggingaráætlanir á borgarinnar
- Annast þróun, leigu og sölu á ákveðnum fasteignum og lóðum borgarinnar
- Ber ábyrgð á markaðsstarfi tengt atvinnu- og borgarþróun
- Ber ábyrgð á samstarfi við atvinnulífið og þróun slíks samstarfs
- Ber ábyrgð á innleiðingu alþjóðastefnu Reykjavíkur og þátttöku í innlendum og alþjóðlegum samstarfsverkefnum á sviði rannsókna og nýsköpunar

Gildi skrifstofunnar eru *fagmennska, þjónusta og samvinna*.

Leiðarljós skrifstofunnar: *Við erum framsækin, veitum áreiðanlega þjónustu og sinnum verkefnum okkar af fagmennsku.*

Eftirfarandi málaflokkar eru hýstir á skrifstofunni:

1. Þjónusta- og stjórnsýsla
2. Samskipti og mörkun
3. Lóðaúthlutun og samningagerð
4. Atvinnu- og borgarþróun
5. Lýðheilsa og matarstefna

Sameiginlegar aðgerðir skrifstofunnar sem unnið er að:

- Efling starfsánægju og vinnuumhverfis
- Gæðahandbók
- Mælaborð
- Innleiðing þjónustustefnu
- Meginverkefrell um þróun uppbyggingarsvæða og lóðaúthlutun
- Fræðsluáætlun
- Efling verkefnastjórnunar
- Stafræn umbreyting á þjónustuferlum

Hér á eftir er umfjöllun um hlutverk og meginmarkmið málaflokka skrifstofunnar. Ítarlegri umfjöllun um hlutverk er að finna í starfsáætlun skrifstofunnar og þar eru jafnframt sett fram mælanleg markmið, mælikvarðar og lykiltölur auk aðgerða.

Þjónusta og stjórnsýsla

Hlutverk málaflokks: Þjónusta og stuðningur við borgarstjóra í hlutverki sínu sem framkvæmdastjóri, æðsti yfirmaður Reykjavíkurborgar og sem opinber fulltrúi borgarinnar.

Leiðarljós málaflokks: *Framúrskarandi þjónusta við borgarstjóra, íbúa og samfélagið.*

Meginmarkmið: 1. Skilvirk og fagleg þjónusta og stjórnsýsla sem er til fyrirmyndar fyrir aðra starfsemi Reykjavíkurborgar, 2. Faglegur undirbúningur og utanumhald vegna þátttöku borgarstjóra sem opinber fulltrúi Reykjavíkurborgar í viðburðum og athöfnum innan lands og utan, 3. Traustar almannavarnir og forysta um starf neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar.

Á næstu árum eru aðgerðir í málaflokknum m.a. áframhaldandi vinna við gerð þjónustustefnu þjónustu- og stjórnsýsluteymis, stafræn umbreyting og endurútgáfa viðbragðsáætlunar Reykjavíkurborgar.

Samskipti og mörkun

Hlutverk málaflokks: Stefnumörkun í samskipta- og upplýsingamálum og samhæfð og áreiðanleg upplýsingamiðlun um Reykjavíkurborg og starfsemi hennar.

Framtíðarsýn málaflokks: *Reykjavík er borgarsamfélag þar sem allir hafa greiðan aðgang að áreiðanlegum upplýsingum sem er miðlað á skýran og fjölbreyttan hátt. Lífandi samskipti við íbúa, gesti og umheiminn stuðla að traustri og jákvæðri ímynd Reykjavíkurborgar.*

Meginmarkmið: 1. Farsæl innleiðing samskiptastefnu Reykjavíkur, 2. Samhæfð og skilvirk samskiptastjórnun og upplýsingamiðlun með áherslu á notendamiðað aðgengi og fjölbreytta miðlun til allra hópa, 3. Áreiðanleg upplýsingamiðlun sem stuðlar að gagnsæi og öryggi og auðveldar íbúum aðkomu að starfsemi og þátttöku í ákvarðanatöku borgarinnar, 4. Jákvæð ímynd, traustur og vingjarnlegur tónn Reykjavíkurborgar með samhæftri rödd, útliti og efnistöfum í samskiptum.

Lóðaúthlutun og samningagerð

Hlutverk málaflokks: Að vinna að hagkvæmri nýtingu borgarlandsins og innviða þess auk tekjuöflunar fyrir Reykjavíkurborg.

Framtíðarsýn málaflokks: *Í Reykjavík er skjót, skilvirk og gagnsæ úthlutun lóða og samningsgerð á uppbyggingarsvæðum sem aflar tekna til fjárfestingar í innviðum borgarinnar.*

Meginmarkmið: 1. Stafræn umbreyting á úthlutunarferli lóða, sölu byggingarréttar og annarrar samningagerðar, 2. Skilvirkt samstarf innan Reykjavíkurborgar við undirbúning fyrir og við úthlutun lóða og sölu byggingarréttar, 3. Reykjavíkurborg afli tekna af úthlutun lóða, sölu byggingarréttar og uppbyggingarsamningum til að fjárfesta í stofnkostnaði innviða, 4. Fjölgun leiguíbúða, búseturéttaríbúða og félagslegra íbúða á þéttingarsvæðum.

Atvinnu- og borgarþróun

Hlutverk málaflokks: 1. Græna planið: Miðlun, þ.m.t. viðhald og uppfærsla vefsíðu, regluleg uppfærsla aðgerðaáætlunar og forgangsverkefna Græna plansins í samvinnu við fagsvið, ársfjórðungsleg uppfærsla á aðgerðaráætlun, ábyrgð á áherslum Græna plansins á þróun nýrra atvinnutækifæra framtíðarinnar og að tryggja ný athafnasvæði fyrir atvinnulífið, 2. Borgarþróun: Þátttaka í þróun borgarsvæða til að tryggja framgang, samhæfingu og yfirsýn verkefna í samræmi við Græna planið, Aðalskipulag Reykjavíkur og aðra samþykktu stefnumörkun borgarinnar auk ýmissa sérverkefna á sviði borgarþróunar, 3. Atvinnuþróun: Tengiliður atvinnulífsins við borgina og vinnur að aukinni samkeppnishæfni þess og að eflingu nýsköpunar og samstarfs við fyrirtækin í borginni, 4. Alþjóðlegt samstarf: Tengiliður borgarinnar í ákveðnu alþjóðasamstarfi og rannsóknar- og nýsköpunarverkefnum. Þátttaka í innlendum og alþjóðlegum samstarfsverkefnum og umsóknum í sjóði. Innleiðing alþjóðastefnu og samhæfingu í alþjóðamálum, 5. Alþjóðamál: Ábyrgð á innleiðingu alþjóðastefnu og samhæfingu í alþjóðamálum Reykjavíkurborgar.

Lýðheilsa

Hlutverk málaflokks: Að vinna að þróun og framkvæmd verkefna á sviði lýðheilsu.

Framtíðarsýn málaflokks: *Reykjavík er heilsueflandi, sjálfbært og fjölskrúðugt borgarsamfélag sem stuðlar að öryggi, jöfnuði, virkri þátttöku og vellíðan allra.*

Meginmarkmið: 1. Bætt heilsa og vellíðan á öllum æviskeiðum, 2. Jöfnuður til heilsu og vellíðanar - engin skilin eftir, 3. Heilsa og vellíðan er vegvísir í allri starfsemi Reykjavíkurborgar, 4. Skilvirk innleiðing lýðheilsustefnu Reykjavíkur og aðgerðaáætlunar hennar, 4. Skilvirk innleiðing matarstefnu Reykjavíkur og aðgerðaáætlunar hennar.

Á næstu árum eru aðgerðir í málaflokknum einkum þær sem finna má í aðgerðaáætlunum lýðheilsustefnu og matarstefnu Reykjavíkurborgar auk þátttöku í lýðheilsborgarsamtökum Evrópu sem borgin fékk aðild að vorið 2021.

Matarstefna

Hlutverk málaflokks: Stuðla að betri heilsu Reykvíkinga, styrkja máltíðarþjónustu og stuðla að því að borgin nái markmiðum sínum hvað varðar öryggi, sjálfbærni, lýðheilsu og hagkvæmni.

Framtíðarsýn málaflokks: *Matur verði bragðgóður, næringarríkur og spennandi. Neysla, meðhöndlun og framleiðsla gangi ekki nærri náttúrunni, alltaf val um grænmetisfæði í mótuneytum borgarinnar og skýr næringarviðmið og gott framboð á næringarríkum mat hjá Reykjavíkurborg.*

Framundan er endurskoðun matarstefnu þar sem hún rennur út í lok árs 2022.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRÍ

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara	Raun 2018	Raun 2019	Raun 2020	Raun 2021	Útksp. 2022	Áætlun 2023
Þjónusta- og stjórnsýsla						
Stjórnsýsluerindi	556	636	687	451	340	300
Móttökur	43	39	8	10	27	46
Ávörp, greinar og bréf	185	195	99	115	190	200
Mál til vinnslu í borgarráði	N/a	N/a	226	306	350	300
Fyrirspurnir, umsagnir og tillögur úr borgarráði	N/a	N/a	24	27	28	35
Erindi frá fagráðum/nefndum	N/a	N/a	4	4	3	4
Erindisbréf starfshópa borgarstjóra og borgarritara	25	24	20	16	15	15
Samskipti og mörkun						
Fréttatilkynningar	810	812	428	470	500	550
Fjölmiðlafyrirspurnir	340	350	357	712	700	600
Húsnæðis- og lóðamál						
Fjöldun íbúða í Reykjavík (tilbúnaðar íbúðir - Alls)			791	1285	1234	1316
- Fjöldun almennra íbúða			731	493	748	1095
- Fjöldun íbúða húsnæðisfélaga			60	792	486	221
Hagkvæmt húsnæði fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur			1 verkefni	45	79	21
Fjöldi lóðaúthlutanna	45	22	25	23	39	41
- þar af fjölbýlishús	9	5	4	8	28	30
- þar af íbúðakjarni	2	1	1	1	2	1
- þar af einbýli	16	9	9	3	0	0
- þar af rað-, þar- og tvíbýlishús	16	3	7	3	5	6
- þar af atvinnulóðir	2	4	4	7	10	8
Fjöldi íbúða í lóðaúthlutun	671	227	299	422	1391	1500
Uppbyggingarsamningar						
- Fjöldi samninga	6	6	3	9	22	10
- Fjöldi íbúða	108	313	108	1250	2426	1200
- Fjöldi leigu- og búseturéttaríbúða á uppbyggingarsvæðum	49	379	37	200	479	240
- Kaupréttur Félagsbústaða	13	95	4	59	113	60
Lóðarvilyrði - Fjöldi						
- þar af fjölbýlishús	6	12	4	5	42	14
- þar af íbúðakjarni	0	1	2	1	1	1
- þar af atvinnulóðir	3	2	3	5	1	3
Atvinna og verslun						
Fjöldi fyrirtækja í Reykjavík	7912	8.055	8131	8.005	8.025	8.065
Fjöldi fyrirtækja per 1.000 íbúa	62,8	62,5	62	60,1	61	62,7
Verslun og þjónusta í miðbænum (Alls)		485	470	470	480	485
- Verslun	N/a	223	213	212	218	218
- Veitingar	N/a	190	190	185	190	191
- Menning og önnur þjónusta	N/a	72	67	73	75	76
Alþjóðamál og rannsóknarsamstarf						
Alþjóðlegir samningar, samtök og annað samstarf						
- Samningar/sáttmálar	N/a	13	N/a	N/a	Uppf.'22-'23	Uppf.'22-'23
- Formleg samtök	N/a	39	N/a	N/a	Uppf.'22-'23	Uppf.'22-'23
- Annað samstarf	N/a	124	N/a	N/a	Uppf.'22-'23	Uppf.'22-'23
Fjöldi rannsóknar- og nýsköpunarstyrkja		2	2	2	2	3
- Upphæð rannsóknar- og nýsköpunarstyrkja		€ 953.343	€ 15.000	€ 102602	Uppf.'22-'23	Uppf.'22-'23
Lýðheilsa						
Lýðheilsumat - Fjöldi verkefna	0	0	0	1	2	1

EIGNASJÓÐUR

LEIÐARLJÓS

Eignasjóður er drifkraftur sjálfbærrar borgarþróunar með vandaðri eignaumsýslu og framsækinni atvinnustefnu í nánu samstarfi við aðra sem málið varðar—og með hag allra borgarbúa í huga.

HLUTVERK OG VERKASKIPTING

Eignasjóður Reykjavíkurborgar er einn stærsti fasteignasjóður landsins með yfir 400 fasteignir. Sjóðurinn fer með rekstur, viðhald, kaup og sölu eigna borgarinnar, svo sem lönd, lóðir og aðrar fasteignir, samgöngumannvirki og lausabúnað og fellur undir A-hluta í rekstri borgarinnar.

Eignasjóður annast eignaumsýslu Reykjavíkurborgar og ber ábyrgð á eigandafyrirsvari eignasjóðs Reykjavíkurborgar (lönd, lóðir og aðrar fasteignir, samgöngumannvirki og lausabúnað) og fylgir eftir Aðalskipulagi 2010 - 2040 með heildstæða og sjálfbæra borgarþróun að leiðarljósi. Eignasjóður ber ábyrgð á meðhöndlun fjárfestingaverkefna, þ.e. framgangi fjárfestingaráætlunar í samræmi við verklagsreglur og fjárhagsleg viðmið auk þess að hafa eftirlit með framkvæmdakostnaði og framvindu fjárfestingaráætlunar.

Hér fyrir neðan er lýst í stórum dráttum núverandi verkaskiptingu vegna verkefna eignasjóðs.

EIGNASKRIFSTOFA

- Ber ábyrgð á eigandafyrirsvari eignasjóðs Reykjavíkurborgar (lönd, lóðir og aðrar fasteignir, samgöngumannvirki og lausabúnað).
- Þróar og innleiðir mælikvarða til samanburðar á rekstri fasteigna og gerir þá aðgengilega til stýringar.
- Ber ábyrgð á skráningu eigna og meðhöndlun í Eignakerfi.
- Ber ábyrgð á tryggingum eigna og meðhöndlun á tjónum í samstarfi við USK.
- Ber ábyrgð á gerð fjárfestingaráætlunar og aðgengi að sundurliðuðum upplýsingum í fjárhagsupplýsingakerfi borgarinnar þvert á verkefni, ár og útgáfur til eftirlits og skýrslugerðar.
- Hefur eftirlit með stjórnslulegri meðhöndlun fjárfestingaverkefna, þ.e. framgangi fjárfestingaráætlunar í samræmi við verklagsreglur og fjárhagsleg viðmið.
- Hefur eftirlit með framkvæmdakostnaði og framvindu fjárfestingaráætlunar.
- Ber ábyrgð á gerð leigusamninga vegna eigna, reikningagerð og samskiptum við leigutaka.
- Ber ábyrgð á gerð leigusamninga vegna framleigueigna, eftirfylgni með þeim og samskiptum við leigusala.
- Annast kaup og sölu eigna.
- Ber ábyrgð á tekjuáætlun í samráði við skrifstofu borgarstjóra- og borgarritara.

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ (USK)

- Ber ábyrgð á verklegum framkvæmdum og fylgir eftir fjárfestingaráætlun Reykjavíkurborgar. Í því felst þarfagreining fyrir notendur vegna einstakra verka, framsetning og mat á valkostum, gerð og framlagning kostnaðaráætlana, gerð áhættumats, framvinduskýrslna og skilamats.
- Ber ábyrgð á að setja fram líftímagreiningu (life cycle kostnaðarmat) við undirbúning framkvæmda og nýta við mat á valkostum.
- Ber ábyrgð á stjórnáslulegri meðhöndlun framkvæmda- og viðhaldsverkefna, þ.e. framlagningu í borgarráði og/eða öðrum ráðum í samræmi við reglur borgarinnar og skilyrði sveitarstjórnarlaga um meðhöndlun fjárheimilda.
- Ber ábyrgð á reglubundinni skýrslugjöf um stöðu framkvæmda- og viðhaldsverkefna í samanburði við áætlanir þvert á verkefni, ár og útgáfur.
- Annast eftirlit með ástandi fasteigna og metur viðhaldspörf þeirra.
- Ber ábyrgð á gerð viðhaldsáætlana fasteigna og forgangsraðar í samræmi við fjárheimildir, leggur fram til samþykktar og fylgir þeim eftir.
- Ber ábyrgð á samskiptum við notendur fasteigna vegna viðhalds.
- Ber ábyrgð á breytingum og endurnýjun lóðarleigusamninga.
- Ber ábyrgð á framkvæmd á niðurrifi fasteigna Eignasjóðs.

SKRIFSTOFUR MIÐLÆGRAR STJÓRNSÝSLU Í EIGNASJÓÐI

- Ber ábyrgð á eigna- og atvinnuþróunarverkefnum.
- Vinnur að þróun og nýtingu borgarlandsins í samræmi við aðalskipulag Reykjavíkur.
- Tekur þátt í ramma- og deiliskipulagsvinnu þróunarsvæða og skipulagsgerð með utanaðkomandi þróunaraðilum eftir því sem við á.
- Annast tillögugerð til borgarráðs vegna úthlutunar lóða og sölu byggingarréttar.
- Ber ábyrgð á stofnun lóða, gerð lóðaleigusamninga og fylgir eftir innheimtu vegna þeirra.
- Ber ábyrgð á samstarfsverkefnum um atvinnuþróun, t.d. vegna frumkvöðlasetra í Reykjavík.
- Ber ábyrgð á stefnumótun og markaðssetningu á tækifærum í Reykjavík til fyrirtækja, fjárfesta og stofnana o. fl.

ÞJÓNUSTU- OG NÝSKÖPUNARSVIÐ (ÞON)

- Ber ábyrgð á þróun og rafvæðingu þjónustuferla borgarinnar.
- Ber ábyrgð á þróun og innleiðingu á vefum og veflausnum borgarinnar.
- Ber ábyrgð á tæknilegri umbótastofu sem annast m.a. viðskiptaþróun og val á tæknilegum notendalausnum.
- Ber ábyrgð á gagnastjórnun og uppbyggingu á viðskiptagreindarbúnaði og lausnum.
- Ber ábyrgð á hugbúnaðarþróun í samræmi við viðskiptaþróun og -hagsmuni.
- Ber ábyrgð á upplýsingatækniinnviðum og öryggi þeirra.
- Ber ábyrgð á notendabúnaði borgarinnar, skráningu hans og aldursgreiningu, og endurnýjunaráætlun.
- Ber ábyrgð á rekstri stjórnáslubygginga, öryggiskerfum og aðgangsstýringu þeirra.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2023

Rekstur Eignasjóðs (f m.kr.)	Raun 2021	Útkomuspá 2022	Áætlun 2023	Skipting áætlunar 2023		
				Eignaskrifstofa	Skrifstofa miðlægrar stjórnsýslu	USK eignasjóði
Leigutekjur	30.270	32.575	29.464	29.464	0	0
Aðrar tekjur		0	6.182	434	5.000	748
Rekstrartekjur samtals	30.270	32.575	35.646	29.899	5.000	748
Laun og launatengd gjöld	2.424	2.698	2.779	120	82	2.577
Annar rekstrarkostnaður	5.934	6.550	7.224	5.203	249	1.771
Afskriftir	6.529	7.227	8.095	8.095	0	0
Rekstrargjöld samtals	14.886	16.475	18.097	13.418	331	4.349
Fjármagnslíðir	-9.361	-15.779	-13.953	-13.953	0	0
Rekstrarniðurstaða	6.023	321	3.596	2.528	4.669	-3.601

Áætlaðar leigutekjur eignasjóðs á árinu 2023 eru 29.464 m.kr. Tekjur af sölu byggingarréttar eru áætlaðar 5.000 m.kr. og söluhagnaður af sölu fasteigna 250 m.kr.

FJÁRFESTINGAR- OG FRAMKVÆMDAÁÆTLUN 2023

Fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun ársins 2023 gerir ráð fyrir að 25.379 m.kr. verði varið til fjárfestinga. Er það 444 m.kr. hækkun frá áætlaðri raunútkomu fjárfestinga og framkvæmda á árinu 2022.

Fjárfesting (fjárhæðir í þús. kr.)	Áætlun 2023
Byggingarframkvæmdir	
Menningar- og ferðamálasvið	192,000
Skóla- og frístundasvið - grunnskólar	4,105,000
Skóla- og frístundasvið - leikskólar	4,735,000
Íþrótt- og tómstundasvið	2,503,000
Velferðarsvið	660,000
Ýmsar fasteignir	105,000
Bílastæðasjóður	0
Byggingarframkvæmdir samtals	12,300,000
Gatna- og umhverfisframkvæmdir	
Þjóðvegir, hluti Rvk. og aðrar umferðargötur	1,955,000
Nýbyggingahverfi	2,180,000
Miðborgin	735,000
Umhverfi- og aðgengismál	1,535,000
Umferðaröryggismál	250,000
Umhverfissvið- Ýmsar framkvæmdir	2,458,000
Gatna- og umhverfisframkvæmdir	9,113,000
Lóðir, lönd og skipulagseignir	90,000
Endurbætur, meiriháttar viðhald og átaksverkefni	250,000
Áhöld, tæki og hugbúnaður	3,626,000
FJÁRFESTING SAMTALS	25,379,000
Gatnagerðargjöld	-2,500,000
FJÁRFESTING NETTÓ:	22,879,000

HELSTU BYGGINGAFRAMKVÆMDIR 2023

Menningar- og ferðamálasvið: Undirbúningur heldur áfram að breytingum á Grófarhúsi og stofnun á safni Nínu Tryggvadóttur sem verður til húsa í Hafnarhúsi ásamt Listasafni Reykjavíkur. Áfram verður fjárfest í búnaði fyrir Borgarleikhús. Að auki verður fé varið til ýmissa verkefna vegna sviðsins til dæmis frekari endurbóta á Sólheimasafni og Ásmundasafni.

Skóla- og frístundasvið: Uppbygging leikskóla verður áfram í forgrunni á næstu árum, með nýjum leikskólum, viðbyggingum við eldri leikskóla og opnun ungbarnadeilda. Hönnun og framkvæmdir halda áfram á endurnýjun og stækkun Fossvogsskóla og Hagaskóla. Undirbúningur hefst við stækkun skóla í Laugardal og haldið áfram með endurbætur og stækkanir á eldri skólum. Nýir skólar í Skerjafirði og Vogabyggð verði undirbúnir. Áfram verður haldið með átak í viðhaldsmálum skólahúsnæðis en á fimm ára áætlun er gert ráð fyrir u.þ.b. 20 milljörðum í endurbætur grunn- og leikskóla.

Íþrótt- og tómstundasvið: Keppnisvöllur Þróttar verður endurnýjaður. Rennibraut verður sett upp við nýja sundlaug í Úlfarsárdal. Lokið verður við verkframkvæmdum við íþróttamannvirki á ÍR svæðinu. Stærsta framkvæmdaár verður á uppbyggingu skíðasvæða í Bláfjöllum og Skálafelli samkvæmt samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Þegar er uppbygging langt komin í Bláfjöllum en aukin áhersla verður lögð á uppbyggingu í Skálafelli. Undirbúningur fyrir nýtt vísinda- og upplifunarsafn í Laugardal heldur áfram sem og við dans- og fimleikahúss í Breiðholti. Undirbúningur að gerð vetrargarðs í Breiðholti heldur áfram. Gert er ráð fyrir að fjölnota knatthúsi KR verði boðið út á árinu og haldið verður áfram með samvinnu við Kópavogsbæ að nýrri sundlaug í Fossvogi. Þá verður áfram fé varið til annarra verkefna vegna stofnana sviðsins s.s. bættar skíðalyftur í hverfum, endurnýjun áhalda og tækja í sundlaugum og íþróttahúsum.

Velferðarsvið: Ráðgert er að fjölga hjúkrunarrýmum á næstu árum í starfsemi við ríkið. Undirbúningur er hafin við nýtt hjúkrunarheimili við Mosaveg og byrjað er að huga að uppbyggingu rými á Höfða. Byggt verður nýtt vistheimili barna. Undirbúningur heldur áfram við endurbætur og stækkun á Konukoti. Verið er að skoða framtíðarmöguleika með framleiðslueldhús, stækkun eða endurgerð.

Lóðir, lönd og skipulagseignir ásamt ýmsum fasteignum: Undirbúningur um byggingu nýrrar saltgeymslu fyrir bælistöðvar borgarinnar verður áframhaldið. Gert er ráð fyrir að uppbygging samgöngumiðstöðvar verði undirbúin og möguleikar með nýtingu Toppstöðvarinnar verða kannaðir frekar.

AÐRAR FJÁRFESTINGAR

Áhöld, tæki og hugbúnaður: Fjárfestingaráætlun vegna áhalda, tækja og hugbúnaðar verða áfram helstar í stafrænni umbreytingu sem skiptist í rannsóknir og nýsköpun, rafvæðingu ferla, hugbúnað og ný upplýsingakerfi, upplýsinga- og gagnastýringu, hönnun og umbreytingu þjónustu, upplýsingatækniinnviði og notendabúnað og loks stjórnsluhús og sjálfbærni þeirra. Mikil áhersla er lögð á upplýsingatækni og stafrænar lausnir svo eitthvað sé nefnt.

Jafnframt verður fjárfest í ýmsum tækjum vegna Umhverfis- og skipulagssviðs þar sem mikil áhersla er lögð á orkuskipti tækja. Endurnýjun sorpbíla sem munu einnig safna sérstaklega lífrænum úrgangi mun koma til framkvæmda á árinu.

HELSTU GATNA- OG UMHVERFISFRAMKVÆMDIR 2023

Helstu verkefni gatna- og umhverfisframkvæmda á árunum 2023-2027 verða vegna þéttingar byggðar, áherslu á umhverfis- og aðgengismál með vistvænni endurnýjun götulýsingar, fjölgun götutráa, uppsetningu hleðslustöðva fyrir rafbíla, endurheimtingu votlendis og vistvænni samgöngur með borgarlínu sem grunnstef. Undirbúningur Borgarlínu, fjölgun hjólastíga og úrbóta í samgöngum verður áfram haldið með samgöngusáttmálanum auk tengdra verkefna.

Helstu nýframkvæmdir við gatnagerð sem fyrirhugaðar eru á árinu 2023 eru eftir sem áður á íbúasvæðunum í Úlfarsárdal, Skerjafirði, Vogabyggð og Bryggjuhverfi. Að auki á uppbyggingarsvæðum í Gufunesi og Ártúnshöfða þar sem rísa munu blandaðar byggðir íbúða og atvinnuhúsnæðis.

Haldið verður áfram að vinna að bættu umferðaröryggi almennt í borginni. Þá verður haldið áfram uppbyggingu á nýjum göngu- og hjólastígum í borginni í samræmi við markmið Hjólaáriááætlunar sem og endurnýjun á gönguleiðum í eldri hverfum. Haldið verður áfram með ýmis verkefni á sviði umhverfis- og loftslagsmála eins og LED væðingu götulýsingar. Má þar t.d. nefna fjölgun grenndarstöðva í borginni og áherslur á líffræðilega fjölbreytni. Þá verður haldið áfram með uppbyggingu og lagfæringar á leikvöllum, torgum og opnum svæðum.

Haldið verður áfram og aukið við í brýnum framkvæmdum við endurnýjun malbiksyfirlaga á götum borgarinnar samkvæmt áætlun þar um.

GRÆNAR FJÁRFESTINGAR 2023-2027

Á árinu 2023 er mikið af grænum fjárfestingum. Má nefna hjólaáriááætlun Reykjavíkurborgar í þessu samhengi, svo og Aðalskipulag Reykjavíkurborgar 2010 – 2030 þar sem kveðið er á um friðun grænna og opinna svæða, þéttingu byggðar, styrkingu almenningssamgangna, vistvænar lausnir í sorphirðu og kröfur um visthæfar lausnir við nýbyggingar. Á næstu fimm árum er ráðgert að meira en 70% fjárfestinga Reykjavíkurborgar verði grænar fjárfestingar sem dragi úr losun gróðurhúsalofttegunda með vistvænum byggingum, með því að stuðla að orkuskiptum í samgöngum og styðja grænan vöxt til samræmis við umhverfis- og auðlindastefnu Reykjavíkurborgar.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

Rekstur Eignasjóðs (í m.kr.)	Raun 2020	Raun 2021	Útkomusp. 2022	Áætlun 2023
Eignarekstur				
Fjöldi fasteigna í rekstri	539	526	542	552
Flatarmál fasteigna í rekstri m2	596.727	608.388	614.693	615.001
Fjöldi bifreiða í eigu eignasjóðs	101	102	110	116
Fjöldi vinnuvéla í eigu eignasjóðs	6	7	7	7
Úthlutun og sala byggingaréttar				
Fjöldi lóðaúthlutanna	25	23	39	41
- þar af fjölbýlishús	4	8	28	30
- þar af íbúðakjarni	1	1	2	1
- þar af einbýli	9	3	0	0
- þar af rað-, þar- og tvíbýlishús	7	3	5	6
- þar af atvinnulóðir	4	7	10	8
Fjöldi íbúða í lóðaúthlutun	299	422	1.391	1.500
Uppbyggingarsamningar				
- Fjöldi samninga	3	9	22	10
- Fjöldi íbúða	108	1.250	2.426	1.200
- Fjöldi leigu- og búseturéttaríbúða á uppbyggingar	37	200	479	240
- Kaupréttur Félagsbústaða	4	59	113	60
Lóðarvilyrði - Fjöldi	9	11	44	17
- þar af fjölbýlishús	4	5	42	14
- þar af íbúðakjarni	2	1	1	1
- þar af atvinnulóðir	3	5	1	3

SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

Undir sameiginlegum kostnaði eru færðir ýmsir kostnaðarliðir sem eru sameiginlegir fyrir innri starfsemi Reykjavíkurborgar eða falla ekki með beinum hætti undir starfsemi fagsviða. Um er að ræða styrki og ýmis framlög, sérstök framlög vegna atvinnumála, rekstur miðlægra tölvukerfa, innheimtukostnað skatttekna, sameiginlegan launa- og starfsmannakostnað, breytingar lífeyrisskuldbindinga og ýmis önnur útgjöld. Þar á meðal er vistað fjármagn til ófyrirséðra útgjalda.

Styrkir og ýmis framlög eru áætluð 725 m.kr. Þar af eru 590 m.kr. vegna afsláttar elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignagjöldum. Styrkir borgarráðs nema 12,5 m.kr., Lýðheilsusjóður nemur 20 m.kr., hverfissjóður 10 m.kr. og ýmsar samningsbundnar greiðslur um 93 m.kr.

Framlög til atvinnumála eru áætluð 67 m.kr. Þar af verði 52 m.kr. varið til atvinnuátaksverkefna og 15 m.kr. til atvinnuþróunar og sóknaráætlunar.

Rekstur miðlægs tölvukerfis. Rekstur bókhalds og launakerfa er áætlaður um 135 m.kr. Þar af er rekstur miðlægs bókhaldskerfi 51 m.kr. og rekstur miðlægs launakerfi 84 m.kr.

Innheimtukostnaður skatttekna og fasteignamatsskrá. Innheimtukostnaður skatttekna er áætlaður 966 m.kr. Þar af er innheimtukostnaður staðgreiðslu áætlaður 580 m.kr., en útgjöld nema 0,5% af brúttó útsvarstekjum og greiðast til Fjársýslu ríkisins sem annast innheimtu útsvarsins. Útgjöld vegna fasteignamatsskrár eru áætluð 350 m.kr. en þau eru greidd til Þjóðskrár sem heldur utan um fasteignamat og er 0,006% af fasteignamati. Innheimtukostnaður vegna fasteignaskatta er áætlaður 36 m.kr.

Starfsmannakostnaður. Undir liðinn launa og starfsmannakostnaður eru vistuð miðlægt launaútgjöld sem munu, þegar kostnaðarmat liggur, fyrir færast til fagsviða samtals 5.966 m.kr. Þar eru m.a. áætlað vegna væntra kjarahækkana, endurmats starfa og samninga Reykjavíkurborgar á einkareknum grunnskólum/leikskólum og velferðarúrræðum sem taka breytingum til samræmis við kjarahækkanir samtals 6.133 m.kr. Slysabætur eru áætlaðar 167 m.kr.

Ýmis kostnaður er áætlaður 6.693 m.kr. Þar af hefur verið tekið frá fjármagn á liðnum ófyrirséð; sem nemur 4.947 m.kr. vegna verkefna sem ekki eru farin af stað eða kostnaðarmat ekki ljóst. Má þar nefna opnun nýrra leikskóla og uppbyggingaráætlun í málefnum fatlaðs fólks. Áætlaðar eru um 1.572 m.kr. í innri leigu áhaldna og tækja, sem er annars vegar hluti af leigu Ráðhúss og hins vegar innri leiga hugbúnaðar. Áætlað er að verja 44 m.kr. til reksturs Höfða og 4 m.kr. til reksturs á sumarhúsi á Úlfjótuvatni. Kostnaður við ytri endurskoðun er áætlaður 25 m.kr. og 18 m.kr. við endurskoðunarnefnd. Tryggingar eru áætlaðar 27 m.kr., móttökur og viðburðir 20 m.kr., Nýsköpunarsjóður námsmanna 15 m.kr. og ýmis önnur mál 15 m.kr.

Aðgerðaráætlun. Undir liðinn eru færðar hagræðingaraðgerðir sem nema 973 m.kr.

Breyting lífeyrisskuldbindinga. Gert er ráð fyrir að gjaldfærsla vegna breytingar á lífeyrisskuldbindingum nemi 1.885 m.kr. m.kr. árið 2023. Að auki eru gjaldfærðar 385 m.kr. af fyrirfram greiddu uppgjöri við Brú lífeyrissjóð. Vísað er í umfjöllun um lífeyrisskuldbindingar í greinargerð fjármálaskrifstofu um frumvarp að fjárhagsáætlun.

FRAMLÖG TIL B-HLUTA FYRIRTÆKJA

SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS BS.

Framlög Reykjavíkurborgar til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins árið 2023 eru áætluð 1.405,6 m.kr. Þar af er gert ráð fyrir að rekstrarframlag verði 1.327,2 m.kr., framlag til Almannaframtals verði 12,6 m.kr. og framlag í fjárfestingasjóð verði 65,8 m.kr.

Áætlun Slökkviliðsins gerir ráð fyrir að rekstrarframlög eigenda árið 2023 nemi 2.353,2 m.kr., að 22,3 m.kr. fari til Almannaframtals og 116,7 m.kr. fari í fjárfestingasjóð.

Skipting á rekstrarframlagi milli eigenda miðar við hlutfall íbúa 1. desember ár hvert. Hjálögð tafla lýsir skiptingu framlaga miðað við áætlun Slökkviliðsins. Nánari lýsing á fjárhagsáætlun Slökkviliðsins fyrir árið 2023 má finna í kafla um B-hluta fyrirtæki hér fyrir aftan.

Framlög eigenda 2023 (þkr.)	Hlutfallsleg skipting m.v. íbúafjölda	Rekstrarframlag	Framlag til Almannaframtals	Framlag í fjárfestingasjóð	Samtals framlög
Reykjavík	56%	1.327.228	12.565	65.820	1.405.613
Kópavogur	16%	381.370	3.610	18.913	403.893
Hafnarfjörður	12%	290.935	2.754	14.428	308.117
Garðabær	8%	180.027	1.704	8.928	190.659
Mosfellsbær	5%	127.391	1.206	6.318	134.915
Seltjarnarnes	2%	46.249	438	2.294	48.981
Samtals	100%	2.353.223	22.277	116.701	2.492.201

STRÆTÓ BS.

Heildarframlög Reykjavíkurborgar til Strætó bs. eru áætluð 3.484 m.kr. Framlag vegna bættra samgangna í Gufunesi er áætlað 3 m.kr. en rekstrarframlag sem skiptast á milli eigenda er áætlað 3.271 m.kr. auk þess sem Reykjavík greiðir 209 m.kr. framlag vegna nemendafargjalda. Í áætlun Strætó er gert ráð fyrir að framlög eigenda nemi 5.302 m.kr. án tillits til nemendafargjalda. Reykjavíkurborg er svo eina sveitarfélagið sem leggur til viðbótarfjármagn vegna vegna næturstreito að upphæð 51 m.kr sem gerir heildar rekstrarframlag 3.535 m.kr.

Skipting á rekstrarframlagi milli eigenda er fundin út með hlutfallslegri kostnaðarskiptingu, sem tilgreind er í eigendasamkomulagi.

Taflan lýsir skiptingu á framlögum sveitarfélaga miðað við áætlun Strætó.

Rekstrarframlög 2023 (þkr.)	Hlutfallsleg skipting	Áætluð framlög 2023
Reykjavík	62%	3.271.259
Kópavogur	14%	732.061
Hafnarfjörður	10%	514.582
Garðabær	7%	396.861
Mosfellsbær	5%	288.499
Seltjarnarnes	2%	97.774
Samtals	100%	5.301.036

B-HLUTA FYRIRTÆKI


FAXAFLÓAHAFNIR

LEIÐARLIÓS

Faxaflóahafnir þróist áfram sem öflug alþjóðleg viðskipta- og þjónustumiðstöð. Faxaflóahafnir munu nýta náttúru- og staðarkosti, eignir fyrirtækisins og þekkingu starfsmanna í þágu atvinnulífs og viðskipta.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2022-2027

Fjárhæðir í þús.kr.	Raun 2021	Útkomuspá/ Áætlun 2022	Áætlun 2023	Fimm ára áætlun			
				Áætlun 2024	Áætlun 2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027
Rekstrartekjur	4.145	5.039	5.347	5.279	5.528	5.780	5.912
Tekjur samtals	4.145	5.039	5.347	5.279	5.528	5.780	5.912
Laun og launatengd gjöld	1.220	1.270	1.435	1.435	1.435	1.435	1.435
Annar kostnaður	1.270	2.001	2.166	2.176	2.176	2.176	2.176
Afskriftir	815	850	875	931	1.087	1.198	1.285
Gjöld samtals	3.306	4.120	4.476	4.542	4.698	4.809	4.896
Rekstrarmíðurstaða fyrir fjármagnslíði	839	919	871	737	830	971	1.016
Fjármagnslíðir	12	73	39	2	-5	-24	68
Rekstrarmíðurstaða fyrir skatta	851	992	910	739	825	948	1.084
Söluhagnaður		2.054		450			
Matsbreytingar							
Hlutdeild í afkomu hluteldarfélaganna							
Hlutdeild í afkomu dótturfélaganna							
Rekstrarmíðurstaða	851	3.046	910	1.189	825	948	1.084




STARFSFÓLK


	Raun 2021	Útkomuspá/ Áætlun 2022	Áætlun 2023
Fjöldi starfsmanna	68	73	77
Fjöldi stöðugilda	68	73	77
Stöðugildi eftir þjónustubáttum:			
Stjórnendur	8	8	8
Hafnarþjónusta	33	37	41
Rekstrardeild	15	13	13
Hliðgæsla	4	5	5
Tæknideild	3	4	4
Skrifstofa	5	6	6

SKIPTING REKSTRAR 2023

Skipting rekstrartekna



Skipting rekstrargjalda



HLUTVERK

Meginhlutverk Faxaflóahafna sf. er að vera helsta inn- og útflutningshöfn landsins og alþjóðleg þjónustumiðstöð fyrir flutninga, sjávarútveg, iðnað, hafsækna ferðaþjónustu og aðra hafnartengda starfsemi á Norður – Atlantshafi. Að auki er hlutverk Faxaflóahafna sf. þróun lands og lóða á hafnarsvæðum fyrirtækisins.

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Fjárhagsáætlun ársins 2023, ásamt tilheyrandi langtímaáætlun, er leiðarljós fyrirtækisins í þróun og verkefnum. Stærri verkefni og endurnýjun mannvirkja á vegum Faxaflóahafna sf. munu standa yfir um nokkurn tíma og miða að því að bæta aðstöðu sem ætlað er að sinna þjónustu við skip og fyrirtæki til lengri tíma. Þættir sem hafa áhrif á þessar áætlanir eru m.a. nýjar þarfir, breyttar aðstæður, opinbert regluverk, þróun vöruflutninga, stærð og fjöldi skipa, auk breytinga á starfsemi fyrirtækja á landi Faxaflóahafna. Umhverfismál og sjálfbærni hafa sífellt meira vægi í okkar samfélagi. Faxaflóahafnir sf. vilja vera leiðandi í þessum málaflokkum og munu rekstur og framkvæmdir félagsins bera þess merki.

Miðað er við að á árunum 2023 – 2027 muni lóðatekjur vegna úthlutunar lóða í Sundahöfn og á Grundartanga skila sér.

Sérgreind viðhaldsverkefni undir rekstri ráðast af forgangsroðun á hverju ári, en þau nema um 10% af rekstrartekjum fyrirtækisins. Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir þau viðhaldsverkefni sem áætlað er að verði framkvæmd á árinu 2023:

Hafnarvirki		Götur	
Gamla höfnin		Gamla höfnin	
Ægisgarður viðhald	20	Malbiksyfirlagnir	11
Aðgangsstýring Ægisgarði	10	Sundahöfn	
Skilti Gömlu höfninni	5	Malbiksyfirlagnir	12
Skilti Skarfabakka	5	Gönguleiðir endurbætur	5
Austurbakki þilviðgerð	20	Götur og lagnir samtals	28
Miðbakki þilviðgerð	20		
Austurbakki sinkun	5	Húseignir	
Miðbakki sinkun	5	Gamla höfnin	
Grófarbakki sinkun	3	Bakkaskemma endurnýjun á þak	35
Skarfabakki farþegaaðstaða	10	Breytingar á vigtarhúsi	5
Færsla á Móða	5	Sorpgemyslur Suðurbugt	15
Sundahöfn		Sundahöfn	
Viðeyjarbryggja málun	15	Kornhlaðan innrétting	15
Viðeyjarbryggja landgangur	25	Kornhlaðan utanhússviðgerðir	10
Yfirlagnir á hafnarbakka	10	Akranes	
Grundartangi		Hafnarhús utanhússviðgerðir	10
Endurnýjun fendera	15	Húseignir samtals	90
Akranes			
Dráttarbatubryggja Akranesi	15	Vitar og sæmerki	
Kortasala á rafmagni	25	Engey LED væðing	3
Faxabryggja endurnýjun lagna	4	Vitar og sæmerki samtals	3
Hafnarvirki samtals	217		
		Sérverk alls:	338

Framkvæmdir árána 2023 til 2027 byggist á fyrirliggjandi fjárfestingaáætlun.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Rekstur Faxaflóahafna sf. felst í rekstri hafnarþjónustu, hafnarvirkja, lands og lóða auk húseigna. Faxaflóahafnir munu áfram kappkosta að veita örugga og skilvirka hafnarþjónustu. Auk þess þróar fyrirtækið land og lóðir og viðheldur hafnarvirkjum og öðrum eignum.

Aukin áhersla er á umhverfisþætti og loftslagsmál þar sem unnið verður að því að koma upp búnaði til landtengingar flutningaskipa og farþegaskipa í höfnum Faxaflóahafna. Flokkun úrgangs verður einnig í brennidepli og nýjum flokkunarílátum verður komið fyrir á hafnarsvæðum. Áfram verður mikil áhersla á öryggismál í allri starfsemi fyrirtækisins. Aukin áhersla á upplýsingatækni og snjalllausnir til að tryggja skilvirkni, jafnt í rekstri sem í þjónustuþáttum fyrirtækisins verður sýnileg á næstu árum.

Framundan eru mikilvæg fjárfestinga- og viðhaldsverkefni sem munu skapa verðmæti og jákvæð samfélagsáhrif fyrir fyrirtækið og eigendur þess. Fjárhagsáætlun 2023 og fjárfestingaráætlun 2023 – 2027 bera merki viðspyrnu og framsækni til hagsbóta fyrir alla hagaðila Faxaflóahafna.

FRAMLÖG

Engin framlög til rekstrar eða fjárfestinga.

FJÁRFESTINGAR

Fjárfestingar á árinu 2023 eru áætlaðar 2.158 mkr. Á árunum 2023 – 2027 er gert ráð fyrir talsverðri aukningu í fjárfestingum félagsins og má þar helst nefna rafvæðingu hafna, uppbyggingu í Sundahöfn með landfyllingu í Vatnagörðum, lengingu á hafnarbökkum og dýpkunum. Auk þess er gert ráð fyrir uppbyggingu á aðstöðu fyrir farþegaskipti á Skarfabakka og á eigin aðstöðu Faxaflóahafna á svæðinu. Á tímabilinu verður einnig unnið að lengingu Aðalhafnargarðs á Akranesi.

Fjárfestingar skiptast á hafnarsvæðin sbr. töflu:

Verkefni	2023
Vatnagarðar, þróun	200
Farþegaaðstaða Skarfabakka	400
Nýtt hafnarhús	50
Landtengingar	40
Akranes, Aðalhafnargarður	400
Faxagarður, stækkun	50
Tangabakki 1. áfangi, hækkun	80
Dýpkanir í Sundahöfn	100
Endurnýjun lýsingar, LED væðing	95
Sundabakki, efra burðarlag	170
Flotbryggja og aðstaða hafnsögubáta	10
Ægisgarður, aðkoma, torg og djúpgámar	55
Önnur verkefni	508
Samtals áætlaðar fjárfestingar	2.158

FJÁRHAGSLEG STAÐA

Líðandi fjárhagsár virðist ætla að vera Faxaflóahöfnum nokkuð hagfelldara en fjárhagsáætlun ársins gerði ráð fyrir. Þrennt skýrir bættu afkomu frá áætlun: Fleiri komur skemmtiferðaskipa en gert var ráð fyrir, hærri aflgjöld vegna góðrar loðnuvertíðar og umferð um höfnina er meiri og skip almennt stærri en áður. Breyting í efnahagsþróun verður einatt fyrst vart á hafnarsvæðum hvort heldur er í samdrætti eða vexti. Þrátt fyrir góða sjóðstöðu félagsins er gert ráð fyrir lántökum á árunum 2025 og 2026 vegna fjárfrekra framkvæmda á næstu árum.



Þróunina má sjá hér umbreytingar á milli ára:

Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar						
(mkr.)	2019 Raun	2020 Raun	2021 Raun	2022 Áætlun	2022 Útk.spá	2023 Áætlun
Tekjur	4.121	3.485	4.145	4.319	5.039	5.347
Gjöld	3.258	3.443	3.306	3.036	3.270	3.601
Rekstrarniðurstaða	863	-219	839	340	3.046	885
Fjárfestingar	2.209	2.151	309	1.890	1.313	2.158

LYKILTÖLUR OG HELSTU LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI


	Raun 2019	Raun 2020	Raun 2021	Útkomuspá 2022	Áætlun 2023
Fjöldi skipa > 100 brt.	1.378	1.085	1.304	1.450	1.550
Brúttótonn skipa í þús. tonna	13.592	6.849	10.010	15.700	20.000
Heildarflutningar í þús. tonna	3.914	3.372	3.657	3.840	3.993
Innflutningur - annað en stóriðja í þús. tonna	1.336	1.090	1.273	1.337	1.390
Innflutningur til stóriðju	1.200	1.121	1.478	1.552	1.614
Útflutningur - annað en stóriðja í þús. tonna	471	383	446	468	487
Útflutningur frá stóriðju	425	422	460	483	502
Landaður afli í þús. tonna	77	68	92	151	80
Skemmtiferðaskip	190	7	69	184	274
Fjöldi farþega	188.630	2.966	18.950	164.500	294.000
Fjöldi starfsmanna (föst stöðugildi)	69	68	68	73	77
Eignarland alls í hekturum	885	885	885	885	885
Lóðir samkv. skipulagi í eigu Faxaflóahafna í hekturum	325	326	326	326	326
Lengdir hafnarbakka og bryggja í metrum	8.690	8.273	8.273	8.273	8.273

FÉLAGSBÚSTAÐIR

LEIÐARLIÓS

Félagsbústaðir tryggja framboð af félagslegu leiguhúsnæði í Reykjavík; öruggu og vistlegu húsnæði og veita leigjendum góða þjónustu. Í heiðri eru höfð gildi um samvinnu, virðingu og þjónustu.

SKIPURIT



FJÁRHAGSÁÆTLUN 2023-2027

	Fjárhæðir í þús.kr.	Útkomuspá/ Áætlun		Fimm ára áætlun				
		Raun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	2024	2025	2026	2027
Rekstrartekjur	5.122.700	5.709.929	6.328.323	6.843.346	7.330.684	7.806.582	8.361.353	
Tekjur samtals	5.122.700	5.709.929	6.328.323	6.843.346	7.330.684	7.806.582	8.361.353	
Laun og launatengd gjöld	367.477	433.043	460.307	495.318	520.359	541.900	564.298	
Annar kostnaður	2.468.321	2.758.930	3.150.465	3.333.990	3.536.528	3.679.544	3.923.024	
Afskriftir	20.094	16.612	16.800	16.800	16.500	16.400	15.600	
Gjöld samtals	2.855.891	3.208.586	3.627.571	3.846.107	4.073.387	4.237.845	4.502.922	
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	2.266.809	2.501.344	2.700.751	2.997.239	3.257.297	3.568.738	3.858.431	
Fjármagnsliðir	-3.408.407	-5.757.296	-4.369.727	-3.622.542	-3.368.091	-3.504.244	-3.738.527	
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta	-1.141.598	-3.255.952	-1.668.975	-625.304	-110.794	64.493	119.905	
Tekjuskattur	0	0	0	0	0	0	0	
Matsbreytingar	19.632.649	28.886.216	7.555.408	6.555.748	5.264.980	5.574.475	5.906.053	
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	0	0	0	0	0	0	0	
Hlutdeild í afkomu dótturféлага	0	0	0	0	0	0	0	
Rekstrarniðurstaða	18.491.050	25.630.264	5.886.433	5.930.445	5.154.186	5.638.969	6.025.958	

STARFSFÓLK


Hjá Félagsbústöðum starfar fjölbreyttur hópur starfsmanna við viðhald, byggingaframkvæmdir, fasteignakaup, samskipti við leigjendur, gerð leigusamninga, standsetningar íbúða við leigjendaskipti, fjármál og fl.

	Raun 2021	Útkomuspá/ Áætlun 2022	Áætlun 2023
Fjöldi starfsmanna	28	31	30
Fjöldi stöðugilda	27	31	30
Stöðugildi eftir þjónustubáttum:			
Eigna- og viðhaldssvið	10	10	11
Fjármálasvið	8	8	7
Framkvæmdastjóri og fasteignaþróun	2	3	3
Þjónustu- og upplýsingasvið	7	10	9



Rökkvatjörn 3

SKIPTING REKSTRAR 2023



■ Leiga íbúðarhúsnaðis ■ Aðrar tekjur

HLUTVERK

Félagsbústaðir hf. hafa umsjón með uppbyggingu og rekstri félagslegs leiguhúsnæðis fyrir eiganda sinn, Reykjavíkurborg. Félagið leigir út almennt félagslegt leiguhúsnæði, húsnæði fyrir fatlað fólk, húsnæði fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónustubarfir ásamt þjónustuíbúðum fyrir aldraða. Uppbygging og fjölgun íbúða tekur mið af húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar og áherslum borgaryfirvalda í málaflokknum.

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Eftirfarandi er frumvarp að fjárhagsáætlun Félagsbústaða hf. fyrir tímabilið 2023-2027 og útkomuspá fyrir árið 2022. Áætlunin er unnin samkvæmt gangvirðisuppgjöri sem felur í sér að fjárfestingareignir eru ekki afskrifaðar heldur endurmetnar í samræmi við fasteignamat. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að umhverfi þróist í takti við vísitölur eins og skilgreint hefur verið af fjármála- og áhættustýringarsviði Reykjavíkurborgar á tímabilinu 2023 til 2027 auk þess sem áætlunin gerir ráð fyrir að vísitala íbúðaverðs hækki um 5% árið 2023, 4,0% árið 2024 og svo 3% á ári eftir það. Þessu til viðbótar setti stjórn félagsins stjórnendum þær skorður að áætlun félagsins skyldi skila jákvæðri breytingu á handbært fé öll ár áætlunar, þ.e. að veltufé frá rekstri nægi fyrir afborgunum langtímalána ár hvert.

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að almennum félagslegum leiguíbúðum fjölgi um 81 á árinu 2023 og 75 á ári næstu ár þannig að 5% íbúðarhúsnæðis í borginni sé félagslegt leiguhúsnæði.

Á árinu 2023 er áætlað að festa kaup á tveimur sjö íbúða kjörnum fyrir fatlað fólk í fjölbýli auk fimm annarra á áætlunartímabilinu. Lokið verður við byggingu íbúðakjarna fyrir fatlað fólk á Vesturgötu um mitt ár 2023 og áætlað er að fyrir mitt ár 2024 verði nýir íbúðakjarnar við Háteigsveg og Brekknaás fullbyggðir. Þá er gert ráð fyrir að farið verði í framkvæmdir á húsnæði í eigu Félagsbústaða á Laugavegi 105 og Vallengi 2 þannig að íbúðirnar uppfylli reglugerð um húsnæði fyrir fatlaða. Gert er ráð fyrir að á árinu 2023 hefjist hönnun á þremur til fjórum íbúðakjörnum við Nauthólsveg, Stekkjarbakka og Hverafold. Þá er gert ráð fyrir að fyrir lok árs 2028 verði byggð 13 minni fjölbýlishús í samræmi við uppbyggingaráætlun í húsnæðismálum fatlaðra sem samþykkt var í borgarstjórn á árinu 2022.

Leitast verður við að fylgja stefnu borgarinnar um jafna dreifingu félagslegs leiguhúsnæðis í hverfum borgarinnar en fjölgun íbúða er þó mest í nýbyggingum þar sem Félagsbústaðir kaupa alla jafna 5% íbúða sem kveðið er á um í úthlutunarskilmálum borgarinnar.

Á árinu 2023 verður lögð áhersla á nokkur stór viðhaldsverkefni á ytra byrði fjölbýlishúsa í eigu Félagsbústaða. Einnig verður unnið að breytingum og endurnýjun eldri fjölbýlishúsa, viðhaldi íbúða í búsetu og standsetninga á íbúðum milli leigjendaskipta.

Áfram verður lögð rík áhersla á að tryggja leigjendum faglega og tímasetta þjónustu, auka þátttöku og ábyrgð leigjenda í húsfélögum, efla tengsl við íbúa í fjölbýlishúsum Félagsbústaða og taka örugglega á þungum nábylismálum sem ógna kunna öryggi og vellíðan.

Fjárhæðir / þús.kr.	Útkomuspá/			Fimm ára áætlun			
	Raun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	2024	2025	2026	2027
Leigutekjur	4.714.940	5.282.698	5.853.822	6.331.399	6.783.343	7.224.700	7.739.221
Aðrar tekjur	407.760	427.231	474.500	511.947	547.340	581.882	622.133
Rekstrartekjur samtals	5.122.700	5.709.929	6.328.323	6.843.346	7.330.684	7.806.582	8.361.353
Rekstur fasteigna	516.312	618.084	689.864	742.921	793.026	841.917	898.860
Viðhald og framkvæmdir	1.244.128	1.325.022	1.487.156	1.505.536	1.576.097	1.600.349	1.711.987
Fasteigna og brunabótaíðgjöld	567.223	652.117	773.233	882.410	958.303	1.024.550	1.093.761
Rekstur og viðhald eignasafns samtals	2.327.663	2.595.224	2.950.252	3.130.868	3.327.426	3.466.816	3.704.608
Laun og launatengd gjöld	367.477	433.043	460.307	495.318	520.359	541.900	564.298
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	127.563	142.933	167.012	169.922	175.602	179.128	184.016
Framlag í afskriftareikning viðskiptakrafna	33.189	37.386	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður samtals	528.229	613.362	677.319	715.239	745.962	771.028	798.314
Rekstrargjöld samtals	2.855.891	3.208.586	3.627.571	3.846.107	4.073.387	4.237.845	4.502.922
Vaxtagjöld	1.106.336	1.129.922	1.193.774	1.333.912	1.445.480	1.576.270	1.689.863
Verðbótargjöld	2.302.071	4.627.373	3.175.953	2.288.631	1.922.610	1.927.974	2.048.663
Fjármagnslíðir samtals	3.408.407	5.757.296	4.369.727	3.622.542	3.368.091	3.504.244	3.738.527
Matsbreyting fjárfestingareigna	19.632.649	28.886.216	7.555.408	6.555.748	5.264.980	5.574.475	5.906.053
Rekstrarniðurstaða	18.491.050	25.630.264	5.886.433	5.930.445	5.154.186	5.638.969	6.025.958
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnslíði	2.266.809	2.501.344	2.700.751	2.997.239	3.257.297	3.568.738	3.858.431
Rekstrarniðurstaða fyrir verðbætur og matsbreytingu	1.160.473	1.371.421	1.506.978	1.663.327	1.811.816	1.992.467	2.168.568
Rekstrarniðurstaða fyrir matsbreytingu	-1.141.598	-3.255.952	-1.668.975	-625.304	-110.794	64.493	119.905

Tekjur og gjöld

Rekstrartekjur ársins 2023 eru áætlaðar 6.328 m.kr. sem er 10,8% aukning m.v. útkomuspá fyrir árið 2022 og gerir ráð fyrir að tekjur verði 5.710 m.kr. Leigutekjur aukast um 10,8% milli ára og skiptist áætluð aukning tekna á milli 4,9% hækkunar vegna verðlagsbreytinga og um 5,9% vegna magnaukningar ef miðað er við áætlaðar tekjur 2022. Rekstrartekjur aukast svo um 8% árið 2024 og um 7% öll árin 2024 til 2026.

Rekstrargjöld 2023 eru áætluð 3.628 m.kr. og aukast um 13,1% m.v. útkomuspá 2022. Rekstrargjöld skiptast í rekstur og viðhald eignasafnsins og skrifstofu- og stjórnunarkostnað. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld aukist um á bilinu 4% til 6% á árunum 2024 til 2027.

Rekstur og viðhald eignasafnsins skiptist í þrjá megin flokka. Í fyrsta lagi rekstur fasteigna sem samanstendur af húsfélagsgjöldum stakra íbúða, rafmagni, hita íbúða, lóðaumhirðu, rekstur öryggis- og eftirlitskerfa og annars tilfallandi rekstrarkostnaðar leigugeininga þar sem Félagsbústaðir eiga allt fjölbýlishúsið og sjá um rekstur sem er í höndum húsfélaga þar sem félagið á stakar eignir. Í öðru lagi er viðhalds- og framkvæmdakostnaður, þar á meðal er framkvæmdakostnaður húsfélaga þar sem félagið á stakar íbúðir, verktakakostnaður þ.e. efnis- vinnu- aksturs- og tækjakostnaður iðnaðarmanna auk tilfallandi kostnaðar vegna framkvæmda s.s. leyfisgjöld og hönnunarkostnaður. Nánar er gerð grein fyrir verktakakostnaði í kaflanum framkvæmdir og viðhald. Í þriðja lagi eru lögbundin opinber gjöld þ.e. fasteignagjöld, vatns- og fráveitugjöld og brunatrygging fasteigna.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður hækkar um 64 m.kr. frá útkomuspá eða um 10,4%. Hækkunin skýrist af hækkun launa og launatengdra gjalda um 27 m.kr. og hækkun annars skrifstofukostnaðar um 24 m.kr. Á áætlunartímabilinu er gert ráð fyrir að stöðugildi verði stöðug milli 31 og 32. Stærstu útgjaldaliðir annars skrifstofukostnaðar eru ýmis sérfræðiþjónusta, upplýsingatæknikostnaður og annar skrifstofu- og starfsmannakostnaður. Afskrifaðar tapaðar kröfur eru áætlaðar 50 m.kr. á árinu 2023 eða 33,7% hærri en útkomuspá 2022.

Fjármagnskostnaður

Áætlaðar afborganir af langtímalánum nema 1.436 m.kr. á árinu 2023, áætlaðar vaxtagreiðslur lánanna nema 1.196 m.kr. Greiðslubyrði lána nemur því 2.632 m.kr. en gert er ráð fyrir að lántökur aukist í samhengi við auknar fjárfestingar. Vaxtagjöld á tímabilinu 2024 til 2027 aukast í takti við aukna lántöku en haldast nokkuð stöðug í hlutfalli við rekstrartekjur eða um 20%. Afborganir langtímalána taka hins

vegar að aukast meira á tímabilinu 2024 til 2027 og aukast sem hlutfall af rekstrartekjum úr 22,7% árið 2023 í 25,9% árið 2027.

Þróun undirlíða	Útkomuspá/ Áætlun			Fimm ára áætlun			
	2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	2024	2025	2026	2027
Leigutekjur	9,7%	12,0%	10,8%	8,2%	7,1%	6,5%	7,1%
Aðrar tekjur	12,8%	4,8%	11,1%	7,9%	6,9%	6,3%	6,9%
Rekstur og viðhald eignasafns	13,6%	11,5%	13,7%	6,1%	6,3%	4,2%	6,9%
Rekstur fasteigna	5,0%	19,7%	11,6%	7,7%	6,7%	6,2%	6,8%
Viðhald og framkvæmdir	19,2%	6,5%	12,2%	1,2%	4,7%	1,5%	7,0%
Fasteigna og brunabótaðgjöld	10,5%	15,0%	18,6%	14,1%	8,6%	6,9%	6,8%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	14,1%	16,1%	10,4%	5,6%	4,3%	3,4%	3,5%
Laun og launatengd gjöld	13,5%	17,8%	6,3%	7,6%	5,1%	4,1%	4,1%
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	-9,4%	12,0%	16,8%	1,7%	3,3%	2,0%	2,7%
Útgjöld í hlutfalli af rekstrartekjum							
Rekstur og viðhald eignasafns	45,4%	45,5%	46,6%	45,8%	45,4%	44,4%	44,3%
Rekstur fasteigna	10,1%	10,8%	10,9%	10,9%	10,8%	10,8%	10,8%
Viðhald og framkvæmdir	24,3%	23,2%	23,5%	22,0%	21,5%	20,5%	20,5%
Fasteigna og brunabótaðgjöld	11,1%	11,4%	12,2%	12,9%	13,1%	13,1%	13,1%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	10,3%	10,7%	10,7%	10,5%	10,2%	9,9%	9,5%
Laun og launatengd gjöld	7,2%	7,6%	7,3%	7,2%	7,1%	6,9%	6,7%
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	2,5%	2,5%	2,6%	2,5%	2,4%	2,3%	2,2%
Framlag í afskriftarreikning viðskiptakrafna	0,6%	0,7%	0,8%	0,7%	0,7%	0,6%	0,6%
Vaxtagjöld	21,6%	19,8%	18,9%	19,5%	19,7%	20,2%	20,2%
Afborganir langtímalána	23,3%	22,5%	22,7%	23,8%	24,6%	25,4%	25,9%

Efnahagur og sjóðsstreymi

Áætlað verðmæti heildareigna félagsins í árslok 2023 er 175.999 m.kr. Þar af er áætlað að verðmæti fjárfestingareigna verði 173.436 m.kr. Eigið fé er áætlað 98.829 m.kr. í árslok 2023 og skuldir og skuldbindingar 75.599 m.kr. og er eiginfjárlutfall því 56,7%. Fjárfestingareignir vaxa áfram í takti við fjárfestingaráætlun og þróun vísitölu íbúðaverðs auk þess sem skuldir og skuldbindingar félagsins halda áfram að hækka. Gert er ráð fyrir að eiginfjárlutfallið lækki úr 56,7% í 53,5% árið 2027.

Fjárhæðir í þús.kr.	Útkomuspá/ Áætlun			Fimm ára áætlun			
	Raun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	2024	2025	2026	2027
Fjárfestingareignir	123.808.323	158.619.000	173.436.273	187.920.446	200.448.349	213.947.605	226.247.768
Eignir til eigin nota	234.602	225.989	209.189	192.389	175.889	159.489	143.889
Langtímakröfur	43.314	47.156	49.781	51.521	52.905	54.231	55.590
Fastafjármunir samtals	124.086.239	158.892.144	173.695.243	188.164.355	200.677.143	214.161.325	226.447.248
Viðskiptakröfur	81.316	89.938	89.938	89.938	89.938	89.938	89.938
Aðrar skammtímakröfur	689.636	256.824	256.824	256.824	256.824	256.824	256.824
Handbært fé	1.589.734	1.933.022	1.956.992	350.186	353.983	357.198	359.697
Veltufjármunir samtals	2.360.686	2.279.784	2.303.753	696.948	700.744	703.960	706.459
Eignir samtals	126.446.925	161.171.928	175.998.997	188.861.303	201.377.887	214.865.284	227.153.706
Eigið fé	67.310.597	92.942.680	98.829.114	104.759.558	109.913.744	115.552.713	121.578.671
Skuldbindingar	5.956.343	8.840.764	11.065.896	13.546.464	15.823.088	18.425.057	20.638.503
Langtímaskuldir	51.262.977	55.580.455	62.144.897	68.056.635	72.962.394	78.028.873	81.944.004
Skammtímaskuldir	1.917.009	2.192.832	2.387.793	2.562.860	2.742.874	2.922.855	3.056.742
Skuldir og eigið fé samtals	126.446.925	159.556.732	174.427.700	188.925.516	201.442.100	214.929.498	227.217.919

Veltufé frá rekstri er áætlað 1.521 m.kr., áætlaðar fjárfestingar nema 6.767 m.kr., en nánar er fjallað um þær í kaflanum framkvæmdir og viðhald á bls. 7-8. Fjármögnunarhreyfingar nema 5.313 m.kr. Þar af eru nýjar lántökur áætlaðar 5.037 m.kr. Gert er ráð fyrir að veltufé frá rekstri aukist 2024 til 2027 og að það dugi fyrir afborgunum langtímalána öll árin.

Fjárhæðir í þús.kr.	Útkomuspá/ Áætlun 2022			Firm ára áætlun			
	Raun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	2024	2025	2026	2027
Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi	18.491.050	25.630.264	5.886.433	5.930.445	5.154.186	5.638.969	6.025.958
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir eigna til eigin nota	20.094	16.612	16.800	16.800	16.500	16.400	15.600
Hrein fjármagnsgjöld	3.414.646	5.757.296	4.369.727	3.622.542	3.368.091	3.504.244	3.738.527
Matsbreyting fjárfestingareigna	-19.632.649	-28.886.216	-7.555.408	-6.555.748	-5.264.980	-5.574.475	-5.906.053
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	2.293.141	2.517.956	2.717.551	3.014.039	3.273.797	3.585.138	3.874.031
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-1.083	-96.774	0	0	0	0	0
Nettó greidd vaxtagjöld	-1.082.486	-1.129.875	-1.196.400	-1.335.651	-1.446.865	-1.577.596	-1.691.223
Handbært fé frá rekstri	1.209.572	1.291.307	1.521.152	1.678.388	1.826.931	2.007.542	2.182.809
Fjárfestingarhreyfingar	-4.358.136	-3.728.809	-6.766.629	-7.436.165	-6.821.983	-7.411.797	-5.810.685
Fjármögnunarhreyfingar	4.010.964	1.101.382	5.313.345	5.786.481	4.998.848	5.407.470	3.630.376
Breyting á handbæru fé	862.400	-1.336.121	67.869	28.704	3.797	3.215	2.499
Handbært fé í upphafi tímabils	727.334	727.334	-608.787	-540.918	-512.214	-508.417	-505.202
Handbært fé í lok tímabils	1.589.734	-608.787	-540.918	-512.214	-508.417	-505.202	-502.703
Veltufé frá rekstri	1.210.655	1.388.080	1.521.152	1.678.388	1.826.931	2.007.542	2.182.809
Afborganir langtímalána (hluti af fjármögnunarhreyfingum)	1.192.184	1.285.682	1.435.655	1.630.616	1.805.682	1.985.696	2.165.678

MEGINÞÆTTIR OG MEGINÁHERSLUR



Hagasel 23

Meginþættir starfseminnar eru; húsnæðisöryggi, velsæld og þjónusta; eignir og viðhald; fjármál, gæðastjórnun og mannauður.

1. Húsnæðisöryggi, velsæld og þjónusta

- 1) Tryggja húsnæðisöryggi með uppbyggingu og þróun eignasafnsins.
- 2) Húsnæði mæti mismunandi þörfum leigjenda.
- 3) Endurskoðun samþykkt um dreifingu félagslegra íbúða í borginni.
- 4) Að leiguverð íbúða verði yfirfarið og ákvarðanatökur þar af lútandi.
- 5) Að veita vandaða og faglega þjónustu til leigjenda og annarra hagaðila.
- 6) Að fylgja eftir hagsmunum Félagsbústaða gagnvart opinberum aðilum.
- 7) Að eiga traust og faglegt samstarf við samstarfsaðila vegna leigjendamála.
- 8) Að stuðla að velsæld leigjenda með því að vinna að farsælu og fjölbreyttu samfélagi í borginni.

2. Eignir og viðhald

- 1) Tekið sé mið af sjálfbærnistefnu Félags-bústaða og sjálfbærnimarkmiðum SP við nýbyggingar og viðhald eigna.
- 2) Að viðhald eigna sé fyrirbyggjandi, tryggi hagkvæmni í rekstri og auki velsæld.
- 3) Ásýnd húsa, lóða og sameigna sé aðlaðandi og stuðli að velsæld íbúa.

3. Fjármál, mannauður og gæðastjórnun

- 1) Rekstur Félagsbústaða sé sjálfbær og skilvirkur.
- 2) Virkt innra eftirlit.
- 3) Tækniþróun nýtt til að auka öryggi, úrvinnslu og gagnsæi fjármálalegra og annarra tölfræðilegra upplýsinga úr rekstri.
- 4) Innkaup byggja á rammasamningum, útboðum, þjónustusamningum og verðkönnunum.
- 5) Verkefni séu vel undirbúin, kostnaður greindur og tilgangur og ábyrgð sé skýr.
- 6) Hlúð er að mannauðnum þannig að fólk dafni og hæfileikar þess fái sín notið.

FJÁRFESTINGAR

Fjárfestingaáætlun næsta árs gerir ráð fyrir fjárfestingu sem nemur 6.767 m.kr. og að 5.037 m.kr. af þeirri fjárhæð verði aflað með lánsfé. Í áætluninni er gert ráð fyrir að stofnframlög fái frá ríki og Reykjavíkurborg vegna fjárfestinga í félagslegu leiguhúsnæði, alls 30% af stofnvirði. Fjárfestingaáætlun ársins 2023 og fyrir restina af áætlunartímabilinu má sjá sundurliðaða hér að neðan.

Fjárfesting	Útkomuspá/ Áætlun			Fimm ára áætlun			
	2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	2024	2025	2026	2027
Íbúðakaup	3.152.435	2.694.230	3.685.320	4.222.692	4.218.948	4.213.282	4.333.405
Nýframkvæmdir	650.765	836.631	2.081.000	2.405.000	1.900.000	2.750.000	1.100.000
Eignfært viðhald og kostnaður	233.884	568.420	1.000.309	808.473	703.035	448.515	377.280
Fjárfesting samtals	4.037.084	4.099.281	6.766.629	7.436.165	6.821.983	7.411.797	5.810.685



Tölvuteiknuð mynd af Háteigsvegi 59 (Framkvæmdir að hefjast)

Félagsbústaðir leigja nú út 3.032 íbúðir en það telst vera ríflega 5% af heildarfjölda íbúða í Reykjavík. Uppbyggingaráætlun Félagsbústaða er gerð með hliðsjón áherslum borgaryfirvalda um aukningu framboðs af félagslegu leiguhúsnæði þannig að það sé á hverjum tíma 5% íbúðarhúsnæðis í borginni. Áætlað er að festa kaup á a.m.k. 75 íbúðum á hverju ári. Mest er þörfin er fyrir 2ja herbergja íbúðir.

Þá verður unnið að því að ná markmiðum Reykjavíkurborgar um uppbyggingu húsnæðis fyrir fatlað fólk. Gert er ráð fyrir um 40 íbúðum sem tilheyra uppbyggingaráætlun borgarinnar í húsnæðismálum fatlaðra frá 2017. Gert er ráð fyrir 13 stakstæðum íbúðakjörnum með 7 íbúðum og 49 íbúðum í dreifðum íbúðakjörnum í samræmi við samþykkt borgarráðs fyrr á árinu. Alls eru þetta 180 íbúðir á tímabilinu.

Nýframkvæmdaverkefni má greina í þrennt; byggingu íbúðakjarna, viðbyggingar og breytingar á húsnæði sem ekki uppfyllir kröfur reglugerða, breytingar á húsnæði til fjölgunar almenns leiguhúsnæðis. Áætlaður heildarkostnaður er 2.081 m.kr.

Nýframkvæmdir á árinu eru þessar:

- **Vesturgata 67.** Áætlað að framkvæmdum ljúki í apríl 2023.
- **Háteigsvegur 59.** Áætlað er að framkvæmdum ljúki vorið 2024.
- **Brekknaás 6.** Áætlað að framkvæmdum ljúki vorið 2024.
- **Vallengi 2.** Unnið að tillögum á breytingar á núverandi íbúðakjarna. Stefnt á framkvæmdir 2023 ef tillögur verða raunhæfar.
- **Nauthólsvegur 83.** Hönnun og undirbúningur árið 2023 og framkvæmdir hefjast 2024.
- **Hverafold 7.** Hönnun og undirbúningur árið 2023 og framkvæmdir hefjast 2024.
- **Stekkiabakki.** Hönnun og undirbúningur hefst á árinu 2022 og stefnt að framkvæmdum á árunum 2023 og 2024.
- **Kleppsvegur 66-76.** Hönnunarferli í gangi og unnið að breytingum á skipulagi.

Viðhaldskostnaður er eignfærður þegar um er að ræða framkvæmd sem felur í sér virðisaukningu á verðmati eignar og standsetningarkostnað vegna nýkeyþra eigna. Eignfærður viðhaldskostnaður er áætlaður 871 m.kr. og eignfærður standsetningarkostnaður nýkeyþra íbúða er áætlaður 18 m.kr.

Á áætlunartímabilinu verður lögð aukin áhersla á að fegra ásýnd fjölbýlishúsa félagsins og umhverfi þeirra. Þá verður lögð lögð áhersla á að efla sífellt þjónustu, samráð og samtal við leigjendur vegna viðhalda og annarra mála sem snerta leigjendur.

Helstu eignfærðu verkefni eru:

- **Hverfisgata 83.** Endurbætur og viðhald utanhúss.
- **Barónsstígur 30 og Bergþórugata 41-45.** Endurbætur á ytra byrði.
- **Furugerði 1.** Endurbætur á svölum og sorpgeymslu.
- **Hjallasel 55.** Endurnýjun loftræsikerfis.
- **Jórufell 2-12.** Endurnýjun þaks.
- **Rangársel 16-20.** Endurnýjun á múrkerfi.
- **Skeggjagata 1.** Endurbætur utanhúss og gluggaskipti.
- **Laugavegur 105.** Endurnýjun íbúða og endurbætur utanhúss.

FJÁRHAGSLEG STAÐA

Fjárfestingar Félagsbústaða eru fjármagnaðar með lántöku annars vegar og stofnframlögum frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Reykjavíkurborg hins vegar. Í tilfalli íbúðakaupa og nýbygginga fæst í flestum tilfellum stofnframlag fyrir 30% af stofnvirði en annar kostnaður eins og t.d. eignfært viðhald

er fjármagnaður að fullu með lántöku. Stefnt er að því að halda áfram útgáfu félagslegra skuldabréfa (e. Social Bonds) á árinu 2022 til þess að fjármagna kaup á nýjum íbúðum. Hér að neðan má sjá lántökuáætlun félagsins fyrir árið 2022 og áætlaða lántöku árin 2023 til 2026 ásamt áætlun um þau stofnframlög sem félagið gerir ráð fyrir að fá á tímabilinu.

Fjárfesting	Útkomuspá/ Áætlun 2022			Fimm ára áætlun			
	2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	2024	2025	2026	2027
Íbúðakaup	3.152.435	2.694.230	3.685.320	4.222.692	4.218.948	4.213.282	4.333.405
Nýframkvæmdir	650.765	836.631	2.081.000	2.405.000	1.900.000	2.750.000	1.100.000
Eignfært viðhald og kostnaður	233.884	568.420	1.000.309	808.473	703.035	448.515	377.280
Fjárfesting samtals	4.037.084	4.099.281	6.766.629	7.436.165	6.821.983	7.411.797	5.810.685

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRÍ

Lykiltölur	Útkomuspá/ Áætlun 2022			Fimm ára áætlun			
	2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	2024	2025	2026	2027
EBIT í hlutfalli af rekstrartekjum	44,3%	43,8%	42,7%	43,8%	44,4%	45,7%	46,1%
Eignfjárlutfall	53,2%	57,7%	56,2%	55,5%	54,6%	53,8%	53,5%
Sjóðstreymi							
Nettó greidd vaxtagjöld	1.082.486	1.129.875	1.196.400	1.335.651	1.446.865	1.577.596	1.691.223
Afborun langtímalána	1.192.184	1.285.682	1.435.655	1.630.616	1.805.682	1.985.696	2.165.678
Breyting afborganna langtímalána	239.562	93.498	149.973	194.961	175.066	180.014	179.981
Afborganir langtímalána í hlutfalli af tekjum	23,3%	22,5%	22,7%	23,8%	24,6%	25,4%	25,9%
Breyting á veltufé frá rekstri	127.424	177.426	133.071	157.236	148.544	180.610	175.267
Veltufé frá rekstri í hlutfalli af afborgunum langtímalána	101,5%	108,0%	106,0%	102,9%	101,2%	101,1%	100,8%
Önnur lykilhlutfall							
Arðsemi eigin fjár	37,9%	38,1%	6,3%	6,0%	4,9%	5,1%	5,2%
Veltufjárlutfall	1,23	1,04	0,96	0,27	0,26	0,24	0,23
Vaxtaþekja	2,09	2,21	2,26	2,24	2,25	2,26	2,28
Skuldaþekja	1,00	1,04	1,03	1,01	1,00	1,00	1,00
Veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum	23,6%	24,3%	24,0%	24,5%	24,9%	25,7%	26,1%
Viðhald							
Gjaldfært viðhald	1.244.128	1.325.022	1.487.156	1.505.536	1.576.097	1.600.349	1.711.987
Eignfært viðhald	156.682	339.578	889.000	697.100	603.000	387.000	349.000
Viðhald samtals	1.400.810	1.664.599	2.376.156	2.202.636	2.179.097	1.987.349	2.060.987

Gert er ráð fyrir að vaxta- og skuldaþekjur haldist yfir viðmiðum allt áætlunartímabilið en áætlað er að vaxtaþekja verði í 2,26 og skuldaþekja verði í 1,03 fyrir árið 2023. Hagnaður fyrir fjármagnsliði, EBIT, sem hlutfall af tekjum lækkar frá útkomuspá og er 42,7% fyrir árið 2023 og afborganir langtímalána hækka sem hlutfall af tekjum.

MALBIKUNARSTÖÐIN HÖFÐI HF

LEIÐARLIÓS


Malbikunarstöðin Höfði hf., er traust fyrirtæki, sem vinnur stöðugt að endurbótum á framleiðsluvörum sínum, þjónustu og framkvæmdum á vegum fyrirtækisins

SKIPURIT

Malbikunarstöðin Höfði skiptist eins og áður í 4 deildir, sjá skipurit. Ein breyting hefur orðið í stjórnendateymi félagsins á skipuriti félagsins, á árinu 2022.

Í sumar hætti Ólafur Sigurmundsson sem deildarstjóri framkvæmdadeildar Höfða sökum aldurs eftir hafa starfað hjá félaginu frá upphafi. Við starfi Ólafs tók Pétur Gunnlaugsson en hann hefur starfað hjá félaginu og áður Malbikunarstöð Reykjavíkurborgar í tæplega fjóra áratugi.

Eftir þessar breytingar er skipurit félagsins eftirfarandi:



Fyrirtækið fer að lögum og reglugerðum og framfylgir stöðlum varðandi framleiðsluvörur sínar. Fyrirtækið selur viðskiptavinum sínum góða vöru og veitir þeim jafnframt góða þjónustu og reynir ávallt að uppfylla kröfur og óskir viðskiptavina sinna.

Malbikunarstöðin Höfði er með vottuð gæðakerfi sem eru tekin út af óháðum aðila á því sviði. Malbikunarstöðin Höfði hefur byggt upp gæðakerfi sem uppfylla kröfur eftirfarandi kröfustaðla:

- ÍST EN ISO 9001:2015 Gæðastjórnun
- ÍST EN ISO 14001:2015 Umhverfisstjórnun
- ÍST EN ISO 45001:2018 Öryggis og heilbrigðisstjórnun
- ÍST 85:2012- Jafnlaunastaðall Jafnlaunavottun

STARFSFÓLK

	Raun 2021	Útkomuspá/ Áætlun 2022	Áætlun 2023
Fjöldi starfsmanna	40	36	36
Fjöldi stöðugilda	37	34	33
Stöðugildi eftir þjónustubáttum:			
Hráefnadeild	4	2	2
Framleiðsludeild	5	4	4
Framkvæmdadeild	20	20	20
Rannsóknir	2	2	2
Skrifstofa	6	6	5



HLUTVERK

Malbikunarstöðin Höfði hf. hefur að mestu hætt rekstri á grjótmulningsstöð en í stað grjótmulningsstöðvar hefur félagið fjárfest í nýlegum brjót sem getur mulið bæði steinefni úr námu og endurunnið malbik sem notað er í framleiðslu á malbiki. Höfði er nú með eina malbikunarstöð í rekstri og er hún staðsett að Álhelli 34 í Hafnarfirði. Framkvæmdadeild Höfða leggur út malbik á sumrin og þegar aðstæður leyfa en yfir vetrartímann er unnið við hálkueyðingu og snjómokstur. Fyrirtækið framleiðir malbik og steinefni í samræmi við ÍST EN staðla. Til að tryggja örugga og varanlega vegi leggur fyrirtækið mikinn metnað í rannsóknir og þróun.

Framleiðsluvörur fyrirtækisins, malbik og steinefni, eru CE merktar og vottaðar af viðurkenndum vottunaraðila innan ESB. British Standard (BSI) er vottunaraðili fyrirtækisins

Malbikunarstöðin Höfði hf. er í eigu Borgarsjóðs Reykjavíkur og Aflvaka hf. en við stofnun fyrirtækisins á árinu 1996 voru sameinuð tvö borgarfyrirtæki Malbikunarstöð - og Grjótnám Reykjavíkurborgar í eitt hlutafélag.

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Megináherslur fyrirtækisins næsta ár verða fólgnaðar í því að ljúka þáttum er snúa að frágangi í starfsemi malbikunarstöðvar og uppbyggingu fyrirtækisins á lóð að Álhelli í Hafnarfirði. Áfram verða skoðaðir valkostir er snúa að aðstöðu fyrir framkvæmdadeild félagsins, fyrir starfsmenn og tæki Höfða.

Malbikunarstöðin Höfði hf. er að víkja af svæðinu á Ártúnshöfða vegna uppbyggingu nýrrar íbúðabyggingar. Ákveðið var að kaupa lóð að Álhelli 34 í Hafnarfirði á síðasta ári og nú í vor var malbikunarstöð byrjuð að framleiða malbik á nýju athafnasvæði. Voru þá sjö mánuðir liðnir frá því að hætt var að framleiða malbik með stöðinni að Sævarhöfða. Framleiðsla á malbiki hefur gengið nokkuð vel síðan í vor en seinkun á afhendingu á ýmsum búnaði frá Evrópu og smíði á dagtönkum fyrir bindiefni gerði það að verkum að ekki hefur verið hægt að ljúka fullnaðarfrágangi á malbikunarstöð og lóðinni í Hafnarfirði.

Starfsleyfi fyrir malbikunarstöð að Álhelli 34 gildir til júní 2034. Ljóst var að um flókið, tímafrekt og kostnaðarsamt verkefni yrði að ræða en það hefur tekist að flytja starfsemina og byrja að framleiða malbik að nýju þrátt fyrir að enn vanti að ljúka vinnu við ýmsa verkþætti er tengjast búnaði stöðvarinnar.

Vonast er til að hægt verði að halda að mestu óbreyttri starfsemi við Sævarhöfðann á meðan verið er að ljúka uppbyggingu á nýrri lóð.

Miðað var við að árið 2022 yrði unnið við niðurtekt á eldri malbikunarstöð (ViaNova) og asfalttanka við Sævarhöfða en stöðin hafði á síðasta ári þjónað markaðnum í tæplega 40 ár. Niðurrif á malbikunarstöð er lokið og búið er að fjarlægja dagtanka sem voru staðsettir á lóðinni en þeir voru notaðir til að geyma bindiefni fyrir malbiksframleiðslu. Í dag er eftir að fjarlægja mannvirki og tæki sem tilheyra grjótmulningsstöð. Vinna við þá verkþætti eru ekki hafnar því að erfitt hefur verið að fá verktaka til að taka þetta verkefni að sér en vonast er til að þessi framkvæmd hefjist innan fárra mánaða.

Verið er að reyna að selja búnað félagsins sem ekki nýtist á nýrri lóð en annar búnaður og einingar þarf að fara í brotajárn eða aðra endurvinnslu. Ekki var hægt að flytja grjótmulningsstöðina í þeirri mynd sem verið hefur og er miðað er við að fyrirtækið muni kaupa nánast allt hráefni fullunnið sem nota á í malbiksframleiðslu fyrir utan framleiðslu á endurunnu malbiki en sú vinnsla er framkvæmd með nýjum brjót eins fram kom hér á undan. Framkvæmdir á lóð í Hafnarfirði eru enn í gangi og áætlað er að þeim verði að mestu lokið á árinu 2023.

Malbikunarstöðin Höfði mun fjarlægja helstu mannvirki á lóð við Sævarhöfða í samræmi við samkomulag við Reykjavíkurborg sem var undirritað í byrjun þessa árs. Höfði greiðir allan kostnað sem til fellur við rif og hreinsun á lóð í samræmi við samkomulag þess efnis. Áætlað er að þessar framkvæmdir verði unnar í áföngum og að þær framkvæmdir dreifist á árin 2022-2023.

Framleiðsla Malbikunarstöðvarinnar Höfða árið 2022 stefnir í að verða minni en gert var ráð fyrir í upphafi árs en reikna má með að hún verði svipuð og árið 2021. Fyrirtækið náði nokkrum verkefnum sem voru í boði á höfuðborgarsvæðinu og ásamt verkefnum á Suðurlandi og Suðurnesjum.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Hráefnadeild: Nýr brjótur hráefnadeildar mylur steinefni úr námu og gamalt malbik sem notað er í framleiðslu á malbiki. Deildin mun áfram gegna lykilhlutverki í rekstri fyrirtækisins með vinnslu á endurunnu malbiki. Mikil sérþekking er innan fyrirtækisins á framleiðsluferli steinefna og með tilkomu á nýjum brjót er vonast til að vinnsla á endurunnu malbiki muni aukast mikið á næstu árum en það skilar sér í bættari notkun á steinefnum sem til falla við breytingar á gatna- og vegakerfi á höfuðborgarsvæðinu.

Tryggja þarf að framleiðsludeild fái tilbúin innlend – og erlend steinefni í malbiksframleiðslu á hagstæðu verði nú eftir að vinnsla í gömlu grjótmulningsstöðinni var hætt.

Framleiðsludeild: Framleiðsludeild framleiðir nú malbik í einni malbikunarstöð, þ.e. Benninghoven, en hún var sett upp á Sævarhöfða árið 2006 en hún er nú staðsett að Álhelli í Hafnarfirði. Deildin framleiðir allar tegundir malbiks, þ.e. með endurunnu malbiki, steinríkt malbik og malbik með ýmsum tegundum íblöndunarefna. Í fjárhagsáætlun er miðað við að áfram verði fjárfest í ýmsum búnaði fyrir Benninghoven stöðina en ýmis búnaður hefur nú þegar verið betrum bættur samhliða flutningi á stöðinni.

Framkvæmdadeild: Framkvæmdadeildin sinnir malbiksútlagningu á sumrin og vetrarþjónustu á veturna. Framkvæmdadeildinni tilheyrir vél og tæki til malbiksútlagna ásamt vörubifreiðum sem sinna flutningum á malbiki og steinefnum á sumrin og hálkueyðingu og snjómokstri á veturna. Gert er ráð fyrir að fyrirkomulag deildarinnar haldist að mestu óbreytt við flutning fyrirtækisins og að hún verði áfram staðsett á Sævarhöfða á næsta ári.

Rannsókn- og þróunardeild: Rannsókn- og þróunardeild þjónustar allar deildir fyrirtækisins með steinefnarannsókn, hönnun malbiksútskrifta, eftirlit með framleiðslu malbiks og rannsóknir á útlögðu malbiki. Gert er ráð fyrir að fyrirkomulag deildarinnar haldist óbreytt við flutning fyrirtækisins.

Skrifstofa: Skrifstofan inniheldur afgreiðslu, sölu- og markaðsdeild ásamt yfirstjórn fyrirtækisins.

FJÁRFESTINGAR

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir fjárfestingum sem tengjast annars vegar daglegum rekstri og hins vegar fjárfestingum í aðstöðu fyrirtækisins.

Við kaup á tækjum og búnaði er horft til framtíðar og hvernig tæki og búnaður gagnast á komandi árum. Tengist það að hluta flutningum en auk þess gera verkkaupar meiri kröfur um gæði, hagkvæmni í rekstri og rekjanleika framleiðslunnar sem krefst endurnýjunar á tækjabúnaði. Fylgst er með nýjungum á markaði og gerðar nauðsynlegar breytingar eftir því sem við á fyrir íslenskar aðstæður. Engar ákvarðanir eru teknar um fjárfestingar án undangenginnar ítarlegrar umfjöllunar í stjórn fyrirtækisins.

Fjárfestingar varðandi flutning fyrirtækisins dreifast á árin 2021-2023 og á næsta ári má reikna með að byggt verði yfir hluta steinefna sem notað er í malbiksframleiðslu og ljúka við frágang malbikunarstöðvar og annarra mannvirkja á lóð að Álhelli.

Frágangur á lóðar við Sævarhöfða 6-10 var metinn á 150-200 M.kr, en miðað er við að kostnaður þessa árs verði á bilinu 40-50 M.kr árið 2022 en 20-40 M.kr árin 2023 og 2024. Þessi kostnaður fellur undir annan framleiðslukostnað þessi ár í fjárhagsáætlun.

FJÁRHAGSLEG STAÐA

	Raun 2019	Raun 2020	Raun 2021	Áætlun & útkomuspá 2022	Áætlun 2023
Eiginfjárlutfall	88%	84%	81%	83%	80%
Arðsemi eigin fjár	8%	-9%	1%	-8%	-4%
Veltufjárlutfall	6,14	4,55	4,10	4,08	2,50
Skuldahlutfall	12%	13%	19%	17%	20%

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir eftirfarandi lántökum til að fjármagna framkvæmdir fyrir athafnasvæði og aðstöðu félagsins:

- Lán tekið 1.6.2023 að upphæð 75 m.kr., fastar afborganir til 5 ára, 4 greiðslur á ári, 6% fastir vextir
- Lán tekið 1.1.2024 að upphæð 150 m.kr., fastar afborganir til 5 ára, 4 greiðslur á ári, 6% fastir vextir
- Lán tekið 1.1.2025 að upphæð 30 m.kr., fastar afborganir til 5 ára, 4 greiðslur á ári, 6% fastir vextir

ORKUVEITA REYKJAVÍKUR

HLUTVERK OG SKIPULAG

Orkuveita Reykjavíkur, (OR) er orku- og veitufyrirtæki sem leggur grunn að lífsgæðum í þeim sveitarfélögum sem hún þjónar. Hún nýtir auðlindir á ábyrgan, sjálfbæran og hagkvæman hátt og af virðingu fyrir náttúrunni án þess að ganga á rétt komandi kynslóða. Gildi Orkuveitu Reykjavíkur eru: framsýni, hagsýni og heiðarleiki.

Skipulag OR má rekja til gildistöku breytinga á raforkulögum í ársbyrjun 2014. OR er nú samstæða þjónustufyrirtækja með þjónandi móðurfélagi. Dótturfélögin eru Veitur, sem sér um uppbyggingu og rekstur veitukerfa sem flest eru starfrækt með sérleyfi, Orka náttúrunnar, sem rekur orkuver og selur rafmagn á samkeppnismarkaði, Ljósleiðarinn, en undir merkjum hans byggir Gagnaveita Reykjavíkur upp fjarskiptakerfi á samkeppnismarkaði, og Carbfix, sprotafyrirtæki til útbreiðslu á samnefndri aðferð til kolefnisbindingar.

OR SAMSTÆÐAN

Móðurfélagið, Orkuveita Reykjavíkur, er sameignarfyrirtæki sem starfar samkvæmt sérstökum lögum. Eigendur Orkuveitu Reykjavíkur eru þrír; Reykjavíkurborg, Akraneskaupstaður og Borgarbyggð. OR lýtur stjórn sem kjörin er af sveitarstjórnnum eigenda. Forstjóri OR fer með hluti OR í dótturfélögum. Innan móðurfélagsins eru fjögur svið sem þjóna allri samstæðunni; Mannauður og menning sem heldur utan um mannauðsmál, símenntun og aðbúnað, Rannsóknir og nýsköpun sem er sameiginlegt þróunarsvið vísinda- og tæknifólks, Fjármál sem hefur meðal annars umsjón með fjármögnun, reikningshaldi, upplýsingatækni, innkaupum og áhættustýringu og þjónusta sem hefur meðal annars umsjón með þjónustuveri og reikningagerð. Undir forstjóra heyra Stjórnhættir og stefna þar sem starfa sérfræðingar í ýmsum málaflokkum sem starfa með öllum fyrirtækjunum í samstæðunni.

EIGENDUR ORKUVEITU REYKJAVÍKUR



Reykjavíkurborg
93,539%



Akraneskaupstaður
5,528%




Borgarbyggð
0,933%

Fyrstu arðgreiðslur til eigenda eftir hrun voru árið 2017.

Arðgreiðslur taka ávallt mið af:

- Arðgreiðsluskilyrðum sem stjórn OR og eigendur samþykktu undir lok árs 2015
- Markmiðum stjórnar og eigenda um arðsemi rekstursins og einstakra þátta hans
- Kröfu í eigendastefnu OR um sanngjarnt verð fyrir þjónustu
- Opinberum reglum um arðsemi sérleyfisþátta

SKIPURIT SAMSTÆÐU OR



STEFNA OR

OR nýtir náttúruna á ábyrgan, sjálfbæran og hagkvæman hátt og af virðingu án þess að ganga á rétt komandi kynslóða. OR kappkostar að mæta þörfum viðskiptavina með góðri þjónustu á sanngjörnu verði, traustum rekstri og hlýju viðmóti. Framtíðarsýn samstæðunnar hvílir á nokkrum grunnstoðum og hefur samfélagsábyrgð að leiðarljósi. Grunnstoðirnar eru lykiláherslur í starfseminni:

- Búa yfir fjárhagslegum styrk og hagkvæmni sem tryggir þjónustu í takti við þarfir samfélagsins
- Nýta náttúrugæði á sjálfbæran og ábyrgan hátt
- Vera til fyrirmyndar í umhverfismálum og vinna að stöðugum umbótum
- Vera eftirsóknarverður vinnustaður þar sem fagþekking og þjónustuvilji fer saman
- Bera virðingu fyrir þörfum viðskiptavina og veita góða og örugga þjónustu

Heildarstefna OR er stefna samstæðunnar. Svíð og dótturfélög í samstæðu OR hafa jafnframt mótað sér framtíðarsýn og stefnu varðandi það hvernig þau uppfylla hlutverk sitt innan samstæðunnar þannig að þau geti sameiginlega náð árangri.


INNGANGUR

Fjárhagsspá samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2022 og langtímaspá fyrir árin 2023-2027 er samandregin fyrir móðurfélagið og dótturfélögin Veitur, Orka náttúrunnar, Gagnaveitu Reykjavíkur og Carbfix. Spá hvers dótturfélags hlaut samþykki viðkomandi stjórnar áður en samstæðuspáin var samþykkt í stjórn OR.

Við gerð fjárhagsspár fyrir samstæðu OR er beitt stefnumiðaðri spágerð (e. Beyond budgeting). Í aðferðinni felst að skráð stefna fyrirtækjanna er lögð til grundvallar og þau mælanlegu markmið sem af stefnunni leiða. Meginmarkmið samstæðu OR er að gegna þeim grunnhlutverkum sem lýst er í eigendastefnu OR af samfélagslegri ábyrgð. Fyrirtækin hafa komið sér upp margvíslegum mælikvörðum

Í þessu skyni og er staða þeirra birt árlega í Ársskýrslu OR. Fjárhagsleg markmið og lykilmælikvarðar eru einnig sett fram með myndrænum hætti í þessari spá.

ÞJÓNUSTUÖRYGGI VEITNANNA 2022



Þjónustuöryggi er reiknað þannig að samanlagðri tímalengd ófyrirséðra truflana sem viðskiptavinir verða fyrir er deilt niður á alla viðskiptavinini hvarrar veitu. Hlutfallið segir svo til um hversu stóran hluta ársins að jafnaði hver viðskiptavinur naut þjónustu.

Helstu fjárfestingar sem ráðist er í á spátímabilinu til að efla þjónustuna og treysta sjálfbærni starfseminnar eru:

- Ljúka við allsherjaruppfærslu á orkumælum hjá viðskiptavinum.
- Stækkun veitukerfa og verkefni tengd Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins.
- Hefðbundið viðhald vaxandi kerfa, m.a. endurnýjun stofnæða.
- Ný Hverahlíðarlögn til að efla sjálfbæran rekstur Hellisheiðarvirkjunar.
- Endurnýjun stjórnkerfis Nesjavallavirkjunar og gufuöflun þar.
- Hleðslubúnaður og stafrænar lausnir fyrir rafbílaeigendur.
- Uppbygging á nýjum landshring fjarskipta.
- Uppbygging Coda Terminal, móttöku- og förgunarmiðstöð fyrir CO₂ við Straumsvík.

Markmið um aukin lífsgæði

Orkuveita Reykjavíkur vinnur jafnframt að fimm skilgreindum markmiðum til ársins 2023 með aukin lífsgæði að leiðarljósi. Staða mælikvarðanna, sem sýnd er að neðan, er ýmist nokkurra vikna eða mánaða gömul en kolefnissporið miðast við árslok 2021. Markmiðin verða endurskoðuð og endurnýjuð á árinu 2023.

 FJÖLGUN RAFBÍLA	 LÉTTARA KOLEFNIS- SPOR	 HEIL HEIM	 ÁNÆGT STARFS- FÓLK	 GÓÐUR SAMFÉLAGS- PEGN
Heildarfjöldi tengjanlegra rafbíla	Stærð kolefnisspors miðað við árið 2015	Fjarvera starfsfólks vegna veikinda eða slysa	Starfsánægja samkvæmt greiningu	Afstaða almennings til vörumerkja OR
Markmið: 40.000 Staða: 33.866	Viðmið: -30% Markmið: -40% Staða: -21%	Markmið: < 3,6% Staða: 4,5%	Viðmið: 4,2 Markmið: 4,5 Staða: 4,3	Viðmið: 5,7 Markmið: 6,3 Staða: 6,1

Viðmið í loftslagsmálum er sótt í Parísarsáttmálann, um starfsánægju í gagnagrunninn Ísland í vinnunni og í vörumerkjameiningum meðaltal mælinga á afstöðu til vörumerkja íslenskra fyrirtækja á starfssviði samstæðu OR.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Orkuveita Reykjavíkur er aðili að Global Compact og starfar að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna með sérstakri áherslu á fimm þeirra.

 5 JAFNRÉTTI KYNJANNA	 6 HREINT VATN OG HREINLÆTISADSTADA	 7 SJÁLFBÆR ORKA	 12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA	 13 AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM
Jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd allra kvenna og stúlkna eflid	Tryggja aðgengi að og sjálfbæra nýtingu, allra á hreinu vatni og salernisaðstöðu	Tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði	Sjálfbær neyslu- og framleiðslu-mynstur verði tryggð	Gripa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra

Fjárhagsspá Orkuveitu Reykjavíkur 2023 og fimm ára spá 2024–2027 fer til umfjöllunar hjá Reykjavíkurborg, sem hluti af fjárhagsáætlun samstæðu Reykjavíkurborgar.

ÁHERSLUR 2023-2027

Veitur

Hlutverk: Hlutverk Veitna er að þróa og byggja upp veitukerfi sem eru grundvöllur lífsgæða.

Megináherslur 2023-2027: Mikil uppbygging húsnæðis, Borgarlína og önnur orkuskipti eru allt samfélagsleg verkefni sem Veitur munu eiga drjúga aðkomu að á næstu árum. Um leið munu Veitur efla spágerð um uppbyggingu veitukerfa, auðlindanýtingu og notkun viðskiptavina. Áhersla verður á aukið samtal við almenning og nýsköpun til að mæta nýjum tímum og leiða þróun.

Helstu fjárfestingar: Á spátímabilinu lýkur átaksverkefni innleiðingar snjallmæla sem gefa tækifæri til úrbóta í spágerð fyrir uppbyggingu, rekstur og ábyrga auðlindanýtingu. Mikil uppbygging íbúðarhúsnæðis kallar á stækkun veitukerfa og verkefni tengd Samgöngusáttmála Höfuðborgarsvæðisins kalla á miklar fjárfestingar vegna aðlögunar veitukerfanna. Jafnframt verður unnið að hefðbundnara viðhaldi vaxandi kerfa, m.a. endurnýjun stofnæða.

Orka náttúrunnar

Hlutverk: Orka náttúrunnar á og rekur virkjanir sem framleiða rafmagn fyrir fyrirtæki og heimili um landið allt og heitt vatn fyrir veitusvæði Veitna. Tilgangur starfsemi Orku náttúrunnar er að auka lífsgæði og skapa verðmæti á sjálfbæran hátt sem og að vera leiðandi afl í nýsköpun og þróun endurnýjanlegrar orku.

Megináherslur 2023-2027: Ábyrg nýting jarðhitans og fjölbreyttari not af honum, m.a. til orkuskipta, eru megináherslur ON á spátímabilinu. Íslenskur raforku-markaður þróast ört. Tækifæri til nýrra, arðbærra viðskipta opnast og þarfir viðskiptavinum sem fyrir eru breytast. Samkeppni vex og ON mun byggja á hugviti og umhverfis-áherslum fyrirtækisins til að halda forystu í sjálfbærri starfsemi.

Helstu fjárfestingar: Stærsta einstaka fjárfesting tímabilsins er ný Hverahlíðarlögn til að efla sjálfbæran rekstur Hellsheiðarvirkjunar. Endurnýjun stjórnkerfis Nesjavallavirkjunar og gufuöflun þar er á áætlun. Fjárfest verður í frekari hreinsun jarðhitagass frá báðum jarðgufuvirkjunum ON á tímabilinu og áfram unnið að hringrásarnýtingu jarðhitans í Jarðhitagarði ON.

ON hyggst halda forystu í þjónustu við rafbílaeigendur m.a. með fjárfestingum í hleðslubúnaði og nýtingu stafrænna lausna í þróun þjónustu við þá.

Ljósleiðarinn

Hlutverk: Tilgangur Gagnaveitu Reykjavíkur ehf., sem starfar undir merki Ljósleiðarans, er rekstur fjarskipta- og gagnaflutningskerfis og skyld starfsemi.

Megináherslur 2023-2027: Áhersla er lögð á að fjölga heimilum og fyrirtækjum sem geta tengst Ljósleiðaranum og að fjölga viðskiptavinum.

Helstu fjárfestingar: Á spátímabilinu er stefnt að því að kerfi Ljósleiðarans nái til 155.000 heimila á landinu öllu.

Áherslur í fjárfestingum næstu ára eru tengdar uppbyggingu á nýjum landshring fjarskipta til hagsbóta fyrir heimili og fyrirtæki í landinu.

Carbfix

Hlutverk: Carbfix spornar gegn loftslagsvánni með frekari þróun og útbreiðslu kolefnisfögunar í bergi á viðskiptalegum forsendum.

Megináherslur 2023-2027: Fjárhagsspáin ber með sér að nýr kafli er hafinn í uppbyggingu Carbfix. Frekari þróun og prófun Carbfix-aðferðarinnar verður haldið áfram en nú bætast við umfangsmikil fjárfestingarverkefni til fögunar, rekstur fögunarstöðva og sala ráðgjafar.

Helstu fjárfestingar: Á spátímabilinu er uppbygging Coda Terminal, móttöku- og fögunarmiðstöðvar fyrir CO₂ við Straumsvík stærsta verkefnið. Aukið verður í fögun við jarðgufuvirkjanir ON og hugsanlega fleiri fyrirtæki innanlands. Tilraunir með nýtingu sjávar til kolefnisbindingar í bergi halda áfram.

FORSENDUR FJÁRHAGSSPÁR OR 2023-2027

Forsendur fjárhagsspár 2023-2027 byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem gefin var út í júní 2022 sem og spám frá Seðlabanka Íslands, Reykjavíkurborg og Orkuveitu Reykjavíkur. Forsendur um þróun álverðs byggja á upplýsingum frá London Metal Exchange. Við vaxtaspár var miðað við fölgna framvirka vexti eftir myntum og vaxtakjör einstakra samninga.

Lýsing	2022	2023	2024	2025	2026	2027
Vísitala neysluverðs, breyting (%)	8,8	4,9	3,3	2,6	2,5	2,5
Byggingavísitala (%)	9	6,3	3,9	3,2	3	2,9
Launavísitala, breyting (%)	9,1	5,5	4,2	4,2	4,1	4,1
Gengisvísitala (%)	-5,6	-1,5	0,0	0,0	0,0	0,0
Álverð, meðalverð ársins (\$)	2.404,5	2.417,2	2.460,9	2.511,3	2.540,1	2.502,2

FORGANGSRÖÐUN OG MAT Á FJÁRFESTINGUM


Í eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur er hlutverk og kjarnastarfsemi fyrirtækisins skilgreind og liggur hún til grundvallar forgangsröðunar fjárfestinga. Þau verkefni sem tilgreind eru í fjárfestingarspá hafa hlotið ítarlega umfjöllun innan fyrirtækisins. Fjárfestingarákvarðanir fara í gegnum nokkur stig í undirbúningi með reglulegri viðkomu í hliðum (e. Stage-Gate) þar sem hvert og eitt fjárfestingarverkefni þarf í senn að standast samræmdar kröfur til slíkra verkefna og samanburð við önnur verkefni, meðal annars hvað varðar hagkvæmni og ávinning. Þegar verkefni hefur staðist slíkt próf fer það í samþykktarferli hvers fyrirtækis innan samstæðunnar og jafnvel til móðurfyrirtækis eða eigenda, sé umfang þess slíkt. Stærri fjárfestingarákvarðanir eru í höndum stjórnar hvers dótturfélags nema þær fari yfir 5% eigin fjár félagsins samkvæmt nýjasta árshlutauppgjöri. Í því tilviki skal ákvörðunin hljóta staðfestingu hlutahafafundar.

Fjárfestingar í veitukerfum eru umfangsmesti fjárfestingaflokkur innan samstæðu OR. Við val slíkra verkefna er enn fremur stuðst við hlutlæga greiningu m.a. á eftirfarandi þáttum:

- Aukinni notkun eða fjölgun viðskiptavina
- Bilanasögu lagna og búnaðar
- Aldri lagna eða búnaðar
- Efni í lögnum og búnaði
- Ástandsgreiningu lagna
- Öryggi starfsfólks og viðskiptavina
- Afhendingaröryggi til viðskiptavina
- Áhættu

FJÁRHAGSSPÁ 2023-2027

Rekstur



Mynd 1 – Milljarðar króna


Tekjur vaxa á spátímabilinu 2023-2027 um 28,7 milljarða kr. eða 49,5%. Helsta skýringin eru forsendur um mikinn tekjuvöxt Carbfix og tengdra verkefna. Gert er ráð fyrir verulegum tekjuauka í tengslum við uppbyggingu Jarðhitagarðs ON við Hellisheiðarvirkjun.

Tekjur af þjónustu Veitna vaxa um 7,6 milljarða kr. á tímabilinu.

Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður samstæðunnar án afskrifta aukist á tímabilinu um 12,3 milljarða kr. eða 54,8%. Sú aukning er m.a. vegna aukinna umsvifa hjá Carbfix og Ljósleiðaranum, aukins viðhalds og vegna verðbólgu.

EBITDA stendur fyrir framlegð rekstursins án fjármagnsliða, afskrifta og skatta. EBIT er rekstrarafkoman án fjármagnsliða og skattgreiðslna. Framlegð reksturs OR samstæðunnar hefur verið stöðug og góð síðustu ár. Framlegðin þarf meðal annars að standa undir fjárfestingum fyrirtækjanna í samstæðu OR. Reksturinn krefst verulegra fjárfestinga til að halda við veitukerfum og virkjunum, sinna nýjum viðskiptavinum og mæta auknum kröfum sem til rekstursins eru gerðar.


Framlegð



Mynd 2 – EBITDA / Rekstrartekjur

Samkvæmt áætlun eykst EBITDA verulega að krónutölu þó EBITDA framlegð lækki. Skýrist það af meiri tekjuvexti Carbfix og Ljósleiðarans sem eru rekin með lægri EBITDA framlegð en önnur félög í OR-samstæðunni.


Afkoma/Hagnaður eftir skatta



Mynd 3 – Milljarðar króna

Eins og sjá má á Mynd 3 er gert ráð fyrir að afkoma OR-samstæðunnar aukist á tímabilinu og er gert ráð fyrir að hún verði jákvæð um 21,7 milljarð kr. árið 2027. Hafa ber í huga að óreglulegir fjármagnsliðir eins og breytingar á virði framvirkra raforkusölusamninga geta haft veruleg áhrif á afkomu félagsins.


Eignir og eiginfjárlutfall



Mynd 4 - Eignir í milljörðum króna

Áætlað er að eignir hækki á næstu árum vegna aukinna fjárfestinga í veitukerfum og í uppbyggingu hjá Carbfix. Eiginfjárlutfall styrkist jafnt og þétt á tímabilinu, þ.e. frá því að vera 53,0% í 60,7% í lok tímabilsins.


Handbært fé með bundnum innstæðum og markaðsverðbréfum



Mynd 5 – Milljarðar króna

Handbært fé frá rekstri er einkum nýtt til fjárfestinga og afborgana af lánum. Hluti skulda verður endurfjármagnaður á tímabilinu með nýrri lántöku. Að teknu tilliti til vænta tekjuskattgreiðslna og arðgreiðslna er gert ráð fyrir að handbært fé og bundnar innstæður í árslok 2027 verði 15,4 milljarðar kr. Heildar arðgreiðslur á tímabilinu eru áætlaðar 27,5 milljarðar kr.


Heildarfjárfestingar



Mynd 6 – Milljarðar króna

Helstu fjárfestingar 2023-2027	milljarðar kr.
Veitukerfi	98,8
Orkuver	28,2
Carbfix	39,7
Aðrar fjárfestingar	17,1
Fjárfestingar alls	183,8


Fjármögnun



Mynd 7 – Milljarðar króna

Á tímabilinu 2023-2027 er gert ráð fyrir að ný lántaka nemi um 80 milljörðum kr. til viðbótar við 50 milljarða kr. í nýju hlutfé í Carbfix og Ljósleiðaranum árið 2023. Á sama tíma er gert ráð fyrir að greiða niður lán um 86 milljarða kr.


Afborganir langtímaskulda og handbært fé frá rekstri



Mynd 8 – Milljarðar króna

Árlegar afborganir skulda eru áætlaðar á bilinu 13 – 27 milljarða kr. á árunum 2023-2027, samtals 86 milljarða kr. Handbært fé frá rekstri stendur vel undir þeim afborgunum en á móti eru fjárfestingar á tímabilinu verulegar samanborið við undarfarin ár sem kallar á talsverða lántöku á tímabilinu.

Nettó vaxtaberandi skuldir og fjármögnunargreyingar




Mynd 9 – Milljarðar króna

Nettó vaxtaberandi skuldir endurspeglar stöðu vaxtaberandi skulda á móti handbæru fé, markaðsverðbréfum og bundnum innlánum. Nettó vaxtaberandi skuldir hækka um 11,0 milljarða kr. á árinu 2022, þar af eru verðbætur áætlaðar 7,3 milljarða kr. Gert er ráð fyrir hækkun nettó vaxtaberanda skulda á tímabilinu um 9,4 milljarða kr., þrátt fyrir 17,0 milljarða kr. vísitöluhækkun verðtryggðar lána á sama tímabili. Árið 2023 er gert ráð fyrir hlutafjárukningu hjá Carbfix og Ljósleiðaranum sem skýrir miklar breytingar á nettó skuldum samstæðunnar og umfram fjármögnun samstæðunnar árið 2023.

LYKILTÖLUR

Markvisst er unnið að því að styrkja fjárhag fyrirtækisins. Það felur í sér að ná og viðhalda settum markmiðum um stöðu lykiltalna í rekstri s.s. veltufjárhlutfalls, eiginfjárhlutfalls, vaxtaþekju o.fl. Spáin byggir á ákveðnum lykilmælikvörðum til samræmis við áherslur í eigendastefnu OR og beitt er stefnumiðaðri spágerð (e. Beyond Budgeting).



Markmið > 40%




Markmið > 1,0



Markmið > 13%



Markmið > 3,5



Í samræmi við eigendastefnu OR eru í gildi arðgreiðsluskilyrði fyrir fyrirtækið. Þau fela í sér að fjárhagsleg markmið skulu uppfyllt áður en ákveðið er að greiða arð til eigenda og eftir að arður hefur verið greiddur.

HORFUR OG SPÁ 2022-2027 - REKSTRARREIKNINGUR

	Raun 2021 (mkr)	Horfur 2022 (mkr)	Spá 2023 (mkr)	Spá 2024 (mkr)	Spá 2025 (mkr)	Spá 2026 (mkr)	Spá 2027 (mkr)
Rekstrartekjur	51.890	57.868	59.971	63.608	67.672	74.856	86.522
Rekstrargjöld	18.380	22.479	24.023	25.386	26.575	31.222	34.807
EBITDA	33.510	35.390	35.948	38.222	41.097	43.634	51.714
Afskriftir	13.257	14.272	14.651	15.640	16.485	17.465	18.077
EBIT	20.253	21.117	21.297	22.582	24.612	26.169	33.638
Fjármagnsliðir	-4.060	-10.137	-5.485	-6.994	-7.409	-8.206	-8.154
Vaxtatekjur	183	321	917	1.036	726	449	379
Vaxtagjöld	-10.973	-12.962	-9.856	-8.940	-8.459	-8.613	-8.770
Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum	6.730	2.504	3.454	911	324	-42	237
Hagnaður fyrir tekjuskatt	16.192	10.980	15.812	15.589	17.203	17.963	25.483
Tekjuskattur	-4.152	-2.107	-2.740	-1.971	-2.131	-2.335	-3.816
Hagnaður (tap) ársins	12.040	8.873	13.073	13.618	15.072	15.629	21.667
Hlutdeild minnihluta	0	0	169	528	662	1.210	3.085

HORFUR OG SPÁ 2022-2027 – EFNAHAGSREIKNINGUR

	Raun 2021 (m kr)	Horfur 2022 (m kr)	Spá 2023 (m kr)	Spá 2024 (m kr)	Spá 2025 (m kr)	Spá 2026 (m kr)	Spá 2027 (m kr)
Eignir	413.882	419.347	468.561	480.337	495.515	511.246	530.980
Fastafjármunir	373.279	387.738	404.622	429.746	460.671	484.408	503.127
Veltufjármunir	40.603	31.608	63.939	50.591	34.844	26.838	27.853
Eigið fé og skuldir	413.882	419.347	468.561	480.337	495.515	511.246	530.980
Eigið fé	213.653	222.244	276.568	283.748	293.321	304.721	322.062
Skuldir	200.229	197.103	191.993	196.589	202.194	206.525	208.918
Langtímaskuldir	171.160	169.611	167.766	174.357	178.596	183.120	185.207
Skammtímaskuldir	29.069	27.492	24.227	22.232	23.598	23.405	23.711

HORFUR OG SPÁ – SJÓÐSTREYMI

	Raun 2021 (m kr)	Horfur 2022 (m kr)	Spá 2023 (m kr)	Spá 2024 (m kr)	Spá 2025 (m kr)	Spá 2026 (m kr)	Spá 2027 (m kr)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	32.858	35.881	36.230	37.906	40.902	44.665	52.726
Innborgaðar vaxtatekjur	256	321	917	1.036	726	449	379
Greidd vaxtagjöld	-4.398	-5.214	-5.732	-5.756	-5.622	-5.561	-5.438
Greiddur tekjuskattur	-1.847	-1.783	-1.544	-2.356	-2.812	-3.103	-3.585
Greiðslur annarra fjármagnsliða	-5.807	-9.634	683	498	383	400	400
Handbært fé frá rekstri	25.582	24.995	30.553	31.328	33.577	36.850	44.482
Fjárfestingarhreyfingar							
Fjárfesting rekstrarfjármuna	-18.118	-23.620	-37.830	-39.943	-40.826	-34.085	-31.117
Aðrar fjárfestingarhreyfingar	1.046	0	7.485	-3.170	-5.799	-6.086	-4.631
Fjárfestingarhreyfingar alls	-17.072	-23.620	-30.345	-43.113	-46.625	-40.170	-35.749
Fjármögnunarhreyfingar							
Ný langtímalán	14.284	11.480	20.000	19.141	16.900	14.945	9.695
Afborganir langtímaskulda	-24.282	-16.366	-26.954	-15.782	-14.748	-15.395	-13.116
Greiddur arður	-4.000	-4.000	-5.000	-5.500	-5.500	-5.500	-6.000
Innborgað hlutafé	0	0	50.000	0	0	0	0
Fjármögnunarhreyfingar alls	-13.998	-8.886	38.046	-2.142	-3.348	-5.951	-9.421
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	-5.488	-7.511	38.254	-13.927	-16.396	-9.271	-689
Handbært fé í ársbyrjun	15.820	10.320	2.808	41.035	27.104	10.708	1.437
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	-12	0	-28	-4	0	0	0
Handbært fé í lok tímabils	10.320	2.809	41.035	27.104	10.708	1.437	748


SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS BS.

LEIÐARLJÓS

Leiðarljós Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins er að veita gæðabjónustu vegna forvarna og fyrstu viðbragða til að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir. Hjá liðinu starfi vel menntað og þjálfað starfsfólk með skýr markmið.

SKIPURIT

Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. (SHS) er skipuð framkvæmdastjórum sveitarfélaganna sex sem eru eigendur liðsins. Slökkviliðsstjóri sér um daglega stjórn SHS. Hann er jafnframt framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins. Starfsemi SHS skiptist í tvö kjarnasvið, aðgerðasvið og forvarnasvið, og þrjár stoðeiningar. Stjórnendur sviða og stoðeininga skipa framkvæmdastjórn SHS ásamt slökkviliðsstjóra.



FJÁRHAGSÁÆTLUN 2023-2027


Að teknu tilliti til hækkunar verðlags, kjarasamningsbundinna launahækkana og launabróunar er gert ráð fyrir að fjárhagsáætlun samstæðunnar verði samkvæmt eftirfarandi töflu.

Fjárhæðir / þús.kr.	Raun 2021	Útkomuspá/ Áætlun 2022		Fimm ára áætlun			
		Áætlun 2022	Áætlun 2023	2024	2025	2026	2027
Rekstrartekjur							
Tekjur samtals	4.097.671	4.266.808	4.646.100	4.646.100	4.646.100	4.646.100	4.646.100
Laun og launatengd gjöld	3.041.270	3.611.700	3.870.500	3.870.500	3.870.500	3.870.500	3.870.500
Annar kostnaður	548.339	596.766	612.800	612.800	612.800	612.800	612.800
Afskriftir	121.594	134.000	147.000	147.000	147.000	147.000	147.000
Gjöld samtals	3.711.203	4.342.466	4.630.300	4.630.300	4.630.300	4.630.300	4.630.300
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	386.468	-75.658	15.800	15.800	15.800	15.800	15.800
Fjármagnsliðir	-14.373	-14.000	-14.000	-14.000	-14.000	-14.000	-14.000
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta	372.095	-89.658	1.800	1.800	1.800	1.800	1.800
Rekstrarniðurstaða	372.095	-89.658	1.800	1.800	1.800	1.800	1.800

STARFSFÓLK

	Raun 2021	Útkomuspá/ Áætlun 2022	Áætlun 2023
Fjöldi starfsmanna	196	221	221
Fjöldi stöðugilda	196	221	221
Stöðugildi eftir þjónustupáttum:			
Aðgerðasvið	172	196	196
Forvarnarsvið	11	12	12
Stoðsvið	13	13	13

SKIPTING REKSTRAR 2023



■ Launakostnaður ■ Annar rekstrarkostnaður ■ Afskriftir ■ Fjármagnsliðið

HLUTVERK

Hlutverk SHS er að sinna eldvarnaeftirliti, forvörnum og viðbúnaði við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi á höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt að sinna björgun fastklemmds fólks og öðrum þeim störfum sem því er falið samkvæmt lögum og samningum þar að lútandi. SHS sinnir sjúkraflutningum á höfuðborgarsvæðinu skv. samningi við ríkið.

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING 2022

Rekstrartekjur

Áætlaðar tekjur SHS samstæðunnar árið 2023 eru 4.646 m.kr., sem er um 12% hækkun miðað við áætlun 2022 en um 9% miðað við útkomuspá.

Tekjur frá eigendum eru 2.492 m.kr. eða um 54% af heildartekjum og hækka samtals um 207 m.kr. (9%) frá 2022. Tekjur af sjúkraflutningum eru um 42% af heild eða 1.939 m.kr. og hækka um 276 m.kr. (17%). Aðrar tekjur eru áætlaðar samtals um 215 m.kr. eða um 4% af heildartekjum.

Í mars sl. var skrifað undir nýjan samning við Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) og Landspítala (LSH) um sjúkraflutninga, til fimm ára, með heimild til að framlengja um allt að þrjú ár,

Samið var sérstaklega um að Heilbrigðisráðuneytið með milligöngu SÍ og LSH muni bæta SHS þann kostnað sem hlýst af breyttu vinnufyrirkomulagi sjúkraflutningamanna vegna styttingar vinnuviku, sbr. bókun 3 í samningnum, enda hafi innleiðingarferli verið í samræmi við aðferðafræði og ráðgjöf verkefnastjórnar um Betri vinnutíma. Vinna við innleiðingu á nýju vinnufyrirkomulagi hefur verið í nánu samstarfi við verkefnastjóra hjá Betri vinnutíma, þar sem svokallað Gullinbrúarskjal hefur verið nýtt til að meta kostnaðaraukann við styttinguna.

Niðurstaða þessara vinnu var að kostnaðarauki SHS væri 11% vegna styttingar vinnuviku, sem ráðgjafar Betri vinnutíma samþykktu. Í samþykktri lokaútgáfu Gullinbrúarskjalsins hefur SHS teygt sig eins langt og mögulegt er í hagræðingu til að koma til móts við kröfur Betri vinnutíma.

Þrátt fyrir framangreint og þvert á það sem kemur fram í samningum, ákvað ráðuneytið að víkja frá ákvæðinu um að bæta ætti kostnað SHS í samræmi við niðurstöðu í Gullinbrúarskjalinu og þess í stað horfa til niðurstöðu fjárhagslegrar greiningar, hækkana til annarrar sambærilegrar þjónustu hjá ríkinu og reynslu sem komin er á innleiðingu hjá ríkisstofnunum og miðað við það ætti hækkun á verðum í samningnum að vera 10%.

Í fjárhagsáætlun fyrir 2023 er gert ráð fyrir að verð í samningum um sjúkraflutninga við ríkið hækki um 10% frá og með 1. júlí 2022. SHS hefur óskað eftir að SÍ og ráðuneytið endurskoði ákvörðun sína og tekið verði mið af niðurstöðu Gullinbrúarskjalsins, sbr. umfjöllun hér að framan.

Framlag eigenda vegna reksturs SHS

Framlag til rekstrar verði um 2.353 m.kr. sem er um 7,2% uppsöfnuð hækkun miðað við áætlun 2022, þar af er um 5,4% vegna hækkunar launa- og neysluvísitölu og 1,7% vegna aukins launakostnaðar í tengslum við fyrirsjáanlega launaþróun starfsmanna varðliðsins vegna menntunar og starfsþróunar 2023.

Framlag eigenda til AHS

Gert er ráð fyrir að framlagið hækki í takt við áætlaða hækkun launa- og neysluvísitölu 2023.

Framlag í fjárfestingarsjóð

Fjárfestingarframlag eigenda er stofnsamningsbundið, tengt SDR gengi og háð fjölda slökkvistöðva. Gert er ráð fyrir að fjárfestingarframlag eigenda fyrir árið 2023 verði 117 m.kr., miðað við gengi SDR 31. ágúst 2022.

Á árinu 2022 var samþykkt að lækka framlagið til fjárfestinga um 54 m.kr. tímabundið til að koma til móts við hækkun á framlagi eigenda vegna styttingar vinnutíma vaktavinnufólks, sem skýrir hækkun á milli ára.

Tekjur af sjúkraflutningum – ríkissjóður

Gert er ráð fyrir að heildartekjur af sjúkraflutningum 2023 verði um 1.939 m.kr. sem er um 276 m.kr. (17%) hækkun miðað við áætlun 2022 og um 11% miðað við útkomuspá 2022. Eins og fram hefur komið þá er gert ráð fyrir 10% hækkun á verðum í samningnum frá og með 1. júlí 2022, vegna styttingar vinnutíma sjúkraflutningafólks.

Frá og með 1. janúar 2023 hækka verð í samningnum í samræmi við vegna meðaltalshækkun launavísitölu (86%) og neysluvísitölu (14%).

Fjárhagsáætlun 2023 gerir ráð fyrir að fjöldi almennra sjúkraflutninga verði að mestu í takt við fjölda flutninga 2022 auk hlutfallslegrar fjölgunar íbúa í samræmi við mannfjöldaspá Hagstofu Íslands (1,9%) en fjöldi millispítalaflutninga standi í stað á milli ára og því verði meðaltalsfjölgun ríflega 1%.

Húsaleigutekjur SHS samstæðu

Gert er ráð fyrir að húsaleigutekjur hækki í takt við þróun neysluvísitölu 2023 og verði um 119 m.kr.

Aðrar sértekjur

Gert er ráð fyrir að aðrar sértekjur hækki um 4,5 m.kr. (5%) miðað við áætlun 2022 eða í takt við verðlag og verði um 96 m.kr. 2023.

Rekstrargjöld 2023

Rekstrargjöld SHS samstæðunnar eru áætluð 4.483 m.kr. á árinu 2023, fyrir utan afskriftir, sem er um 434 m.kr. (11%) hækkun frá áætlun 2022 og um ríflega 7% miðað við útkomuspá. Laun og launatengd gjöld hækka um 418 m.kr. (12%) og annar rekstrarkostnaður um 16 m.kr. (3%) frá áætlun 2022.

Laun og launatengd gjöld eru um 86% af rekstrargjöldum fyrir afskriftir og fjármagnskostnað og önnur rekstrargjöld um 14%. Hér er gerð grein fyrir helstu þáttum sem hafa bein áhrif á launakostnað næsta árs og þróun annars rekstrarkostnaðar.

Launakostnaður

Stytting vinnutíma vaktavinnufólks hjá SHS tók gildi 1. október sl. Helstu breytingarnar eru að vinnuvikan styttist úr 40 í 36 virkar stundir og launamyndun vaktavinnufólks tekur mið af fleiri þáttum en áður. Í nýju launamyndunarkerfi fjölga vaktaálagsflokkum og vægi vinnustunda er metið eftir áhrifum á heilsu og öryggi starfsfólks, sem getur leitt til aukinnar styttingar vinnutíma í allt að 32 tíma á viku. Þá verður greiddur sérstakur vaktahvati sem tekur mið af fjölbreytileika og fjölda vakta.

Nýtt vaktakerfi slökkviliðs- og sjúkraflutningafólks, byggir á þrískiptum vöktum á virkum dögum og 12 tíma vöktum um helgar sem leiðir til þess að meðalvinnutími á viku verði um 34 stundir þegar búið er að taka tillit til vægi vinnustunda.

Kjarasamningur SHS og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna er laus 30. september 2023. Kjarasamningsbundin launahækkun í núgildandi samningi 1. janúar 2023 mun taka mið af samningsbundnum launahækkunum á almenna markaðnum haustið 2022.

Stytting vinnutíma vaktavinnufólks mun hækka launakostnað um 61 m.kr. 2023 miðað við 2022, þar sem hluti af hópnum sem ráðinn var inn til að mætta styttri vinnuskyldu starfsmanna á vöktum byrjaði 1. apríl 2022 og fær því laun í 12 mánuði 2023 í stað 9 mánaða 2022. Jafnframt þarf af fjölga sumarstarfsmönnum 2023 miðað við 2022 vegna styttingar.

Launakostnaður 2023 leiðréttur með tilliti til einskisþreigreiðslu til framlínustarfsmanna í maí 2022 og afturvirkar hækkunir vegna starfsmats 2022 og óvenju mikillar yfirvinnu í upphafi árs vegna Covid-veikinda, samtals 64 m.kr.

Áætlunin gerir ráð fyrir að launakostnaður vegna launahækkana 2023 verði samtals um 202 m.kr. (5,5%), þ.e. kjarasamningsbundin launahækkun 1. janúar 2023, hagvaxtarauki 1. maí 2023 og svo launahækkun frá og með 1. október 2023 í kjölfar nýs kjarasamnings.

Launaþróun varðliðsins hækkar launakostnað 2023 um 60 m.kr. (1,7%). Áætlunin gerir ráð fyrir að ríflega þriðjungur varðliðsmanna fari upp um launaflokka vegna starfsaldurs og aukinnar menntunar. Einnig er gert ráð fyrir að fjölga þurfi í stöður varðstjóra vegna breytinga á vaktakerfi í kjölfar styttingar vinnutíma vaktavinnufólks.

Heildarlaunakostnaðar hjá SHS 2023 hækkar um 259 m.kr. (7,2%) miðað við útkomuspá og um 418 m.kr. (12%) miðað við áætlun 2022.

Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður SHS samanstendur af starfsmannakostnaði, rekstri og viðhaldi tækja, húsnæðiskostnaði og öðrum sameiginlegum kostnaði. Undir þennan lið falla stórir liðir sem taka annars vegar mið af launavísitölu (5,5%), s.s. þjónusta 112, starfsmannatryggingar og þjónusta trúnaðarlæknis, og hins vegar liðir sem taka mið af neysluvísitölu (4,9%), s.s. matarkostnaður, vinnufatnaður, námskeið, tryggingar og tölvubúnaður.

Í áætlun 2023 er gert ráð fyrir hagræðingu samtals um 15 m.kr., m.a. fellur niður hluti af kostnaði vegna nýráðninga 2022. Annar rekstrarkostnaður hækkar því samtals um 16 m.kr. (3%) 2023, miðað við áætlun 2022.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Undirbúningur að nýrri brunavarnaáætlun er í vinnslu hjá SHS og gert er ráð fyrir að hún taki gildi vorið 2023. Fjárhagsáætlun 2023 er því með fyrirvara um breytingar á mönnun, meðal annars með tilliti til niðurstaðna úr mælingum á viðbragðsgetu liðsins og fylgni við áætlun um eldvarnaskoðanir mannvirkja, en samþykki HMS á brunavarnaáætluninni er háð því að SHS uppfylli þau viðmið sem lögð eru þar til grundvallar.

Brunavarnaáætlunina skal endurskoða, sbr. 13. gr. laga um brunavarnir, eigi síðar en fimm árum eftir að hún hlaut samþykki en oftast ef þörf er á. Ýmis yfirlit eru þó uppfærð a.m.k. árlega og send Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS), s.s. mönnun og viðbragðstími, búnaðar- og tækjalistar, yfirlit yfir menntun og þjálfun slökkviliðsmanna og yfirlit yfir stöðu reykkafera.

Gera má ráð fyrir áframhaldandi vinnu við innleiðingu á styttingu vinnuvikunnar og aðlögun að starfsemi SHS. Stytting vinnutíma vaktavinnufólks hjá SHS tók gildi 1. október 2022. Helstu breytingarnar eru að vinnuvikan styttist úr 40 í 36 virkar stundir og launamyndun vaktavinnufólks tekur mið af fleiri þáttum en áður. Í nýju launamyndunarkerfi fjölgar vaktalagsflokkum og vægi vinnustunda er metið eftir áhrifum á heilsu og öryggi starfsfólks, sem getur leitt til aukinnar styttingar vinnutíma í allt að 32 tíma á viku. Þá verður greiddur sérstakur vaktahvati sem tekur mið af fjölbreytileika og fjölda vakta.

Nýtt vaktakerfi slökkviliðs- og sjúkraflutningafólks, byggir á þrískiptum vöktum á virkum dögum og 12 tíma vöktum um helgar sem leiðir til þess að meðalvinnutími á viku verði um 34 stundir þegar búið er að taka tillit til vægi vinnustunda.

Kjarasamningur slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna rennur út 30. september 2023 og því má gera ráð vinna við nýjan samnings byrji fljótlega á nýju ári.

Helstu verkefni aðgerðasviðs eru slökkvistörf og sjúkraflutningar. Heildarfjöldi boðana á árinu 2023 er áætlaðar um 42,1 þúsund, sem skiptist í 40,6 þúsund boðanir sjúkrabifreiða og 1,5 þúsund boðanir slökkvibifreiða.

Gert er ráð fyrir að verkefni forvarnarsviðs SHS 2023 verði í takt við árið 2022 eða í kringum 2.400-2.450. Nokkuð stór hluti af sértekjum SHS verða til á forvarnasviðinu, m.a. vegna eftirlits og eftirfylgni kröfugerða, öryggisvakta og öryggis- og lokaúttekta.

Stoðeiningar SHS sinna bókhaldi, launum, innheimtu, uppgjörum og áætlanagerð, vinna greiningar á rekstri og aðrar stjórnendaupplýsingar, sinna stjórnýslulegum erindum, stefnumótun, innra eftirliti, mannauðsmálum, rekstri tölvukerfa og þróun hugbúnaðar fyrir rekstur, aðgerðir og forvarnir. Stoðeiningarnar vinna náið saman og með starfsmönnum aðgerðasviðs og forvarnasviðs að uppbyggingu og viðhaldi þjónustu liðsins við eigendur þess og almenning á höfuðborgarsvæðinu.

FRAMLÖG

Greiðslur sveitarfélaga	Á-2022	Á-2023	Breytingar	Hlutfall
Heild				
Vegna reksturs SHS.....	2.195.575	2.353.200	157.625	7,2%
Vegna fjárfestinga SHS.....	68.787	116.700	47.913	69,7%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	21.094	22.300	1.206	5,7%
Alls:	2.285.456	2.492.200	206.745	9,0%
Sundurliðun á sveitarfélag				
Reykjavík	1.289.097	1.405.613	116.516	9,0%
Vegna reksturs SHS.....	1.238.412	1.327.228	88.816	7,2%
Vegna fjárfestinga SHS.....	38.799	65.820	27.021	69,6%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	11.886	12.565	679	5,7%
Kópavogur	369.836	403.893	34.057	9,2%
Vegna reksturs SHS.....	355.295	381.370	26.075	7,3%
Vegna fjárfestinga SHS.....	11.131	18.913	7.782	69,9%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	3.410	3.610	200	5,9%
Hafnarfjörður	287.978	308.118	20.140	7,0%
Vegna reksturs SHS.....	276.655	290.935	14.280	5,2%
Vegna fjárfestinga SHS.....	8.668	14.428	5.761	66,5%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	2.655	2.754	99	3,7%
Garðabær	171.014	190.660	19.646	11,5%
Vegna reksturs SHS.....	164.290	180.027	15.738	9,6%
Vegna fjárfestinga SHS.....	5.147	8.928	3.781	73,5%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	1.577	1.704	128	8,1%
Mosfellsbær	121.591	134.914	13.323	11,0%
Vegna reksturs SHS.....	116.810	127.391	10.580	9,1%
Vegna fjárfestinga SHS.....	3.660	6.318	2.658	72,6%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	1.121	1.206	85	7,6%
Seltjarnarnes	45.919	48.981	3.062	6,7%
Vegna reksturs SHS.....	44.113	46.249	2.136	4,8%
Vegna fjárfestinga SHS.....	1.382	2.294	912	66,0%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	423	438	14	3,4%
Kjósarhreppur	22	23	1	4,2%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	22	23	1	4,2%

Fjárhæðir í þús.kr.

FJÁRFESTINGAR

Í útkomuspá sem kynnt var samhliða 3ja mánaða uppgjöri 2022 var gert ráð fyrir að heildarfjárfesting ársins yrði allt að 520 m.kr. Ljóst er að það gengur ekki eftir og nú er gert ráð fyrir að fjárfesting ársins verði um 110 m.kr. Fjárfesting samtals að fjárhæð 410 m.kr. frestast til 2023, þar vegur þyngst fjárfesting í tveimur nýjum körfubílum, kaup á slökkvibíl fyrir Kjalarnesið og svo húsnæðisframkvæmdir í Hafnarfirði.

Fjárhagsáætlun 2023 gerir ráð fyrir að fjárfest verði fyrir samtals um 520 m.kr., þ.e.:

- Kaup á tveimur nýjum körfu-/stigabifreiðum fyrir um 320 m.kr. Útboðið hefur verið auglýst á EES svæðinu og ef allt gengur í samræmi við áætlun þá ættu bifreiðarnar að vera afhentar fyrir lok árs 2023.
- Undirbúningur á nauðsynlegri endurnýjun búningaöstöðu kvenna og viðhaldi á slökkvistöðinni í Hafnarfirði er í gangi og gert er ráð fyrir að framkvæmdir verði boðnar út á næstu vikum, gert er ráð fyrir að um 65 m.kr. kostnaður vegna þessa falli til 2023.
- Lokaframkvæmdir á æfingaaðstöðunni á lóð SHS í Hafnarfirði í samstarfi við Slysavarnaskóla sjómanna er á áætlun 2023 og gert ráð fyrir að hlutur SHS verði um 35 m.kr.
- Kaup á nýrri dælubifreið sem staðsett yrði á slökkvistöðinni í Grundarhverfi á Kjalarnesi, 30 m.kr.
- Tvær nýjar gámabifreiðar, sem átti skv. brunavarnaáætlun að endurnýja 2021 og 2022 og hefur frestast, samtals 40 m.kr.
- Endurnýjun á ýmsum búnaði slökkviliðs 30 m.kr., t.a.m. reglubundin endurnýjun á reykköfunarbúnaði.

Undirbúningur að byggingu á nýrri slökkvistöð í stað stöðvarinnar á Tunguhálsi hefur verið í gangi með hléum. Ekki liggur fyrir með hvaða hætti fjármögnun á byggingu nýrrar slökkvistöðvar verður háttáð en áhrifa hennar mun gæta í fjárhagsáætlunum á komandi árum.

FJÁRHAGSLEG STAÐA

Rekstur SHS er fyrst og fremst fjármagnaður með framlagi frá sveitarfélögunum og tekjum frá ríkinu vegna sjúkraflutninga.

Miðað við núverandi útkomuspá verður rekstrarniðurstaða 2022 neikvæð um 90 m.kr. sem er um 46 m.kr. verri útkoma en áætlun gerði ráð fyrir. Megin ástæða er hærri launakostnaður, þar vegur þyngst eingreiðsla til framlínustarfsmanna.

Áætlun 2023 gerir ráð fyrir að rekstur samstæðu SHS verði í járnnum.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRÍ


	Raun 2019	Raun 2020	Raun 2021	Útksp. 2022	Áætlun 2023
Fjöldi boðana sjúkrabifreiða	32.186	32.979	42.154	39.800	40.600
Fjöldi boðana slökkviliðs	1.264	1.271	1.312	1.550	1.500
Fjöldi skoðanna/umsagna forvarnasviðs	2.400	2.000	2.400	2.400	2.450
Eiginfjárlutfall	77,1%	74,6%	76,5%	74,5%	74,5%
Veltufjárlutfall	1,1	0,8	1,7	1,6	0,9
Skuldsetningarhlutfall	9,3%	10,0%	8,3%	8,5%	8,5%
Uppgreiðslutími langtímaskulda	0,3	n/a	0,3	2,8	1,3

STRÆTÓ BS.

LEIÐARLJÓS

Framtíðarsýn Strætó byggist á því að verða "mikilvægasti hlekkurinn í samgöngukeðju höfuðborgarsvæðisins".

SKIPURIT




Eins og skipuritið ber með sér eru svið starfseminnar fimm. Stefnumótun fyrirtækisins nær til allra sviða og rekstrarins í heild sinni. Umhverfis- og öryggisstjórnkerfin eru hins vegar sérstaklega hönnuð og sniðin að starfsemi rekstrarsviðsins enda megin þungi starfseminnar og stærsti hluti starfsmanna þar undir. Stjórnkerfin teygja sig þó út til allra sviða.

Pant akstur

Pant akstur er ætluð til afnota fötluðu og öldruðu fólki sem getur ekki nýtt sér almenningsgöngur eða eigið farartæki. Markmiðið er að gera þjónustu einfaldari, nútímalegri og betur sniðna að þörfum hvers notanda. Megintilgangur er að þeir sem ekki geta nýtt sér almenningsvagna er gert kleift að stunda atvinnu, nám og njóta tómsunda.

SKIPURIT PANT



Stjórn Pant er skipuð fimm fulltrúum, tveimur sérfræðingum í málefnum fatlaðra og tveimur í fjármálum sem koma frá sveitafélögunum ásamt framkvæmdastjóra Strætó bs. Þjónustuhópur er skipaður tveimur fulltrúum frá stjórn Pant akstur ásamt ÖBÍ, Þroskahjálpar, Hópbílum og sviðsstjóra Pant akstur. Hlutverk þjónustuhóps er að vera samráðsvettvangur þeirra aðila sem koma að þjónustunni, eftirlitshlutverk með framkvæmd þjónustunnar og fjalla um hluti sem betur mættu fara.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2023-2027


Fjárhæðir í þús.kr.	Raun 2021	Útkomuspá/ Áætlun		Fimm ára áætlun			
		Áætlun 2022	Áætlun 2023	2024	2025	2026	2027
Rekstrartekjur	8.603.078	9.457.615	10.488.690	10.531.423	10.575.012	10.619.472	10.664.821
Tekjur samtals	8.603.078	9.457.615	10.488.690	10.531.423	10.575.012	10.619.472	10.664.821
Laun og launatengd gjöld	2.824.658	3.123.791	3.295.408	3.295.408	3.295.408	3.295.408	3.295.408
Annar kostnaður	5.890.677	6.660.186	6.943.717	6.943.717	6.943.717	6.943.717	6.943.717
Afskriftir	251.247	293.885	304.091	304.091	304.091	304.091	304.091
Gjöld samtals	8.966.582	10.077.862	10.543.216	10.543.216	10.543.216	10.543.216	10.543.216
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	-363.504	-620.247	-54.526	-11.793	31.796	76.256	121.605
Fjármagnsliðir	-75.629	-279.886	-188.656	-188.656	-188.656	-188.656	-188.656
Rekstrarniðurstaða	-439.132	-900.133	-243.182	-200.449	-156.860	-112.400	-67.051

STARFSFÓLK

	Raun 2021	Útkomuspá/ Áætlun 2022	Áætlun 2023
Fjöldi starfsmanna	271	287	287
Fjöldi stöðugilda	252,3	257,8	257,8
Stöðugildi eftir þjónustupáttum:			
Rekstrarsvið	207,2	210,9	210,9
Samrekstur	39,3	37,3	37,3
Pant akstursþjónusta	5,8	9,6	9,6

Rekstrarsvið sér um rekstur almenningsvagna, þar með talið flotastýringu, verkstæði og þvottastöð. Undir samrekstur heyrir skrifstofu- og stjórnunarkostnaður, þar með talið þjónustuver. Pant akstur annast akstursþjónustu fatlaðra, fatlaðra skólabarna og aldraðra íbúa í Reykjavík, Garðabæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi. Í áætlun 2023 er gert ráð fyrir sama fjölda starfsmanna og útkomuspá/ áætlun 2022.

SKIPTING REKSTRAR 2023



HLUTVERK


Strætó bs. er byggðasamlag í eigu sveitarfélaganna sex sem mynda stór- höfuðborgarsvæðið. Meginhlutverk byggðasamlagsins er að veita þjónustu á sviði almenningssamgangna innan þess fjárhagsramma sem samlaginu er sett og nýta það fjármagn sem best til að koma til móts við óskir og væntingar viðskiptavina sinna. Þjónustusvæði byggðasamlagsins nær yfir höfuðborgarsvæðið. Einnig sinnir Strætó bs. þjónustuhlutverki fyrir almenningssamgöngur á landsbyggðinni fyrir Vegagerðina og akstur fatlaðra og aldraðra á höfuðborgarsvæðinu fyrir sveitarfélögin sem er rekin undir nafninu Pant akstur.

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Fjárhagsstaða Strætó hefur verið erfið undanfarin ár, þar sem að heimsfaraldur og orkukreppa á heimsvísu hefur haft veruleg áhrif á alla þætti rekstrar. Frá árinu 2018 hefur reksturinn skilað tapi og frá 2020 hefur veltufé frá rekstri verið neikvætt.

Í millj.kr.	2016	2017	2018	2019	2020	2021	6 M 2022
Rekstrarniðursstaða	179.669	10.387	-122.921	-36.881	-453.914	-439.132	-598.541
Eigið fé	1.972.053	1.982.440	1.859.519	1.736.598	1.282.683	843.551	245.004
Veltufé frá rekstri	375.316	200.643	183.137	268.441	-163.472	-138.626	-392.961


Rekstur var í jafnvægi 2016-2017. Í byrjun árs 2018 tóku gildi umfangsmiklar breytingar á leiðarkerfi Strætó sem ekki voru fjármagnaðar að fullu, m.a. lenging á aksturstíma á kvöldin, aukin tíðni á völdum leiðum, sérstök sumarátætlun með skerðingu á þjónustu utan álagstíma var lögð af og bætt var við næturakstri um helgar. Í fjárhagsáætlun ársins 2018 var gert ráð fyrir að fargjaldatekjur myndu aukast



talsvert samhliða aukinni þjónustu, sem gekk ekki eftir. Rekstur ársins 2019 var að mestu í samræmi við fjárhagsáætlun, sem fól í sér allnokkra hagræðingu í rekstri. Olíuverð hækkaði á fyrri hluta ársins sem hafði neikvæð áhrif á afkomu framán af en þessar hækkanir gengu að einhverju leyti til baka seinni hluta árs. Á móti auknum útgjöldum var þó

jákvæð þróun í tekjum á árinu 2019. Farþegatekjur hafa aldrei verið hærri en árið 2019 og fjölgaði farþegum um 7% á árinu. Þó má á það benda að gera þurfti ýmsar breytingar á leiðakerfi á árinu vegna stórra framkvæmda með tilheyrandi kostnaði. Þar sem útlit var að reksturinn myndi skila tapi á árinu 2019 var hluta af þjónustuaukningu 2018 dreginn til baka, m.a. sumarátætlun tekin upp að hluta.

Í upphafi ársins 2020 skall heimsfaraldur á sem átti eftir að hafa umtalsverð áhrif. Í fyrstu bylgju brást




Strætó við með að fækka ferðum þannig að keyrt var á laugardagstíðni um nokkra vikna skeið. Áhrif heimsfaraldurs varði þó lengur en áætlanir gerðu ráð fyrir. Seinni bylgjur faraldursins, samkomu-takmarkanir, fjarnám og fjarvinna höfðu bein neikvæð áhrif á sölu

fargjalda og hækkuðu tekjur lítillega árið 2021 og enn er nokkuð í land að sömu tekjum verði náð og voru

árið 2019. Vegna mikils samdráttar tekna á árinu 2020 var útlit fyrir enn meira rekstrartap en áætlanir gerðu ráð fyrir. Því var farið í auknar hagræðingar, m.a. stytur þjónustutími og dregið verulega úr akstri.

Ef horft er til baka yfir árin 2020 og 2021 má rekja 1,5 ma.kr. tekjutap til faraldursins á meðan reynt var eftir bestu getu að halda uppi sem bestu þjónustustigi. Í janúar 2021 fengu öll börn 11 ára og yngri frítt í Strætó og í nóvember sama ár, samhliða innleiðingu á nýju greiðslukerfi, var gjaldskrá einfölduð. Markmið nýrrar gjaldskrár var að einfalda framsetningu fargjalda, auka sveigjanleika fyrir viðskiptavinum, fækka afsláttarflokkum og samræma afslætti á milli mismunandi fargjaldaflokka og farmiða. Nýrri gjaldskrá var ætlað að vera sanngjarnari og veita viðskiptavinum jafnari kjör á fargjöldum. Verð á mánaðarkortum var lækkað til muna og á móti var stighækkandi afsláttur miðað við gildistíma tímabils korta felldur niður. Vöruúrval fyrir viðskiptavinum sem njóta afsláttar var aukið með því að bjóða uppá möguleika á að kaupa mánaðarkort með fullum afslætti, en slíkt var ekki í boði í eldri gjaldskrá.



Við upphaf árs 2022 var áformað að ná auknum útgjöldum 2020-2021 að nokkru til baka með hagræðingu í rekstri. Í áætlun var gert ráð fyrir að þjónustuskerðing kæmi til framkvæmda í byrjun árs en skerðing kom ekki til framkvæmda fyrr en í apríl 2022, í stað upphafs árs eins og áætlanir gerðu ráð fyrir. Þjónustu-skerðing var í formi styttingar á

þjónustutíma og lengingu í tíðni ákveðinna leiða. Í byrjun árs 2022 jukust útgjöld svo umfram áætlanir sem rekja má til óvæntrar þróunar á alþjóðavísu. Umtalsverðar hækkunar urðu á aðföngum og vegur þar einna þyngst hækkun á innkaupsverði olíu, en hækkun olíuverðs á heimsvísu bitnaði verulega illa á rekstri Strætó. Til að bregðast við auknum útgjöldum var gjaldskrá hækkuð haustið 2022 en áhrif þess á rekstur verða takmörkuð á því ári. Einnig var á árinu 2022 gerð tilraun að nýju með næturakstur og veitt var ókeypis fyrir ungmenni í júlí. Þessar breytingar voru ekki í áætlunum rekstrarársins og fylgdi þessum ákvörðunum ekki aukaleg fjárveiting frá eigendum. Kostnaður við þessi verkefni var því hreinn kostnaðarauki.

Í fjárhagsáætlun 2023 er ekki gert ráð fyrir aukningu í þjónustu við viðskiptavinum. Ástæða þess er til að mynda slæm fjárhagsstaða félagsins sem rekja má til hækkunar rekstrarkostnaðar og skorts á fjármagni til fjárfestinga í nýjum vögnum. Viðhaldskostnaður hefur til að mynda aukist verulega, kostnaðaraukning sem má rekja til aldurs vagna og skorts á fjármagni til endurnýjunar flota.

Nýjungar hvað varðar notkunarmöguleika í greiðslukerfinu eru væntanlegar á næstu misserum sem áætlað er að komi til móts við hugsanlegan samdrátt í sölu fargjalda vegna hækkunar sem tók gildi 1. október 2022. Þar ber helst að nefna að mögulegt verður að greiða stök fargjöld með snertilausum greiðslukortum um borð í öllum strætisvögnum á höfuðborgarsvæðinu. Áætlun gerir ráð fyrir að sú nýjung muni auka sölu stakra fargjalda umtalsvert þar sem lausnin hefur í för með sér stórbætt aðgengi fyrir viðskiptavinum sem ekki hafa orðið sér úti um sér Strætó farmiðil.


Undanfarin ár hafa orðið töluverðar breytingar í samgöngumálum þar sem örflæðilausnir hafa verið nokkuð áberandi. Áhrif þessa virðast m.a. vera að sala stakra ferða hefur minnkað hjá Strætó, en svo

virðist sem hópur sem ferðaðist nokkuð óreglulega og fór styttri vegalengdir með Strætó hefur fært stóran hluta af viðskiptum sínum til fyrirtækja sem bjóða uppá örflæðilausnir (t.d. Hopp og Zolo). En með þetta í huga er t.a.m. áætlað í tekjuáætlun ársins 2023 að fjöldi stakra seldra ferða verði um 30% færri en árið 2019. Því er leitun að því að þessar tvær leiðir samgangna nái að tengjast saman á þá leið að þær hafi samlegðaráhrif á hvort annað og með því að vinna gegn þeirri skerðingu sem mögulega má rekja til þessa.

Áætlað er að nýjungar í greiðslukerfi sem einfalda greiðslur fargjalda komi til að styðja við þau markmið að endurheimta fyrrum viðskiptavinum og að þjónustan sé raunhæfur kostur fyrir sem flesta íbúa á höfuðborgarsvæðinu í samgöngumálum. Auk fastra viðskiptamanna með búsetu á stór höfuðborgarsvæðinu, hafa tekjur frá ferðamönnum aukist verulega og er orðin verulegur hluti af kortaveltu. Sem dæmi að þá náði erlend kortaveltu um 20-25% af heildar kortaveltu á árinu 2019. Í kjölfar heimsfaraldurs og ferðatakmarkana er ekki að marka þá veltu sem var á árunum 2020, né 2021, en líkur eru á að með betri greiðslulausnum náist þessi velta að aukast verulega til framtíðar.

Langtímaáætlun 2024-2027 gerir ráð fyrir sömu þjónustu á komandi árum og að fargjaldatekjur aukist einungis um 2% milli ára, eða í samræmi við spá um aukningu íbúa á þjónustusvæði Strætó. Mikil óvissa er varðandi aksturskostnað og greiðslur til verktaka, en greiðslur til verktaka eru bundnar breytingu vísitölutengingar samninga. Samningar eru bundnir þar til gerðri „Strætóvísitölu“ (sjá nánar í liðnum *Framlög*).


Nýtt útboð aksturs verktaka er áætlað á árinu 2024 og mun umfang og niðurstaða þess útboðs hafa markandi áhrif á áætlanir og umfang rekstrar félagsins til komandi ára. Þá er einnig óljóst hvernig eigendur og ríki munu koma til móts við verulega aukin rekstrarkostnað með framlögum sem hingað til hafa ekki hafa verið tengd verðbótum eða fylgt ákveðnum verkefnum og skyldum sem félagið hefur þurft að taka inn í rekstur. Fasti í framlögum á móti aukinni verðbólgu, heimsfaraldur eða aukinni þjónustu býr til hallarekstur. Leitun er að því að fá inn meiri tekjur úr rekstri með snjallvæðingu og einföldun greiðslukerfa, breytingum á verðskrá sem og stöðugri hagræðingu reksturs þar sem það á við hverju sinni.



MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Yfirstjórn og skipulagssvið

Vinna við nýtt leiðanet heldur áfram og gert er ráð fyrir að fyrstu tillögur liggi fyrir á árinu. Á árinu er gert ráð fyrir sambærilegu þjónustustigi og á árinu 2021, þó með hagræðingu sem unnið er að, sjá mynd



Pant akstur

Unnið hefur verið að Innleiðing nýrra tæknilausna með það að markmiði að bæta og einfalda þjónustu við viðskiptavinum.

Fjármál og rekstur

Stærsta verkefnið síðustu ár hefur verið innleiðing og þróun á nýju rafrænu greiðslukerfi. Nýja greiðslukerfið nútímavæðir innheimtu fargjalda hjá Strætó og gerir viðskiptavinum enn auðveldara að greiða fyrir þjónustuna, ásamt því að auka öryggi og heimtur greiðslna. Nýtt greiðslukerfi mun einnig gefa mikilvægar upplýsingar um notkun, sem mun hjálpa til við ákvörðunartöku er varðar leiðanet og fargjaldauppbyggingu.

Rekstrarsvið

Undir rekstrarsvið heyrir allur akstur Strætó, flotastýring, verkstæði, innkaupadeild og þvottastöð. Á sviðinu starfa um 219 starfsmenn. Helsta áskorun sviðsins er að viðhalda og sinna vagnflota félagsins sem og mönnun vakta. Þá er Rekstrarsvið með verulega aðkomu að uppbyggingu og skipulagningu innviða. Rekstrarsvið hefur haft það að markmiði að endurnýja yfir í umhverfisvænni orkugjafa við endurnýjun bílafloata félagsins og með því að fylgja eftir yfirlýstri stefnu stjórnar, eigenda og yfirvalda í þeim málum. Miðað við fjármagn og stöðu félagsins er áætlað að veita um 800 millj.kr. til fjárfestingar í umhverfisvænum vögnum á árunum 2024-2027. Það fjármagn er þó líklega ekki nægjanlegt til að ná að

uppfylla þær kröfur þegar horft er til bæði endurnýjunarþarfa og kostnaðar á umhverfisvænum vögnum umfram hefðbundna orkugjafa.

FRAMLÖG

Framlög eigenda eru innheimt út frá samþykkttri fjárhagsáætlun og skiptist á eigendur eftir mannfjölda, akstri innan hvers sveitarfélags og akstri stofnleiða. Í neðangreindri töflu má sjá hvernig áætlað rekstrarframlag 2023 skiptist á eigendur:

<i>Í þús.kr.</i>	Skipting	Samþykkt framlag 2022	Viðbótar framlag 2022	Heildarframlag 2022	Áætlun 2023
Reykjavík	61,7%	2.569.359	321.170	2.890.529	3.271.259
Kópavogur	13,8%	574.986	71.873	646.859	732.061
Hafnarfjörður	9,7%	404.170	50.521	454.692	514.582
Garðabær	7,5%	311.708	38.964	350.672	396.861
Mosfellsbær	5,4%	226.597	28.325	254.922	288.499
Seltjarnarnes	1,8%	76.795	9.599	86.395	97.774
	100%	4.163.616	520.452	4.684.068	5.301.036

Snemma á árinu 2022 voru vísbendingar að rekstrarstaða Strætó væri slæm, eigið fé uppuríð, sjóðsstaða óviðunandi og rekstrarhorfur til framtíðar óljós. Leitað var til eigenda sem veittu viðbótar framlag um haustið sem jafngilti 1,5 mánaðarframlagi.


Framlag eigenda er reiknað út frá spá Hagstofu Íslands. Reiknuð út frá Strætóvísitölu, sem samanstendur af breytingu á verðlagi, þ.e. breytingu á launa-, olíu- og neysluvísitölu. Vísitölubundin hækkun á framlögum eigenda dugði ekki til að mæta uppsöfnuðum vanda, þannig að á árinu 2023 munu eigendur leggja fram viðbótar framlagi sem jafngildir 1,5 mánaðarframlagi. Þrátt fyrir viðbótarframlag þá mun viðbótarframlagið ekki duga til þeirra fjárfestinga sem nauðsynlegt er að fara í vegna stöðu vagnafloata.

Í maí 2012 var áritaður samstarfssamningur milli ríkissjóðs og Strætó.

Markmið og tilgangur samningsins er meðal annars:

- Að minnsta kosti tvöfalda hlutdeild almenningssamgangna í öllum ferðum sem farnar eru á höfuðborgarsvæðinu
- Að vinna að lækkun á samgöngukostnaði heimila og samfélagsins vegna umferðar og slysa
- Að stuðla að auknu umferðaröryggi
- Að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda í samgöngum á höfuðborgarsvæðinu

Til að ná fram markmiðum samningsins fær Strætó mánaðarlegt framlag frá ríkissjóði fram til ársins 2034. Framlög frá ríkissjóði hafa verið nánast óbreyttar frá upphafi þrátt fyrir miklar breytur í rekstrarkostnaði og utanaðkomandi aðstæðum.



FJÁRFESTINGAR

Vagnaflotinn sem rekinn er af Strætó samanstendur af 77 vögnum, 57 dísel vögnum, 5 metanvögnum og 15 rafmagnsvögnum. Strætó hefur það að markmiði að vera leiðandi afl í orkuskiptum og loftslagsmálum. Hlutfall vistvæns aksturs hefur hækkað og var á síðasta ári 34% en var 29% og 22% árin þar á undan. Unnið er samkvæmt skýrri stefnu um að fjárfesta eingöngu í umhverfisvænum vögnum eins og rafmagns-, metan- eða vetnisvögnum. Stefnt er að kolefnislausum vagnaflota fyrir árið 2030. Til að ná þeim áfanga er nauðsynlegt að endurnýja og fjárfesta í umhverfisvænum vögnum á næstu árum. Rekstraráætlanir til næstu ára gefa tilefni til að ætla að auka þurfi framlög til að þau markmið séu raunhæf.

Þá er ekki gert ráð fyrir neinum fjárfestingum í tækninýjungum.

FJÁRHAGSLEG STAÐA

Reksturinn hefur ekki gengið eins og áætlanir gerðu ráð fyrir undanfarin ár, sem að stærstum hluta má rekja til heimsfaraldurs, hækkun á aðföngum, lækkun fargjaldtekna og skorts á framlögum eigenda til að mæta þeim halla sem varð. Staðan í dag er þannig að eigið fé er uppuríð og lausafjárstaða óviðunandi.


Niðurstaða fékkst í dómsmál vegna útboðs frá árinu 2010, Strætó var dæmt til að greiða um 200 m.kr. í skaðabætur og að viðbættum vöxtum er upphæðin um 305 m.kr. Málinu var áfrýjað til Landsréttar.

Fjárhagsleg staða Strætó er erfið og lék Covid 19 reksturinn illa. Tekjur lækkuð mikið og má áætla að ef rekstur hefði verið eðlilegur þá væri handbært fé um 1,7 milljarði kr. Betri en hún er í dag. Vinna er hafin með fjármálastjórum sveitarfélaganna sem standa að Strætó að leysa fjárhagsstöðuna til framtíðar og koma Strætó á sjálfbæran stað.

Gildi SORPU, sem eru leiðarljós starfsmanna fyrirtækisins, voru ákvörðuð af öllum starfsmönnum. Gildi SORPU eru frumkvæði, traust og samheldni.

SKIPURIT

Gerðar voru breytingar á stjórnskipulagi samlagsins á árinu 2020. Tilgangur breytinganna var að nútímavæða samlagið, auka áherslu á þverfaglega teymisvinnu, bæta nýtingu sérfræðinga og tæknimanna í fjölþættum viðfangsefnum samlagsins. Breytingarnar gera samlagið betur í stakk búið að bregðast hratt og örugglega við breytingum í umhverfi þess. Nýtt skipurit samlagsins endurspeglar þessar áherslur.



INNGANGUR

Rekstraráætlun SORPU bs., fyrir árin 2023 – 2027 var samþykkt á stjórnarfundum þann 29. september 2022. Í henni endurspeglast að SORPA bs. hefur stigið stórt og framsýnt skref með vinnslu lífræns úrgangs í gas- og jarðgerðarstöðinni GAJA. Með því er stefnt í áttina að aukinni sjálfbærni, stutt við markmið stjórnvalda um kolefnishlutleysi og gegnir GAJA mikilvægu hlutverki í að innleiða hringrásarhagkerfið á Íslandi.

Stór skref hafa verið tekin á undanförunum árum til að bæta úrgangsmeðhöndlun og verður haldið áfram á þeirri braut á komandi árum. Stefnt er á að útflytningur á brennanlegum úrgangi til orkuvinnslu hefjist í einhverjum mæli á árinu 2023. Einnig er stefnt að auknu hlutfalli endurnotkunar með stækkun Góða hirðisins.

Ný gjaldskrá tekur gildi 1. janúar 2023, gjaldskrárlíðir eru endurreiknaðir og aukast tekjur SORPU sem nemur um 6% til að mæta samsvarandi auknum kostnaði vegna hækkandi launa, bættrar úrgangsmeðhöndlunar auk annarra vísitölutengdra þátta í rekstri. Gott jafnvægi er komið á rekstur SORPU bs. og endurspeglast það í rekstraráætluninni.

ÞRENGT AÐ URÐUN

Ljóst er að til að standa við eigendasamkomulag um urðun á árinu 2022 þarf að þrengja verulega að heimildum til urðunar.

Vegna þeirrar takmörkuðu auðlindar sem urðun í Álfsnesi er orðin með eigendasamkomulagi hafa stjórnendur SORPU lagt til við stjórn að breyta móttöku úrgangs til urðunar þannig að hann fari að meginstefnu fyrst gegnum Móttöku- og flokkunarstöð SORPU í Gufunesi. Þetta er auk þess gert til að tryggja að enginn lífrænn úrgangur verði urðaður í Álfsnesi, í samræmi við eigendasamkomulag. Áhrif breytinganna af þessu á sveitarfélögin eru hverfandi þar sem þau afhenda lítinn sem engan úrgang beint á urðunarstað til urðunar.

Stjórnendur SORPU binda loks miklar vonir við að verulegur árangur verði af samræmingu flokkunar og sorphirðu á höfuðborgarsvæðinu öllu og sérsöfnunar á lífrænum úrgangi sem gert er ráð fyrir að hefjist árið 2023. Samhliða því er gert ráð fyrir að flokkun á úrgangi á upprunastað verði betri, með tilheyrandi aukningu á endurvinnslu og samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og afhendingu á úrgangi til SORPU.

HLUTVERK

Byggðasamlagið SORPA er í eigu sex sveitarfélaga; Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness. Hlutverk SORPU er að annast meðhöndlun úrgangs og sinna þannig lögbundinni skyldu sveitarfélaganna. Það felur í sér rekstur á móttöku- og flokkunarstöð, gas- og jarðgerðarstöð, urðunarstað og sex endurvinnslustöðvum. Endurvinnslustöðvar eru reknað samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin. SORPA hefur einnig umsjón með rekstri á grenndargámum fyrir hönd sveitarfélaganna og rekur nytjamarkaðinn Góða hirðinn og Efnismiðlun Góða hirðisins. Starfsstöðvar fyrirtækisins eru tólf talsins og eru höfuðstöðvar SORPU að Gylfahlöt 5 í Reykjavík.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2023-2027

Fjárhæðir í þús.kr.	Raun 2021	Útksp. 2022	Áætlun 2023	Fimm ára áætlun			
				2024	2025	2026	2027
Rekstrartekjur	4.588.474	5.841.704	6.197.263	6.606.283	6.778.046	6.947.497	7.121.185
Tekjur samtals	4.588.474	5.841.704	6.197.263	6.606.283	6.778.046	6.947.497	7.121.185
Laun og launatengd gjöld	1.562.828	1.848.073	2.052.508	2.120.241	2.209.291	2.299.872	2.394.166
Annar kostnaður	2.235.001	2.688.508	3.340.423	3.450.657	3.540.374	3.628.883	3.719.605
Afskriftir	330.388	383.908	396.000	409.068	419.704	430.196	440.951
Gjöld samtals	4.128.217	4.920.488	5.788.931	5.979.966	6.169.368	6.358.951	6.554.723
Hagnaður/tap fyrir fjármagnsliði	460.257	601.285	921.216	408.332	626.317	608.678	588.546
Fjármagnsliðir	-129.317	-111.810	-189.820	-193.560	-199.947	-205.146	-210.275
Rekstrarniðurstaða	330.940	489.475	731.396	214.772	426.370	403.531	378.271

STARFSFÓLK


Á árinu 2023 er áætlaður fjöldi stöðugilda 141. Fjölgun stöðugilda á milli ára eru vegna aukinnar umsvifa í Álfsnesi og Bolaöldum.

Starfsmannafjöldi á starfsstöðvum er eftirfarandi:


	Raun 2017	Raun 2018	Raun 2019	Raun 2020	Raun 2021	Útkomuspá 2022	Áætlun 2023
Fjöldi starfsmanna	140	135	134	137	177	203	200
Fjöldi stöðugilda	111	113	113	113	129	138	141
Stöðugildi eftir þjónustubáttum:							
Góði hirðirinn	27	23	21	22	28	30	30
Álfsnes	13	16	15	14	15	17	20
Endurvinnslustöðvar	32	34	36	37	41	43	43
Móttöku- og flokkunarstöð	28	28	28	25	33	33	33
Skrifstofa	12	11	12	14	13	15	15

SKIPTING REKSTRAR 2023

Rekstrartekjur 2023



Rekstrarkostnaður 2023



MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Fjárhagsáætlun SORPU bs. tekur mið af meginforsendum Reykjavíkurborgar. Magnspá gerir ráð fyrir magnaukningu í samræmi við neysluverðsvisitölu og fólksfjöldaspá SSH til ársins 2027. Vert er þó að

nefna að SORPA stendur ásamt samfélaginu á miklum krossgötum varðandi úrgangsmál á Íslandi. Löggjöf til bættar meðhöndlunar og flokkunar á úrgangi hefur verið samþykkt sem hefur áhrif á starfsemi SORPU.

Heildarmagn úrgangsstrauma breytist ekki mikið en einhverjar breytingar verða á skiptingu á milli úrgangsflokka vegna samræmingar í söfnun sem hefst á árinu 2023. Þetta hefur áhrif á rekstraráætlun SORPU m.t.t. eyðingargjalda og hagræðingu á vinnsluferlum sem hefur áhrif á gjaldskrá. Því skal taka það fram að samspil stjórnenda SORPU, stjórnar og eigenda hefur aldrei verið jafn mikilvægt þar sem breytingar eru fram undan og bregðast þarf við þeim á skilvirkan og skipulagðan hátt.

Þeim breytingum sem verða við bætta úrgangsmeðhöndlun fylgir aukinn kostnaður og gert er ráð fyrir að gjaldskrá hækki um 2-4% á flestum flokkum fyrir árið 2023.

Kostnaðaráhrif kjarasamninga eru reiknuð upp á árinu 2023 en á spátíma 2024-2027 tekur áætlaður launakostnaður mið af launavísitölu. Óvissa er til staðar í upphafi ársins 2023 þegar kjarasamningar losna sem reynt er að reikna með inn í áætlun. Mannaflapörf hefur verið endurskoðuð á starfsstöðvum en auka þarf við mannafla um þrjú starfsgildi í Álfsnesi vegna aukinna umsvifa og frekari meðhöndlunar. Áætluð hækkun launakostnaðar fyrir árið 2023 er um 11%.

Fjárfestingar eru áætlaðar 857,4 mkr. árið 2023. Sérstök áhersla er lögð á lyktarminnkandi aðgerðir í Álfsnesi ásamt skógrækt og landmótun en áætlaðar eru um 400 mkr. í fjárfestingaráætlun í verkefni þessu tengd.

Þar að auki verður á árinu 2023 hafin framkvæmd við byggingu endurvinnslustöðvar á Lambhagavegi og kostnaður sem fellur til á árinu 2023 er áætlaður 455 mkr. Framkvæmdir endurvinnslustöðvanna eru fjármagnaðar með framlagi frá eigendum og/eða lántöku.

SORPA mun á árinu 2023 blása til sóknar í kynningar- og fræðslumálum, sérstaklega í tengslum við fyrirhugaða samræmingu á sorphirðu á höfuðborgarsvæðinu og aukna sérsöfnun og fylgir því nokkur kostnaður.

Árið 2023 er gert ráð fyrir að sala á metani aukist á árinu þegar gas- og jarðgerðarstöð er komin í fullan rekstur og sölusamningar á metani til iðnaðarnota verða virkjaðir.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Uppvinnsla: Öll starfsemi samlagsins í Álfsnesi nefnist nú uppvinnsla, sem nær yfir starfsemi GAJA, gashreinsistöðvar og urðunarstaðar auk Bolaaldna.

Áfram er lögð áhersla á að lágmarka urðun og að í urðun fari einungis óvirkur úrgangur í framtíðinni. Í tengslum við þessa vinnu hefjast nokkur verkefni á árinu 2023, meðal annars útflutningur á brennanlegu efni, áframhaldandi flutningur á sláturúrgangi til Orkugerðarinnar, sérsöfnun á lífrænum úrgangi frá heimilum til GAJA og uppsetning á búnaði í GAJA sem tekur við sláturúrgangi og matvælum í umbúðum.

Á árinu 2023 verður lögð sérstök áhersla á að lágmarka lyktar- og sjónmengun frá svæðinu. Meðal aðgerða í þessa þágu má nefna uppsetningu á lyktareyðandi úðunarkerfi, skógrækt og landmótun, aukna gassöfnun og byggingu skýlis til móttöku á lyktarsterkum úrgangi innandyrna.

SORPA hefur tekið tímabundið við rekstri Bolaaldna og í áætlun er gert ráð fyrir að svo verði áfram. Bolaöldur eru í landi Ölfus og er jarðefnamóttaka fyrir höfuðborgarsvæðið.

Tekjur uppvinnslu voru 2.036,8 mkr. árið 2021, þær verða 2.471,3 mkr. skv. útkomuspá 2022 og 2.579 mkr. samkvæmt fjárhagsáætlun 2023.

Rekstrarkostnaður var 1.340,4 mkr. árið 2021, verður 1.617,1 mkr. skv. útkomuspá 2022 og 1.908,8 mkr. samkvæmt fjárhagsáætlun 2023.



Helstu breytingar felast í því að laun og launatengd gjöld hækka um 91,2 mkr. eða 33,3%. Auk kjarasamningshækkanna er gert er ráð fyrir að ráða tvo sérfræðinga og einn starfsmann í Álfsnesi. Þetta stafar af frekari umsvifum inn í GAJA bæði vegna uppsetningar á nýjum búnaði til móttöku á matvælum í umbúðum og sláturúrgangi auk þess sem moltuvinnslan og nýr sigtunarbúnaður verður gangsettur. Einnig mun yfirtaka á rekstri Bolaaldna hafa áhrif ásamt verkefni um þjónustuver á vigtum samlagsins.

Kostnaður vegna móttöku, flutnings og ráðstöfunar úrgangs hækkar um 67,6 mkr. eða um 8,1% vegna aukinna véla-, gámaleigu og verktakakostnaðar. Einnig hækkar rekstur húsnæðis og lóðar um 23,6 mkr. eða 13,6% vegna frágangs á urðunarstað og í GAJA.

Móttöku- og flokkunarstöð: Gert er ráð fyrir að magn innan úrgangsflokka breytist vegna bættrar flokkunar við heimili og hjá rekstraraðilum. Þetta á sérstaklega við um sérsöfnun á lífrænum úrgangi. Jafnframt mun móttaka og vinnsla á lituðu timbri færast á starfstöð SORPU í Álfsnesi en hún hefur hingað til verið í móttöku- og flokkunarstöð. Breytingin mun draga úr heildarmagni til móttöku- og flokkunarstöðvar en að sama skapi bæta ásýnd vinnslusvæðis og minnka umferð þar sem bæði byggð og skapandi iðnaður er að færast nær starfstöðinni.

Gert er ráð fyrir því að um mitt ár 2023 verði aukning í afhendingu á sérsöfnum lífrænum úrgangi og á sama tíma samdráttur á almennum heimilisúrgangi eftir að innleiðing á fjögurra flokka söfnunarkerfi hefst og nær fótfestu við heimili. Gert er ráð fyrir að aukning verði á endurvinnsluefnum, plasti og pappírs til móttöku- og flokkunarstöðvar.

Tekið verður á móti sérsöfnum, lífrænum úrgangi frá sorphirðu og safnað saman í gáma til flutnings til GAJA. Ekki verður þörf á að nýta forvinnslulínu fyrir sérsafnaðan úrgang frá heimilunum heldur verður honum ekið beint til GAJA í lokuðum og þéttum gámum. Mun sérsöfnun á lífrænum úrgangi hafa í för með sér að magn til vinnslu í forvinnslulínu minnkar og skilar það sér í hagræðingu á vinnsluleið til GAJA ásamt minnkun á heildarmagni til urðunar og síðar brennslu.

Unnið er að stöðugum umbótum alls búnaðar stöðvarinnar með tilliti til öryggis, áreiðanleika og fyrirbyggjandi viðhalds. Með því móti er stuðst við að hámarka endurnýtingarhlutfall efnisstrauma sem til stöðvarinnar berast á sem hagkvæmasta hátt.

Eftir að farið var að pakka böggum inn í plast til að mæta kröfum brennsluaðila hefur kostnaður við böggun hækkað sem nemur hráefnisverði plast. Jafnframt hefur plastbindibúnaður og plastpökkunarvél kallað á vinnuframlag fleiri starfsmanna við böggunarlínu.

Að undangengnu útboði á vinnuvélum hefur verið stigið stórt skref með endurnýjun á færanlegum vinnuvélum sem komnar voru til ára sinna og mun það hafa í för með sér hagræðingu í rekstrarkostnaði þeirra. Mannaflaþörf stöðvarinnar er í stöðugri endurskoðun bæði með breyttum verkferlum og breyttri flokkun frá viðskiptavinum.

Tekjur vegna móttöku- og flokkunarstöðvar voru 1.066 mkr. árið 2021, þær verða 2.959 mkr. skv. útkomuspá 2022 og 3.094 mkr. samkvæmt fjárhagsáætlun 2023.

Rekstrarkostnaður var 885,9 mkr. árið 2021, verður 2.545,8 mkr. skv. útkomuspá 2022 og 2.994,2 mkr. samkvæmt fjárhagsáætlun 2023.

Helstu breytingar felast í að móttaka, flutningur og ráðstöfun úrgangs hækkar um 349,2 mkr. vegna hækkana á eyðingagjöldum (útflutningur hefst) og rekstrarvörur hækka en baggar sem fara í útflutning þurfa að vera innpakkaðir í bönd og plast.

Endurvinnslustöðvar: Endurvinnslustöðvar eru reknar skv. þjónustusamningi SORPU við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Tekjur þeirra eru jafnháar gjöldum og hefur rekstur þeirra því ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu samlagsins.

Endurvinnslustöðvarnar afla eigin tekna, meðal annars með innheimtu í hliði, sölu málma og raftækja ásamt umboðsgjaldi vegna móttöku skilagjaldsskyldra umbúða fyrir Endurvinnsluna hf.

Mismun á tekjum og gjöldum endurvinnslustöðvanna greiða sveitarfélögin í hlutfalli við íbúafjölda í hverju sveitarfélagi. SORPA bs. rekur einnig grenndargámakerfi fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Kostnaður af grenndargámakerfinu skiptist í samræmi við val hvers sveitarfélags á notkun.

Magn úrgangs sem berst endurvinnslustöðvunum er alla jafna áætlað út frá spá um breytingu á einkaneyslu og fólksfjölda, skoðað í ljósi magntalna liðins árs. Ástandið á endurvinnslustöðvum SORPU hefur verið óvenjulegt á COVID-tímum. Nánast um leið og faraldurinn brast á jókst magn inn á endurvinnslustöðvarnar. Árið 2020 komu yfir 60 þúsund tonn inn á stöðvarnar, en slík tala hefur aldrei áður sést í bókhaldi stöðvanna. Upp úr vori 2021 fór að draga úr magni og lokatölur ársins 2021 voru 53 þúsund tonn. Áætlað er að magn ársins 2022 verði einnig 53 þúsund tonn.

Skipting úrgangs milli flokka er að breytast. Áhrif glæra pokans eru að koma í ljós þar sem blandaður úrgangur er að minnka hlutfallslega og margir endurvinnslustraumar að vaxa. Eins virðist litað timbur vera að dragast saman en lögð hefur verið áhersla á flokkun timburs við starfsmenn síðustu misseri. Lykillinn að árangri á þessum sviðum er fræðsla til almennings og fyrirtækja og að endurvinnslustöðvar séu vel mannaðar af vel þjálfuðu starfsfólki. Í því samhengi er þó rétt að benda á að fyrir árið 2023 er gert ráð fyrir sama mannafla hjá endurvinnslustöðvunum og árið 2022.

Heimsóknum á endurvinnslustöðvar hefur fjölgað jafnt og þétt síðustu ár. Bílateljarar telja yfir 900 þúsund ökutæki inn á stöðvarnar og að því gefnu að tveir séu í hverjum bíl þá eru hátt í tvær milljónir viðskiptavina að heimsækja stöðvarnar á ári.

Rekstrarkostnaður og tekjur vegna endurvinnslustöðva voru 1.533,8 mkr. árið 2021, þær verða 1.890,7 mkr. skv. útkomuspá 2022 og 1.954,6 mkr. samkvæmt fjárhagsáætlun 2023.

Góði Hirðirinn: Markmið Góða hirðisins er að stuðla að endurnýtingu, draga úr sóun og um leið tryggja jákvæða rekstrarafkomu og þannig styrkja góðgerðarfélög. Nothæfum og seljanlegum munum, s.s. húsgögnum, raftækjum og smáhlutum er skilað í nytjagáma endurvinnslustöðvanna og þeir síðan seldir í Góða hirðinum.


Vegna breytinga í neyslumynstri Íslendinga og áhuga á hringrásarhagkerfinu sem stuðlað hefur að meiri endurnotum hafa vinsældir Góða hirðisins aukist undanfarin ár og á það bæði við um þær nytjavörur sem berast og þeim viðskiptavinum sem versla við Góða hirðinn.

Í verslunina berast margir dýrgripir sem hafa menningarlegt og sögulegt gildi. Verslunin stuðlar þannig ekki aðeins að endurnýtingu muna heldur einnig að varðveislu menningararfs og listmuna sem að öðrum kosti glatast.

Húsnæði Góða hirðisins að Fellsmúla hefur verið fullnýtt í nokkur ár og um 550 þúsund nytjavörur hafa verið seldar á fyrstu 8 mánuðum ársins 2022.

Þessi aukning leiddi til að opnuð var önnur verslun á Hverfisgötu og vefverslun á árinu 2020. Viðtökurnar voru mjög jákvæðar og mikill áhugi á þeirri vöruframsetningu sem þar er í boði.

Endursöluhlutfall verslananna hefur verið haldið niðri af þeim litla fjölda fermetra sem þær hafa til umráða og ennþá fer töluvert magn í urðun vegna plássleysis. Árið 2023 verður því mjög spennandi hjá Góða hirðinum þegar verslunin í Fellsmúla flytur í stærra pláss í nýskipulagðri hringrásarmiðstöð að Köllunarklettsvegi 1.



FJÁRFESTINGAR

Uppvinnsla: Samkvæmt fjárfestingaráætlun verður farið í átak í tengslum við lyktarmengun og ásýnd í Álfnesi. Samtals er áætlað að fjárfesta fyrir um 400 mkr. vegna lyktarvarnarlausna, aukinnar gassöfnunar, skýlis til móttöku á lyktarsterku innandyrna, skógræktar og landmótunar.

Vegna gallamáls sem upp kom inn í GAJA á árinu, er áætlað að bæta loftræstikerfi stöðvarinnar og setja upp sigtunaraðstöðu til að lágmarka rykmengun frá moltunni. Einnig verður settur upp búnaður til móttöku á matvælum í umbúðum og sláturúrgangi.

Samkvæmt svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs er stefnt að byggingu sorpbrennslustöðvar á næstu árum, enda liggur fyrir ákvörðun eigenda um að hætta urðun brennanlegs úrgangs. Brennslustöð er dýr framkvæmd, en þess má geta að heildarkostnaður við slíka stöð gæti numið um 25-35 milljörðum króna². Verkefnið kallar á víðtæka samvinnu og vandaðan undirbúning, sem þegar er hafinn.

Móttöku- og flokkunarstöð: Ráðgert er að fjárfestingar árið 2023 verði smærri og fleiri og snúi mestmegnis að bættri aðstöðusköpun sem miða að auknu öryggi fyrir starfsfólk og stuðla að betri umgengni við tæki og búnað stöðvarinnar. Ekki var hægt að stilla af vinnu við að uppfæra starfsmannaaðstöðu árið 2022 og fer sú vinna því fram árið 2023. Starfsmannaaðstaða stöðvarinnar er komin vel til ára sinna og langt á eftir því starfsmannaumhverfi sem starfsfólk gerir kröfu um nú til dags. Það er því brýnt að bregðast við til að tryggja hæft og áhugasamt starfsfólk til vinnu.

Jafnframt verður fjárfest í fókgríðingum og útbúin aðskilin geymsluhólf fyrir skilgreind hráefni og afurðir sem kalla á geymslu utandyra þar sem taka verður tillit til að bæði byggð og skapandi iðnaður færast sífellt nær lóðarmörkum.

Ráðist verður í seinni áfanga á endurnýjun á færanlegum vinnuvélum á tímabilinu. Vélar sem eru í gangi á hverjum degi verða að vera áreiðanlegar og hagkvæmar í rekstri til að starfsemi stöðvarinnar geti gengið á sem hagkvæmastan hátt alla 360 opnunardaga ársins. Jafnframt er hugað að því í áætluninni að horfa til endurnýjunar fastra véla svo sem böggunarvéla bæði fyrir brennanlegan úrgang og endurvinnsluefni.

Endurvinnslustöðvar: Á undanförunum árum hefur umfang úrgangs sem skilað er til endurvinnslustöðva vaxið verulega. Umferð hefur aukist, ástandið er víða orðið erfitt, einkum þó á stöðinni á Dalvegi. Bent hefur verið á að tryggja þurfi öryggi starfsmanna og viðskiptavina og lágmarka slysaþættu.

Endurskoðun á fyrirkomulagi endurvinnslustöðva samlagsins er því löngu tímabær og hefur verið rætt um flutning stöðvarinnar við Sævarhöfða, lokun stöðvarinnar við Dalveg og stækkun stöðvarinnar við Jafnasel. Af hálfu samlagsins hefur ítrekað verið bent á þetta og settar fram hugmyndir um stækkun stöðvarinnar í Jafnaseli, og óskað eftir leiðbeiningum um hvað gæti tekið við, ef stöðinni við Dalveg verður lokað.

Lítið hefur þó þokast í þessum málum, með þeirri undantekningu þó að fyrir liggur að á árinu 2024 verður endurvinnslustöðinni á Sævarhöfða lokað og hennar í stað opnuð endurvinnslustöð við Lambhagaveg. Áætlanir um fjárfestingar endurvinnslustöðvanna byggja því á þeirri forsendu að engin önnur breyting verði á fyrirkomulagi eða staðsetningu stöðvanna.

Áætlaður kostnaður við uppbyggingu nýrrar endurvinnslustöðvar við Lambhagaveg er 1.137 mkr. Samkvæmt ákvörðun eigenda er þó fjárfesting í endurvinnslustöðvum ekki hluti af fjárfestingaáætlun samlagsins. Þess í stað verða ákvarðanir um slíkar fjárfestingar teknar af eigendum og undirbúningur og framkvæmd þeirra fjármagnaðar sérstaklega af þeim.

Aðalskrifstofa: Á miðju ári 2023 mun skrifstofa SORPU flytja í nýtt húsnæði að Köllunarklettsveg 1. Fjárfestingaráætlun gerir ráð fyrir að innréttingar og húsgögn verði uppfærð.

² Forverkefni til undirbúnings að innleiðingu framtíðarlausnar til meðhöndlunar á brennanlegum úrgangi: <https://sorca.dccweb.net/media/2/sorpbrennslustod.pdf>

FRAMLÖG VEGNA SORPU

Ekki er gert ráð fyrir stofnfjárframlögum frá eigendum á árunum 2023-2027

FRAMLÖG VEGNA REKSTURS ENDURVINNSLUSTÖÐVA

Kostnaðaráætlun vegna byggingar endurvinnslustöðvar á Lambhagavegi er samtals áætlaður 1.137 mkr. Kostnaður mun skiptast á eigendur í samræmi við töfluna hér að neðan, og falla 40% hans á árinu 2023 og 60% á árinu 2024.

Sveitarfélag	2023	2024
Reykjavík	256.854	385.282
Kópavogur	73.510	110.265
Hafnarfjörður	34.738	52.107
Garðabær	56.253	84.379
Mosfellsbær	24.727	37.091
Seltjarnarnes	8.778	13.167
Samtals	454.860	682.290

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

Kennitölur	2019	2020	2021	Útkomuspá 2022	Áætlun 2023
Veltufjárlutfall	0,94	0,43	0,79	1,16	0,92
Eiginfjárlutfall	48,3%	48,6%	55,6%	59,1%	57,2%
Arðsemi eigin fjár	2,6%	-3,2%	6,2%	13,6%	3,7%
Skuldsetningarhlutfall	67,5%	57,6%	44,8%	38,3%	44,2%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	8,9%	5,8%	16,1%	21,9%	12,0%
Framlegð/rekstrartekjum	9,7%	8,0%	17,2%	22,3%	13,0%

JAFNLAUNASTOFA SF.

LEIÐARLJÓS

Leiðarljós Jafnlaunastofu er að útrýma launamisrétti með því að veita sveitarfélögum stuðning við að uppfylla ákvæði jafnréttislaga um jöfn laun fyrir jafnverðmæt eða sambærileg störf

Jafnlaunastofa sf. er sameignarfélag í eigu Reykjavíkurbogar og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem tók til starfa þann 1. janúar 2022. Samhliða fluttist Verkefnastofa starfsmats sem staðsett var á mannauðs- og starfsumhverfissviði Reykjavíkurbogar undir Jafnlaunastofu. Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa í meira en tvo áratugi átt í farsælu samstarfi á sviði jafnlaunamála í gegnum rekstur starfsmatskerfisins SAMSTARF. Með stofnun Jafnlaunastofu er þetta samstarf styrkt og útvíkkað í þeim tilgangi að vinna gegn launamisrétti á vettvangi sveitarfélaga hér á landi.


FJÁRHAGSÁÆTLUN 2023-2027

Fjárhæðir í þús.kr.	Raun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	2024	2025	2026	2027
Rekstrartekjur	0	95.157	88.606	93.087	96.997	100.974	105.114
Tekjur samtals	0	95.157	88.606	93.087	96.997	100.974	105.114
Laun og launatengd gjöld		81.068	77.946	81.220	84.631	88.101	91.713
Annar kostnaður		12.847	10.184	11.274	11.567	11.856	12.153
Afskriftir		964	626	407	265	172	112
Gjöld samtals	0	94.879	88.756	92.901	96.463	100.129	103.978
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	0	278	-150	186	534	845	1.136
Fjármagnsliðir		-108	-126	-130	-133	-136	-140
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta	0	170	-276	56	401	709	996
Tekjuskattur							
Matsbreytingar							
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага							
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga							
Rekstrarniðurstaða	0	170	-276	56	401	709	996

STARFSFÓLK

	Raun 2021	Útkomuspá/ Áætlun 2022	Áætlun 2023
Fjöldi starfsmanna	0	5	5
Fjöldi stöðugilda	0	5	5
Stöðugildi eftir þjónustubáttum:			
Verkefnastofa starfsmats		3	3
Jafnlaunamál		2	2

SKIPTING REKSTRAR 2023



HLUTVERK

Jafnlaunastofa hefur það hlutverk að stuðla að launajafnrétti starfsfólks sveitarfélaga og veita stjórnendum þeirra stuðning við að uppfylla ákvæði jafnréttislaga um að sambærilegum eða jafnverðmætum störfum hjá sveitarfélögum séu greidd jöfn laun. Með því að efla jafnlaunastarf sveitarfélaganna er stutt við innleiðingu og viðhald jafnlaunavottunar.

Jafnlaunastofa veitir jafnframt ráðgjöf og stuðning við þróun greiningar- og matstækja sem stuðla að launajafnrétti kynjanna og jaðarsettra hópa á grundvelli aðferðafræði starfsmats.

Verkefnastofa starfsmats starfar innan Jafnlaunastofu í samræmi við markmið jafnréttislaga og ákvarðanir faglegrar stjórnar starfsmatskerfisins SAMSTARF.

Jafnlaunastofu er ætlað að byggja upp og miðla þekkingu á sviði jafnlaunamála og stuðla þannig að launajafnrétti.

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Á þessu fyrsta starfsári Jafnlaunastofu sf. hefur verið unnið að útfærslu verkefna og áherslna í samræmi við hlutverk Jafnlaunastofu eins og það er skilgreint af eigendum. Starfsemi Jafnlaunastofu er tvíþætt, annars vegar rekstur starfsmatskerfisins SAMSTARF og hins vegar vinna að jafnlaunamálum sveitarfélaganna í víðara samhengi í samræmi við jafnlaunaákvæði laga. Jafnréttislöggjöf hér á landi hefur til langs tíma falið í sér kröfur til atvinnurekenda um að greiða jöfn laun fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf og að launasetningu skuli byggja á samræmdum viðmiðum sem ekki feli í sér kynjamismunun.

Jafnlaunastofu er ætlað að veita sveitarfélögum og stjórnendum stuðning við að uppfylla ákvæði jafnréttislaga. Annars vegar í gegnum Verkefnastofu starfsmats sem sér um mat og endurmat allra starfa sveitarfélaganna sem samið hafa um starfsmat auk fræðslu og ráðgjöf til stjórnenda sveitarfélaga og stéttarféлага. Hins vegar með ráðgjöf og fræðslu á sviði jafnlaunamála í víðara samhengi, meðal annars um samspil jafnlaunavottunar og starfsmats í þeim tilgangi að stuðla að því að launasetning sveitarfélaga sé í samræmi við jafnréttislög. Samhliða er unnið að uppbyggingu þekkingar á sviði jafnlaunamála og þróun nýrra leiða til launajafnréttis í samstarfi við sveitarfélög og aðra sem láta sig jafnlaunamál varða. Árangur Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga birtist m.a. með þeim hætti að

launamunur kynjanna, bæði leiðréttur og óleiðréttur mælist minni á vettvangi sveitarfélaganna heldur en á almennum markaði eða á vettvangi ríkisins. Starfsemi Jafnlaunastofu miðar að því að halda þeirri forystu og gera enn betur í þágu launajafnréttis.

Fjárhagsáætlun Jafnlaunastofu fyrir árið 2023 og langtímaáætlun til 2027 byggir á áætlun ársins 2022 að frátöldum stofnkostnaði sem skýrir þann mun sem er bæði í framlögum eigenda og rekstrarniðurstöðu í útkomuspá 2022 og áætlun 2023.

Áherslur ársins 2023 verða á áframhaldandi uppbyggingu fræðslu og ráðgjafar á svið starfsmats og jafnlaunamála, þróun nýrra lausna á sviði jafnlaunamála auk þess að auka sýnileika starfseminnar fyrir stjórnendum sveitarfélaga.

FRAMLÖG EIGENDA

	Útkomuspá/ Áætlun 2022	Áætlun 2023
Reykjavíkurborg (50%)	43.128.281	44.302.790
Samband íslenskra sveitarfélaga (50%)	43.128.281	44.302.790